

Ársskýrsla 2024



Um ársskýrsluna

Sem opinbert hlutafélag starfar Isavia samkvæmt lögum um starfsemina og eftir eigandastefnu ríkisins. Upplýsingagjöf félagsins á sviði sjálfbærni byggist á nokkrum áherslum, s.s. ákvæði 66. gr. d. um ófjárhagslega upplýsingagjöf í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og ákvæði 8. gr. flokkunarreglugerðar ESB. Félagið hefur sjálfbærni að leiðarljósi í allri starfseminni og vinnur markvisst að því að vera til fyrirmyndar í málaflokknum hér á landi. Ein birtingamynd þess er að deila þekkingu og reynslu og vinna í góðri samvinnu við hagaðila félagsins.

Isavia hefur frá árinu 2016 fylgt meginreglum (e. reporting principles) staðla Global Reporting Initiative (GRI) við gerð ársskýrslu félagsins. Skýrslan er gefin út í samræmi við núverandi útgáfu á stöðlum GRI Standards, auk eldri sérákvæða GRI-G4 um flugvelli. Sérákvæðin taka sérstaklega á þeim áskorunum og tækifærum sem flugvellir standa frammi fyrir á sviði sjálfbærni.

Á árinu hófst vinna við túlkun og innleiðingu á nýjum kröfum um upplýsingagjöf fyrirtækja samkvæmt tilskipun ESB um sjálfbærnireikningsskil, Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD). Hornsteinn tilskipunarinnar er framkvæmd tvíþátta mikilvægisgreiningar og upplýsingagjafa í samræmi við ESRS-staðlana sem fylgir tilskipuninni. Þar sem CSRD-tilskipunin hefur ekki verið innleidd í íslenskum lögum og Isavia ekki lokið að fullu vinnu við innleiðingu á kröfum ESRS staðlanna birtir félagið áfram upplýsingar í samræmi við staðal GRI með þeirri undantekningu að mikilvægisgreining félagsins er unnin samkvæmt kröfum ESRS-staðalsins.

Fjöldi starfsfólks víðsvegar að úr fyrirtækinu kom að ritun skýrslunnar og upplýsingaöflun. Upplýsingar í skýrslunni eiga við Isavia ohf. og dótturfélög þess sem koma fyrir í samstæðuskilum nema annað sé tekið fram. Upplýsingar í skýrslunni eiga við almanaksárið 2024. Í textaumfjöllun í köflum um loftslag, auðlindanýtingu og lífsgæði höfum við bætt við innan sviga tölum fyrra árs til að auðvelda lesendum samanburð.

Isavia horfir til ISO26000 leiðbeiningastaðals um samfélagsábyrgð í sjálfbærnivinnunni.

Óháður ráðgjafi Ábyrgra lausna ehf. var fenginn til að rýna GRI tilvísunartöflu skýrslunnar. Ársreikningur félagsins var endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.

Við útgáfuna var horft til þess að bæta framsetningu efnis og mæta þörfum mismunandi lesendahópa. Isavia fagnar öllum ábendingum um efni og gerð skýrslunnar, enda eru stöðugar umbætur órjúfanlegur hluti af starfsemi okkar.



Ársskýrsla 2024

Útgefandi

Isavia ohf.

Dagsetning

26. mars 2025

ISSN númer:

ISSN 3023-1698

© 2025 Isavia ohf.
www.isavia.is | isavia@isavia.is

→ Efnisyfirlit

Inngangur

- 4 Inngangsorð forstjóra
- 5 Ávarp stjórnarformanns
- 6 Árið 2024
- 7 Lykiltölur

Stefna og stjórnun

- 11 Stjórn og stjórnarhættir
 - Stjórn Isavia
 - Forstjóri Isavia
 - Stjórnir dótturfélaga
- 13 Starfsemi
 - Starfsemi Isavia ohf.
 - Dótturfélög Isavia ohf.
 - Farþega og umferðarspár 2025
- 16 Virðissköpun
 - Starfsemi sem skapar virði fyrir samfélagið
 - Viðskiptalíkan Isavia ohf.
- 18 Stefna og framtíðarþróun
 - Stefna Isavia ohf.
 - Stefnumælikvarðar
 - Stuðningsstefnur og ábyrgur rekstur
 - Sjálfbærnistefna
 - Menning
 - Stafræn þróun og upplýsingatækni

- 25 Áhættustýring
 - Stjórnskipulag áhættustýringar
 - Lykiláhættur Isavia
- 27 Mikilvægir þættir
 - Tvívátta mikilvægisgreining
 - Virðiskeðja Isavia
 - Samtal við hagaðila samstæðunnar

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

- 33 Loftslagsmál
 - Losun gróðurhúsalofttegunda
 - Kolefnisspor Keflavíkurflugvallar 2024
- 37 Auðlindanýting
 - Flokkunarhlutfall og sorpmagn
 - Vatn
 - Efnanotkun
 - Mengun og mengunarvarnir
- 39 Lífsgæði
 - Loftgæði
 - Hljóðvist
 - Líffræðilegur fjölbreytileiki
 - Neyðarstjórn Isavia
- 43 Mannauður
 - Fjölbreytileiki og jafnrétti á vinnustað
 - Vöxtur, ánægja og réttindi starfsfólks
 - Sálfélagslegt öryggi og velliðan
- 45 Þjálfun og fræðsla
 - Isaviaskólinn
 - Þjálfunardeild Isavia ANS

- 47 Öryggi og vernd
 - Vinnuvernd
 - Flugöryggi
 - Upplýsingaöryggi og persónuvernd
- 49 Viðskiptavinir
 - Viðskiptavinir Keflavíkurflugvallar
 - Viðskiptavinir Isavia ANS
 - Verslun og þjónusta

- 52 Innkaup
 - Ábyrg stýring aðfangakeðju
 - Nýjar innkaupareglur og rekjanleiki innkaupa
- 54 Uppbygging og þróun
 - Skipulag og þróun
 - Framkvæmdir og uppbygging á Keflavíkurflugvelli
 - Umbótaverkefni Isavia ANS
 - Framkvæmdir á innanlandsflugvöllum

Viðaukar

- 61 GRI tilvísunartafla
- 71 Ársreikningur



Hægt er að velja kafla með því að smella á kaflaheiti

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Inngangsorð forstjóra

Á árinu 2024 fjölgaði farþegum sem lögðu leið sína um Keflavíkurflugvöll um 7,1% og voru því samtals um 8,3 milljónir. Á þessu ári er gert ráð fyrir hóflegum vexti eða um 0,8%. Yfir komandi sumarmánuði er gert ráð fyrir að 26 flugfélög fljúgi frá Keflavíkurflugvelli til 92 áfangastaða og yfir vetrarmánuðina fljúgi 21 flugfélag héðan til 70 áfangastaða.

Á sama tíma er gert ráð fyrir að árið 2025 verði það stærsta í komu erlends ferðafólks til landsins og að fjöldi þess verði ríflega 2,3 milljónir sem er um 9 þúsund fleiri en metárið 2018. Spá Keflavíkurflugvallar um ferðalög Íslendinga til útlanda gerir ráð fyrir að fjöldi þeirra verði um 612 þúsund sem jafngildir því að hver Íslendingur fari um 1,6 sinnum til útlanda yfir árið.

Á síðasta ári fjölgaði tengifarþegum sem fóru um Keflavíkurflugvöll um 453 þúsund eða 21,0% og nam fjöldi þeirra um 31,1% af heildarfjölda farþega sem fóru um flugvöllinn. Á sama tíma jókst fjöldi brottfararfarþega um 52 þúsund eða um 1,9%. Fjöldgunin milli árána 2023 og 2024 var því að stórum hluta drifin áfram af fjöldgun tengifarþega.

Í þessu samhengi er rétt að minna á að tengistöðin á Keflavíkurflugvelli er einn af drifkröftum hagvaxtar á Íslandi og birtingarmyndin er fjöldi flugtenginga. Flugtengingar gefa ekki eingöngu breiðari hópi ferðafólks tækifæri til að ferðast til Íslands heldur styður fjöldgun þeirra einnig við aðra þætti sem hafa áhrif á hagvöxt eins og útflutning og greiðari aðgang að menntun og menningu.

Uppbygging Keflavíkurflugvallar á undanförnum árum hefur miðað að því að auka afkastagetu flugvallarins og þannig mæta eftirspurn frá notendum hans. Á komandi árum er mikilvægt að leggja ríkari áherslu á uppbyggingu sem bætir þjónustu við ferðalanga sem fara um flugvöllinn og þá ekki síst þá tengifarþega sem velja Keflavíkurflugvöll sem áningarstað á leið sinni milli tveggja áfangastaða.

Rekstri innanlandsflugvalla er sinnt af dótturfélaginu Isavia Innanlandsflugvellar ehf. á grundvelli þjónustusamnings við íslenska ríkið. Innanlandsflugvellirnir sjálfir eru í eigu og á forræði ríkisins. Talsverð innviðaskuld hefur safnast fyrir í tengslum við viðhald flugvallanna vegna skorts á fjármagni frá ríkinu. Þrátt fyrir mikið ákall félagsins hefur fjársvelti varað á sviði innanlandsflugs árum saman. Mikilvægi innanlandsflugs hefur margsannað sig í jafn stóru og dreifbýlu landi og Ísland er og því er nauðsynlegt að íslenska ríkið taki stór skref þegar kemur að úthlutun fjármagns til viðhalds og endurnýjunar í innanlandsflugvallakerfinu.

Rekstri flugleiðsögupjónustu Isavia er sinnt af dótturfélaginu Isavia ANS ehf. Félagið sér meðal annars um flugleiðsögu og flugumferðarþjónustu fyrir hönd Íslands á íslenska flugstjórnarsvæðinu, ásamt því að hafa umsjón með efra loftrými grænlenka flugstjórnarsvæðisins. Síðasta ár var metár hjá flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík, bæði hvað varðar fjölda fluga og fjölda floginna kílómetra í svæðinu. Gert er ráð fyrir að flugumferð muni halda áfram að aukast á þessu ári.

Rekstri friðhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli hefur verið sinnt af dótturfélaginu Fríhöfnin ehf. til margra ára. Á liðnu ári var tekin ákvörðun um að útvísta rekstri verslananna til þriðja aðila með það að markmiði að auka enn frekar tekjur Keflavíkurflugvallar af friðhafnarrekstri. Í framhaldi af útboðsferli hefur nú verið gerður bindandi samningur við þýska fyrirtækið Heinemann um sérleyfi til reksturs friðhafnarverslana á Keflavíkurflugvelli til næstu átta ára. Ráðgert er að Heinemann taki við rekstrinum í byrjun maí á þessu ári og í framhaldi af því lýkur sögu Friðhafnarinnar ehf.

Sjálfbærni er höfð að leiðarljósi í öllu sem félagið gerir eins og segir í sjálfbærnistefnu þess. Stefnunni fylgir fimm ára aðgerðaáætlun sem gildir til loka 2026 þar sem áherslur, markmið og mælikvarðar í málaflokknum eru sett fram. Við val á þeim var m.a. horft til stefnu félagsins, ábendinga hagaðila og skuldbindingar okkar við UN Global Compact auk heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Sveinbjörn Indriðason
Forstjóri Isavia



og áherslna stjórnvalda. Isavia gefur út ársskýrslu í samræmi við GRI Standards og sérákvæði staðlanna um flugvelli. Í skýrslunni er farið yfir starfsemi félagsins árið 2024 og horft til þeirra áhrifa sem hún hefur á efnahag, umhverfi, samfélag og mannréttindi. Skýrslunni er einnig skilað inn sem framvinduskýrslu um stuðning okkar við UN Global Compact. Hún er yfirlýsing þess að við munum áfram vinna að þeim tíu grundvallarviðmiðum Sameinuðu þjóðanna er varða samfélagslega ábyrgð á sviði mannréttinda, vinnumála, umhverfismála og aðgerða gegn spillingu.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllu starfsfólki samstæðu Isavia fyrir gott ár. Rekstur flugvalla og flugleiðsögupjónustu er í eðli sínu næmur fyrir breytingum í ytra umhverfi en með öflugum starfsfólki samstæðunnar eru okkur allir vegir færir.

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Ávarp stjórnarformanns

Að baki er stærsta fjárfestingaár í sögu félagsins. Samstæða Isavia fjárfesti fyrir um 18 milljarða króna og þar af runnu tæpir 17 milljarðar króna til Keflavíkurflugvallar. Síðustu 10 árin hefur verið fjárfest fyrir tæplega 105 milljarða króna hjá samstæðu Isavia og þar af fyrir 96 milljarða króna á Keflavíkurflugvelli. Þessi þörf á uppbyggingu er lýsandi fyrir þann 27,0% árlega meðalvöxt í fjölda farþega sem hefur farið í gegnum flugvöllinn á ári hverju á undanförnum 10 árum.

Til að mæta þessum vexti á Keflavíkurflugvelli hefur til þessa verið lögð sérstök áhersla á að forgangsraða fjárfestingum í afkastaaukningu til að mæta þörfum viðskiptavina flugvallarins. Í dag er aftur á móti unnið að forgangsroðun framkvæmda sem bæta þjónustu við farþega og þá ekki síst við tengifarþega sem eiga leið um Keflavíkurflugvöll.

Þessi breyting á forgangsroðun styður beint við þá áherslu móðurfélagsins að árið 2028 verði búið að byggja upp getu í félaginu til að styðja við áætlaðan framtíðarvöxt flugfélaga sem velja Keflavíkurflugvöll sem tengistöð. Uppbygging tengistöðvarinnar gegnir lykilhlutverki í þeim efnum. Stjórn Isavia hefur skilgreint tilgang félagsins á þann hátt að það leiði flugvallasamfélag á Keflavíkurflugvelli sem stuðlar að auknum lífsgæðum og velsæld á Íslandi. Almennur aðgangur að fjármagni takmarkast við fjárhagsskilmála langtímalána félagsins og afkastageta til framkvæmda takmarkast við stærð íslenska vinnumarkaðarins. Á undanförunum árum hefur það haft í för með sér að áhersla á fjárfestingu í afkastagetu hefur eðlilega komið niður á fjárfestingu í þjónustugæðum til samræmis við þau viðmið sem félagið sjálft hefur sett sér. Fyrirhugað er að bæta úr því á komandi árum eins og kom fram hér á undan.

Á árinu 2023 setti stjórn sér metnaðarfull markmið í uppfærðri stefnu móðurfélagsins og síðustu misseri hefur verið unnið að því að finna leiðir til að uppfylla þessi markmið. Rekstur félagsins er afar næmur fyrir ytri áhrifum, hvort sem um er að ræða fjölda farþega og samsetningu þeirra eða launakostnað sem er verulegur hluti rekstrarkostnaðar. Þrátt fyrir góðan rekstur á Keflavíkurflugvelli er verið að leita allra leiða um þessar mundir til að hagræða með það fyrir augum að starfsemin standi betur undir frampungum framkvæmdum sem eru afar umfangsmiklar.

Mikil tímamót urðu í rekstri félagsins á árinu þegar stærsti viðskiptasamningur í sögu þess var gerður um rekstur frihafnarverslunar á Keflavíkurflugvelli sem hefur verið rekin af ríkinu eða fyrirtækjum í eigu þess frá árinu 1958. Á síðasta ári tók stjórn ákvörðun, í kjölfar forathugana og markaðskönnunar á evrópska efnahagssvæðinu, um að bjóða út rekstur Frihafnarinnar. Niðurstaða þeirrar könnunar benti til þess að það fæli í sér verulegan fjárhagslegan ávinning fyrir félagið að fá öflugan rekstraraðila með mikla reynslu og þekkingu af rekstri frihafnarverslana um allan heim til reksturs frihafnarverslana á Keflavíkurflugvelli. Niðurstaða þess útboðs lá fyrir á síðasta ársfjórðungi og varð þýska fyrirtækið Heinemann hlutskarpast út frá valforsendum útboðsins. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið hefji rekstur á Keflavíkurflugvelli í maí 2025.

Þrátt fyrir góðan rekstur og afkomu móðurfélags Isavia á liðnu ári og metnaðarfulla rekstraráætlun fyrir þetta ár er umfang nauðsynlegra framkvæmda af þeirri stærðargráðu að efnahagsreikningur félagsins mun ekki standa undir framkvæmdakostnaði sem þarf til að ná núverandi markmiðum Keflavíkurflugvallar, með áframhaldandi styrkingu flugtenginga að leiðarljósi.

Kristján Þór Júlíusson
Stjórnarformaður



Uppbyggingaráætlun félagsins er svo metnaðarfull í tíma og kostnaði að óhjákvæmilegt er, að henni óbreyttri, að styrkja félagið með auknu hlutafé. Það er því mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr að eigandafyrirsvor félagsins, fjármála- og efnahagsráðuneytið fyrir hönd ríkisins, kunni skil á nýuppfærðri stefnumörkun móðurfélags Isavia. Nýrrar stjórnar biður því það verkefni að upplýsa eigandafyrirsvarið vandlega um áætlanir félagsins og gefa hluthafanum þannig góðan grunn til að taka upplýsta ákvörðun um framtíðaráform móðurfélags Isavia.

Á liðnu ári var unnið áfram að verkefnum sem snúa að góðum stjórnarháttum. Uppfærðar siðareglur voru gefnar út á árinu, gerðar voru breytingar á samþykktum félagsins til að þær uppfylltu betur markmið góðra stjórnarhátta og þá var unnið að uppfærslu eigandastefnu móðurfélags Isavia gagnvart dótturfélögum þess.

Í almennt eigandastefnu ríkisins fyrir öll félög í eigu þess er skýrt kveðið á um að félögin skuli fylgja ýmsum markmiðum stjórnvalda, þar með talið í umhverfis- og loftslagsmálum. Sjálfbærni er höfð að leiðarljósi í öllu sem Isavia gerir og félagið leggur áherslu á að láta ekki sitt eftir liggja þegar kemur að sjálfbærni í starfsemi sinni. Félaginu er bæði ljúft og skylt að leita allra skynsamlegra leiða til að leggja lóð sitt á vogarskálnar á þessu sviði.

Það hefur verið mikill heiður og ánægjulegt að hafa fengið tækifæri til að sitja í stjórn Isavia ohf. Stjórnarmenn koma með fjölbreytta þekkingu og ólíkan bakgrunn að borðinu og ég þakka þeim sérstaklega fyrir árangursríkt og metnaðarfullt samstarf í þágu félagsins. Ég vil einnig fyrir hönd stjórnar þakka öflugu starfsfólki félagsins fyrir árangursríkt starf í síbreytilegu og krefjandi starfsumhverfi.

Við erum þess fullviss að reynsla okkar og þekking muni ýta undir áframhaldandi árangur og auka lífsgæði og þar með velsæld í okkar ágæta landi.

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Árið 2024



9.021.354

Fjöldi farþega á öllum flugvöllum samstæðunnar

8.472.926 árið 2023

Fjöldi flugvéla sem fór um flugstjórnarsvæðið

200.035

190.194 árið 2023

Meðalfjöldi stöðugilda

1.433

1.348 árið 2023

Tekjur

51.917

m. kr.

45.058 m. kr. 2023



5.231

m. kr.

Afkoma ársins

2.102 m. kr. 2023



42,9%

Eiginfjárlutfall

39,3% 2023

Eigið fé

49.293

m. kr.

44.064 m. kr. 2023

Skattaspor

8.611

m. kr.

7.016 m. kr. 2023

Fjárfestingar ársins

18.039

m. kr.

16.585 m. kr. 2023

Kolefnisspor reksturs

3.993

tonn CO₂ ígildi | 3.743 tonn CO₂ ígildi árið 2023

Lykiltölur

- Inngangur
- Inngangsorð forstjóra
- Ávarp stjórnarformanns
- Árið 2024
- Lykiltölur

- Stefna og stjórnun
- Stjórn og stjórnarhættir
- Starfsemi
- Virðissköpun
- Stefna og framtíðarþróun
- Áhættustýring
- Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

- Loftslagsmál
- Auðlindanýting
- Lífsgæði
- Mannauður
- Þjálfun og fræðsla
- Öryggi og vernd
- Viðskiptavinir
- Innkaup
- Uppbygging og þróun

- Viðaukar
- GRI tilvísunartafla
- Ársreikningur

Farþegar

Fjöldi farþega um alla flugvelli Isavia nam rétt rúmlega 9 milljónum árið 2024, sem er 6,5% aukning frá árinu 2023. Fjölgun var mest á Keflavíkurflugvelli eða 7,1% og á Akureyrarflugvelli um 4,7%. Fækkun var hins vegar á Reykjavíkurflugvelli um 0,4% og um 0,8% á Egilsstaðaflugvelli.

Heildarfjöldi millilandafarþega um íslenska áætlanarflugvelli árið 2024 fjölgaði úr tæplega 7,8 milljónum í rúmlega 8,3 milljónir, eða um 7,2% milli ára. Mest var fjölgunin á Akureyrarflugvelli en þar fjölgaði millilandafarþegum um 40,0%. Innanlandsfarþegum fækkaði á sama tíma úr tæplega 665 þúsund í rúmlega 652 þúsund, eða um 1,9%.

Flughreyfingar

Flughreyfingar á öllum flugvöllum Isavia voru rúmlega 138 þúsund árið 2024, sem er 4,7% fækkun frá árinu á undan. Hreyfingum fækkaði um 2,3% á Keflavíkurflugvelli, um 6,8% á Reykjavíkurflugvelli, um 7,5% á Akureyrarflugvelli og 4,3% á Egilsstaðaflugvelli.

Flughreyfingar á milli landa voru tæplega 68 þúsund, sem er 4,5% aukning frá árinu 2023. Þar af var fjölgunin mest á Keflavíkurflugvelli eða tæp 5,0%. Innanlands fækkaði flughreyfingum úr tæplega 80 þúsund árið 2023 í rétt rúmar 70 þúsund árið 2024, eða um 12,1%. Það skýrist vegna minni umsvifa í einka- og kennsluflugi og snertilendingum.

Vöruflutningar

Árið 2024 fóru 61,6 þúsund tonn af vörum um flugvelli félagsins, sem er 1,3% minna magn en árið á undan. Vöruflutningar á milli landa voru rétt rúmlega 60 þúsund tonn, sem er um 1,1% minna magn en árið 2023. Vöruflutningar innanlands minnkuðu hins vegar á sama tíma um 9,5% eða úr 1.333 tonnum í rúmlega 1.207 tonn.

Flugumferð

Rúmlega 200 þúsund flugvélar fóru um íslenska flugstjórnarsvæðið árið 2024, sem er fjölgun um 5,2% frá árinu 2023. Alls voru flognir rúmlega 282 milljónir kílómetra í íslenska úthafsflugstjórnarsvæðinu árið 2024, eða 7,7% fleiri en árið á undan. Umferð til og frá landinu er 33,7% af umferðinni og yfirflug 66,3%. Rúmlega þriðjungur allrar flugumferðar á leið yfir Norður-Atlantshafið fer í gegnum íslenska flugstjórnarsvæðið sem er í umsjón Isavia ANS.

Fjöldi farþega á öllum flugvöllum	2022	2023	2024	%
Innanlands	645.331	665.753	652.696	-1,9%
Millilanda	6.179.367	7.806.945	8.368.658	7,2%
	6.824.698	8.472.698	9.021.354	

Fjöldi flughreyfinga	2022	2023	2024	%
Innanlands	84.780	79.906	70.254	-12,1%
Millilanda	55.380	64.961	67.869	4,5%
	140.160	144.867	138.123	

Vöruflutningar (tonn)	2022	2023	2024	%
Innanlands	1.383	1.333	1.207	-9,5%
Millilanda	55.473	61.086	60.400	-1,1%
	56.856	62.419	61.607	

Fjöldi flugvéla sem fóru um flugstjórnarsvæðið	2022	2023	2024	%
	164.071	190.194	200.035	5,2%

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Úr rekstrarreikningi	2022	2023	2024
Rekstrartekjur	36.505	45.058	51.917
Rekstrarkostnaður	-31.341	-36.913	-41.258
EBITDA	5.165	8.145	10.659
Afskriftir	-3.932	-4.139	-4.552
EBIT	1.233	4.006	6.106
Hrein fjármagnsgjöld	-2.042	-1.302	302
Hagnaður/tap fyrir skatta	-809	2.704	6.408
Tekjuskattur	191	-603	-1.177
Hagnaður/tap ársins	-617	2.102	5.231

Úr sjóðstreymi	2022	2023	2024
Handbært fé í upphafi árs	14.683	9.495	15.514
Handbært fé frá rekstri	5.096	10.502	8.992
Fjárfestingarhreyfingar	-14.646	-16.075	-17.524
Fjármögnunarhreyfingar	4.271	11.409	-971
Aðrar breytingar	91	183	-122
Handbært fé í árslok	9.495	15.514	5.889

Úr efnahagsreikningi	2022	2023	2024
Fastafjármunir	78.503	89.956	102.504
Veltufjármunir	15.774	22.145	12.287
þ.a. handbært fé	9.495	15.514	5.889
Heildareignir	94.277	112.101	114.791
Eigið fé	41.962	44.064	49.293
Langtímaskuldir	42.566	56.090	52.962
þ.a. vaxtaberandi skuldir	42.566	56.090	52.558
Skammtímaskuldir	9.749	11.946	12.536
Heildarskuldir	52.315	68.036	65.498

Kennitölur	2022	2023	2024
Framlegðarhlutfall	14,1%	18,1%	20,5%
Hagnaðarhlutfall	-1,7%	4,7%	10,1%
Arðsemi eigin fjár	-1,6%	4,9%	11,2%
Lausafjárhlutfall	1,56	1,79	0,92
Veltufjárhlutfall	1,62	1,85	0,98
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA	6,76	5,15	4,54
Eiginfjárhlutfall	44,5%	39,3%	42,9%
Innra virði hlutafjár	1,71	1,79	2,01

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir


Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun


Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur


Rekstur




Afkoma



Þróun á handbæru fé 2024




EBITDA



Allar fjárhæðir eru í milljónum króna (m. kr.)

Tekjur samstæðunnar



The background is a solid blue color with a subtle, curved gradient that transitions from a darker blue at the top to a lighter blue at the bottom.

→ Stefna
og stjórnun

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Stjórn og stjórnarhættir

Isavia gegnir því mikilvæga hlutverki að annast rekstur og uppbyggingu á þeim innviðum sem leggja grunn að flugsamgöngum landsins. Til að geta sinnt þessu hlutverki af öryggi og skilvirkni þarf öfluga stýringu og skýrar starfsreglur sem hjálpa starfseminni að vaxa og þróa.

Lög um starfsemi Isavia

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Um starfsemi félagsins gilda lög nr. 65/2023 um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð og lög nr. 80/2022 um loftferðir. Stjórnvöldum er heimilt að fela Isavia að fara með og annast alþjóðlegar skuldbindingar og samninga og er félaginu skylt að fara að fyrirmælum er varða framkvæmd og efndir slíkra samninga.

Stjórn Isavia

Stjórnarhættir Isavia taka mið af eftirfarandi þáttum; [lögum nr. 2/1995](#) um hlutafélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og almennri eigandastefnu ríkisins (ásamt viðauka er snýr að Isavia ohf.). Í viðaukanum sem snýr að Isavia segir meðal annars að eitt af markmiðum ríkisins með eignarhaldinu sé að starfsemin verði í sem mestri sátt við umhverfið og að stuðla að umhverfissvænni þjónustu við flugvélar og farþega og lágmörkun kolefnislosunar. Að auki er markmiðið að rekstur og fjárfestingar verði sjálfbær til lengri tíma.


Stjórn er tilnefnd til stjórnarsetu af fjármála- og efnahagsráðherra og er kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn boðar til aðalfundar með tilkynningu til hluthafa í samræmi við lög og samþykktir félagsins sem kveður á um að aðalfund skuli boða fyrir júní ár hvert. Í stjórn sitja fimm einstaklingar og fimm til vara. Kynjahlutfall stjórnar er nú 60% karlar og 40% konur. Allir stjórnarmeðlimir teljast óháðir í skilningi Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Stjórn hittist að jafnaði einu sinni í mánuði. Forstjóri, framkvæmdastjóri fjármála og mannauðs og yfirlögfræðingur sitja stjórnarfundi. Stjórn tekur ákvarðanir í samræmi við samþykktir og hlutafélagalög en atkvæði meirihluta stjórnar ræður úrslitum ef stjórn er ekki sammála. Enginn stjórnarmeðlima starfar hjá móðurfélaginu.

Stjórn Isavia ber að fara eftir siðareglum félagsins eins og starfsfólk samstæðunnar almennt en nýjar siðareglur sem unnar voru í viðtæku samráði starfsfólks og stjórnar tóku gildi 16. september 2024. Stjórn hefur Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja til hliðsjónar í störfum sínum og uppfyllir þær í öllum meginatriðum. Helsta frávikið er að engin tilnefningarnefnd er starfandi hjá félaginu þar sem tilnefningar eru gerðar af valnefnd sem skipuð er af fjármála- og efnahagsráðherra sem fer með hlut ríkisins í félaginu. Undirnefndir stjórnar eru endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd og nær starfssvið þeirra einnig til dótturfélaga Isavia ohf.

Til að auka gæði og skilvirkni í störfum stjórnar er henni skylt að gera árangursmat einu sinni á ári. Matið er framkvæmt af utanaðkomandi ráðgjöfum samkvæmt staðlaðri aðferðafræði og tekur til stærðar stjórnar, samsetningar hennar, starfshátta og verklags, sem og þróunar félagsins og frammistöðu forstjóra.

Umgjörð stjórnarhátta

Ytri umgjörð: Lög & reglugerðir, alþjóðareglur- og sáttmálar, eigandastefna ríkisins



Innri umgjörð og stjórnkerfi: Samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar og forstjóra, siðareglur, meginstefna og stuðningsstefnur, menningarsáttmáli, reglur og ferlar

→ Kosning/Ráðning

→ Upplýsir

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Stjórn Isavia 2024

Kristján Þór Júlíusson
Stjórnarformaður

Kosinn í stjórn 2022

Hrólfur Ölvisson
Varaformaður

Kosinn í stjórn 2023

Hólmfríður Árnadóttir
Stjórnamaður

Kosin í stjórn 2022

Jón Steindór Valdimarsson
Stjórnamaður

Kosinn í stjórn 2022 |
Sagði sig úr stjórn í ársbyrjun 2025
þegar hann gerðist aðstoðarmaður
fjármála- og efnahagsráðherra.

Nanna Margrét
Gunnlaugsdóttir
Stjórnamaður

Kosin í stjórn 2018 |
Sagði sig úr stjórn í febrúar 2025
þegar hún tók sæti á Alþingi.

- **Marta Jónsdóttir**
Tók sæti í stjórn í ársbyrjun 2025. Varamaður í stjórn frá 2024.
- **Valdimar Halldórsson**
Tók sæti í stjórn í febrúar 2025. Varamaður í stjórn frá 2022
en sat áður í aðalstjórn frá 2018-2022.

Starfsreglur stjórnar

Stjórnin starfar eftir ítarlegum starfsreglum þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og forstjóra eru skilgreind. Starfsreglur eru endurskoðaðar og samþykktar á hverju ári. Þar er m.a. að finna skiptingu verkefna innan stjórnar, reglur um hæfi stjórnarmeðlima til þátttöku í afgreiðslu mála, um fundarsköp og fundargerðir, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar.

Stjórn hefur æðsta vald í málefnum Isavia á milli hluthafafunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Stjórn fer með stýringu félagsins, tryggir að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna auk þess að staðfesta rekstrar- og fjárfestingaáætlanir og sjá til þess að þeim sé fylgt.

Stjórn ber ábyrgð á því að félagið hafi skipulagt og virkt eftirlitskerfi sem samanstendur af heildstæðri áhættustýringu og skilvirku innra eftirliti. Stjórn tekur meiriháttar ákvarðanir í rekstri félagsins og tryggir að það sé rekið í samræmi við lög og reglur. Markmið stjórnar er að stuðla að viðgangi félagsins og tryggja árangur þess til langs tíma með því að setja félaginu stefnu í samstarfi við stjórnendur þess.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórnarháttayfirlýsing er uppgjör stjórnar fyrir liðið starfsár sem er birt samhliða ársreikningi. Í yfirlýsingunni koma fram upplýsingar um stjórnarmeðlimi, undirnefndir, samskipti við hluthafa, framkvæmdastjórn, siðferðisviðmið og aðra þætti sem snúa að stjórn.

Starfskjaranefnd

Markmið Isavia er að laða að, hvetja og halda í framúrskarandi starfsfólk og gera störf hjá félaginu að eftirsóknarverðum kosti. Samkvæmt almenntri eigandastefnu ríkisins skulu laun hjá félaginu vera samkeppnishæf, en um leið hófleg og ekki leiðandi, og taka mið af opinberu eignarhaldi. Starfskjaranefnd félagsins er skipuð tveimur stjórnarmönnum og er starfskjarastefna samþykkt á aðalfundi. Samkvæmt henni fá stjórnarmeðlimir greidda fasta

mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Við gerð ráðningarsamninga er haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslu við starfslok en samningar kveða á um. Starfskjör stjórnenda eru endurskoðuð einu sinni á ári.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd sinnir ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn móðurfélagsins, m.a. með því að hafa eftirlit með og tryggja gæði reikningsskila og annarra fjármálaupplýsinga. Nefndin er skipuð þremur aðilum hið minnsta og skal a.m.k. einn nefndarmanna vera óháður félaginu og starfsfólki þess. Sérhver nefndarmaður skal hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og að minnsta kosti einn nefndarmanna skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði endurskoðunar eða reikningsskila.

Forstjóri Isavia

Forstjóri hefur með höndum daglegan rekstur félagsins samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar. Daglegur rekstur nær ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Hann hefur ákvörðunarvald um öll rekstrar- og fjárhagsleg málefni félagsins og hefur umsjón með eignum þess. Forstjóri gerir stjórn grein fyrir starfsemi félagsins og afkomu á stjórnarfundum, ber ábyrgð gagnvart stjórn og að fylgt sé samþykktum félagsins, lögum og reglum. Forstjóri er ekki með nein hagsmunatengsl við viðskiptaaðila og/eða samkeppnisaðila. Forstjóri hefur að auki umsjón og eftirlit með dótturfélögum Isavia ohf.

Stjórnir dótturfélaga

Dótturfélög Isavia ohf. eru þrjú; Isavia ANS ehf., Isavia innanlandsflugvellir ehf. og Fríhöfnin ehf. Félögin eru í 100% eigu Isavia og eru rekin í samræmi við eigandastefnu dótturfélaga Isavia ohf., samþykktir þeirra og starfsreglur stjórna. Stefnur, reglur og leiðbeiningar sem móðurfélaginu er skylt að innleiða samkvæmt lögum eða stefnu eiganda þess gilda einnig fyrir dótturfélög. Í stjórnnum allra dótturfélaganna þriggja eru þrír einstaklingar. Kynjahlutfall er 33% konur og 67% karlar.

Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti má finna á [ytri vef félagsins](#).

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Starfsemi

Isavia ohf. annast uppbyggingu og rekstur Keflavíkurflugvallar. Dótturfélög þess, Isavia ANS ehf. og Isavia Innanlandsflugvellar ehf., reka annars vegar flugleiðsöguþjónustu á einu stærsta flugstjórnarsvæði heims og hins vegar öflugt net innanlandsflugvalla á Íslandi. Að auki hefur dótturfélagið Frihöfnin ehf. rekið verslanir á Keflavíkurflugvelli um árabil en með bindandi samningi Isavia ohf. við nýjan rekstraraðila mun sögu Frihafnarinnar ehf. ljúka.

Starfsemi Isavia ohf.

Móðurfélagið Isavia ber ábyrgð á rekstri Keflavíkurflugvallar. Flugvöllurinn er að fullu rekinn á viðskiptalegum forsendum og í hörðu samkeppnisumhverfi. Í starfsemi hans liggja stærstu viðskiptatækifærin en um leið mesta rekstraráhættan.

Á Keflavíkurflugvelli starfa tvö kjarnasvið félagsins. Annars vegar er það Viðskipti og þróun sem sinnir flugfélögum og leiðaðróun, viðskiptatekjum og sölu, viðskiptainnsýn og bestun, markaðsmálum og upplifun, mannvirkjum og innviðum sem og flugvallarþróun og uppbyggingu. Hins vegar er það Þjónusta og rekstur sem sinnir flugvernd, þjónustu og samhæfingu, flugvallarþjónustu, rekstri flugturns, þjónustugæðum, neyðarviðbúnaði og öryggisstjórnun.

Stoðsvið Isavia eru tvö. Fjármála- og mannauðssvið sinnir áhættustýringu, reikningshaldi og uppgjörum, lögfræðiþjónustu, innkaupum, skjalastjórnun og hagdeildarþjónustu ásamt kjaramálum, mannauðsmálum og fræðslu. Stafræn þróun og upplýsingatækni sinnir hins vegar stafrænni þróun, kerfisrekstri og notendapjónustu.


Stjórnarhættir, stefnumótun og sjálfbærni, ferlar og umbætur og almannatengsl heyra undir skrifstofu forstjóra. Stoðsviðin eru hluti af rekstri Keflavíkurflugvallar ásamt skrifstofu forstjóra. Rík áhersla er lögð á að öll svið móðurfélagsins auk skrifstofu forstjóra taki að sér verkefni fyrir alla samstæðu Isavia.

Dótturfélög Isavia ohf.


Isavia ANS

Isavia ANS ehf. hefur starfsleyfi til að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, millilandaflug og alþjóðaflug og annast m.a. flugumferðarþjónustu í Norður-Atlantshafi fyrir hönd Íslands, á svæði sem nefnt er íslenska flugstjórnarsvæðið. Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur falið sjö ríkjum að sjá um flugumferðarþjónustu á þessu svæði, en auk Íslands eru það Bretland, Kanada, Noregur, Bandaríkin, Danmörk og Portúgal. Starfsemin byggir í grundvallaratriðum á milliríkjasamningi við 25 ríki um þjónustu og fjármögnun sem byggir á endurheimtugerfi kostnaðar (e. full cost recovery system). Tæplega þriðjungur flugumferðar yfir Norður-Atlantshafi fer um íslenska flugstjórnarsvæðið sem hefur mikla sérstöðu meðal úthafssvæða vegna sveigjanleika, bæði hvað varðar flugleiðir og flughæðir. Skrifstofur Isavia ANS ehf. eru við Nauthólsveg í Reykjavík en einnig eru flugfjarskipti, deild innan Isavia ANS, með starfsemi í Sóleyjarima í Grafarvogi og tæknimenn með aðstöðu við Steinhelli í Hafnarfirði. Dótturfyrirtæki Isavia ANS eru Tern Systems sem þróar hugbúnað fyrir flugleiðsöguþjónustu og Suluk sem heldur utan um rekstur flugleiðsöguþjónustu á Grænlandi. Suluk ApS er staðsett á Kangerslussuaqflugvelli í Grænlandi. Tern Systems er með aðalskrifstofur sínar við Hlíðarsmára í Kópavogi og dótturfélag og skrifstofur í Búdapest í Ungverjalandi.

Skipulag Isavia ohf.



Félög í samstæðu Isavia



Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Framkvæmdastjórn Isavia

Sveinbjörn Indriðason
Forstjóri



Anna Björk Bjarnadóttir
Framkvæmdastjóri
þjónustu og rekstrar



Bjarni Örn Kærnested
Framkvæmdastjóri
stafrænnar þróunar
og upplýsingatækni



Guðmundur Daði Rúnarsson
Framkvæmdastjóri
viðskipta og þróunar



Ingibjörg Arnarsdóttir
Framkvæmdastjóri
fjármála og mannauðs



Elísabet Sverrisdóttir
Aðstoðarmaður forstjóra



Starfsemi dótturfélaga

Kjartan Briem
Framkvæmdastjóri
Isavia ANS



Sigrún Björk Jakobsdóttir
Framkvæmdastjóri
Isavia Innanlandsflugvalla



Þorgerður Þráinsdóttir
Framkvæmdastjóri
Fríhafnarinnar



Isavia Innanlandsflugvellar

Isavia Innanlandsflugvellar ehf. heldur utan um rekstur íslenskra áætlunarflugvalla utan Keflavíkurflugvallar. Félagið rekur þrjá flugvelli sem geta tekið við millilandaflugi; Reykjavíkurflugvöll, Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll, auk níu minni flugvalla sem nýttir eru fyrir reglubundið áætlunarflug innanlands. Félagið hefur einnig umsjón og eftirlit með 30 öðrum lendingarstöðum um land allt. Skrifstofur Isavia Innanlandsflugvalla ehf. eru á Reykjavíkurflugvelli.

Starfsemin er fjölbreytt og felur í sér almenna flugvallarþjónustu, flugumferðarþjónustu, flugvernd og umsjón með verklegum framkvæmdum auk öryggis- og gæðamála. Reksturinn grundvallast á þjónustusamningi félagsins við innviðaráðuneyti sem ákvarðar þjónustustig flugvallanna, rekstur og viðhald þar sem þeir eru hluti af almenningssamgöngukerfi í eigu ríkisins.

Alþjóðlegar tengingar um innanlandsflugvelli

Markaðsverkefnið Nature Direct, sem snýst um að kynna flugvelli á Akureyri og Egilsstöðum sem gáttir til landsins, var haldið áfram á árinu en það er unnið í samstarfi við Íslandsstofu, Austurbrú og Markaðsstofu Norðurlands. Flugfélagið Easyjet flaug áfram til Akureyrar en frá því í nóvember hefur verið flogið tvisvar í viku frá London Gatwick. Samkvæmt áætlunum Easyjet verður flogið áfram til loka apríl 2025. Þá bætti flugfélagið við ferðum frá Manchester tvisvar í viku og er stefnt að því að fljúga þangað til loka mars 2025 og síðan hefjast ferðir á ný í nóvember. Ferðaheildsalinn Voigt Travel hefur haldið sínum áætlunarferðum til Akureyrar frá Hollandi, tvisvar í viku yfir vetrartímann og einni ferð á viku yfir sumartímann. Flugfélagið Transavia hefur haft umsjón með þessum flugferðum frá árinu 2019. Ferðir til Zurich hafa einnig haldið áfram á vegum flugfélagsins Edelweiss sem hóf að nýta flugvöllinn árið 2023 en ferðaheildsalinn Kontiki hefur einnig nýtt þessar ferðir til að flytja sína ferðamenn til Akureyrar. Jafnframt hefur fjöldi leigufluga farið um flugvelli á Egilsstöðum og Akureyri ásamt einkapotum sem nýta velli og koma frá ýmsum áfangastöðum.

Vöxtur í millilandaflugi til Akureyrar hefur haldið áfram og nam farþega fjöldi þess um 17% af heildarfarþega fjölda flugvallarins á árinu 2024. Í janúar 2024 var nýtt flughlað tekið í notkun á Akureyrarflugvelli sem tryggir að hann geti tekið á móti allt að 500 þúsund farþegum á ári en þeir eru nú um 200 þúsund. Í neyð verður þá hægt að taka á móti 14 þotum af gerð C og D þar sem áður var aðeins hægt að taka á móti fimm þotum.

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Fríhöfnin ehf.

Frá árinu 1958 hefur verið rekin fríhafnarverslun á Keflavíkurflugvelli. Í dag er hún rekin af dótturfélagi Isavia, Fríhöfnin ehf., sem stofnað var 2005. Fríhöfnin ehf. rekur tvær brottfararverslanir og komuverslun með tollfrjálsan varning á Keflavíkurflugvelli, samkvæmt rekstrarleyfis-samningi við móðurfélagið Isavia.

Ákvörðun var tekin seinni hluta árs 2023 að kanna mögulegt útboð á Fríhöfninni. Þegar ákveðið var að bjóða sérleyfið út var það að markmiði að kanna hvort hægt væri, í samstarfi við nýjan rekstraraðila með reynslu í rekstri fríhafnarverslana, að tryggja ávinning umfram núverandi fyrirkomulag.

Útboðið á sérleyfinu var með sama hætti og þegar boðin hefur verið út aðstaða fyrir aðrar verslanir og veitingastaði á vellinum. Í hæfismati var leitast eftir að fá bjóðendur að útboðinu sem hefðu alþjóðlega reynslu sem þekkja til reksturs komufríhafna.

Hæfismat fór síðan út í janúar 2024. Mánuði síðar var fjórum aðilum, sem voru metnir hæfir, boðið að taka þátt. ARI, Dufry, Heinemann og Lagardère. Í júlí skiluðu allir aðilar inn sínum fyrstu tilboðum. Áður en síðari skil á tilboðum fóru fram í október fengu bjóðendur endurgjöf á tilboð sín og heimsóttu flugvöllinn. Í nóvember var tilkynnt að Heinemann hefði orðið fyrir valinu og tæki við rekstri Fríhafnarinnar á grundvelli sérleyfis fyrri hluta árs 2025.

Niðurstaðan er sú að með þessari breytingu aukast tekjur flugvallarins um leið og hægt er að auka þjónustu við farþega og bæta vöruúrval. Auknar tekjur geta síðan farið í uppbyggingu flugvallarins sem á móti bætir þjónustu og eykur við hagsæld á Íslandi.

Þegar þau tímamót verða að Heinemann tekur við sérleyfi á rekstri fríhafnarverslunar á Keflavíkurflugvelli lýkur sögu Fríhafnarinnar ehf. en nýr kafli hefst í 67 ára sögu fríhafnarverslunar á flugvellinum.

Farþega- og umferðarspár 2025

Á hverju ári eru birtar spár sem segja til um áætlaðan fjölda farþega og flughreyfinga um Keflavíkurflugvöll á komandi ári. Þessir tveir þættir hafa hvað mest áhrif á umsvif starfseminnar og því eru spárnar mikilvægur þáttur í að bregðast við síkviku rekstrarumhverfi. Spárnar eru unnar í nánu samstarfi við þau flugfélög sem fljúga til Keflavíkurflugvallar og byggja m.a. á afgreiðslutímum flugfélaganna, upplýsingum úr kerfum Isavia, samtölum og fréttum af áformum flugfélaga.

Farþegaspá fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir að rúmlega 8,3 milljónir farþega ferðist um Keflavíkurflugvöll. Árið verður því það þriðja stærsta í sögu Keflavíkurflugvallar ef spáin gengur eftir. Gert er ráð fyrir að hlutfall tengifarþega verði 30% eða um 2,5 milljónir farþega. Einnig er gerð spá fyrir fjölda erlendra ferðamanna. Sú spá gerir ráð fyrir að rúmlega 2,3 milljónir erlendra ferðamanna komi til landsins árið 2025. Sami fjöldi kom til landsins árið 2018 sem var stærsta ár í komu erlendra ferðamanna til Íslands.

Umferðarspá fyrir íslenska flugstjórnarsvæðið er unnin a.m.k. árlega af vinnuhópi sem nefnist North Atlantic Economic Financial Forecasting Group (NAT EFFG). Spáin nær til flugumferðar um NorðurAtlantshaf, þar með talið allrar umferðar um íslenska flugstjórnarsvæðið. Spáin er m.a. nýtt við gerð tekju- og kostnaðaráætlana. Isavia ANS á fulltrúa í hópnum ásamt öllum þjónustuveitendum og fulltrúum samtaka notenda á Norður-Atlantshafi.



Virðissköpun

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Isavia ohf. er þjónustufyrirtæki sem gegnir mikilvægu hlutverki. Félagið heldur utan um rekstur stærstu gáttar fyrir flugfélög og farþega inn í landið sem skapar virði fyrir ferðaþjónustu á Íslandi og landið allt og stuðlar þannig að aukinni velsæld og bættum lífsgæðum landsmanna. Á árinu vann framkvæmdastjórn félagsins að því að skerpa á viðskiptalíkani félagsins og tengja betur saman viðskiptalíkanið og stefnuáherslur félagsins til næstu fimm ára.

Starfsemi sem skapar virði fyrir samfélagið

Isavia á og þróar landsvæði í kringum Keflavíkurflugvöll og veitir þannig afkastagetu á Keflavíkurflugvelli. Starfsemin gengur út á að þjónusta flugfélög og farþega og leiða flugvallarsamfélagið á Keflavíkurflugvelli í náinni samvinnu við viðskiptafélaga okkar. Markmiðið er að þróa og viðhalda jákvæðri upplifun fyrir farþega sem eiga leið um flugvöllinn ásamt því að þróa viðskiptasambönd við flugfélögin. Uppbyggjandi fyrirtækjamenning er lykillinn að árangri fyrirtækisins og við höfum alltaf öryggi og ábyrgð að leiðarljósi í störfum okkar.

Við leggjum til auðlindir í starfsemi okkar sem skapa virði með rekstri félagsins fyrir mismunandi hagaðila. Við leggjum okkur fram við að veita áreiðanlega, skilvirka og örugga þjónustu á sjálfbæran hátt þar sem samskipti við starfsfólk einkennast af trausti, vinsemd, velliðan, öryggi og fyrirsjáanleika. Við höfum metnað til að veita upplýsingar í rauntíma og leggjum áherslu á að veita skilvirka þjónustu með persónulegri aðstoð eftir þörfum. Isavia stundar sjálfbær innkaup og vinnur stöðugt að umbótum í umhverfismálum. Lögð er áhersla á samfélagslega virðissköpun af rekstrinum.

Isavia fylgir fjórum af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (8, 9, 13 og 17) og vinnur fyrirtækið jafnframt með önnur heimsmarkmið í stuðningsstefnum sínum.



Virðistilboð Isavia ohf.

Viðskiptavinir Isavia skiptast í tvo hópa, en það eru annars vegar flugfélög og hins vegar farþegar. Virðistilboð okkar til flugfélaga er að tryggja samgönguinnviði á réttum stað með aðgengi að einstökum markaði, þ.e. Íslandi. Að auki bjóðum við upp á skilvirkar tengingar á milli heimsálfa sem felur í sér möguleika til vaxtar. Virðistilboð félagsins til farþega er að gera þeim kleift að ferðast til Íslands þar sem þeir öðlast einstaka upplifun og kynnast vörum sem eru einstakar á heimsvísu. Eins tryggjum við aðgengi farþega að fjölmörgum flugtengingum með stuttum tengitíma sem eykur möguleika þeirra og einfaldar ferðalagið.

Lykilsamstarfsaðilar okkar eru viðskiptafélagar og þjónustuveitendur. Viðskiptafélagar eru lykilsamstarfsaðilar við öflun óflugtengdra tekna og þjónustuveitendur eru mikilvægir samstarfsaðilar til að uppfylla virðistilboð félagsins til flugfélaga.

Lykilauðlindir

Félagið viðheldur tveimur rúmlega þrjú þúsund metra löngum flugbrautum á Keflavíkurflugvelli ásamt byggingum, vélum og tækjum til að þjónusta farþega. Þá leggur félagið til atvinnuhúsnæði og auglýsingasvæði á flugvellinum.

Starfsfólkið er mesta auðlind Isavia ohf. sem er með tæplega 900 manns á launaskrá. Á Keflavíkurflugvelli starfa hins vegar tæplega 8.000 einstaklingar sem sinna fjölbreyttum verkefnum fyrir marga ólíka rekstraraðila. Félagið hugsar vel um starfsfólkið með því að stuðla að heilsu og öryggi þess, tryggja að mannréttindi séu virt og vinna að sífelldum umbótum á starfsumhverfinu. Isavia rekur að auki eigin skóla sem heldur utan um þjálfun og endurmenntun starfsfólks, byggir upp sérhæfingu og tryggir þannig nauðsynlega færni starfsfólks okkar á Keflavíkurflugvelli.

Fólkið okkar býr yfir mikilvægri þekkingu og reynslu við uppbyggingu, rekstur og þjónustu flugvalla og skipar þannig stóran sess í því að byggja upp samkeppnishæfni flugvallarins. Sérhæfing starfsfólks snýr að ólíkum þáttum í starfseminni, m.a. flæði farþega um flugvöllinn, snúningshraða flugvéla, hreinsun flugbrautakerfis og að skilja þarfir viðskiptavina. Mikil áhersla er lögð á stafræna þróun hjá félaginu og að auka sjálfvirkni og sjálfsafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli til að bæta enn frekar þjónustu við viðskiptavini.

Alls fóru um 8,3 milljónir farþega um Keflavíkurflugvöll árið 2024. Þá fóru 28 flugfélög um völlinn á árinu sem hafa tengingar við 98 áfangastaði víða um heim. Yfir 250 fyrirtæki eru með starfsemi eða sinna þjónustu á flugvellinum en auk þess erum við í samskiptum við fjölda birgja sem þjónusta rekstraraðila á degi hverjum. Keflavíkurflugvöllur er stærsti vinnustaðurinn á Suðurnesjum og skapar þannig virði fyrir nærsamfélagið, bæði fyrir íbúa þess sem sækja í störf á flugvellinum og fyrir atvinnurekendur sem selja vörur sínar og þjónustu til félagsins. Isavia leigir út aðstöðu fyrir ýmsa þjónustu á flugvellinum og býður einnig út rekstrarleyfi til þjónustuaðila á sviði veitingasölu og verslunar. Þannig vinnum við með viðskiptafélögum okkar að því að skapa virði fyrir farþega.

Starfsemi Isavia er umfangsmikil og hefur því óhjákvæmilega áhrif á umhverfi sitt. Flugvöllurinn notast við nauðsynlegar auðlindir á borð við vatn, hita og rafmagn og starfsemin gefur frá sér gróðurhúsalofttegundir, losar í jörð og notar landsvæði til uppbyggingar og reksturs flugvallarins. Kolefnisspor af beinni starfsemi flugvallarins er fyrst og fremst vegna eldsneytisnotkunar tækja sem notuð eru til að viðhalda öryggi á flugbrautum. Við vinnum markvisst að því að draga úr neikvæðum áhrifum og auka jákvæð áhrif af eigin starfsemi og starfsemi þeirra sem eru aðilar að virðiskeðjunni. Sem dæmi um það má nefna samstarfsverkefni alls flugvallarsamfélagsins á Keflavíkurflugvelli um leiðir til að minnka kolefnisspor í starfsemi flugvallarins í heild. Með markvissu samstarfi og samvinnu náum við árangri.

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Stefna og framtíðarþróun

Sem opinbert hlutafélag starfar Isavia eftir lögum um starfsemina og eftir eigandastefnu ríkisins. Stefna félagsins er mótuð af stjórn og framkvæmdastjórn innan þess ramma. Dótturfélög Isavia setja sína eigin fyrirtækjastefnu en vinna þó í samræmi við flestar stuðningsstefnur móðurfélagsins líkt og kveðið er á um í eigandastefnu dótturfélaga Isavia ohf. Framkvæmdastjórn hvers félags ber ábyrgð á að framfylgja sinni stefnu.

Stefna Isavia ohf. til 2040

Við höldum áfram að vinna í samræmi við framtíðarstefnu félagsins sem var uppfærð árið 2021 og gildir til ársins 2040 og fimm ára stefnu fyrir árin 2024 til 2028, ásamt aðgerðaáætlun. Skýr stefna og framtíðarsýn eru lykillinn að því að starfsfólk geti tengt störf sín við stefnu félagsins og unnið eftir henni.

Tilgangur Isavia ohf. er að leiða flugvallarsamfélag sem eykur lífsgæði og velsæld á Íslandi. Þar gegnir starfsemi Keflavíkurflugvallar lykilhlutverki fyrir innviði landsins og sú ábyrgð sem starfseminni fylgir fyrir sjálfbæra framtíð.

Framtíðarsýn okkar er að tengja heiminn í gegnum Ísland. Hún felur í sér fjölgun á flugtengingum á milli heimsálfa og þar með bættu aðgengi landsmanna að erlendum mörkuðum sem stuðlar að aukinni samkeppnishæfni og velsæld landsins.

Stefnuhringurinn er áttaviti um áherslur félagsins til framtíðar. Hann tengir saman sjö stefnuáherslur sem leiða félagið að framtíðarsýn þess og endurspeglar vinnu í átt að sjálfbærni á öllum sviðum starfseminnar. Stefna Isavia hefur verið kynnt fyrir öllu starfsfólki og er fjallað um hana í nýliðakynningu innan félagsins. Isavia er eitt af fjölmörgum fyrirtækjum sem starfa á Keflavíkurflugvelli. Félagið leiðir flugvallarsamfélagið og á frumkvæði að því að vinna markvisst með viðskiptafélögum sínum að sameiginlegum árangri sem ein heild. Í þeirri samvinnu höfum við viðskiptavinir okkar í fyrirrúmi með því að bjóða upp á einstaka upplifun og skilvirka, snjallvædda og góða þjónustu.

Stefna Isavia ohf.



Keflavíkurflugvöllur er einn af lykilinnviðum í landinu og því er lögð áhersla á að byggja upp og viðhalda innviðum hans til lengri tíma og bæta stöðugt nýtingu auðlinda með arðsemi og langtímahagsmuni að leiðarljósi. Um leið er stuðlað að nýsköpun og stöðugri framþróun í starfseminni. Við höfum sjálfbærni að leiðarljósi í öllu okkar starfi og leggjum áherslu á að vera til fyrirmyndar í öryggis- og verndarmálum.

Áherslur til næstu 5 ára

Til að starfsfólk geti unnið markvissar í að því að láta framtíðarsýn félagsins rætast voru helstu áherslur næstu fimm ára skilgreindar. Markmiðið er að efla getu félagsins til að styðja við framtíðarvöxt flugfélaga sem velja Keflavíkurflugvöll sem sína tengistöð. Áherslurnar voru mótaðar í upphafi árs 2024 og fela í sér þrjár meginþætti: viðskiptavinir og flugvallarsamfélag, menningu og stafræna hagræðingu.

Viðskiptavinir og flugvallarsamfélag

Markmiðið er að færni Isavia styðji við að flugfélögin sem nota Keflavíkurflugvöll sem sína tengistöð nái árangri í samræmi við stefnumótandi vaxtaráætlanir sínar. Til að stuðla að þessu byggjum við upp hæfni og þekkingu, vinnum náðið með viðskiptavinum okkar og vinnum að því að afkastageta Keflavíkurflugvallar fylgi framtíðarspám þeirra. Einnig með því að byggja upp þjónustumiðað flugvallarsamfélag með viðskiptafélögum og samstarfsaðilum okkar sem skapar ávinning fyrir alla.

Menning

Markmiðið er að stuðla að uppbyggilegri menningu sem byggir á sálrænu öryggi. Til þess þurfum við að sýna hvert öðru umhyggju og stjórnendur þurfa að leggja áherslu á valdeflandi vinnustað sem hvetur starfsfólk til að ná árangri og vera framúrskarandi í sínum störfum. Menningin á að stuðla að samvinnu, nýsköpun og sameiginlegri skuldbindingu um rekstrarumbætur. Við byggjum upp öflugan, hæfan og fjölbreyttan hóp starfsfólks sem gerir öllu flugvallarsamfélaginu kleift að starfa sem ein heild í uppbyggilegu umhverfi sem einkennist af gagnsæi og trausti.

Stafræn hagræðing

Markmiðið er að straumlínulaga rekstur Keflavíkurflugvallar með tæknilausnum og upplýsingum í rauntíma. Við nýtum gögn og stafrænar lausnir til að straumlínulaga ferla og hámarka nýtingu auðlinda og læknum þannig rekstrarkostnað sem skilar sér í hagkvæmari kostum fyrir viðskiptavinir okkar. Starfsfólk okkar fær viðeigandi þjálfun og við tryggjum greitt aðgengi að gögnum sem hægt er að styðjast við til að taka góðar og upplýstar ákvarðanir fyrir starfsemina. Fyrirtækið, fólk og ferlar munu þróast og verða samheldið og samræmt vistkerfi sem er í stakk búið til að styðja við frekari vöxt fyrirtækisins.

Stefnumælikvarðar

Lykilmælikvarðar Isavia ohf. voru uppfærðir á árinu til að styðja við og vinna markvisst að árangri stefnunnar. Framkvæmdastjórn uppfærði stefnumælikvarða félagsins. Ákveðið var að fjölga þeim úr fimm í átta fyrir árið 2024.

Inngangur
Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun
Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar
GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Stefna Isavia ohf. 2024-2028



Áherslupættir til loka 2028



Viðskiptavinir og flugvallasamfélag

- Við gerum flugfélögum kleift að auka umsvif sín á KEF
- Við höfum viðskiptalegt hugarfar í öllu sem við gerum
- Við höfum aukið þjónustu- og vöruframboð
- Við höfum komið á fót samheldnu flugvallasamfélagi



Menning

- Við erum ákjósanlegur vinnustaður fyrir alla og höfum fjölbreytileikann að leiðarljósi
- Menningin er uppbyggileg og í samræmi við menningarsáttmála okkar
- Við erum þjónustumiðuð
- Við bætum stöðugt starf okkar og höfum hugrekki til að bregðast við því sem þarf hverju sinni
- Við göngum á undan með góðu fordæmi með því að tileinka okkur uppbyggilega menningu í samskiptum við alla í flugvallasamfélaginu











Stafræn hagræðing

- Við nýtum stafrænar lausnir til að fjölga tekjustraumum
- Við höfum stóraukið gagnsæi gagna og greiða upplýsingamiðlun, sem skapar verðmæti, bæði innanhúss og þvert á flugvallasamfélagið
- Við erum með skilvirkan flugvöll með straumlínulöguðum og sjálfvirkum ferlum
- Við búum yfir stafrænni hugsun og erum tilbúin að vaxa í takt við þarfir okkar viðskiptavina

Stefnumælikvarðar

Markmið



Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Stefna Isavia ANS

Árið 2023 hófst stefnumótunarvinna fyrir Isavia ANS til næstu fjögurra til fimm ára en hún var unnin í samstarfi við danska ráðgjafarfyritækið Conscious Consulting. Stefnan frá árinu 2021 var þá tekin til endurskoðunar, þar sem inntak hennar var dýpkað og áherslur breikkaðar. Frá upphafi stefnumótunarferlisins var lögð sérstök áhersla á að menningarvegferð Isavia ANS og stefna fyrirtækisins haldist í hendur.

Í febrúar 2024 var haldinn stefnumótunardagur á Nauthól þar sem öllu starfsfólki var boðið að taka þátt í mótun framtíðarstefnu fyrirtækisins. Þessi aðkoma starfsfólks var mikilvæg til að tryggja sameiginlega sýn og skuldbindingu við innleiðingu stefnunnar. Stefnumótunarvinnunni lauk í lok ársins og í kjölfarið var ný framtíðarsýn Isavia ANS skilgreind, en hún er svohljóðandi:

„Með öryggi, samvinnu og skilvirkni í rekstri að leiðarljósi, störfum við sem ábyrgur flugleiðsöguveitandi í Norður-Atlantshafi, búin öflugri liðheild og uppbyggilegu vinnuumhverfi.“

Til að styðja við framtíðarsýnina voru skilgreindir þrír stefnustraumar; Samfélag og viðskiptavinir, framúrskarandi þjónusta og sterk liðsheild og færni. Þrír verkefnastjórar innan fyrirtækisins hafa nú tekið að sér að bera ábyrgð á innleiðingu á hverjum stefnustraumi fyrir sig.

Stefna Isavia Innanlandsflugvalla

Framtíðarsýn Isavia Innanlandsflugvalla er öflugur rekstur flugvalla sem leggur grunninn að bættum lífsgæðum um land allt.

Stefnuáherslur til ársins 2027 eru:

→ Traustur rekstur

Rekstur félagsins byggir á traustum grunni og öflugum hópi starfsfólks sem skapar svigrúm til langtímauppbyggingar innanlandsflugs.

→ Sýnileiki

Sérstaða Isavia Innanlandsflugvalla er skýr meðal hagaðila og skilningur ríkir um mikilvægi starfseminnar.

→ Orkuskipti og sjálfbærni

Félagið byggir upp sjálfbæran rekstur, styður við undirbúning orkuskipta í flugi og stuðlar þannig að umhverfisvænum samgöngum.

→ Samskipti og samstarf

Félagið er virkur þátttakandi í eflingu flugs sem samgöngumáta.

Stuðningsstefnur og ábyrgur rekstur

Með stuðningsstefnunum eru aðgerðir á milli móður- og dótturfélaga Isavia samræmdar. Þær eru settar fram til að leggja áherslu á tiltekna málaflokka og auka líkur á árangri með ítarlegum rekstrarmarkmiðum, mælikvörðum og aðgerðum. Stuðningsstefnur uppfylla alltaf lágmarkslagaskyldur en ganga lengra í samræmi við stefnu félagsins.

Isavia hefur sett fram stuðningsstefnur í samræmi við meginstefnu Isavia ohf. og dótturfélaga og í samræmi við siðareglur sem styðja við ábyrga starfshætti gagnvart fólki, umhverfi og efnahag.


Framkvæmdastjórar móðurfélags og dótturfélaga hittast á stefnuráðsfundum. Þar eru bæði rædd stefnutengd málefni og önnur málefni sem framkvæmdastjórar félaganna vilja taka upp sín á milli til að samræma stefnutengdar aðgerðir og ábyrgð. Stjórnir félaganna fjalla reglulega um málefni tengd fjármálum, fjárfestingum félagsins, sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð. Þá eru regluleg samskipti og samtal við viðskiptavinir og viðskiptafélaga sem starfa innan flugvallarsamfélagsins og nærsamfélagsins órjúfanlegur hluti af starfseminni.

Sjálfbærni er höfð að leiðarljósi í öllu sem félagið gerir. Við sýnum frumkvæði og vinnum markvisst að því að vera til fyrirmyndar í málaflokknum á Íslandi. Við vinnum stöðugt að því að auka sjálfbærni í öllu flugvallarsamfélaginu, deilum þekkingu og reynslu og eigum í góðri samvinnu við nærsamfélagið. Þannig byggjum við upp langtímavirðisauka fyrir hagkerfið í heild.

Við leggjum áherslu á sjálfbæra ákvarðanatöku sem og áframhaldandi vinnu að framþróun og stöðugum umbótum í málaflokknum. Í sjálfbærnistefnu Isavia er lögð áhersla á skuldbindingu félagsins við verndun umhverfisins, lágmörkun á neikvæðum umhverfisáhrifum vegna starfseminnar, sjálfbær innkaup, góða nýtingu auðlinda, endurnýtingu, endurvinnslu og styrkingu hringrásarhagkerfisins.

Innviðir eru byggðir upp á sjálfbæran hátt og umhverfisáhrifum vegna framkvæmda og reksturs er haldið í lágmarki. Markmið félagsins er kolefnisleysi í eigin starfsemi í síðasta lagi árið 2030. Markmiðinu verður náð með samstarfi og virkri vöktun á umhverfisþáttum, orkuskiptum og með kolefnisjöfnun eftir þörfum. Í starfsemi félagsins næst mestur árangur í minnkun kolefnisspors með orkuskiptum á vélum og ökutækjum. Nánari upplýsingar um umhverfismál er að finna í [sjálfbærnikafla](#) skýrslunnar.

Stuðningsstefnur í gildi



Mannauðs- og jafnréttisstefna	✓	✓	✓	✓
Áhættustefna	✓	✓	✓	✓
Sjálfbærnistefna	✓	✓	✓	✓
Upplýsinga-öryggisstefna	✓	✓	✓	✓
Vinnuverndar-stefna	✓	✓	✓	✓
Innkaupahættir	✓	✓	✓	✓
Siðareglur Isavia	✓	✓	✓	✓
Siðareglur birgja	✓	✓	✓	✓
Öryggisstefna	✓			✓
Upplýsinga-tæknistefna	✓			
Stafræn stefna	✓			

Meðferð persónuupplýsinga, reglur um fyrirspurnir á grundvelli upplýsingalaga, viðbragsáætlun EKKO, reglur um meðferð kvartana, reglur um vernd uppljóstrara

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Í mannauðs- og jafnréttisstefnu félagsins er lögð áhersla á að starfsfólk sýni hvert öðru virðingu og sé heiðarlegt gagnvart sjálfu sér og öðrum. Einnig er lögð áhersla á jafnrétti og að allt starfsfólk fái jöfn tækifæri og möguleika. Þar er sérstaklega fjallað um að starfsfólk fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni, enda er félagið með jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins og íslenskra laga hverju sinni. Isavia vill vera í fararbroddi annarra félaga þar sem jafnrétti og traust ríkir. Í [mannauðskafla](#) skýrslunnar er fjallað ítarlegar um mannauðsstefnu Isavia.

Sérstök stuðningsstefna fjallar um vinnuvernd þar sem Isavia skuldbindur sig til að vera til fyrirmyndar í öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmálum með því að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi fyrir þau sem starfa á og heimsækja starfsstöðvar félagsins. Stefnan er liður í því að fyrirbyggja slys, vinna að góðum aðbúnaði starfsfólks og tryggja heilsusamlegt vinnuumhverfi. Við hvetjum starfsfólk okkar til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl og fyrirtækið leggur til velferðarþjónustu. Lögð er áhersla á að vinna að öryggis- og vinnuverndarmálum í samvinnu við aðra hagaðila á Keflavíkurflugvelli. Sagt nánar frá [vinnuverndarstefnu](#) fyrirtækisins í sérstökum kafla tileinkuðum henni.

Áhættustefnan var yfirfarin á árinu og uppfærð stefna samþykkt af stjórn í nóvember 2024 ásamt uppfærslu á áhættustefnu félagsins og skilgreindum lykiláhættum og áhættuvilja fyrir Isavia. Áhættustefnan byggir á stefnu Isavia en henni er ætlað að styðja við sett markmið og stefnu. Nánar er fjallað um stefnuna í [kaflanum um áhættustýringu](#).

Í stuðningstefnu um upplýsingaöryggi er sagt frá áherslum félagsins sem snúa að vernd upplýsinga og öryggi í allri upplýsingavinnslu. Stefnan nær til allra upplýsingaverðmæta og starfsemi félagsins óháð eðli upplýsinganna, sniðmáti eða varðveislustað. Í [kafla um öryggi og vernd](#) er fjallað um upplýsingaöryggisstefnuna.

Á árinu voru tvær nýjar stuðningsstefnur samþykktar til að leggja traustan grunn að stafrænum umbreytingum hjá Isavia. Önnur þeirra er upplýsingatæknistefna sem er ætlað að styðja við öruggan og áreiðanlegan rekstur upplýsingainnviða.

Stefnan leggur áherslu á upplýsingatæknilega högun, skýrar grunnreglur og aukið upplýsingaöryggi. Stafrænni stefnu er aftur á móti ætlað að styðja við viðskiptaleg markmið Isavia með styrkingu tæknilegra innviða og samspili gagna, tæknilausna og starfsfólks til virðissköpunar. Nánar er fjallað um stefnurnar í [kaflanum um uppbyggingu og þróun](#).

Siðareglur birgja eru settar í samræmi við tíu meginreglur UN Global Compact og skilyrði Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Gerð er krafa um að birgjar félaganna uppfylli siðareglurnar sem lágmarksviðmið og að þeir geri sömu kröfu til sinna birgja. Ef grunur vaknar um brot á siðareglum hjá birgjum ber þeim að tilkynna Isavia um málið án tafar. Siðareglurnar eru fylgiskjal með öllum samningum félagsins. Sé þess óskað þurfa birgjar að geta sýnt fram á að þessum siðareglum sé fylgt. Í siðareglunum kemur fram hvaða kröfur Isavia gerir til birgja í tengslum við félagafrelsi og rétt til samninga, nauðungarvinnu, barnavinnu, mismunun, laun, vinnutíma, heilsu og öryggi, mannréttindi, umhverfismál, siðferði í viðskiptum og hagsmunaárekstra.

Í [kafla um innkaup](#) er fjallað nánar um innkaup og birgjasamskipti.

Stuðningsstefnur eru mótaðar og endurskoðaðar eftir formlegu verklagi og samþykktar af forstjóra eða stjórn eftir því sem við á. Siðareglur félagsins og siðareglur birgja fara í gegnum sama ferli.

Forstjóri, eða einstaka framkvæmdastjórar, bera ábyrgð á endurskoðun og umsjón með framgangi mismunandi stuðningsstefna en framkvæmdastjórar bera ábyrgð á að þeim sé framfylgt á sínum sviðum. Forstjóri er umsjónaraðili sjálfbærnistefnu, siðaregla Isavia og siðaregla birgja. Framkvæmdastjóri Þróunar og reksturs er umsjónaraðili vinnuverndarstefnu og öryggisstefnu. Framkvæmdastjóri Fjármála og mannauðs er umsjónaraðili mannauðs- og jafnréttisstefnu, stefnu um heildstæða áhættustýringu og innkaupahátta. Framkvæmdastjóri Stafrænnar þróunar og upplýsingatækni er umsjónaraðili upplýsingastefnu, stafrænnar stefnu og upplýsingaöryggisstefnu.



Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Sjálfbærnistefna

Sjálfbærni er höfð að leiðarljósi í allri starfseminni. Sjálfbærnistefna Isavia er ein af stuðningsstefnum félagsins og ein af sjö stefnuáherslum í stefnuhring Isavia. Stefnan, markmiðin, mælikvarðarnir og aðgerðaáætlunin sem henni fylgir styðja við það að félagið nái árangri í sjálfbærni. Sjálfbærnistefnan lýsir því hvernig Isavia vinnur með jafnvægi á milli þátta á sviði efnahags, umhverfis og samfélags.

Sjálfbærnihringurinn skiptist upp í fjóra þætti sem skipta mestu máli fyrir okkur að leggja áherslu á miðað við meginstefnuna og þá starfsemi sem félagið er í. Nánari upplýsingar um markmið, mælikvarða og aðgerðir til að ná árangri á sviði sjálfbærni eru tilgreindar í fimm ára aðgerðaáætlun sem var skilað inn til Umhverfisstofnunar í lok árs 2021 eins og lög gera ráð fyrir. Fylgst er með nýsköpun á sviði sjálfbærni og fjárfest eftir þörfum svo að Keflavíkurflugvöllur verði tilbúinn fyrir sjálfbæra framtíð. Unnið er að stöðugri framþróun og umbótum í málaflokknum.

Við val á markmiðum og úrbótaverkefnum í samræmi við þau var horft til eðlis fyrirtækisins og stefnu, ábendinga ytri hagaðila, heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og áherslna stjórnvalda á sviði þeirra og á sviði loftslagsmála. Um leið var horft til úrbótatækifæra út frá GRI þáttunum, skuldbindinga félagsins við meginreglur UN Global Compact og þeirra hvatningaverkefna sem félagið er aðili að. Einnig var horft til leiðbeininga um sjálfbærnivægferð fyrir flugvelli sem gefnar eru út af ACI, alþjóðasamtökum flugvalla.

Stefnunni er framfylgt með nánú samstarfi við mismunandi einingar Isavia, við dótturfélög um markmið og aðgerðir og í samvinnu við flugvallarsamfélagið á Keflavíkurflugvelli. Félagið notast við vottað umhverfisstjórnunarkerfi og því eru framkvæmdastjórn og stjórn félagsins upplýst reglulega um ýmsa þætti á sviði sjálfbærni og áhyggjuefni sem koma upp í þeim efnum. Forstjóri ber ábyrgð á sjálfbærnistefnu samstæðunnar en forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni heldur utan um framkvæmd stefnunnar fyrir hans hönd. Allir framkvæmdastjórar bera ábyrgð á að stefnunni sé framfylgt. Ábyrgðaraðilar aðgerða eru bæði framkvæmdastjórar og forstöðufólk félagsins.

Áætlað var að stefnan og aðgerðaáætlun til fimm ára yrðu uppfærðar í lok ársins 2024 en það frestast til ársins 2025. Félagið lét taka út stöðu þess gagnvart nýjum ESRS sjálfbærnistaðli ESB á árinu.

Hægt er að nálgast ítarlegri upplýsingar um Sjálfbærnistefnu Isavia ásamt aðgerðaáætlun á slóðinni kefairport.is/fyrirtaekid/sjalfbaerni

Loftslagsmál

- Keflavíkurflugvöllur kolefnislaus árið 2030
- Árangur með samstarfi, vöktun umhverfisþátta og orkuskiptum
- Áhættugreining og viðbrögð vegna loftslagsbreytinga

Auðlindanýting

- Verndun og lágmörkun neikvæðra umhverfisáhrifa
- Sjálfbær Innkaup
- Áhersla á hringrásarhagkerfi
- Byggjum upp innviði á sjálfbæran hátt



Lífsgæði

- Erum til fyrirmyndar í sjálfbærni á Íslandi
- Aukum sjálfbærni í öllu flugvallarsamfélaginu
- Markviss vinna með nærsamfélaginu
- Gagnkvæm miðlun upplýsinga, þekkingar og reynslu

Virðissköpun

- Byggjum upp sjálfbæran rekstur
- Sköpum langtíma virðisauka inn í hagkerfið
- Tökum ákvarðanir af ábyrgð með sjálfbærni að leiðarljósi
- Framþróun og stöðugar umbætur í sjálfbærni

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Menning

Fyrirtækjamenning þar sem samskipti og samvinna starfsfólks byggist á uppbyggjandi og heiðarlegum samskiptum er undirstaða þess að fyrirtækið nái árangri í síbreytilegu umhverfi. Undanfarin tæp fjögur ár hefur Isavia ohf. unnið að umbreytingaverkefni sem heitir Saman á nýrri vegferð. Vegferðinni er ætlað að færa menningu félagsins yfir í uppbyggjandi menningu. Allt starfsfólk okkar tekur þátt í vegferðinni og starfar í samræmi við menningarsáttmála félagsins sem er í anda þeirrar kjörmenningar sem við vinnum að því að skapa í sameiningu.

Menning er ein af stefnuáherslum okkar fram til ársins 2028 en sett hafa verið skýr markmið um kjörmenningu sem við ætlum að ná fyrir þann tíma. Í könnun sem framkvæmd var haustið 2023 kom í ljós að við höfum nú þegar náð framúrskarandi árangri síðan vegferðin hófst.

Síðastliðið ár hefur verið lögð sérstök áhersla á öryggisleitina sem er stærsta deild Keflavíkurflugvallar. Þar var lagt upp með að styrkja einstaka stjórnendur og teymið í heild sinni. Samhliða var unnið að því að greina og bæta hegðunar- og samskiptamynstur í anda uppbyggilegrar menningar. Í nóvember voru haldnar vinnustofur með starfsfólki öryggisleitar þar sem markmiðið var að skapa vitund um hvað felst í uppbyggjandi fyrirtækjamenningu og hvaða áhrif hvert og eitt okkar getur haft á menninguna og starfsumhverfið.

Fyrirliggur vegvísir um það hvernig við ætlum að hafa náð kjörmenningu fyrir lok 2028. Annars vegar er lögð áhersla á stjórnendabjálfun sem eykur meðvitund stjórnenda og hvetur

þá til að vinna saman að því að ná árangri og vera fyrirmyndir annarra í því að stuðla að uppbyggilegri menningu. Hins vegar er lögð áhersla á að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun og tækifæri og stuðning til að líta inn á við og íhuga hvernig það getur lagt sitt af mörkum til að stuðla að uppbyggilegri menningu á vinnustaðnum. Starfsfólkið skapar menninguna og hefur áhrif á hana með sinni hegðun og samskiptum. Þess vegna leggjum við áherslu á að við þurfum öll að leggja hendur á plóg til að ná markmiðum okkar og getum einungis náð árangri með öflugri samvinnu alls starfsfólks.

Menningarvegferð ANS

Isavia ANS hóf að fordæmi móðurfélagsins sína eigin menningarvegferð árið 2023. Eitt helsta lykilverkefni ársins 2024 hefur verið áframhaldandi menningarvegferð fyrirtækisins ásamt minni breytingarverkefnum sem stuðla að framþróun innan fyrirtækisins. Í menningarvegferðinni hafa bæði stjórnendur og starfsfólk fengið viðeigandi þjálfun til að ýta undir uppbyggileg samskipti, samstarf, traust og sjálfsþroska. Stjórnendur sækja jafnframt reglulega stjórnendabjálfun til að styrkja leiðtogafærni sína ásamt því að fá reglubundna markþjálfun. Þróun síðasta árs hefur verið á þá leið að stjórnendur taka virkari þátt í að leiða menningarvegferð innan sinna eininga, vinnustofur og sambærileg verkefni.

Við viljum að Isavia ANS sé áhugaverður og eftirsóttur vinnustaður þar sem vinnuaðstaða er til fyrirmyndar. Við leggjum áherslu á sterka liðsheild, ánægju starfsfólks og að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun til að sinna starfi sínu og tækifæri til að þróast innan fyrirtækisins.

Siðareglur

Siðareglur félagsins voru uppfærðar í upphafi árs 2024. Þær gilda um starfsfólk, stjórnendur og stjórnir félaga samstæðunnar og taka til allrar starfsemi félagsins, viðburða starfsfólks og ferða vegna vinnu. Ísland hefur verið aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu (UN Convention against Corruption -UNCAC) frá árinu 2011. Siðareglur Isavia eru ritaðar í samræmi við hann og leiðbeiningar OECD.

Í siðareglunum er sérstaklega tekið á mikilvægi þess að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og vinna ávallt gegn spillingu, mútum, kúgun og fjársvikum. Starfsfólki ber að gæta að persónuvernd og virða tilfinningar, friðhelgi og einkalíf annarra. Lögð er áhersla á að koma fram við samstarfsfólk og viðskiptafélaga af virðingu. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundið áreiti eða annars konar ofbeldi er ekki liðið undir neinum kringumstæðum. Við mismunum ekki á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, aldurs eða stöðu.

Í siðareglum er tekið sérstaklega fram að ákvarðanir skulu vera teknar á sjálfbæran hátt. Við ákvarðanatöku er ávallt gengið úr skugga um að þær samræmist gildandi lögum, reglugerðum og alþjóðlegum sáttmálum sem félagið vinnur eftir.

Verklag hjá félaginu vegna brota á siðareglum er í samræmi við lög um vernd uppljóstrara og kveða á um móttöku, meðhöndlun og afgreiðslu tilkynninga um hugsanleg lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi félagsins. Ef starfsmaður býr yfir upplýsingum eða gögnum um mögulegt brot á lögum, siðareglum félagsins eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi samstæðunnar ber honum að tilkynna athæfið án tafar. Tilkynningum um slíkt má koma til skila með innanhússferlum en ef starfsmaður er óviss um hvort honum beri að tilkynna um tiltekið atvik þá getur hann leitað ráða hjá óháðum aðila utan Isavia. Innan félagsins er starfandi nefnd um misferli en hana skipa tveir aðilar frá Isavia og einn utan fyrirtækisins. Nefndin tekur á móti tilkynningum um brot á reglum, skráir þær á læstu aðgangsstýrðu svæði og tryggir nafnleynd tilkynnanda. Siðareglurnar og verklagsferli um tilkynningar hafa verið kynntar öllu starfsfólki. Endurmenntun fer fram árlega þar sem allt starfsfólk fær upprifjun á rafrænu fræðsluefni.

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Stafræn þróun og upplýsingatækni

Á sviði stafrænnar þróunar og upplýsingatækni er unnið markvisst að því að byggja upp stafrænan vettvang fyrir starfsfólk, viðskiptavinum og flugvallarsamfélagið í heild sinni ásamt því að tryggja öruggan og traustan rekstur á upplýsingainnvíðum Isavia. Með nýsköpun og tæknivæðingu vinnum við að því að hámarka arðsemi fyrirtækisins og bæta upplifun farþega í takt við vaxandi kröfur alþjóðlega flugvallarsamfélagsins.

Stafræn stefnumótun

Árið 2024 markaði tímamót í stefnumótun á sviði stafrænnar þróunar og upplýsingatækni. Í stefnu Isavia var stafræn hagræðing skilgreind sem ein af þremur meginstoðum og ljóst var að traustur grunnur þyrfti að vera til staðar áður en ráðist yrði í metnaðarfullar stafrænar umbreytingar. Því voru mótaðar tvær nýjar stuðningsstefnur sem leggja grunn að framtíðarvexti fyrirtækisins.

Fyrri stefnunni, upplýsingatæknistefnu, var ætlað að tryggja öruggan og áreiðanlegan rekstur upplýsingainnvíða. Þar er lögð áhersla á upplýsingatæknilega högun (e. architecture), skýrar grunnreglur og aukið upplýsingaöryggi. Seinni stefnan, stafræn stefna, var unnin í samstarfi við danska ráðgjafar fyrirtækið Netcompany sem hefur meðal annars unnið með rekstraraðilum stórra flugvalla á borð við Københavns Lufthavne og Avinor. Markmiðið var að greina hvernig tæknilausnir gætu stutt við viðskiptaleg markmið Isavia og skapað virði í rekstri fyrirtækisins.

Niðurstöður greiningarvinnunnar leiddu í ljós að stafrænn þroski Isavia fékk 1,6 stig af 5 mögulegum og því ljóst að töluverð grunnvinna þurfti að eiga sér stað áður en hægt var að ráðast í umfangsmiklar stafrænar umbreytingar. Sett voru markmið um að ná stafrænum þroska upp í 3 fyrir árið 2028. Til að ná þeim markmiðum þarf að styrkja tæknilega innviði, innleiða nýja vinnuferla og byggja upp öflugt samspil gagna, tæknilausna og starfsfólks.

Stafræn stefna Isavia byggir á þremur lykilþemum:

- **Upplýsingatæknihögun** (e. architecture): Byggja traustan grunn að upplýsingatækni með skýrri stefnumótun, samhæðum kerfum og skilvirkum rekstri.
- **Gögn**: Opna fyrir aðgengi að gögnum með því að fjarlægja „síló“ og skapa gagnvirk þróunarumhverfi fyrir gögn sem nýtist þvert á viðskiptaeiningar.

- **Skipulag**: Þróa menningu sem byggir á samvinnu, nýsköpun og sjálfbærni með áherslu á stafræna hæfni og þekkingu starfsfólks.

Út frá þessum áhersluatriðum voru mótuð 13 lykilverkefni sem miða að því að bæta stafræna hæfni fyrirtækisins, styrkja gagnafleið og stuðla að markvissri samvinnu innan Isavia og flugvallarsamfélagsins. Meðal helstu verkefna má nefna stofnun stýrihóps stafrænna verkefna (e. digital steerco), þverfaglegs teymis sem samræmir stafræna þróun, forgangsraðar verkefnum og tryggir að fjárfestingar í stafrænni tækni skili hámarksvirði.

Helstu verkefni og ávinningur

Sjálfvirk afgreiðsla aðgangsumsóknna

Aðgangsumsóknakerfi flugvallarins hefur gengið í gegnum gagngera umbreytingu síðustu 18 mánuði. Fyrri kerfi byggði á handvirkri vinnslu sem var sérstaklega krefjandi þegar umsóknum fjölgaði í tengslum við sumarráðningar. Með nánú samstarfi við ríkislögreglustjóra og helstu hagsmunaaðila hefur tekist að sjálfvirknivæða ferlið að fullu. Árlega tekur Isavia við um 5.000–7.000 umsóknum og því mikill hagur í að einfalda úrvinnslu þeirra. Breytingin hefur skilað miklum árangri en afgreiðslutími hefur styst úr vikum í mínútum og vinnustundum við vinnslu umsókna hefur fækkað um 80%.

Nýting gervigreindar við yfirferð á ferilskrá

Á árinu var gervigreind fyrst nýtt í verkefni hjá Isavia, nánar tiltekið við mat á ferilskrá í útboði á rammasamningi fyrir þjónustur við Keflavíkurflugvöll. Þetta var markvert skref frá fyrra útboði, þar sem þúsundir vinnustunda fóru í handvirk mat á ferilskrár bjóðenda. Gervigreindin var notuð til að meta hvort ferilskrár uppfylltu kröfur Isavia sem skilaði góðum árangri. Verkefnið reyndist mikilvægur lærdómur fyrir félagið og lagði grunninn að frekari nýtingu gervigreindar í starfseminni.

Árangur ársins 2024 liggur fyrst og fremst í traustum grunni sem hefur verið lagður fyrir komandi verkefni. Með aukinni sjálfvirkni, bættri gagnaöflun og nýrri nálgun í stafrænum verkefnum hefur Isavia tekið stór skref á leið sinni að stafrænum umbreytingum.

Horft til framtíðar

Á árinu 2025 verður lögð mikil áhersla á gagnalæsi og stafræna hæfni innan Isavia. Áhersla verður lögð á þjálfun starfsfólks í notkun stafrænna lausna og gagna til að ná auknum árangri. Samhliða þessu verður ráðist í að færa gögn í skýjalausnir til að bæta aðgengi að þeim og efla samstarf við hagaðila við gagnadrifna ákvarðanatöku.

Gervigreind er að ryðja sér til rúms um þessar mundir og stefnir Isavia að því að vera framarlega í notkun hennar. Það krefst markvissrar þjálfunar starfsfólks í notkun gervigreindar. Í stafrænni þróun verður lögð sérstök áhersla á náttúrulega málvinnslu (e. Natural Language Processing) og vélnám (e. Machine Learning) til að styðja við ákvarðanatöku.

Markmið okkar til ársins 2028 er skýrt: Að tryggja stafrænan þroska sem mun styðja við betri upplifun farþega, bætta samkeppnisstöðu og stuðla að sjálfbærni í rekstri. Með markvissri innleiðingu stafrænnar stefnu og stuðningi starfsfólks mun Isavia halda áfram að efla stöðu sína sem leiðandi afl í alþjóðaflogi.

Áhættustýring

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Lögd er rík áhersla á að áhættumenning Isavia sé sterk, að eftirlitskerfið samanstandi af áhættustýringu og innra eftirliti og að til staðar sé skipulagt og virkt eftirlit með lykiláhættu. Sterkari áhættuvitund og gott eftirlitsumhverfi eru til þess fallin að efla og styrkja öll eftirlitskerfi félagsins. Áhættustýring leiðir innleiðingu á heildstæðri áhættustýringu (e. ERM) innan félagsins og er nokkurs konar regnhlíf sem ber ábyrgð á að tryggja að til staðar sé heildaráhættumat fyrir allar lykiláhættur félagsins.

Stjórnskipulag áhættustýringar

Áhættustýring Isavia er eining sem styður við stjórnendur og eigendur áhættu og aðstoðar við að greina áhættuvilja með áhættugreiningum, áhættumati og vöktun á áhættu. Áhættustjóri situr í áhættunefnd og getur, ef þurfa þykir, vísað málum beint til endurskoðunarnefndar og stjórnar án íhlutunar.

Áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og innri endurskoðun gegna öll mikilvægu hlutverki í eftirfylgni áhættustýringar innan Isavia.

Heildstæð áhættustýring

Mörkuð hefur verið sú stefna að innleidd verði heildstæð áhættustýring sem nær til allrar starfsemi Isavia. Sett hafa verið markmið er varða þroska áhættustýringar í samræmi við viðurkenndar kenningar. Unnið er eftir tímasettri innleiðingaráætlun fyrir félagið. Markmiðið er að áhættustýring verði vel skipulögð í daglegum verkefnum og að tekið verði aukið tillit til áhættu við ákvarðanatöku og við úthlutun auðlinda.

Unnið er að því að styrkja áhættustýringu innan félagsins en það er gert með því að:

- Styrkja og efla áhættumenningu Isavia. Eftirlitskerfið samanstandi af áhættustýringu og innra eftirliti og að til staðar sé skipulagt og virkt eftirlit með lykiláhættum.
- Skýra ábyrgð og hlutverk þeirra sem koma að áhættustýringu og það sé góður skilningur á áhættu félagsins.
- Koma á samfelldu og skipulögðu verklagi við áhættustýringu.
- Samræma aðferðafræði þannig að hún fari fram eftir heildstæðum og stöðluðum leiðum.
- Efla þjálfun, fræðslu og upplýsingagjöf um málefni áhættustýringar.

Áhættustefna

Stjórn Isavia ohf. hefur sett fram heildstæða áhættustefnu og skilgreint lykiláhættu og áhættuvilja fyrir Isavia. Áhættustefnan byggir á stefnu Isavia og er ætlað að styðja við sett markmið og stefnu.

Aðferðafræði

Áhættustýring Isavia byggir á hugmyndafræði heildstæðrar áhættustjórnunar (e. COSO Enterprise Risk Management). Að auki er stuðst við áhættustýringarstaðalinn ISO 31000:2018 og rannsóknir Airport Cooperative Research Program (ACRP) á sviði áhættustjórnunar.

Lykiláhættur Isavia

Áhættustefnan var yfirfarin á árinu og uppfærð stefna samþykkt af stjórn í nóvember 2024. Lykiláhættum félagsins er skipt upp í yfir- og undiráhættuflokka. Stefnan skilgreinir nú fjórar áhættur til viðbótar sem liggja þvert á alla áhættuflokka.

Stefnuáhætta er sú áhætta sem tengist stefnu og markmiðum félagsins. Áhættan felur í sér að stefna félagsins sé ekki í takt við þróun eða breytingar í innra eða ytra umhverfi félagsins, svo sem aukna samkeppni, breytingar á stjórn eða stjórnendum, laga- eða reglugerðarbreytingar og/eða breytingar á þörfum viðskiptavina. Til að draga úr stefnuáhættu eru stjórnendur og starfsfólk vakandi fyrir umhverfi sínu og fyrirsjáanlegum breytingum. Allar mikilvægar stefnubreytingar eru gerðar á grundvelli áhættumats.

Fjárhagsáhætta er áhætta sem snýr að því að viðeigandi fjárhagslegur styrkur sé ekki til staðar til að ná stefnumótandi markmiðum félagsins með hliðsjón af áhættunni sem fylgir t.d ytri þáttum eins og efnahagslegu umhverfi, utanaðkomandi áföllum, gjaldþroti viðskiptavina, stríði o.s.frv. án þess að þörf sé á auknu eiginfjárframlagi eða neyðarlánum til lengri tíma. Fjárhagsáhættum félagsins er stýrt með virkum og skipulögðum hætti.

Rekstraráhætta er margvísleg áhætta í starfseminni sem kann að hafa neikvæð áhrif á daglegan rekstur og samfellu á þjónustu félagsins. Áhættan vísar til mannlegra mistaka, ófullnægjandi innri verkferla, kerfismistaka eða ytri atburða í rekstrarumhverfi sem hafa áhrif á rekstur félagsins eða geta valdið beinum eða óbeinum skaða á upplýsingum, búnaði, ímynd, umhverfi, heilsu eða eignum þess. Isavia einbeitir sér fyrst og fremst að því að tryggja samfellu í flugstarfseminni. Félagið stefnir að því að draga úr áhættunni sem ógnar þessari samfellu eins mikil og mögulegt er.

Hlítingaráhætta er áhætta sem snýr að því að félagið búi ekki yfir fullnægjandi ferlum til að greina, meta og stýra hlítingaráhættu. Slíkir ferlar gera félaginu kleift að uppfylla allar þær kröfur sem settar eru fram í lögum, reglum og reglugerðum sem um starfsemina gilda og kröfur er varða starfsleyfi þess. Isavia lágmarkar áhættuna með eftirlitsaðgerðum og skilvirkri vöktun. Félagið fylgir öllum viðeigandi lögum, reglugerðum, reglum og skuldbindingum, bæði innlendum og alþjóðlegum, sem það hefur undirgengist.

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Lykiláhættur Isavia ohf.

Stefnuáhætta

- Stefnumótunaráhætta
- Stjórn málaáhætta
- Samkeppnisáhætta
- Eigendaáhætta

Fjárhagsáhætta

- Fjármögnunaráhætta
- Lausafjárahætta
- Markaðsáhætta
- Mótaðilaáhætta
- Efnahagsáhætta

Rekstraráhætta

- Upplýsingaöryggi
- Starfsmannaáhætta
- Vinnuverndaráhætta
- Flugöryggisáhætta
- Flugverndaráhætta
- Flugvallarsamfélag og viðskiptavinir
- Aðfangakeðjan
- Loftlagsáhætta
- Áhætta v. náttúruhamfara
- Verkefnisáhætta vegna nýframkvæmda
- Verkefnisáhætta vegna viðhaldsverkfna

Hlítingaráhætta

- Starfsleyfisáhætta
- Umhverfisáhætta
- Laga- og reglugerðaráhætta

Menningaráhætta, sjálfbærniáhætta, orðsporsáhætta, sviksemisáhætta

Áhættur sem ná þvert yfir alla áhættuflokka

Sjálfbærniáhætta eru þeir atburðir og/eða aðstæður í umhverfismálum, félagslegum málefnum eða stjórnarháttum sem geta haft neikvæð áhrif á viðskiptalíkan og stefnur félagsins og getu þess til að ná markmiðum og skapa verðmæti. Félagið leggur mikla áherslu á sjálfbærni í rekstri og er áhættunni m.a. stýrt með aðgerðaáætlun í sjálfbærni.

Menningaráhætta er hættan á því að ekki sé samhljómur í þeim gildum sem félagið setur sér og athöfnum stjórnenda, hegðun starfsfólks eða rekstri félagsins. Áhættunni er stýrt í gegnum sérstaka menningarvegferð sem kallast „Saman á nýrri vegferð“ sem byggir á uppbyggilegum samskiptum og samvinnu.

Orðsporsáhætta nær utan um tilvik þar sem orðspori Isavia er stefnt í hættu með tilheyrandi afleiðingum eins og neikvæðri umfjöllun eða viðhorfum til félagsins. Hún snýr einnig að óviðráðanlegum ástæðum sem geta haft neikvæð áhrif á hagnað félagsins og/eða vörumerkið. Áhættunni er stýrt með forvörnum og viðbragðsáætlunum.

Sviksemisáhætta felst í því hversu mikið félagið er útsett fyrir villandi eða óheiðarlegum athöfnum af hendi einstaklinga eða hópa sem hafa tækifæri til að skaða félagið. Áhættunni er stýrt með vöktun og eftirlitsaðgerðum og tekið er tillit til hennar í stefnum og reglum.

Ferli áhættustýringar

Félagið fylgir formlegu ferli áhættustýringar til að draga fram og stýra fjárhagslegri og ófjárhagslegri áhættu.

Með áhættustýringarferlinu er leitast við að kortleggja helstu áhættuþætti fyrirtækisins og gera viðeigandi ráðstafanir sem draga úr líkum á óæskilegum atburðum.

Stjórnendur stýra áhættu félagsins annars vegar í samræmi við áhættuvilja sem stjórn Isavia ákvarðar og felur í sér þá áhættu sem félagið er tilbúið að samþykkja til að ná markmiðum sínum. Hins vegar er tekið tillit til áhættupols sem eru mörk ásættanlegra frávika frá þeim markmiðum sem eru m.a. skilgreind í lögum og reglum um starfsemina, innlendum og alþjóðlegum skuldbindingum, stefnuskjölum, ferlum, verklagsreglum og handbókum.



Mikilvægir þættir

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Isavia birti fyrst íslenskra fyrirtækja mikilvægisgreiningu árið 2018 þar sem horft var til áhrifa af starfsemi félagsins á umhverfi, samfélag og stjórnarhætti. Síðan þá hefur gerð mikilvægisgreiningar verið grunnur fyrir árlega upplýsingagjöf félagsins. Með nýjum kröfum um upplýsingagjöf fyrirtækja samkvæmt tilskipun ESB um sjálfbærnireikningsskil, Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD) þurfa fyrirtæki að upplýsa um og framkvæma tvíþátta mikilvægisgreiningu.

Með tvíþátta mikilvægisgreiningu er fyrirtækjum ekki einvörðungu ætlað að leggja mat á áhrif af starfsemi sinni, hvort heldur þau eru jákvæð eða neikvæð, á umhverfi og samfélag heldur líka leggja mat á utanaðkomandi áhættu og tækifæri á fjárhagslegt verðmæti fyrirtækisins í tengslum við umhverfi og samfélag.

Tvíþátta mikilvægisgreining

Isavia gerði tvíþátta mikilvægisgreiningu í samræmi við ESRS staðlanna en fylgir einnig meginreglum GRI um mikilvægisgreiningu í samræmi við GRI Standards:2021. Fyrir undirbúning og framkvæmd tvíþátta mikilvægisgreiningarinnar var stofnaður verkefnahópur með fulltrúum innri lykilhagaðila. Hópurinn studdist einnig við ráðgjöf frá reyndum ytri aðila og leiðbeiningar EFRAG um innleiðingu á ESRS 1. Yfir verkefnatímann var stuðst við gögn og upplýsingar úr innra og ytra umhverfi félagsins. Þar sem bein gögn lágu ekki fyrir eins og víða er að finna á fyrri eða seinni stigum í virðiskeðju fyrirtækja, var stuðst við almenn viðmið og þekkingu.

Stjórnendur og lykilsérfræðingar fengu sérsniðna fræðslu um málefni CSRD og mannréttindi áður en vinnustofur hófust um greiningu áhrifa, áhættu og tækifæra. Niðurstöður tvíþátta mikilvægisgreiningarinnar voru loks staðfestar af framkvæmdastjórn og kynntar stjórn félagsins.

Í upplýsingagjöf fyrir árið 2024 birtum við einvörðungu yfirheiti þeirra ESRS staðla sem mikilvægisgreiningin tók til.


Áhrifa mikilvægi

Sjálfbærniviðfangsefni er skilgreint sem mikilvægt frá sjónarhorni áhrifa ef fyrirtækið tengist raunverulegum eða hugsanlegum verulegum áhrifum á fólk eða umhverfi. Horfa þarf til áhrifanna yfir skemmri, miðlungs og lengri tíma og hvort fyrirtækið valdi áhrifunum með beinum hætti eða tengist þeim í gegnum virðiskeðju sína. Mikilvægi áhrifa er metið út frá samsetningu alvarleika eða ávinnings og líkum á áhrifum. Alvarleiki ræðst af stærð, umfangi og óbætanleika áhrifanna. Hátt stig undir einum af þessum þáttum er nóg til að hafa alvarleg áhrif. Ávinningur ræðst af stærð og umfangi.

Fjárhagslegt mikilvægi

Sjálfbærniviðfangsefnið er mikilvægt frá fjárhagslegu sjónarhorni ef það hefur fjárhagsleg áhrif á fyrirtækið þ.e. skapar áhættu eða tækifæri sem hafa áhrif á eða eru líkleg til að hafa áhrif á framtíðarsjóðstreymi og þar af leiðandi virði fyrirtækisins til skemmri, miðlungs eða lengri tíma litið. Fjárhagslegt mikilvægi er metið út frá samsetningu stærðar fjárhagslegra áhrifa á fyrirtækið og líkum.

Tvíþátta mikilvægisgreining



Umhverfislegir þættir

- E1 Loftslagsbreytingar
- E2 Mengun
- E3 Vatns- og sjávarauðlindir
- E4 Líffræðilegur fjölbreytileiki og vistkerfi
- E5 Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi

Félagslegir þættir

- S1 Eigið vinnuafli
- S2 Vinnuafli í virðiskeðju
- S3 Samfélög sem verða fyrir áhrifum
- S4 Neytendur og endanotendur

Stjórnarhættir

- G1 Viðskiptahættir

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Aðferðafræði og nálgun Isavia

Umfang og mörk

Umfang og mörk tvíþátta mikilvægisgreiningarinnar ná yfir samstæðu Isavia og alla virðiskeðju þess (þar sem upplýsingar um virðiskeðjuna hafa verið tiltækar) með áherslu á eigin rekstur og þá birgja og viðskiptafélaga sem samstæðan á í beinu viðskiptasambandi við. Á áhrifahliðinni eru raunveruleg og hugsanleg neikvæð áhrif sem og raunveruleg og hugsanleg jákvæð áhrif innifalin innan marka greiningarinnar. Sama á við um fjárhagslega áhættu og tækifæri á fjárhagslegu hliðinni.

Samskipti við hagaðila

Grundvallaratriði er að skilja hvaða hagaðilar verða fyrir áhrifum af starfsemi félagsins. Isavia vinnur markvisst að því að eiga í samtali við hagaðila sína og skilja afstöðu þeirra, áhyggjur og væntingar. Þær upplýsingar nýtast okkur þegar við metum hvernig áhrif félagsins snerta annars vegar umhverfið og samfélagið eða hafa áhrif á fjárhagslega frammistöðu.

Stigagjöf

Samkvæmt ESRS 1 og leiðbeiningum frá EFRAG skal nota þrjár breytur stærð, umfang og óbætanleika til að meta alvarleika raunverulegra og hugsanlegra neikvæðra áhrifa. Við mat á jákvæðum áhrifum er notast við tvær breytur stærð og umfang. Við mat á mikilvægi hugsanlegra áhrifa skal taka tillit til líkinda á því að þau raungerist. Mikilvægi áhættu og tækifæra er metið út frá hugsanlegu umfangi og líkum á hugsanlegum fjárhagslegum áhrifum.

Tímabil

Horft var til skemmri, miðlungs og lengri tíma þegar áhrif, áhættur og tækifæri voru metin. Leiðbeiningar ESRS skilgreina ekki tímalengdina sjálfa en í okkar mati var stuðst við að skemmri tími næði yfir eitt ár eða uppgjörstímabil félagsins, miðlungs tími væri 2-5 ár og til lengri tíma væri skilgreint allt lengra en 5 ár.

Viðmiðunarmörk

Til að ákvarða hvort viðfangsefni flokkist sem mikilvægt, hvort heldur út frá áhrifum eða fjárhag þarf að setja fram ákveðin viðmiðunarmörk. Viðmiðunarmörkin byggjast á samspili þeirra þátta sem gefin eru stig fyrir og líkinda. Hvort sjálfbærni viðfangsefnið teljist mikilvægt fyrir upplýsingagjöf félagsins fer eftir því hvoru megin viðmiðunarmarkanna viðfangsefnið fellur.

Áhrif	Áhættur og tækifæri
Stærð: Stærð áhrifa eru metin frá 1 (engin eða óveruleg áhrif) til 5 (alvarleg langtíma áhrif eða viðvarandi áhrif)	Stærð: Stærð fjárhagslegra áhrifa eru metin frá 1 (<50 m.kr.) til 5 (> 2.000 m.kr.)
Umfang: Umfang áhrifa metin frá 1 (áhrif snerta fáa eða áhrifanna gætir á sama stað og þau eiga upptök sín á) til 5 (áhrif hafa áhrif á stóra hópa, samfélög, alþjóðlega)	
Óbætanleiki: Á einungis við þegar um neikvæð áhrif er að ræða. Metinn frá 1 (tiltölulega auðvelt að bæta) til 5 (áhrif eru óafturkræf)	
Við mat á mikilvægi hugsanlegra áhrifa, áhættu og tækifæra skal taka tillit til líkinda á því að þau eigi sér stað. Metið frá 1 (mjög ólíklegt) til 5 (mjög líklegt/raunverulegt)	



Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Ferlið við gerð greiningarinnar

1. Undirbúningur

Greining á virðiskeðju félagsins, viðskiptalíkani og hagaðilum þess. Ákvarða mælikvarða fyrir stigagjöf og viðmiðunarmörk fyrir greininguna ásamt því að undirbúa þátttakendur í verkefninu með fræðslu. Bera kennsla á mikilvæga hagaðila og ákveða hvernig aðkoma þeirra að greiningunni verður háttað.

2. Umfang áhrifa, áhættu og tækifæra

Tekin var saman listi yfir öll viðfangsefni sem koma fram í ESRS 1 viðauka A auk allra þeirra annarra viðfangsefna sem félagið hefur unnið að í tengslum við sjálfbærni í starfsemi sinni t.d. fyrri mikilvægis greiningar.

3. Greining og mat á áhrifum, áhættu og tækifærum

Haldnar voru tvær vinnustofur þar sem stjórnendur og sérfræðingar Isavia komu saman ásamt ráðgjöfum til að ræða þessi fyrirfram ákveðnu viðfangsefni og hvaða áhrif, áhættu eða tækifæri starfsemin og virðiskeðja félagsins hefur á þau. Nýjum viðfangsefnum sem komu upp á vinnustofunum var bætt við heildarlista áhrifa, áhættu og tækifæra. Við matið var stuðst við fyrirfram ákveðna skala í stigagjöf og viðmiðunarmörk þegar mikilvægi viðfangsefnisins var metið.


4. Staðfesting á niðurstöðum

Fyrstu drög að niðurstöðum mikilvægisgreiningarinnar voru rýnd af sérfræðingum Isavia. Tekin var afstaða til stigagjafar og breytingar gerðar ef nýjar upplýsingar lágu fyrir. Á þessu stigi var leitað til hagaðila eftir staðfestingu á matinu. Djúpvíðtöl voru tekin við fulltrúa 9 hagaðila félagsins og samtal tekið út frá fyrstu niðurstöðum greiningarinnar. Tvær breytingar voru gerðar á stigagjöf áhrifa eftir viðtöl við hagaðila sem færðu þau viðfangsefni yfir viðmiðunarmörk greiningarinnar og teljast því mikilvæg.

5. Samþykki og kynning niðurstaðna

Í loka skrefi greiningarinnar voru niðurstöðurnar yfirfarnar og samþykktar af viðeigandi stjórnendum með þeim breytingum sem gerðar voru áður en framkvæmdastjórn félagsins samþykkti niðurstöðurnar og stjórn kynnt um niðurstöður hennar.

Ferli tvíþátta mikilvægisgreiningar



Gagnapunktur

Unnið er að undirbúningi þess að upplýsa um viðeigandi gagnapunkta samkvæmt ESRS staðlinum en þar sem þeirri vinnu er ekki lokið birtum við upplýsingar í samræmi við GRI Standards líkt og fyrri ár. Eftirfarandi tafla sýnir lausleg tengsl milli staðlanna tveggja en er ekki tæmandi yfirlit.

ESRS staðalinn	Heiti GRI staðals sem vísað er í
ESRS 2	GRI 2 GRI 3 GRI 201: Efnahagsleg frammistaða 2016 GRI 203: Óbein efnahagsleg áhrif 2016 GRI A01-3: Lykiltölur
E1 Loftslagsbreytingar	GRI 302: Orka 2016 GRI 305: Losun 2016
E2 Mengun	GRI 306: Frárennsli og úrgangur 2016 GRI A05: Lífsgæði GRI A06: Auðlindanýting
E3 Vatns- og sjávarauðlindir	GRI 303: Vatn og frárennsli 2018
E4 Líffræðilegur fjölbreytileiki og vistkerfi	GRI 304: Líffræðilegur fjölbreytileiki 2016 GRI A09: Lífsgæði
E5 Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi	GRI 306: Úrgangur 2020 GRI A04: Auðlindanýting
S1 Eigið vinnuafli	GRI 401: Atvinna 2016 GRI 403: Heilsa og öryggi á vinnustað 2018 GRI 404: Þjálfun og menntun 2016 GRI 405: Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri 2016 GRI 406: Jafnrétti 2016
S2 Vinnuafli í virðiskeðju	GRI 409: Nauðungar- og skylduvinna 2016
S3 Samfélög sem verða fyrir áhrifum	GRI A07: Lífsgæði
S4 Neytendur og endanotendur	GRI 418: Persónuvernd viðskiptavina 2016
G1 Viðskiptahættir	GRI 2 GRI 204: Starfsvenjur við innkaup 2016

Inngangur
Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun
Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag
Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar
GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Virðiskeðja Isavia

FYRRI STIG (UPSTREAM)

EIGIN REKSTUR

SEINNI STIG (DOWNSTREAM)

Auðlindir
(Efni og önnur starfsemi)

Framleiðsla
(Birgjar og undirverktakar)

Isavia starfsemi

Viðskiptavinir og notendur

Endalok



Vinnsla hráefnis til framleiðslu t.d. véla, farartækja, bygginga, innviða og annarra vara



Vinnsla eldsneytis, þ.m.t. lífeldsneytis



Vinnsla hráefna til framleiðslu t.d. véla, farartækja, bygginga, innviða og annarra vara: t.d. steypu, stáls, plasts og glers.



Flutningur efnis



Framleiðsla á vélum, farartækjum og búnaði



Framleiðsla á vörum, mat og drykk



Bygging mannvirkja og innviða



Flutningur efnis



Orkuvinnsla



Framleiðsla hugbúnaðar og upplýsingatæknibúnaðar



Mengaður jarðvegur frá fyrri tíð



Þjónustuverktakar: Þrif og ræsting, stuðningur við rekstur og viðhald



Viðhald, rekstur og þrif (flugvellir, þ.m.t. flugbrautir)



Kaup og notkun véla, farartækja og búnaðar



Kaup á rafmagni, eldsneyti og hitaveitu



Flutningur farþega til/frá flugvélum



Eldsneytisáfylling og viðhald ökutækja



Sala á vörum



Myndun úrgangs



Öryggis- og öryggisstörf, þ.m.t. slökkvilið



Flugleiðsöguþjónusta



Innviðir (byggingar, bílastæði, fráveitukerfi o.s.frv.)



Skrifstofur þar á meðal markaðs- og mannauðsmál



Isaviaskólinn



Upplýsingatækni- og hugbúnaðarþjónusta



Vöruhús



Neyðarstjórnun



Flutningur farþega (innanlands og utan)



Flutningur á vörum



Flutningur dýra



Notkun vara



Afgreiðsla farangurs og vöruflutninga á jörðu niðri



Eldsneyti á flugvélar



Sala viðskiptafélaga á vörum



Samgöngur á jörðu niðri fyrir farþega (rútur, leigubílar, bílaleigur)



Úrgangsstjórnun: Endurvinnsla, brennsla og/eða urðun



Endurheimt lands Landsgræðsla

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Samtal við hagaðila samstæðunnar

Við leggjum ríka áherslu á viðtækt samráð og öfluga samvinnu við þá hagaðila sem treysta á þjónustu Isavia og verða fyrir áhrifum af starfsemi félagsins. Starfsemi okkar dreifist um allt land og hefur því áhrif á nær alla Íslendinga með einhverju móti. Í kjölfar breytinga á siðareglum félagsins var skilgreindum hagaðilahópum fjölgað úr fimm í tólf.

Hagaðilahópar Isavia:

- Hluthafi Isavia
- Viðskiptavinir
- Birgjar
- Starfsfólk
- Lykilsamstarfsaðilar á flugvallarsvæðum
- Innlendar og erlendar eftirlitsstofnanir og stjórnvöld
- Opinberir gæsluaðilar og stofnanir tengdar almannahagsmunum
- Samstarfsaðilar um flugleiðsögu
- Nærsamfélag og sveitarfélög
- Kröfuhafar
- Fjölmíðlar
- Hagsmunasamtök hagaðila, viðskiptalífs og fagstétta

Isavia samstæðan leggur áherslu á að eiga frumkvæði að samskiptum við hagaðila. Þau samskipti skulu vera gagnsæ og opin. Við eigum í virku samtali við alla þessara hópa og höldum samskiptum við með reglubundnum hætti eftir þörfum.

Isavia og dótturfélög þess sækjast eftir ábendingum og endurgjöf frá hagaðilum með mismunandi hætti. Samskiptin fara fram á fjölbreyttan hátt, m.a. á fundum, með markaðskönnunum, á vettvangi samstarfsverkefna og í gegnum hefðbundnar leiðir með almennum fyrirspurnum og erindum.

Í meðfylgjandi töflu má finna dæmi um samskipti Isavia og dótturfélaga þess á árinu 2024.

Hagaðilar	Fyrirkomulag samskipta	Væntingar hagaðila	Frekari samskipti við hagaðila á grundvelli væntinga þeirra
Hluthafi Isavia	Aðalfundur, reglubundnir upplýsingafundir með fulltrúum eiganda.	Skilvirkur rekstur flugvalla og annarra rekstrareininga í samstæðunni, uppbygging til framtíðar.	Upplýsingagjöf til eiganda um framtíðarsýn og stefnu og framtíðaruppbyggingu. Helsti vettvangur fyrir upplýsingagjöf – aðalfundur – notaður til að halda eiganda vel upplýstum. Siðareglur settar fyrir félagið.
Viðskiptavinir	Notendafundir, reglubundnir fundir á innlendum og erlendum vettvangi, tölvupóstsamskipti eftir þörfum. Vel fylgst með væntingum farþega í gegnum farþegakannanir eins og ASQ.	Upplýsingar um rekstur og verkefni, reglubundna upplýsingagjöf um atvik eða atburði sem hafa áhrif á rekstur valla og þjónustu, upplýsingagjöf um bættu aðstöðu eða þjónustu. ASQ kannanir gefa mikilvægar upplýsingar um kröfur og væntingar farþega.	Framkvæmdir við flugvelli sem er ráðist í m.a. til að bregðast við óskum viðskiptavina
Birgjar	Kynningarfundir, vettvangsferðir, markaðskönnun, samskipti í gegnum t.d. útboðsvef.	Gagnsætt ferli, samkeppni sé tryggð, innkaupaferlum vel stýrt.	Nýtt samningsstjórnunarkerfi bætir yfirsýn til að reka samninga, viðskiptaskilmálar hafa verið uppfærðir og birtir fyrir alla samstæðuna en það tryggir samræmi.
Starfsfólk	Daglegt samtal stjórnenda og starfsfólks, reglulegar vinnustaðakannanir, samtal í samningaviðræðum vegna kjarasamninga eða þá í ráðningarviðtölum, fastráðningarsamtölum og starfslokasamtölum.	Virkir starfsmannaferlar sem tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Ánægja starfsfólks. Sanngirni sé gætt. Stjórnun sem stuðlar að vexti og þróun starfsfólks.	Skilmerkileg upplýsingagjöf um breytingar hjá móðurfélagi um nýja skrifstofuaðstöðu.
Lykilsamstarfsaðilar á flugvallarsvæðum	Viðskiptastjórar eiga samskipti við fulltrúa hagaðila eftir þörfum. Reglubundnir fundir einnig haldnir 2 - 4 sinnum á ári.	Á fundum með rekstraraðilum koma fram væntingar um t.d. aðstöðu.	Farþegaspá fyrir árið 2025 var birt samstarfsaðilum í lok árs 2024. Hjalpar til við undirbúning fyrir rekstrarárið.
Innlendar og erlendar eftirlitsstofnanir og stjórnvöld	Reglulegir samráðs- og stöðufundir, reglubundnir fundir vegna neyðarviðbúnaðar, fundir á grundvelli starfsleyfisskyldu, samtöl, samtöl, formleg erindi í tölvupósti. Boðun á úttektum. Breytingar á verklagi, stafrænum kerfum eða stjórnkerfislegar breytingar fara til samþykktar hjá Samgöngustofu.	Upplýsingagjöf um rekstraraðstæður, þess sé gætt að reglum sé fylgt, samræmd og miðlæg stýring á rekstri. Að fyrirtækið uppfylli allar kröfur eftirlitsstofnanna Góð og regluleg samskipti. Frammistöðuáætlun Íslands, að Isavia ANS fylgi reglum um gjaldtöku og rekstrarhæfni.	Samvinna vegna endurnýjun NATO/NSPA á þotugildrum í flugbrautum, mikil vinna við bestun á skipulagi og ferlum fyrir APOC, gott samstarf vegna flugslysáæfingar á KEF, samningavinnu gagnvart FAA lokið – FAA tekið við sem rágjafi KEF þegar kemur að leyfum fyrir hliðarvinds flugþrófanir. Samvinna vegna flugtakmarkana við eldstöðvar. Reglulegar úttektir.
Opinberir gæsluaðilar og stofnanir tengdar almannahagsmunum	Opið samtal í málaflökkum sem tengjast hagsmunahópum. Leitað álits og athugasemda frá hagsmunahópum á borð við ÖBÍ, SAF o.s.frv. þegar t.d. ráðist í breytinga á flugvelli eða í starfsemi. Landhelgisgæslan - Reglulegir fundir þar sem skipulag fer fram. Almennavarnir – Fundir í gegnum neyðarstjórn Isavia þegar atburðir gerast.	Hagsmunahóparnir leggja áherslu á að vera hafðir með í ráðum þegar ráðist er í breytingar og að athugasemdir þeirra séu teknar til greina. Landhelgisgæslan - Þjálfun og samskipti/samráð þegar óvænt atvik koma upp. Almennavarnir – Samskipti og samráð þegar óvænt atvik koma upp.	Við breytingar t.d. á merkingum í flugstöðinni hefur verið leitað athugasemda frá ÖBÍ og samtökum eldri borgara til að tryggja að leiðakerfið gagnist þeim hópi notenda. Landhelgisgæslan - Regluleg þjálfun 2024 og ýmis óvænt atvik. Almennavarnir – Nokkur eldgos og flugatvik.
Samstarfsaðilar um flugleiðsögu	Reglubundnir fundir með samstarfsaðilum á vettvangi samstarfs flugleiðsöguaðila t.d. í gegnum Borealis Alliance. Reglubundnir fundir einnig með Alþjóðaflugmálastofnuninni og Eurocontrol sem Ísland fékk nýverið aðild að. Þá er virkt samtal við Trafikstyrelsen í Danmörku og IAA á Írlandi vegna starfsemi Færeyjum og á Grænlandi annars vegar og vegna samskipta við Íra um flugfjarskiptabjónustu á Norður-Atlantshafi. Reglulegir stöðu- og samráðsfundir. Vinnuhópar v. sérstakra málefna, samráð um rekstur og notendagjöld. Tölvupóstsamskipti milli funda. Ráðstefnan CANSO - Airspace world	Áhersla á gott samstarf, t.d. um Free Route Airspace á vettvangi Borealis Alliance og samvinnu og skipti upplýsinga innan alþjóðastofnana. Örugg, hagkvæm þjónusta með góðri afkastagetu. Þáttaka í verkefnum og á fundum. Eurocontrol – Fundir v. inngöngu í Eurocontrol CANSO – þáttaka á fundum og ráðstefnum	Árangur Free Route Airspace kynntur í sameiningu í gegnum Borealis Alliance. Samskipti vegna inngöngu Íslands í Eurocontrol. Fulltrúi Íslands í Eurocontrol kemur frá Isavia ANS og hefur tekið til starfa í Brussel. Eurocontrol – Reglulegir samskiptafundir með Samgöngustofu. Inngönguferli í bæði Eurocontrol og CANSO Europe. Reglulegir fundir hjá ICAO - NAT SPG nefndum.
Nærsamfélag og sveitarfélög	Sérstakur samráðsvettvangur þar sem fundað er reglulega í stýrihópum. Suðurnesjavettvangur er samstarfsvettvangur móðurfélags Isavia og sveitarfélaga á Suðurnesjum.	Auka fjölbreytni í atvinnulífi nærsamfélaga. Samstarf við menntastofnanir. Aðgerðir í málum tengdum loftslagsbreytingum. Bættar umhverfisvænar samgöngur. Samstarf um raforkuöryggi á t.d. Suðurnesjum. Starfs- og verkgreinum í námi tengdu samstæðunni aukið.	Skólar á Suðurnesjum undirritað viljayfir lýsingu um að verða UNESCO skólar með áherslu á sjálfbæra þróun. Verkgreinakennsla aukin með siðdegisnámi. Hátt í 100 nemendum bætt við. Unnið að Grænum iðngarði. Samstarf um kolefnisbókhald. Framkvæmdir við Suðurnesjalinu 2 hafnar.
Kröfuhafar	Lánveitendur fá 1x til 2x á ári upplýsingar um stöðu lánskilmála og fá send uppgjör eða drög að uppgjörum ef óskað er eftir. Eftir aðstæðum er fundað oftár og upplýsingar veittar um áætlanir til næstu ára og farið yfir síðustu 3 – 6 mánuði í rekstri félagsins.	Að félagið standist lánskilmála, fjárhaglega og aðra, s.s. þegar kemur að hlitingu við lög og reglur varðandi starfsemina og umhverfisáhrif hennar. Kröfuhafar vilja sanngjarna meðferð og reikningar séu greiddir á gjaldddaga samkvæmt innkaupareglum.	Langtímasamband er á milli félagsins og lánveitenda og annarra stærri kröfuhafa og að samtal er tekið ef eitthvað bregður útaf. Ekki eru sendar fjárhagsupplýsingar til annarra en lánveitenda.
Fjölmíðlar	Samtöl í síma. Fréttatilkynningar. Skriflegar fyrirspurnir og erindi. Blaðamannafundir eftir þörfum.	Skjótar og nákvæmar upplýsingar. Svar berist eins fljótt og hægt er. Greiður aðgangur að samstæðunni til að afla upplýsinga.	Fréttatilkynningar vegna helstu mála. Heimsóknir á framkvæmdasvæði samstæðunnar til að fjalla um helstu verkefni. Viðtöl við forstjóra og framkvæmdastjóra í hlaðvörpum og helstu fjölmíðlum.
Hagsmunasamtök hagaðila, viðskiptalífs og fagstétta	Þátttaka í klasasamstarfi og samstarfi á vettvangi alþjóðasamtaka, t.d. SP (Global Compact) og ACI Europe.	Fundir og ráðstefnur á vettvangi samtaka og samstarfs. Þátttaka í hróðlum og námskeiðum. Opnir fundir.	Efni frá samstarfsaðilum á borð við ACI Europe, UN Global Compact og Íslenska ferðaklasann notað til að bæta verkferla og vinnu samstæðunnar.



→ Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Isavia rekur umfangsmikla starfsemi og ber ábyrgð á að hún fari fram í sátt við umhverfi og samfélag. Við vinnum markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og nýtum þekkingu okkar og reynslu við þróun nýrra og sjálfbærra lausna. Vinna er hafin við uppfærslu á aðgerðaáætlun sem mun styðja betur við markmiðin okkar um að Isavia verði kolefnislaust fyrirtæki árið 2030. Árið 2024 hófst vinna við gerð loftslagsáhættumats fyrir flugvelli landsins sem mun efla varnir og viðbrögð við áhrifum loftslagsbreytinga á rekstur flugvalla.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Kolefnislosun í starfsemi Isavia er mæld og unnið er að því að draga úr henni eins og kostur er. Kolefnissporið okkar er skilgreint eftir umfangi í þremur hlutum. Umfang 1 inniheldur beina losun sem telst til beinnar ábyrgðar okkar. Umfang 2 er óbein losun vegna orkunotkunar á rafmagni, hita og kælingu. Umfang 3 er síðan sú losun sem á sér stað innan virðis- og aðfangakeðju Isavia.

Heilt yfir er kolefnisspor Isavia fyrir umfang 1 og 2 hæst á Keflavíkurflugvelli sem stafar að mestu leyti af bruna jarðefnaeldsneytis. Með nýrri löggjöf um sjálfbærniupplýsingar mun félagið þurfa að upplýsa um allt umfang 3 fyrir bæði móðurfélagið og dótturfélög. Hluti af umfangi 3 hefur aðallega verið reiknaður fyrir Keflavíkurflugvöll. Frá og með árinu 2021 hefur kolefnisspor og aðferðafræði við útreikninga verið vottuð og staðfest af óháðum þriðja aðila skv. ISO 14064-3.

Umfang 1

Bein losun gróðurhúsalofttegunda í gegnum orku og efnanotkun

Árið 2024 var bein losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi Isavia 2655 (2261) tonn CO₂ ígilda. Losunina má að mestu leyti rekja til eldsneytisnotkunar á Keflavíkurflugvelli.

Losun vegna notkunar hálkubarnarefna var 368 (195) tonn CO₂ ígilda sem er aukning um 89% milli ára. Losun vegna notkunar kælimiðla á Keflavíkurflugvelli var 16,5 (315.755) kg CO₂ ígilda árið 2024 og minnkar margfalt milli ára. Það má rekja til þess að leki í kælitækjum Isavia var lagfærður árið 2023. Keflavíkurflugvöllur rekur fráveitu í Stafnesi. Fráveitan hefur hingað til verið flokkuð í umfangi 3 en verður hér eftir flokkuð í umfang 1. Losun fráveitunnar var 50(55) tonn CO₂ ígilda.

Bein losun á eykst milli ára eða um 8,7% sem má rekja til aukningar í losun eldsneytis og hálkubarnarefna. Stærsti hluti kolefnisspors Isavia innan umfangs 1 stafar af notkun á stórum tækjum sem þjónusta flugbrautir, hlöð og akbrautir.

Umfang 2

Óbein losun gróðurhúsalofttegunda í gegnum orkunotkun

Öll raforka sem Isavia kaupir er unnin úr endurnýjanlegum auðlindum og er með staðfestri upprunaábyrgð. Óbein losun vegna raforku- og heitavatnsnotkunar árið 2024 voru 527 (480) tonn CO₂ ígilda.

Kolefnisspor Isavia 2024 eftir losunarflokkum og umfangi í tonn CO₂ ígildi

	2020	2021	2022	2023	2024
Umfang 1					
Bruni eldsneytis	2.295	1.550	2.345	2.261	2.655
Bensín (L)	26.962	34.358	37.575	34.441	25.687
Dísil (L)	759.292	483.013	776.196	795.679	896.435
Flugvélaeldsneyti (L)	66.676	62.337	58.505	55.300	63.080
Gas (kg)	-	143	110	976	840
Afísingarefni	144	115	134	195	368
Kælimiðlar	-	41	42	316	0,0165
Fráveita*	-	56	72	55	50
Samtals Umfang 1**	2.439	1.762	2.593	2.827	3.073
Umfang 2					
Rafmagn***	153	179	196	220	233
Staðbundin losun	153	179	196	220	233
Markaðstengd losun	-	-	-	-	-
Hiti	270	205	246	260	294
Samtals Umfang 2	423	384	441	480	527
Umfang 3					
Úrgangur	86	122	166	283	158
flokkunarhlutfall	41%	39%	38%	41%	49%
Framleiðsla eldsneytis	527	357	542	531	608
Rafmagn - Flutningstap	7	9	10	11	12
Viðskiptaferðir	-	77	297	208	235
Innkaup á vöru og þjónustu	18.475	19.555	53.646	****	****
Ferðir starfsfólks til og frá vinnu	-	420	392	432	430
Ferðir annarra rekstraraðila til og frá Keflavík	-	3.970	3.735	3.302	3.331
Ferðir farþega til og frá KEF	7.910	11.617	28.605	30.122	33.255
Lendingar, flugtök, Apu og hreyfingar	24.231	34.669	63.304	75.870	69.049
Aðrir rekstraraðilar	-	1.864	2.429	2.748	7.509
Samtals Umfang 3	59.147	79.808	170.076	113.564	114.587
Heildarlosun tCO ₂ e	62.008	81.954	173.111	116.871	118.188

* Fráveitan færirst úr umfangi 3 yfir í umfang 1

** Endurreiknað samtals með fráveitunni í umfangi 1

*** Rafmagn tekur mið af bæði staðbundinni og markaðstengdri losun

**** Ekki reiknað fyrir 2023 og 2024

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Umfang 3

Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda við orkunotkun

Umfang 3 inniheldur m.a. óbeina losun sem á sér stað við flugtak og landingar og ferðir farþega til og frá flugvelli. Þessir þættir fela í sér langstærstan hluta af kolefnisspori Isavia en umfang 3 er 32 sinnum stærra en umfang 1 og 2 samanlagt. Þetta er stór áskorun fyrir okkur þar sem um er að ræða losun sem fellur ekki innan okkar starfsemi heldur er í starfsemi aðfangakeðjunnar. Útreikningar á þeirri losun er þess vegna veigamikill þáttur í þeirri samvinnu Isavia við hagaðila að þróa úrbætur og lausnir sem hjálpa öllum aðilum að draga úr losun. Slík kortlagning veitir Isavia yfirsýn yfir stærstu losunarþætti frá virðiskeðju fyrirtækisins.

Yfirsýn á losun eftir umfangi

Sjálfbærnimælaborð Isavia gefur stjórnendum betri yfirsýn á losun eftir umfangi og eykur skilning og gagnsæi á málaflokknum. Hægt er að nota mælaborðið til að vakta ákveðna umhverfisþætti og grípa fyrr inn í til að ná settum markmiðum eða koma í veg fyrir að stór vandamál komi upp. Áfram verður unnið að því að þróa mælaborðið árið 2025 en það mun einnig svara auknum kröfum um útreikninga á kolefnisspori.

Við höfum kolefnisjafnað alla beina losun í starfseminni frá árinu 2018. Frá árinu 2021 höfum við einnig kolefnisjafnað aðra rekstrarþætti sem falla utan umfangs 1, líkt og rafmagn og hita, viðskiptaferðir starfsfólks og aðgerðir vegna förgunar sorps. Við kaupum vottaðar kolefniseiningar sem uppfylla kröfur Airport carbon accreditation (ACA). Árið 2024 voru keyptar 3.690 einingar frá fyrirtækinu Gold Standard fyrir rekstur ársins 2023 og jafngildir hver eining losun á 1 tonn af CO₂. Keyptar voru einingar í verkefnum sem styðja við sjálfbærari eldunaraðstæður í Kenýa, notkun lífmassa fyrir eldsneyti í Brasilíu og endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika í Hondúras.

Orkunotkun

Bein orkunotkun

Í starfsemi Isavia er eldsneytisnotkun veigamesti þátturinn í losun gróðurhúsalofttegunda vegna beinnar orkunotkunar. Þessa losun má að mestu leyti rekja til þjónustu og viðhalds á brautum og athafnasvæðum flugvallanna og því getur umfang hennar verið sveiflukennt á milli ára.

Stefnt er að orkuskiptum í öllum tækjabúnaði Isavia en enn sem komið er hafa ekki verið þróaðar umhverfisvænar tæknilausnir

sem geta leyst af öll þau tæki sem eru notuð við daglegan rekstur félagsins. Í millitiðinni er notast við lífrænan dísil til að lækka kolefnisspor vegna eldsneytisnotkunarinnar. Lífrænn dísill, eða vetnismeðhöndluð lífræn olía, er unninn með sjálfbærum hætti og sérstaklega vottaður hvað sjálfbærni varðar. Með notkun hans lækkar kolefnisspor á hvern lítra af eldsneyti um 99%. Ekki náðist að innleiða lífræna dísilinn á tæki Isavia árið 2024. Fyrstu lítrarnir af lífrænum dísil voru keyptir inn í byrjun árs 2025. Til að fá reynslu af notkun lífræna dísilins verður innleiðingin gerð í fösum. Í fyrsta fasa verður lífrænn dísill aðallega settur á hjólaskóflur, flugbrautarsópa og pallbíla. Ráðgert er að innleiðingu verði lokið á þriðja ársfjórðungi árið 2025.

Árið 2024 fékk Isavia ráðgjafa til að vinna fyrir sig skýrslu varðandi orkuskipti í tækjabúnaði. Skýrslan fjallar um það hvernig Isavia getur dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda þar sem staða ökutækja er skoðuð og hver útskiptiáætlunin þarf að vera til þess að markmiði Isavia um kolefnishlutleysi árið 2030 verði náð. Floti Isavia var flokkaður í tvo flokka, annars vegar í þau ökutæki sem gætu auðveldlega gengið fyrir rafmagni og svo stærri tæki sem tækniþróunin hefur ekki enn náð til en gætu hins vegar notað lífrænan dísil í staðinn fyrir jarðefnaeldsneyti. Samhliða fjölgun rafknúinna ökutækja þarf að byggja upp innviði til að þjónusta tækin.

Óbein orkunotkun

Óbein orkunotkun tengist nýtingu á rafmagni og heitu vatni. Raforkunotkun Isavia hækkar lítilllega milli ára sem má rekja til frekari umsvifa og aukningar á fjölda farþega. Á næstu árum er viðbúið að raforkunotkun félagsins muni aukast, bæði vegna stækkana á Keflavíkurflugvelli sem og vegna orkuskipta.

Eftirlit með rafmagnsnotkun bygginga verður aukið á næstu árum. Það felur í sér að mæla notkun í einstökum kerfum eða hjá notendum í þeim tilgangi að draga úr orkunýtingu. Einnig er til skoðunar að innleiða heildstætt orkunotkunarkerfi sem tekur saman notkun rafmagns, vatns og aðra orkunotkun. Með slíku kerfi má t.d. safna saman gögnum um heildarnýtingu á Keflavíkurflugvelli og stuðla að betri orkunotkun í framtíðinni.

Notkun á heitu vatni hjá samstæðunni jókst um 13% milli ára, og var 677.581 (599.504) m³ árið 2024.


Rafmagnsnotkun Isavia í kwST

	2023	2024
Samstæðan	27.040.736	28.667.277
Isavia ohf.	22.021.254	22.844.534
Isavia Innanlands	2.261.843	3.040.301
Isavia ANS	2.684.509	2.697.832
Fríhöfnin	73.130	84.610

Heitavatnsnotkun Isavia í kwST

	2023	2024
Samstæðan	41.825.396	47.272.568
Isavia ohf.	35.358.654	39.475.794
Isavia Innanlands	3.820.283	5.122.757
Isavia ANS	2.243.696	2.288.765
Fríhöfnin	402.763	385.252

Niðurbrot á orkunotkun Isavia 2024



Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag


Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Kolefnisspor Keflavíkurflugvallar 2024

Umfang - tonn CO₂ ígildi



Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Kolefnisvottunarkerfi
Airport Carbon Accreditation

ACA (Airport Carbon Accreditation) er eina alþjóðlega kolefnisvottunarkerfið fyrir flugvelli og er á vegum Alþjóðasamtaka flugvalla, ACI (Airport Council International) sem Isavia er aðili að. Vottunarkerfið metur það hvort flugvellar mæli kolefnislosun á réttan hátt og hvort árangur aðgerða til að minnka kolefnisspor flugvallarins sé í samræmi við markmið flugvallarins. Þetta er gert með því að fá sjálfstæða viðurkennda aðila til að taka út kolefnissporið og útreikninga þess. Markmiðið er að draga úr umhverfisáhrifum flugvalla með því að mæla kolefnislosun, stýra henni og minnka.

Vottanir ACA skiptast í sjö stig, allt frá kortlagningu kolefnislosunar í umfangi 1 og 2 og yfir í „Net Zero“. Keflavíkurflugvöllur er á fjórða stigi (Level 3+) í kolefnisvottunarkerfinu og náði því árið 2022. Á því stigi er flugvöllurinn skyldugur til að kolefnisjafna hluta rekstrarins og reikna út kolefnisporið fyrir umfang 1 og 2 ásamt hluta af umfangi 3 eins og t.d. sorp, viðskiptaferðir starfsfólks, ferðir farþega til og frá flugvöllum, ferðir starfsfólks til og frá vinnu auk flugtaka og lendingu.

Í umfangi 1 og 2 eru ákveðnir þættir sem Isavia getur haft áhrif á varðandi kolefnissporið. Keflavíkurflugvöllur kaupir nú þegar orku sem unnin er úr endurnýjanlegum auðlindum og er með staðfesta upprunaábyrgð. Isavia getur dregið úr notkun jarðefnaeldsneytis með því að skipta yfir í lífrænan dísil og með orkuskiptum. Hálkuvarnarefnin sem Isavia notar eru með umhverfisvottanirnar Svansvottun og Bláa engilinn og eru það umhverfisvænustu hálkuvarnarefnin á markaði en notkun þeirra ræðst af veðurfari þar sem mikil hálka og harðari vetur leiðir til meiri notkunar. Eftir lekann sem varð árið 2023 var gerð útskiptiáætlun fyrir kælimiðla sem var unnið að árið 2024. Útskiptum á stóra kælikerfinu

í suðurbyggingu er lokið en þar var sett upp CO₂ kerfi, sem er það umhverfisvænasta í kælimiðlun í dag, í staðinn fyrir HFC kælimiðla. HFC-efni (e. hydrofluorocarbons) eða vetnisflúorkolefni eru útbreiddasta gerð F-gasa en það eru manngerðar gastegundir sem eru notaðar í ýmiss konar iðnaði og hafa háan hnatthlýnunarmátt í samanburði við CO₂. Áfram verður unnið í því að skipta út F-gasa kælimiðlum í flugstöðinni fyrir hentugri og umhverfisvænni kosti sem hafa lægra kolefnisspor. Seinustu ár hefur fráveitan verið í umfangi 3 en færist nú upp í umfang 1 þar sem Isavia heldur utan um rekstur dælustöðvarinnar. Hluti af magninu sem fer í gegnum hana kemur frá öðrum aðilum en Keflavíkurflugvelli.

Til þess að ná fimmta og sjötta stigi ACA vottana (Level 4 og 4+) þurfa markmið og aðgerðir að vera í samræmi við Parísarsáttmálann og á efstu þremur stigum verða markmiðin að vera sett að minnsta kosti 10 ár fram í tímann. Að auki bætast fleiri þættir úr umfangi 3 við listann yfir þau atriði sem eru til skoðunar hvað kolefnisspor varðar. Markmiðasetning er mikilvæg fyrir ACA en árangur flugvallarins er ekki eingöngu metinn út frá kolefnisspori heldur einnig út frá því hvernig gengur að ná settum markmiðum. Árangri og markmiðum Isavia sem snúa að lækkun kolefnisspors og kolefnishlutleysi 2030 verður ekki náð nema með góðu samstarfi við hagaðila, virkri vöktun á umhverfispáttum, orkuskiptum og með því að tryggja að aðgerðaáætluninni sé framfylgt.



Nýr kögunaraðskilnaður og kjörflughæðir

Isavia ANS innleiddi fyrst allra flugleiðsöguþjónustuaðila nýjan kögunaraðskilnað sem byggir á sjálfvirkum gagnasamskiptum við flugvélar árið 2023. Verkefnið var í fyrstu tilraunaverkefni sem var unnið með og samþykkt af ICAO og Samgöngustofu. Nýju reglurnar veita flugumferðarstjórum svigrúm til að notast við minni aðskilnað á milli flugvéla á leið yfir Norður-Atlantshafið. Það býður upp á möguleika á betri og hagkvæmari flughæðum sem lágmarkar eldsneytisbrennslu og kemur í veg fyrir óþarfa útblástur.

Árið 2024 voru reglur um gefnar út á alþjóðavísu og verkefnið því ekki lengur tilraunaverkefni. Skilyrðin voru rýmkuð enn frekar sem hefur aukið notkunarmöguleika aðskilnaðarins enn frekar.

Isavia ANS hefur unnið að því að auka ADS-B kögun í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Nú er kögunarþjónusta veitt á öllu svæðinu sem nær upp að Norðurlandinu. Þetta hefur aukið þjónustu við viðskiptavinir í gegnum úthlutun kjörflughæða og flugleiða sem þeir óska eftir, en þar hafa minni aðskilnaður og betri möguleikar á talviðskiptum í gegnum sjálfvirk gagnasamskipti einnig haft áhrif.

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Auðlindanýting

Mikil áhersla er lögð á umhverfismál á öllum sviðum Isavia. Liður í því er nákvæm vöktun og mælingar á umhverfisáhrifum af starfseminni og eftirlit með þeim umhverfisþáttum sem áhrifin ná til. Markmiðið er að meta hvort, og þá hvernig, megi auka sjálfbærni í starfseminni í takt við náttúru og samfélag. Isavia ohf. hefur notast við vottað ISO14001 umhverfisstjórnunarkerfi frá árinu 2021. Auk þess störfum við eftir skýrum verkferlum og leitum sífellt nýrra leiða til úrbóta og þróunar í málaflokknum.

Flokkunarhlutfall og sorpmagn

Á árinu 2024 var markmiðið að 51% alls sorps sem félli til við reksturinn yrði flokkað. Það náðist ekki en hlutfall flokkaðs sorps var 49 (41)%. Magn sorps á hvern farþega dróst saman um 7,6% milli ára og var 0,17 (0,18) kg á hvern farþega fyrir samstæðuna.

Umhverfisáhrif óflokkaðs sorps eru töluverð og því leggjum við kapp á að draga úr myndun þess. Unnið er að því að innleiða endurnýtingu og endurvinnslu enn betur í hringrásarkerfi Isavia. Unnið er að innleiðingu snjallra úrgangslausna fyrir rekstraraðila í flugstöðinni með PAYT módelinu (e. Pay As You Throw). Það felur í sér að notendur greiða fyrir það magn sem þeir henda og hvetur því rekstraraðila til þess að flokka betur og draga úr úrgangsmyndun. Urðun óflokkaðs sorps frá Isavia ohf. og dótturfélögum fer eftir landsvæðum starfsstöðva en stærstur hluti þess er sendur erlendis í orkunýtingu. Okkur hefur gengið illa að ná markmiðum okkar í flokkunarhlutfalli undanfarin ár. Árangur 2024 var því ánægjulegur þó að við gerum okkur grein fyrir að við verðum að halda áfram að leita lausna til að ná betur utan um málaflokkinn. Verkefnið er flókið og margir hagaðilar sem koma að því..

Við nýja og endurgerða sérleyfissamninga við rekstraraðila innan samstæðunnar er ávallt hugað að sjálfbærni fyrirhugaðrar starfsemi. Þá er rekstraraðilum gert að skuldbinda sig til að uppfylla sjálfbærnimarkmið okkar um úrgangsflokkun.

Í framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli sem hafa átt sér stað á árinu hafa jarðefni eftir fremsta megni verið endurnýtt, annars vegar innan framkvæmdasvæðisins eða í aðrar framkvæmdir í stað efnis sem annars hefði verið flutt úr námum.

Vatn


Neysluvatn Keflavíkurflugvallar og nærumhverfis kemur úr borholu í Lágum, u.þ.b. átta km suðaustan við flugvöllinn. Isavia sækir einnig vatn í veitur þeirra sveitarfélaga þar sem starfsstöðvar fyrirtækisins eru staðsettar og endurvinnur hvorki né endurnýtir vatn af flugvallasvæðum.

Á Keflavíkurflugvelli hefur Verkís haft yfirumsjón með grunnvatnsrannsóknum frá 2017. Grunnvatn á svæðinu er ekki nýtt sem neysluvatn en er engu að síður vaktað til að tryggja að vatnið sé hreint og ferskt. Rosmhvalanes 2 er grunnvatnshlot Keflavíkurflugvallar og er skilgreint „í hættu“ af Umhverfisstofnun. Síðasta grunnvatnsrannsókn var gerð í nóvember 2024 og mældust óæskileg efni í sumum tilfellum yfir evrópskum viðmiðum. Þau má að mestu leyti rekja til starfsemi þriðja aðila á árum áður en að takmörkuðu leyti til afisingarefna sem notuð eru á flugvélar á hlaði Keflavíkurflugvallar í ákveðnum krefjandi veðuraðstæðum.


Isavia rekur dælu og hreinsistöð á Stafnesi fyrir fráveitu frá flugstöð Keflavíkurflugvallar og svæðinu í kring. Viðtaki hennar er sjór og er skilgreindur af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja sem síður viðkvæmur viðtaki. Mælingar og rannsóknir eru gerðar reglulega til þess að fylgjast með áhrifum á viðtaka

Tölur innan sviga eru tölur fyrra árs til samanburðar

Flokkunarhlutfall



Heildarmagn úrgangs á hvern farþega



Magn hálkuvarefna á flugvöllum

Magn(kg)	2021	2022	2023	2024
Hálkuvarnarkorn (tonn)	77	116	156	351
Hálkuvarnarvökvi (lítrar)	188.781	175.542	276.753	419.286

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

- Stjórn og stjórnarhættir
- Starfsemi
- Virðissköpun
- Stefna og framtíðarþróun
- Áhættustýring
- Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

- Loftslagsmál
- Auðlindanýting
- Lífsgæði
- Mannauður
- Þjálfun og fræðsla
- Öryggi og vernd
- Viðskiptavinir
- Innkaup
- Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

skólphreinsistöðvarinnar. Árið 2022 fengum við Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum í það verkefni að gera rannsókn á viðtaka skólphreinsistöðvarinnar. Markmiðið var að kanna áhrif hennar á lífríki sjávarins í nágrenni við útrásina í Djúpuvík á Stafnesi. Niðurstöður benda til þess að viðtakin sé afar góður og umhverfisáhrifin lítil.

Isavia er einn 22 samstarfsaðila Umhverfisstofnunar í verkefninu LIFE ICEWATER sem hlaut 3,5 milljarða króna styrk frá Evrópusambandinu til að bæta innleiðingu vatnaáætlunar á Íslandi. Hjá Isavia verður fjármunumun varði í viðhaldsverkefni í tengslum við fráveitu og ofanvatn á flugvallarsvæðinu.

Að öðru leyti nýtir Isavia fráveitukerfi sveitarfélaga hveirrar starfsstöðvar fyrir sig. Viðtakinn er í öllum tilfellum sjór en hreinsun á fráveituvatninu er mismikil eftir fráveitum.

Olúskiljur og settjarnir taka við bróðurparti þeirra mendi efna í ofanvatni sem annars gætu endað í umhverfinu eða fráveitunni. Árið 2023 kom í ljós að með núverandi notkun anna margar olúskiljur ekki magninu sem streymir í gegnum þær. Á árinu var settur upp mælir sem bætir eftirlit með olúskilju á svæðinu með því að greina magn olíuefna, vatns og sands í olúskiljunni. Stefnt er að því að setja slíka mæla í fleiri olúskiljur og settjarnir árið 2025. Ný settjörn var tekin í notkun á árinu 2024 sem getur tekið við 14.000 lítrum af ofanvatni.

Vatnsnotkun Ísavia er töluverð enda er starfsemin viðamikil. Mælingar á heitavatnsnotkun eru í föstum skorðum en mismunandi er hvort og þá hvernig mælingum á kaldavatnsnotkun er háttað. Því eru kaldavatnstölur ekki jafn áreiðanlegar. Samstæðan notaði 678 Ml (600 Ml) af heitu vatni árið 2024.

Efnanotkun


Á Keflavíkurflugvelli eru notuð hálkuvarnarefni, bæði í fljótandi og föstu formi á flugbrautir, akbrautir og flughlöð til að auka öryggi og draga úr áhrifum hálu á reksturinn. Um er að ræða svokölluð formíatsölt en þau eru vottuð með umhverfismerkjunum Bláa englinum og Svaninum, eru lífbrjótanleg og hafa því lítil eitrunaráhrif á vatnsbúskap. Á innanlandsvöllum er nánast eingöngu notaður sandur til hálkuvarna en hann er einnig nýttur á flughlöð og akbrautir á Keflavíkurflugvelli. Þörfin fyrir hálkuvarnir er háð veðri, fjölda flughreyfinga og dreifingu þeirra innan sólarhringsins, stærð athafnasvæða, þjónustukröfum og ríkjandi aðferðafræði við hálkuvarnir. Efnanotkunin er því breytileg milli ára en aukin flugumferð, þjónustukröfur og þróun á aðferðafræði munu að öllum líkindum kalla á áframhaldandi aukningu á efnanotkun til hálkuvarna. Aukna efnanotkun milli árana 2023 og 2024 má einkum rekja til veðurfars og þess að áfram er unnið að því að draga úr notkun á hálkusandi á flugvöllum, m.a. vegna þess að nýjar gerðir þotuhreyfla þola síður uppseg og á sandi en eldri útgáfur gerðu.

Mengun og mengunarvarnir

Á Keflavíkurflugvelli eiga sér reglulega stað minni háttar mengunaróhöpp sem er tekist á við eftir ákveðnum verkferlum. Oftast er um að ræða lítills háttar olíuleka sem getur átt sér stað t.d. við áfyllingu flugvéla. Engin stór mengunaróhöpp áttu sér stað á árinu 2024.

Isavia vinnur nú að því að kortleggja framtíðarframkvæmdasvæði á Keflavíkurflugvelli með tilliti til jarðvegsmengunar. Horft er sérstaklega til olumengunar, PFAS-mengunar og málmgilda yfir viðmiðunarmörkum. Einnig er unnið að uppfærðu verklagi fyrir meðhöndlun á jarðvegsmengun. Markmið Isavia er að innan flugvallargirðingarinnar verði sérstakt svæði tileinkað úrvinnslu á menngum jarðvegi.

Isavia mælir fyrir efnum sem tilheyra PFAS-efnahópnum en það var fyrst gert í grunnvatnsvöktun árið 2022. Í öllum sýnatökuholum mældust efnið yfir evrópskum viðmiðum en þó í mismiklu magni. Efnið má einna helst rekja til starfsemi hersins á flugvallarsvæðinu, en einnig til notkunar á slökkvifroðu á æfingum slökkviliðs Keflavíkurflugvallar. Árið 2023 hóf Isavia að skipta yfir í PFAS-fría slökkvifroðu. Skipt var um slökkvifroðu á flugvöllum innanlands árið 2024 en útskiptum á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli verður lokið á árinu 2025. Engir dómar hafa fallið á árinu þar sem Isavia hefur verið talið brjóta gegn lögum eða reglugerðum varðandi umhverfismál og engin kærumál þess efnis eru í gangi.



Lífsgæði

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Isavia vinnur markvisst að því að vera til fyrirmyndar í sjálfbærnimálum. Við sýnum frumkvæði að því að auka sjálfbærni í öllu flugvallarsamfélaginu og eigum í nánú samstarfi við nærsamfélagið sem byggt er á gagnkvæmri virðingu. Opin samskipti eru höfð að leiðarljósi við miðlun upplýsinga og sameiginlega nýtum við reynslu og þekkingu okkar allra til að ná árangri.

Loftgæði

Isavia vaktar styrk ýmissa efna í andrúmsloftinu En loftgæðamælar eru staðsettir á Keflavíkurflugvelli og í nærumhverfi hans. Mældur er styrkur nituroxíða (NO og NO₂) sem eru þau skaðlegu efni sem einna helst þarf að hafa áhyggjur af í starfsemi flugvallarins. Loftgæðaspár þar sem gert er ráð fyrir 14,5 milljónum farþegum á Keflavíkurflugvelli sýna að styrkur nituroxíða mun haldast undir viðmiðunarmörkum. Farþegafjöldi árið 2024 var rúmlega 8,3 milljónir.

Eftir að eldgos hófst í Fagradalsfjalli árið 2021 setti Isavia upp fleiri loftgæðamæla á Reykjanesi í samstarfi við Suðurnesjabæ og Umhverfisstofnun. Til viðbótar fyrri mælingum er nú einnig mældur styrkur brennisteinstvíoxíðs (SO₂) og brennisteinsvetnis (H₂S). Í öllum mælum voru gildi fyrir brennisteinsvetni yfir árgildum. Gildi fyrir nituroxíð og brennisteinstvíoxíð í öðrum mælum voru undir heilsuverndarmörkum.

Rauntímaupplýsingar loftgæðamæla á og við Keflavíkurflugvöll má finna á vefsvæðinu [loftgaedi.is](#).

Hljóðvist

Isavia vaktar hljóðvist vegna flughreyfinga á Keflavíkurflugvelli allan ársins hring og eru hljóðmælar staðsettir á fjórum álagsstöðum í nærumhverfi vallarins. Þrír þeirra eru fastir á ákveðnum stöðum en einn mælir er færanlegur aukahljóðnemi. Tveir hljóðmælar hafa ekki verið virkir síðan í september og nóvember 2024. Annar skemmdist í veðri sem og undirstöðurnar sem hann stendur á en hinn hefur stöðugt sýnt rangar mælingar. Unnið er að lagfæringum og kvörðun á öllum mælunum.

Á árinu 2024 bárust 65 (50) tilkynningar um hávaða og ónæði vegna flugumferðar á Keflavíkurflugvelli og tengdust flestar þeirra flugi yfir íbúabyggð. Tilkynningar vegna ónæðis af völdum flughreyfinga á Reykjavíkurflugvelli voru 51(132), einkum vegna þyrluflugs. Aðflugsferlar fyrir þyrlur voru endurskoðaðir árið 2024 og nýir ferlar gefnir út sem leiddi til færri kvartana í fyrra en árið á undan. Engar formlegar tilkynningar um hávaða bárust vegna starfsemi annarra flugvalla Isavia.

Á síðustu árum höfum við unnið að mótvægisáðgerðum vegna þess ónæðis sem íbúar í nærumhverfi Keflavíkurflugvallar geta orðið fyrir. Þar má nefna innleiðingu nýrra flugferla og breytta notkun flugbrauta sem er framfylgt að teknu tilliti til öryggis- og umhverfispátta, t.d. vinds og brautarskilyrða. Sumarið 2024 var braut 10/28 meira notuð en vanalega vegna framkvæmda við akbraut Echo-1 á Keflavíkurflugvelli sem leiddi til aukningar á flugferðum yfir byggð á meðan framkvæmdir stóðu yfir. Framkvæmdirnar skipta miklu máli fyrir bæði flæði og öryggi flugbrautarkerfisins.

Efla verkfræðistofa hefur kortlagt hljóðvist í kringum Keflavíkurflugvöll. Síðustu upplýsingar voru uppfærðar árið 2016 hjá Umhverfisstofnun en samkvæmt þeim verður enginn íbúi fyrir sólarhringshávaða (Lden) yfir 65 dB af völdum flugumferðar. Um 300 manns urðu fyrir 60 til 64 dB sólarhringshávaða og um 1300 urðu fyrir 55 til 59 dB sólarhringshávaða. Stefnt er að því að kortlagningu á hljóðvist Keflavíkurflugvallar verði lokið fyrir mitt ár 2025. Upphaflega var lagt upp með að henni yrði lokið á árinu 2024 en því var frestað til ársins 2025.

Árið 2024 fór Lden þrisvar sinnum yfir reglugerðarmörk og þá vegna herflugs sem er undanskýlt í reglugerðinni. Hljóðmælingar tengdar veðri, fuglum, flugeldum og öðru þess háttar eru hreinsaðar úr gögnunum.

Nýtt hljóðmælinga- og flugrakningarkerfi

Á undanförnum sjö árum hefur Keflavíkurflugvöllur boðið upp á gagnvirktt hljóðmælingarkerfi sem er opið öllum. Þar hefur verið hægt að nálgast upplýsingar um flug sem nýlega hafa farið um völinn, upplýsingar um hljóðvist frá hljóðmælum og sækja upplýsingar mánuð aftur í tímann. Áhersla hefur verið lögð á að bjóða upp á góð kerfi sem nærsamfélag Keflavíkurflugvallar getur nýtt til að fylgjast með hljóðvist í sínu umhverfi.

Árið 2024 var gerður samningur við hollenska fyrirtækið Casper NOMS um nýtt gagnvirktt hljóðmælinga- og flugrakningarkerfi á Keflavíkurflugvelli sem var tekið í notkun í júlí 2024. Nýstárlegar lausnir Casper leggja áherslu á flugrakningar, hávaða, eftirlit með rekstri, aðstæðnavitund og þátttöku samfélagsins. Casper styður flugvelli um allan heim, allt frá fjölförnustu alþjóðlegu flugvöllum á borð við Kaupmannahafnar flugvöll, Schiphol í Amsterdam og Edinborgar flugvöll til lítilla flugvalla.

Nýja kerfið inniheldur alla þá virkni sem eldri kerfi hafa boðið upp á. Auk þess gerir það okkur kleift að halda betur utan um hljóðvistarkvartanir, tengja kvartanir við ákveðnar flughreyfingar og fá enn betri mynd af hljóðvist í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Unnið verður að því að þýða kerfið yfir á íslensku.

Það skiptir okkur miklu máli að geta boðið íbúum í nærumhverfi Keflavíkurflugvallar upp á að senda inn athugasemdir þegar að þeir upplifa ónæði frá flugumferð. Með nýju kerfi getum við haldið betur utan um þessar ábendingar, safnað nákvæmari gögnum og þróað flugferla betur til að hljóð frá flugvélum trufli síður nágrenna okkar. Við náum árangri í góðri samvinnu við nærsamfélagið.

Aðeins hljóðvistarkvartanir varðandi Keflavíkurflugvöll fara í gegnum nýja kerfið. Hljóðvistarkvartanir varðandi Innanlandsflugvöllina fer í gegnum [heimasíðu Innanlandsflugvalla](#).

Hlekk á nýja kerfið má finna hér: [Keflavik Airport - flight tracker](#)

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Líffræðilegur fjölbreytileiki

Líffræðilegur fjölbreytileiki er ört stækkandi málaflokkur sem þarf að gefa meiri gaum á komandi árum. Vel er fylgst með dýra- og fuglalífi innan flugvallasvæða á Íslandi þar sem markmiðið er að draga úr líkum á árekstri dýra og flugvéla. Einnig er atferli dýra skráð og haldið er vel utan um atvik sem valda þeim skaða. Isavia heldur m.a. utan um tölur varðandi árekstra, fælingu og mótvægisáðgerðir á flugvöllum og upplýsingar varðandi dýralífsstjórnun félagsins ár hvert en þar er upplýsingum frá öllum flugvöllum landsins safnað saman.

Á árinu 2024 urðu 8 (8) staðfestir árekstrar fugla við flugvélar á Keflavíkurflugvelli. Einnig urðu 11 (8) árekstrar við fugla á flugvöllum innanlands, þar af fjórir á Reykjavíkurflugvelli, þrír á Akureyrarflugvelli, einn á Egilsstaðaflugvelli, einn á Bíldudalsflugvelli og tveir á flugvöllum á Höfn í Hornafirði.

Isavia greinir nánasta umhverfi flugvallanna, hvaða dýrategundir halda þar til, gróðurfar og fæðuframboð á svæðinu. Lista yfir dýrategundir sem var vart við á flugvallarsvæðum [má sjá í töflu í viðauka](#).

Gera þarf fleiri og ítarlegri rannsóknir á líffræðilegum fjölbreytileika, vistkerfum og kortlagningu á svæðum á komandi árum til þess að uppfylla þær kröfur sem ný upplýsingalöggjöf í sjálfbærni mælir fyrir um. Þrátt fyrir góða vöktun og gagnasöfnun á undanförnum árum er nauðsynlegt að móta heildstæða sýn á málaflokknum, setja skýr markmið og mynda stefnu og aðgerðaáætlun sem styður við líffræðilegan fjölbreytileika.

Suðurnesjavettvangur

Suðurnesjavettvangur er samstarfsverkefni sem hófst árið 2019 sem aðgerð í samræmi við sjálfbærnistefnu félagsins. Að vettvanginum koma sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Suðurnesjabær og sveitarfélagið Vogar, Kadeco (Keflavík Airport Development Company), Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Isavia. Markmið vettvangsins er að efla atvinnulíf og styrkja innviði með hliðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Eitt af forgangsmarkmiðum Suðurnesjavettvangs er Heimsmarkmið 4.7 um að tryggð verði að allir grunnskólanemendur á Suðurnesjum öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að yta undir sjálfbæra þróun. Með það að leiðarljósi var sett af stað verkefni í samvinnu við Reykjanes jarðvang (Reykjanes UNESCO Global Geopark) um að allir skólar á Reykjanesi verði UNESCO-skólar. Verkefnið fékk styrk úr Sóknaráætlun Suðurnesja sem var nýttur til að ráða verkefnastjóra. Haldinn var kynningarfundur í Hljómahöll í september um innleiðingu UNESCO-skóla á Reykjanesi. Allir grunnskólar á Reykjanesi ásamt tveimur framhaldsskólum og sex leikskólum skrifuðu undir viljayfirlýsingu um inngöngu í UNESCO-skólaverkefnið. Til þess að varða leiðina að sjálfbæru samfélagi hefur skólasamfélagið á Suðurnesjum tekið stórt skref með því að sýna samstöðu og vilja til samstarfs um mikilvæg verkefni til þess að komandi kynslóðir njóti velsældar og sjálfbærni í sínu nánasta umhverfi.

Isavia og Reykjanes UNESCO Global Geopark fengu styrk úr Uppbyggingarsjóði fyrir verkefninu „Gárur á Reykjanesi, visindalæsi og útikennsla í Reykjanes jarðvangi “. Markmiðið er m.a. að efla tengsl nemenda við umhverfið og miðla þekkingu um mikilvægi sjálfbærni. Verkefnið styður við samstarfsnet UNESCO-skóla þar sem afurðir verkefnisins verða aðgengilegar í stafrænum gagnabanka fyrir kennara, nemendur og íbúa á Reykjanesi.

Markvisst samstarf við nærsamfélagið er mikilvægur þáttur í sjálfbærnisramma Isavia. Áhersla hefur verið lögð á virkt samtal við skóla, stofnanir, samtök og sveitarfélög um hvernig megi efla atvinnutækifæri og miðla þekkingu og reynslu. Haldnar hafa verið vinnustofur með aðilum úr nærsamfélaginu og skólar verið heimsóttir. Markmiðið er að mæta þeim áskorunum sem svæðið á Suðurnesjum stendur frammi fyrir, eins og atvinnuleysi, virkni aðila í samfélaginu og að þróa færni og auka tækifæri til menntunar. Isavia sem stór framkvæmdaaðili á svæðinu hefur horft sérstaklega til framboðs starfs- og verkgreinanáms og heimsótt skóla í Reykjanesbæ til að kynna starfsemi félagsins.

Fjölmargt hefur áunnist síðustu ár í átt að sjálfbærara samfélagi á Suðurnesjum. Áfram verður unnið að ýmsum samstarfsverkefnum sem tengjast stefnumótun vettvangsins. Vinnuhópar eru starfandi sem tengjast m.a. atvinnuuppbyggingu, menntun á Suðurnesjum, Reykjanes jarðvangi o.fl.



Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Almannavarnir og hópslysaviðbúnaður

Flugvellir og flugleiðsaga skipta íslenskt samfélag miklu máli, bæði í þjóðhagslegu og öryggislegu tilliti. Félagið hafur lagt áherslu á virka þátttöku í stjórnkerfi almannavarna til að efla öryggi og tryggja rekstur þessara mikilvægu innviða. Auk þess gegnir félagið mikilvægu hlutverki í viðbragðsáætlunum um leit og björgun innan íslenska flugstjórnarsvæðisins.

Öryggi og viðbúnaður á flugvöllum er stór í rekstri félagsins. Isavia heldur ásamt samstarfsaðilum að jafnaði fjórar flugslysæfingar (hópslysæfingar) á áætlunarflugvöllum á hverju ári. Æfingarnar eru víða um land og þátttaka er góð en árlega taka um 1.000 manns þátt í þeim. Æfingarnar eru mikilvægur þáttur í bæði rekstri flugvalla og samfélagsins alls en þær eru einu reglubundnu hópslysæfingarnar sem haldnar eru hér á landi og því mikilvægur þáttur í viðbragðskerfi almannavarna, bæði til að æfa viðbragð við hópslysum en ekki síður sem samráðsvettvangur til að þróa viðbúnaðarkerfi landsins. Allir viðbragðsaðilar sem eru skilgreindir í áætlun flugvallarins eru þátttakendur í æfingunum ásamt aðgerðastjórn í umdæmi flugvallarins og samhæfingarstöð almannavarna í Reykjavík sem eru mannaðar í samræmi við æfingarnar.

Fjórar flugslysæfingar voru haldnar á árinu, á Höfn í Hornafirði í maí, á Gjögrí í ágúst, Grímsey í september og Keflavík í nóvember.

Neyðarstjórn Isavia

Innri viðbúnaður Isavia og gott samráð innan flugvallasamfélagsins er lykillinn að tímanlegu viðbragði og endurheimt í tengslum við rekstrarlegar áskoranir. Félagið hefur því lagt áherslu á öflugt stjórnkerfi og góða samvinnu allra

aðila. Neyðarstjórn Isavia hefur frá formlegri stofnun sinni árið 2015 tekist á við ýmiss konar fyrirséða og ófyrirséða atburði. Neyðarstjórn tryggir samræmd og samhæfð viðbrögð Isavia á hættu- og neyðartímum við atburðum sem ógna rekstraröryggi félagsins með það að markmiði að lágmarka rekstrarskerðingu og tryggja skjóta endurheimt.

Til að ná þessum markmiðum nýtir Neyðarstjórn sveigjanlegt og öflugt verklag sem tekur á atburðum á skipulegan hátt. Neyðarstjórn hefur verið virkjuð margsinnis á árinu en atburðir hafa verið af ýmsum toga. Samstarf innan flugvallasamfélagsins vex með hverri áskorun og eru aðilar sífellt betur í stakk búnir að takast á við nýjar áskoranir. Neyðarstjórn tryggir opnar boðleiðir, gætir að góðri upplýsingagjöf og heldur reglulega samráðsfundi. Þá hafa stuttar boðleiðir innan Isavia, meðal hagaðila og gagnvart ytri aðilum, reynst mikilvægar í ferlinu. Traust viðbragð byggir einnig á öflugri rýni á liðnum atburðum og tryggir Neyðarstjórn að rýni eigi sér stað í lok allra aðgerða bæði innan Isavia og meðal hagaðila, ef við á. Niðurstöðurnar eru færðar í gæðakerfi Isavia en þannig er tryggt að umbætur skili sér í starfseminu.

Óveður og straumleysi

Óveður settu strík í reikninginn bæði í upphafi og lok árs sem hafði í för með sér töluvert samráð við notendur flugvalla í janúar og í desember. Nokkrar truflanir voru á flugi en góð samvinna allra aðila tryggði lágmarksáhrif á farþega.

Eldingu laust niður í Suðurnesjalínu 25. janúar sem leiddi til viðtæks straumleysis á Suðurnesjum. Varaaflsstöð Isavia reyndist vel og starfsfólk Isavia tryggði rekstur á meðan á straumleysinu stóð.

Rýniferli neyðarstjórnar



Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Jarðhræringar og eldgos

Jarðhræringar héldu áfram á Reykjanesskaga en fjögur eldgos urðu á svæðinu á árinu.

Að morgni 14. janúar hófst eldgos við Hagafell. Kvikugangurinn var nú mun nær Grindavík en áður og opnaðist sprunga við bæjarmörkin. Gosið stóð stutt yfir en því lauk 16. janúar. Eldgosið hafði ekki áhrif á flug en hafði mikil áhrif á samfélagið á Reykjanesi þar sem m.a. þrjú hús í Grindavík skemmdust.

Að morgni 8. febrúar hófst eldgos við Sýlingarfell, á svipuðum slóðum og þann 18. desember og gaus nú í um einn og hálfan sólarhring. Hraunrennsli var meira en í fyrri gosum. Í skamman tíma varð lítils háttar sprengivirkni þar sem hraunið náði í grunnvatn en askan náði ekki langt frá gossprungunni og hafði því takmörkuð áhrif á flug, nema í þennan stutta tíma þegar málið var kannað. Hraun rann m.a. til vesturs yfir Grindavíkurveg og rauf heitavatnslögn sem sér Keflavíkurflugvelli fyrir vatni. Isavia hafði, ásamt öðrum hagaðilum í flugi, þá þegar gert ráðstafanir ef slík staða myndi koma upp og var stjórnkerfi KEF því virkjað. Samráð og samvinna viðeigandi aðila var til fyrirmyndar og vel gekk að halda hita á byggingum Isavia fram til 12. febrúar þegar fullur þrýstingur var kominn á heitavatnskerfið að nýju. Isavia hefur nú sett upp varakyndistöð og þannig tryggt heitt vatn komi til heitavatnsrofs að nýju.

Um miðnætti, aðfaranótt 9. febrúar, varð bilun í kaldavatnslögn frá Grænási að Ásbrú. Bilunin var á þeim stað að varavatnstankur Isavia var ekki nothæfur sem gerði það að verkum að kaldavatnslaut varð í flugstöðinni um nóttina. Kaldavatnsleysið var krefjandi og þrátt fyrir að ráðstafanir hafi verið gerðar, t.d. með færanlegum salernum, var ljóst að ekki væri hægt að halda úti starfsemi til lengri tíma við þær aðstæður. Viðgerðir stóðu yfir fram yfir hádegi en þá komst kalt vatn á að nýju. Ýmsar áskoranir urðu í rekstri vegna þessa en engar alvarlegar truflanir.

Þann 29. maí hófst þriðja eldgos ársins í Sundhnúksgígargöðinni. Aftur rann hraun hratt til vesturs og ógnaði innviðum og eignum á svæðinu. Eldgosið var það stærsta í hrinu gosa í Sundhnúksgígargöðinni og stóð í 24 daga. Um 45 milljón rúmmetrar af hrauni þöktu um 9,3 km² svæði. Gosið hafði ekki áhrif á flug.

Undir miðnætti þann 20. nóvember hófst sjöunda eldgosið í Sundhnúksgígargöðinni með skömmum fyrirvara. Gosið varði í þrjár vikur og rann hraun bæði til austurs og vesturs, meðal annars að Svartsengi en varnargarðar héldu. Vatnskælingu var beitt á hraunið þegar hætta var á að það flæddi yfir varnargarða. Eldgosið hafði ekki áhrif á flug.

Eldgosin á árinu hafa öll verið með svipuðu sniði, sprungugos á löngum gossprungum sem ná hámarki eftir nokkrar klukkustundir en dragast síðan saman og fjara út eða einangrast við fá gosop í nokkra daga eða vikur. Hraun fer hratt yfir fyrstu klukkustundirnar og endurtekið hraunrennsli til vesturs hefur ógnað innviðum. Búast má við áframhaldandi eldgosum á svæðinu á meðan kvikusöfnun heldur áfram undir Svartsengi og óvíst er hversu lengi umbrotatímabilið mun standa yfir en vel er fylgst með framvindu mála. Mikilvægir innviðir fyrir allt Reykjanes eru á umbrotasvæðinu. Samstilltur hópur sérfræðinga innan Isavia vinnur saman bæði á milli eldgosa og á meðan á atburðum stendur til að meta og bregðast við hugsanlegum áhrifum eldgosa á Keflavíkurflugvöll.

Vinnustöðvanir

Eitt af verkefnum Neyðarstjórnar er að samræma upplýsingamiðlun og viðbrögð Isavia meðal hagaðila vegna vinnustöðvana. Markmiðið er fyrst og fremst að tryggja góða upplýsingamiðlun og einnig skjóta endurheimt eftir rekstrarskerðingu vegna vinnustöðvana.

Í apríl boðuðu Samninganefndir Félags flugmálastarfsmanna ríkisins og Sameykis aðgerðir á Keflavíkurflugvelli vegna árangurslausra kjaraviðræðna við Samtök atvinnulífsins fyrir hönd Isavia ohf. Verkfallsaðgerðir voru samþykktar af félögunum í byrjun maí þar sem boðað var til yfirvinnu- og þjálfunarbanns ásamt tímabundnum vinnustöðvunum í öryggisleit og farþegaflutningum. Neyðarstjórn Isavia hóf strax að greina áhrif og upplýsa hagaðila en ekki kom til aðgerða þar sem samningar voru undirritaðir þann 7. maí.

Norðurlandaráðsþing

Í lok október var þing Norðurlandaráðs haldið í Reykjavík. Öryggisgæsla var mikil og áhrifa gætti vegna þess á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli. Undirbúningur og framkvæmd gekk vel en stuðst var við skipulag sem hafði verið útbúið í aðdraganda þings Evrópuráðsins árið 2023.

Samstarf við hagaðila

Grundvallarþáttur í skipulagi neyðarviðbúnaðar og krísustjórnunar er samstarf við hagaðila. Þessir aðilar eru margir, hafa ólík sjónarmið og markmið og eru að auki staðsettir um allan heim. Í störfum sínum í málaflokknum hefur Isavia lagt áherslu á að tryggja gott og náð samstarf við alla þessa aðila, skilgreina hlutverk og þarfir þeirra í áætlunum og tryggja gott upplýsingaflæði og samtal á hættu- og neyðartímum. Samstarf við þessa aðila hefur verið afar gott nú sem endranær og mikilvægt að fókstra og þróa samvinnu þessara aðila áfram til að tryggja að allir gangi í tak þegar á þarf að halda.

Æfingar

Mikilvægt er að þekkja þær ógnir sem geta haft áhrif á líf og heilsu starfsfólks, farþega og rekstur flugvalla. Hver atburður er einstakur og sjaldnast hægt að spá fyrir um alla þætti fyrir fram. Öflugt stjórnskipulag og æfingar eru mikilvægir þættir í krísuskipulagi allra fyrirtækja. Vettvangsæfingar taka tíma og þær geta verið kostnaðarsamar og því er mikilvægt að hámarka ábata vettvangsæfinga eins og hægt er. Skrifborðsæfingar eru mikilvægur þáttur í undirbúningi vettvangsæfinga og góð leið sem fyrsta snerting við nýjar og eldri ógnir. Séu þær skipulagðar vel efla þær stjórnskipulag og þekkingu starfsfólks á sínu hlutverki þegar mikið liggur við. Isavia heldur fjölmargar skrifborðsæfingar ár hvert, bæði með samstarfsaðilum sínum og innri æfingar til að efla skipulag og auka þekkingu starfsfólks.

Æfingar með lögreglu og sérsveit ríkislögreglustjóra

Þrátt fyrir að við búum í friðsælu samfélagi eru árvekni og öflugt skipulag verndarmála nauðsynlegir þættir til að bregðast við óvæntum aðstæðum og hugsanlegum ógnum. Samstarf við lögreglu er lykilþáttur í að skapa öruggt umhverfi og viðhalda öryggi flugfarþega, starfsfólks og reksturs. Haldnar eru reglulegar öryggisæfingar, bæði vettvangsæfingar og skrifborðsæfingar auk þess sem náð samstarf er á milli aðila. Á árinu voru haldnar tvær æfingar með lögreglu á Keflavíkurflugvelli, ein allsherjaræfing þar sem æfð voru viðbrögð við grunsamlegum farangri og önnur samnorðæn æfing sérsveita þar sem ein sviðsmyndin var innan Keflavíkurflugvallar. Í tengslum við þá síðarnefndu var reynsla Isavia í æfingum af þessu tagi nýtt þegar haldið var erindi um uppsetningu æfinga og slysaförðun fyrir starfsþjálfun lögreglu.

Mannauður

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Isavia er meðal stærstu og fjölbreyttustu vinnustaða á Íslandi. Flugvellir okkar eru fyrstu viðkomustaðir landsmanna í ævintýraferðum og hliðið sem tengir erlenda gesti við aðra landshluta. Starfsfólk okkar fær tækifæri til að vaxa, þróast og nýta hæfni sína á vinnustað sem leggur áherslu á faglega frampróun og persónulegan styrk.

Samstarf starfsfólks tryggir einstaka upplifun fyrir farþega og flugfélög sem nýta þjónustu okkar. Hlutverk hvers og eins er ómetanlegt en saman leggjum við okkar að mörkum til að skapa eftirminnilega upplifun og veita flugfélögum og samstarfsaðilum framúrskarandi þjónustu.

Stefna í mannauðsmálum

Stefna okkar í mannauðsmálum byggir á virðingu, heiðarleika og trausti í samskiptum og störfum. Við höfum sett okkur það markmið að vera leiðandi vinnustaður þar sem jafnrétti og gagnkvæmt traust eru höfð í hávegum. Með því að rækta uppbyggjandi vinnustaðamenningu hvetjum við starfsfólk til að sýna hugrekki og taka ábyrgð á eigin frammistöðu. Við trúum því að með sameiginlegu átaki nái fyrirtækið árangri sem ein heild.

Fjölbreytileiki og jafnrétti á vinnustað

Hjá Isavia kappkostum við að byggja upp fjölbreyttan vinnustað þar sem einstaklingar fá að blómstra og upplifa sig örugga í starfi. Við leggjum áherslu á að öll hafi tækifæri til að vera þau sjálf og leggja sitt af mörkum til fyrirtækisins. Fjölbreytileiki styrkir menningu okkar og skapar umhverfi sem eflir nýsköpun og frampróun og því leggjum við ríka áherslu á að við stöndum öll jöfn innan fyrirtækisins.

Á árinu 2024 tókum við virkan þátt í Hinsegin dögum í Reykjavík og héldum viðburði til að fagna fjölbreytileikanum. Við höfum einnig innleitt og viðhaldið jafnlaunakerfi frá árinu 2018 í samræmi við lög og reglur en reglulegar launagreiningar staðfesta að enginn marktækur kynbundinn launamunur er til staðar innan fyrirtækisins. Þá höfum við einnig hlotið viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar fyrir að tryggja jafnt kynjahlutfall í efstu stjórnunarstöðum.

Á undanförunum árum höfum við komið á góðu samstarfi við Vinnumálastofnun og VIRK Starfsendurhæfingarsjóð og lagt okkur fram við að bjóða einstaklingum sem hafa verið í þjónustu þessara aðila og eru með skerta starfsgetu störf hjá okkur. Slíkar ráðningar hafa marga kosti í för með sér, bæði fyrir Isavia, einstaklinginn sjálfan og samfélagið í heild. Ráðning einstaklinga með skerta starfsgetu stuðlar að fjölbreytileika starfsfólks og um leið fáum við tækifæri til að nýta okkur starfskrafta einstaklinga sem endurspeгла samfélagið sem við lifum og störfum í.

Vöxtur, ánægja og réttindi starfsfólks

Árið 2024 var viðburðaríkt í rekstri félagsins. Fjölgun farþega og aukin flugumferð leiddi til fjölgunar starfsfólks, einkum í hlutastörfum til að mæta árstíðabundnum sveiflum. Þessi nálgun hefur tryggt betri mönnun og sveigjanleika í rekstri. Starfsmannavelta dróst verulega saman á árinu og mældist 11% en hún hefur ekki mælst svo lág síðan árið 2017.

Viðhorfskannanir sýndu að starfsánægja var á bilinu 7,4–7,8 á 10 punkta kvarða. Um 90% starfsfólks tóku þátt í könnunum á viðhorfi og niðurstöðurnar staðfesta áframhaldandi traust og ánægju á vinnustaðnum.

Nær allt starfsfólk félagsins er í stéttarfélögum og fylgir því ákvæðum þeirra varðandi réttindi og skyldur. Starfsfólk sem kys að standa utan stéttarfélaga nýtur engu að síður sambærilegra réttinda og aðrir. Starfsfólk af öllum kynjum hefur nýtt sér rétt sinn til fæðingarorlofs á árinu og flest þeirra hafa snúið aftur til starfa að orlofi loknu.

Á árinu voru nýjar siðareglur samþykktar af stjórn félagsins en reglurnar gilda um allt stjórnar- og starfsfólk innan samstæðu Isavia og er ætlað að stuðla að heilindum í rekstri, góðu orðspori og vandaðri ákvarðanatöku.



Starfsánægja

7,8

á 10 punkta kvarða



Kynjahlutfall

63%

Karlar

37%

Konur



Kynjahlutfall stjórnenda

62%

Karlar

38%

Konur



Fjöldi starfsfólks

1.561



Meðalaldur

38 ár



Starfsmannavelta

11%

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Sálfélagslegt öryggi og vellíðan

Isavia leggur ríka áherslu á að tryggja öryggi og vellíðan starfsfólks. Við umberum ekki neikvæða hegðun, einelti eða kynferðislega áreitni. Á árinu 2024 var verklag í tengslum við félagslegt öryggi yfirfarið og settar voru skýrar leiðbeiningar fyrir stjórnendur um hvernig leysa skuli úr málum á því sviði. Við leggjum áherslu á ábyrgð allra í að skapa heilbriggt og jákvætt vinnuumhverfi. Á árinu 2024 var tilkynnt um fjögur mál er vörðuðu félagslegt öryggi á vinnustaðnum en þar af féllu tvö í svokallaðan EKKO flokk sem nær utan um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og ofbeldi. Málin voru rannsökuð samkvæmt útgefnu verklagi og þeim lauk annars vegar með starfslokum meints geranda og hins vegar með sáttameðferð meints geranda og meintra þolenda.

Starfsfólk hefur aðgang að árlegum heilsufarsmælingum í samstarfi við Heilsuvernd og getur nýtt sér allt að fimm sálfræði- eða ráðgjafartíma á kostnað fyrirtækisins.

Starfsfólk sem sinnir slökkvi- og björgunarþjónustu undirgengst reglubundnar heilsufarsskoðanir til að tryggja að það búi yfir nauðsynlegri hæfni til að sinna störfum sínum með fullnægjandi hætti. Reglulega er framkvæmt áhættumat á störfum til að draga úr líkum á starfstengdum slysum eða sjúkdómum.

Á árinu höfum við einnig þjálfað hóp starfsfólks upp í félagastuðningi en tilgangur þess er að veita tilfinningalegan, félagslegan og hagnýtan stuðning eftir áfall eða þegar hættulegar og/eða erfiðar aðstæður skapast á vinnustaðnum.

Starfsaðstaða og framtíðarsýn

Starfsstöðvar Isavia eru staðsettar um allt land en helstu starfsstöðvar fyrirtækisins eru á Keflavíkurflugvelli, í Dalshrauni í Hafnarfirði og á Reykjavíkurflugvelli. Á árinu 2024 var ákveðið að byggja við austurbyggingu Keflavíkurflugvallar til að sameina alla skrifstofustarfsemi flugvallarins á einum stað. Nýju skrifstofurnar eru hannaðar í samræmi við aðferðafræði aðstæðubundins starfsumhverfis og munu þannig efla samstarf og sveigjanleika milli deilda. Áætlað er að starfsemin flytji þangað í árslok 2025.

Isavia hefur tekist að byggja upp fjölbreyttan og sanngjarnan vinnustað þar sem starfsfólk fær tækifæri til að efla sig og rækta hæfileika sína í starfi. Við erum stolt af árangrinum og munum vinna áfram að því að vera fyrirmyndarvinnustaður með því að efla mannauðinn, stuðla að jafnrétti og tryggja öryggi og vellíðan starfsfólks á öllum sviðum.

Heildar fjöldi starfsfólks Isavia ohf.

	Konur	%	Karlar	%	Kynsegin/ annað	%	Samtals	%
Heildar fjöldi	576	37%	984	63%	1	0%	1561	100
Starfsfólk								
Þar af í fullu starfi	408	26%	826	53%			1234	79%
Þar af í hlutastarfi	168	11%	158	10%	1		327	21%
Ráðningarsamband								
Fast ráðning	493	32%	875	56%			1368	88%
Tímabundin ráðning	83	5%	109	7%	1	0%	193	12%
Starfsnemar	11		16				27	
Heildar fjöldi með öðru starfsfólki	587		1000		1		1588	


Isavia ohf. / Aldursdreifing starfsfólks



Hlutfall stjórnenda af öllu starfsfólki



Aldurssamsetning stjórnenda



Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Þjálfun og fræðsla

Leyfi til reksturs flugvalla og flugleiðsögu byggist á starfsleyfum og kröfum sem þarf að uppfylla samkvæmt lögum. Isaviaskólinn og þjálfunardeild Isavia ANS spila lykilhlutverk í að starfsfólk búi yfir viðeigandi hæfni til að uppfylla þessar kröfur. Þjálfunin tryggir að starfsfólk sé vel undirbúið og öruggt í starfi. Þar sem rekstrarumhverfið er í stöðugri þróun er nauðsynlegt að bjóða starfsfólki upp á fjölbreytta fræðslu, þjálfun og endurmenntun eftir þörfum.


Isaviaskólinn

Isaviaskólinn stýrir fræðslu og þjálfun innan Isavia ohf. og sér til þess að starfsfólk fái nauðsynlega þjálfun til að sinna störfum sínum á öruggan hátt. Árlega er boðið upp á fjölbreytt námskeið sem efla færni og líðan starfsfólks. Isaviaskólinn þjónustar einnig dótturfélög og flugþjónustuaðila og nær þannig til stærri hóps en starfsfólks samstæðunnar. Skólinn býður upp á fjórar námsbrautir: flugvallar-, flugstöðvar-, flugverndar- og almenna braut. Á almennri braut eru skipulögð námskeið fyrir starfsfólk þvert á alla samstæðuna. Námskeiðin eru ýmist stafræn, staðnámskeið eða blanda af hvoru tveggja. Skólinn heldur einnig utan um þjálfun sérfræðinga og stjórnenda.

Allt starfsfólk Isavia sækir þjálfun hjá Isaviaskólanum á hverju ári, bæði skylduþjálfun og valfrjálsa þjálfun. Tryggt er að öllu starfsfólki standi til boða þjálfun til að efla eigin færni og yta undir starfsþróun. Einnig getur starfsfólk sótt um styrki til að sækja nám utan Isavia.

Árangursrík þjálfun stjórnenda er grundvallaratriði til að efla samstarf og liðsheild. Rík krafa er gerð um hæfni stjórnenda og því stendur þeim til boða að sækja fjölbreytt námskeið, jafningjahópa, markþjálfun og náms- og starfsráðgjöf, til viðbótar við almenna skylduþjálfun. Áhersla er lögð á að mæta þörfum hvers og eins ásamt því að tryggja nauðsynlega þjálfun og hæfni. Unnið er eftir hæfnilíkani stjórnenda Isavia sem þróað var haustið 2023.

Hæfnilíkan stjórnenda



Meðalfjöldi klukkustunda í þjálfun hjá starfsfólki

	2022	2023	2024
Meðalfjöldi	47 klst.	39 klst.	34 klst.
Hjá körlum	51	42	37
Hjá konum	42	34	30
Hjá kynsegin/annað	-	55	0
Hjá stjórnendum	49	34	30
Hjá starfsfólki (ekki með stjórnendaábyrgð)	47	39	35

Eins og sést á töflunni hefur meðalfjöldi klukkustunda í þjálfun starfsfólks fækkað aðeins á milli ára. Þrátt fyrir það hefur umfang þjálfunar ekki minnkað heldur liggur skýringin í auknu á framboði á stafrænu námi á kostnað staðkennslu. Það tekur nemanda styttri tíma að ljúka bóklegu námi á stafrænan máta heldur en í kennslustofu sem skýrir þennan mun að mestu leyti.

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Mannréttindi, jafnrétti og inngilding

Hluti af fræðslustarfi félagsins snýr að því að tryggja mannréttindi, jafnrétti og inngildingu í störfum Isavia. Framlínustarfsfólk fær m.a. fræðslu um einkenni mansals og hvernig skuli bregðast við, vakni grunur um slíkt. Einnig lýkur það námskeiði um Sólblómabandið sem farþegar með ósýnilega fötlun eða sérþarfir geta fengið hjá flugþjónustuaðilum. Markmiðið er að tryggja að starfsfólk geti sýnt þessum hópi sérstaka nærgætni í samskiptum og þjónustu.

Íslenskukennsla

Við leggjum áherslu á að styðja starfsfólk sem talar annað móðurmál en íslensku með því að bjóða upp á styrki fyrir íslenskunám og fjölbreytta fræðslumöguleika. Á vorönn var boðið upp á flugmálatengda íslenskukennslu í staðnámi og á Teams. Starfsfólkið nýtti sér einnig fjarnámskeiðið „Íslenskupjálfarinn“ frá Starfsmennt og „Bara tala“ appið sem er stafrænn íslenskukennari. Stafræn íslenskunámskeið sem Isaviaskólinn þróaði voru einnig nýtt. Nokkrir starfsmenn nýttu sér að hitta mentor úr hópi samstarfsfólks einu sinni í viku til að styðja við íslenskunám þeirra. Þessir vikulegu fundir hafa reynst einstaklega vel en það hefur sýnt sig að þeir styðja ekki einungis við íslenskunámið heldur styðja þeir starfsfólk af erlendum uppruna verulega í félagslegum samskiptum og aðlögun að vinnustaðnum.

Samstarf við nærsamfélagið

Áfram var unnið að samstarfsverkefni með ráðgjafarfyritækinu Mace sem gengur út á að auka samfélagslegt virði á Suðurnesjum. Starfsemi Isavia var kynnt fyrir 4. bekk í Háaleitisskóla á Ásbrú og starfsfólk Isavia og Mace tók þátt í sjálfboðastörfum fyrir Rauða krossinn. Fjöldi nemenda frá Suðurnesjum og víðar kom í starfskynningu á Keflavíkurflugvöll þar sem þeir fræddust um starfsemi og búnað flugvallarins. Á Ljósanótt var síðan boðið upp á skoðunarferð á Keflavíkurflugvöll fyrir almenning.

Sjálfbærni

Ný og uppfærð útgáfa námskeiðsins Sjálfbærni og umhverfismál leit dagsins ljós í upphafi þessa árs. Nú þegar hafa 995 starfsmenn lokið við námskeiðið sem hluta af endurmenntun eða nýliðabjálfun. Á námskeiðinu er fjallað um sjálfbærnistefnu Isavia, umhverfisstjórnunarstaðalinn ISO 14001 og umhverfisþætti Isavia ohf.

Þjálfunardeild Isavia ANS

Isavia ANS rekur sértæka þjálfunardeild sem hefur áratugareynslu af bóklegri þjálfun, verklegri þjálfun í hermi, endurþjálfun, starfsþjálfun og síþjálfun. Boðið er upp á grunnnám og síþjálfun fyrir flugumferðarstjórn, flugfjarskipti, fluggagnafræði og flugupplýsingaþjónustu en einnig heldur þjálfunardeildin utan um grunn- og síþjálfun fyrir varðstjóra, starfsþjálfra, prófdómara og aðstoðarmenn í turni.

Nám í flugumferðarstjórn hefst að hausti ár hvert og tekur að jafnaði tvö ár. Inntökupróf í námið fara fram í upphafi árs þar sem u.þ.b. 250 umsækjendur hefja umsóknarferlið. Árið 2024 hófu 18 nýnemar nám í flugumferðarstjórn, útskrifaðir voru tíu flugumferðarstjórar og einn flugumferðarstjóri endurnýjaði starfsréttindi sín á Íslandi. Flugumferðarstjórar sem öðluðust tvíréttindi í svæðisstjórnun voru fimm og þrír einstaklingar útskrifuðust úr fluggagnafræði.



Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla

Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Öryggi og vernd

Verkefni á sviði öryggis og verndar eru umfangsmikil í starfsemi Isavia. Með vinnuverndarstefnu félagsins skuldbindum við okkur til að vera til fyrirmyndar á sviði öryggis, heilsu og vinnuverndar með það að markmiði að fyrirbyggja slys, stuðla að góðum aðbúnaði starfsfólks og tryggja heilsusamlegt vinnuumhverfi fyrir starfsfólk og gesti sem heimsækja starfstöðvar félagsins.

Viðtækar kröfur eru gerðar til rekstraraðila flugvalla til að tryggja flugöryggi. Starfsleyfi, rekstur og öryggiskerfi þeirra eru því háð því að þessar kröfur séu uppfylltar í hvívetna. Í allri starfseminni er notast við öflug net- og upplýsingakerfi sem tryggja öryggi og vernd gagna og við styðjumst við stöðluð verklög til að tryggja samfelldan rekstur og lágmörkun rekstraráhættu.

Vinnuvernd

Á árinu var unnið markvisst að því að stuðla að aukinni öryggisvitund meðal starfsfólks. Það fól í sér að hvetja allt starfsfólk til að tilkynna vinnuslys og svokölluð næstum slys ásamt því að efla samstarf og upplýsingaflæði til stjórnenda. Einnig höfum við unnið náið með viðeigandi aðilum að úrbótum á frávikum og atvikum sem gætu leitt til vinnuslysa.

Fjöldi tilkynninga um næstum slys hefur rúmlega tvöfaldast milli ára og markmiðið er að tvöfalda þær aftur á árinu 2025. Fleiri tilkynningar gera okkur kleift að vinna skipulega að forvörnum og bæta öryggi á flugvöllum.

Markvisst hefur verið unnið að því að bæta greiningu á tilkynntum atvikum og kynna niðurstöður fyrir hagaðilum. Í tengslum við þessa vinnu var stofnað öryggis- og gæðaráð vinnuverndar. Hlutverk ráðsins er að tryggja að forstöðumenn séu upplýstir um helstu atvik og taki sameiginlega ákvörðun um viðeigandi aðgerðir.

Mánaðarlegir samráðsfundir með deildarstjórum hafa einnig verið settir á dagskrá. Þeim er ætlað að veita yfirsýn yfir atvik hvers mánaðar og tryggja eftirfylgni með nauðsynlegum úrbótum.

Öryggisdagar

Öryggisdagar voru haldnir með breyttu sniði á árinu en í stað fimm daga voru þeir þrír og nú í samstarfi við flugafgreiðsluaðila. Þeir hófust á skemmtilegum leik þar sem starfsfólk var hvatt til að senda inn upplýsingar um áhættur í sínu vinnuumhverfi. Um 400 manns tóku þátt og 30 starfsmenn voru valdir úr hópnum og fengu vegleg verðlaun í þakklætisskyni.

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd vinnuverndar er starfandi þvert á alla starfsemi Isavia. Í henni sitja bæði öryggisverðir, skipaðir af Isavia, og öryggistrúnaðarmenn sem eru fulltrúar starfsfólks. Öryggisnefndin vinnur að því að efla öryggisvitund starfsfólks í gegnum fræðslu og þjálfun og tryggir að farið sé eftir lögum og reglugerðum. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að auka þátttöku fulltrúa nefndarinnar í formlegri vinnuverndarstarfsemi fyrirtækisins, meðal annars við áhættumat starfa.

Öryggi, vinnuvernd og heilsa

Mikil áhersla er lögð á fræðslu í tengslum við öryggi, vinnuvernd og heilsu starfsfólks. Starfsfólk í nýliðaðþjálfun situr námskeið í vinnuvernd og notkun hjartastuðtækja en að auki fær framlínustarfsfólk fræðslu um fyrstu viðbrögð við áföllum og þjálfun í skyndihjálp. Starfsfólk farþegaþjónustu og eftirlits fær þjálfun í rýmingu auk fjölda annarra sem sinna hlutverki rýmingarfulltrúa á mismunandi svæðum flugvallarins. Iðnaðarmenn og aðrir sem koma að framkvæmdum á svæðinu sækja sérstakt öryggisnámskeið og starfsfólk sem valið hefur verið af samstarfsfólki sínu fær þjálfun í félagastuðningi. Auk þess fær starfsfólk í ákveðnum störfum fræðslu um öryggis- og gæðastjórnun, notkun slökkvitækja og þjálfun sem vettvangsliðar. Á árinu fékk 721 starfsmaður þjálfun í þessum málaflokki í samtals 2500 klukkustundir

Vinnutengd slys hjá starfsfólki Isavia

	2022	2023	2024
Öll slys	58	60	41
Fyrstuhjálparslys	31	27	10
Umönnunarslys	10	10	15
Fjarveruslys	17	23	16
Hlutfallí skráðra atvinnutengdra slysa per 200.000 vinnustundir	5,36	5,54	4,95

Orsök áverka

	2024
Hálka	9
Klemmast	5
Oddhvas/skarpur hlutur	5
Draga/ýta/toga	4
Fall, þyngdarafl	3
Farþegi	3
Högg	3
Árekstur/útafakstur	2
Fall að ofan	1
Fall úr hæð	1
Hávaði	1
Olía	1
Samstuð	1
Skurður	1
Þrýstingur	1
Samtals	41

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Flugöryggi

Stuðlað er að flugöryggi og flugvernd í starfsemi Isavia með markvissum aðgerðum. Félagið uppfyllir viðtækar kröfur sem gerðar eru til rekstraraðila flugvalla til viðhalda starfsleyfi og tryggja öruggan rekstur. Isavia hefur skuldbundið sig til að viðhalda og stuðla að sifældum umbótum á öryggisstjórnunarkerfi flugvallarins sem myndar rammann utan um flugöryggi og flugvernd. Öryggisstefna Isavia í flugöryggi- og flugverndarmálum endurspeglar þetta. Þar kemur m.a. fram að Isavia vill lágmarka áhættu í öllum rekstri að ásættanlegu marki enda er flugöryggi grundvöllur að allri starfsemi fyrirtækisins.

Flugöryggi á Keflavíkurflugvelli

Hluti af því að vinna að auknu flugöryggi á er viðtæk samvinna við flugvallarsamfélagið. Haldnir eru reglubundnir fundir hjá brautarátroðningsnefnd um atvik sem koma upp á flugbrautum og akbrautum. Auk þess fundar hlaðöryggisnefnd mánaðarlega um málefni er varða flughlað, flugvélastæði, akstur og fleira. Þessir hópar eiga það sameiginlegt að vera mannaðir af starfsfólki Isavia en einnig af notendum flugvallarins og því eru þeir mikilvægur hlekkur í því að auka flugöryggi á Keflavíkurflugvelli.

Aukin áhersla hefur verið lögð á að auka öryggisvitund innan flugvallarsamfélagsins, bæði með því að halda Öryggisdaga og ekki síst með því að leggja áherslu á að allt starfsfólk sendi öryggistilkynningar.

Flugvöllur er flókinn vinnustaður þar sem skiptir höfuðmáli að farið sé eftir reglum og verklagi á öllum starfsstöðvum. Því er afar mikilvægt að tryggja góða og stöðuga þjálfun starfsfólks, að áhættu sé stýrt og að verklag sé bæði skráð og innleitt með markvissum hætti. Þá skiptir ekki síður máli að skrá og tilkynna um öll flugöryggisatvik til að hægt sé að greina þau og gera nauðsynlegar úrbætur.

Flugvernd á Keflavíkurflugvelli

Flugvernd eru allar þær ráðstafanir sem eru viðhafðar á flugvöllum til að koma í veg fyrir ólögmætt athæfi sem beinist gegn almenningsflugi og almannahagsmunum. Með þeim flugverndar-ráðstöfunum sem viðhafðar eru á flugvölluminn vinnur Isavia stöðugt og stöðugt í að stuðla að auknu öryggi í flugi en sem dæmi um þær ráðstafanir sem eru viðhafðar eru aðgangsstýring, skimun

og eftirlit. Flugverndarráðstafanir eru bæði framkvæmdar af starfsfólki Isavia og ytri aðila á flugvallarsvæðinu og því mikilvægt að gott og náð samstarf sé til staðar í flugvallarsamfélaginu.

Flugverndarnefnd Keflavíkurflugvallar kemur saman tvisvar á ári en í nefndinni eru fulltrúar aðila sem hafa flugverndarlegu hlutverki að gegna á flugvöllum. Á fundum nefndarinnar á sér m.a. stað samráð og mat á flugverndarráðstöfunum út frá regluverki, frávikum og atvikum sem eiga sér stað á flugvöllum. Auk flugverndarnefndarfundu á frekara samráð og samstarf sér stað á ýmsum reglulegum fundum með hagsmunaaðilum.

Upplýsingaöryggi og persónuvernd

Flugiðnaðurinn reiðir sig á flókin upplýsingatæknikerfi en netárásir geta haft alvarleg áhrif á rekstur og öryggi flugvalla. Öflug net- og upplýsingakerfi eru lykilþættir í starfsemi Isavia og því er forgangsmál að tryggja öryggi þessara kerfa og vernda þau fyrir árásum. Isavia fylgir kröfum öryggisstaðalsins ÍST EN ISO/IEC 27001 með verklagi sem dregur úr áhættu og ýtir undir stöðugan rekstur. Stefna Isavia um upplýsingaöryggi, sem var sett árið 2018, er uppfærð reglulega og þá gilda kröfur um ábyrga meðhöndlun upplýsinga einnig um samstarfsaðila.

Félagið leggur mikla áherslu á stöðugar úrbætur og bestun ferla og verklags sem snúa að persónuvernd. Á árinu 2024 bárust engar tilkynningar eða kvartanir um brot á persónuvernd í starfsemi Isavia, hvorki frá viðskiptavinum né eftirlitsaðilum.

Stafrænt öryggi

Stafrænt öryggi er grunnforsenda fyrir rekstur mikilvægra innviða. Lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða styðja við netöryggi á Íslandi þar sem lögð er áhersla á áhættustýringu, forvarnir og viðbúnað. Þessi atriði voru áberandi á þingi Norðurlandaráðs og leiðtogafundi Norðurlanda og Úkraínu þar sem gott samstarf Isavia við CERT-IS reyndist vel.

Á árinu var gerður samstarfssamningur við Defend Iceland sem eykur sérfræðipækkingu og öryggisprófanir, styrkir stöðu Isavia í baráttunni við netógnir og leggur grunn að öruggri stafrænni framtíð. Miklar framfarir áttu sér einnig stað í fræðslumálum með nýjum áætlunum sem taka mið af þörfum starfsmannahópa og gera fræðsluna markvissari.

Hlutverk persónuverndarfulltrúa var fært inn til samstæðunnar sem eflir innri færni á sviði persónuverndar og tengist stefnu félagsins um stafræna þróun og aukið öryggi í meðferð persónuupplýsinga. Netöryggi í aðfangakeðjunni verður einnig sífellt mikilvægara í stafrænum heimi þar sem aukin áhersla er lögð á öfluga áhættustýringu og öryggisprófanir.

Væntanlegar alþjóðareglugerðir um netöryggi í flugiðnaði marka nýtt tímabil með ríkari áherslu á samræmda staðla og sterkari viðbúnað gegn netógnum. Þessi þróun skapar spennandi tækifæri fyrir flugiðnaðinn til að verða leiðandi í netöryggismálum og tryggja sjálfbærna og öruggan flugrekstur á komandi árum.

Samstarf um upplýsingaöryggi

Við horfum til framtíðar í netöryggismálum og vinnum stöðugt að því að tryggja öruggt og sjálfbært upplýsingatækniumhverfi. Þekking, hæfni og fagmennska starfsfólks eru lykilstoðir í þessari vegferð og sérfræðingar okkar í upplýsingaöryggi vinna í samstarfi við leiðandi aðila að þróun öryggismála Isavia. Félagið er aðili að mörgum vettvöngum þar sem netöryggi er í forgrunni, m.a. A-ISAC sem eflir netöryggi í flugiðnaði. Meðlimir A-ISAC eru fyrirtæki og stofnanir sem tengjast flugiðnaði, þar á meðal flugfélög, flugvellar, flugleiðsöguaðilar, birgjar og framleiðendur.

Á þessum vettvöngum hefur Isavia einnig tekið þátt í æfingum um viðbrögð við netárásum til að efla viðbúnað. Ísland er aðili að Eurocontrol sem styður net- og upplýsingaöryggi í rekstri flugvalla með upplýsingaskiptum, ráðgjöf og áhættumati. Þessi samstarfsvettvangur eykur vitund og undirbýr okkur fyrir síbreytilegar áskoranir framtíðarinnar.



0 Á árinu bárust engar tilkynningar um brot á persónuvernd

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Viðskiptavinir

Keflavíkurflugvöllur gegnir mikilvægu hlutverki við að taka á móti fjölbreyttum hópi flugfélaga sem fljúga til landsins frá ýmsum áfangastaðum. Mikil áhersla hefur verið lögð á þróun viðskipta á nýjum flugleiðum og aukinni flugumferð um Keflavíkurflugvöll með núverandi og nýjum viðskiptavinum. Undanfarin ár hefur Isavia fjárfest í þróun flugvallarins og er það nú þegar farið að skila sér í bættri aðstöðu fyrir farþega og starfsfólk flugvallarins.

Viðskiptavinir Keflavíkurflugvallar

Fjöldi flughreyfinga og farþega fjöldi eru þeir þættir sem hafa mest áhrif á umsvif Isavia. Tekjur Isavia á Keflavíkurflugvelli koma fyrst og fremst frá flugfélögum sem fljúga á flugvöllinn ásamt leigutekjum af veitinga- og verslunarrýmum auk annarra tekna af leigu á aðstöðu á flugvöllinum.

Utanaðkomandi þættir settu mark sitt á árið 2024 en eftirspurn ferðamanna til landsins var heldur minni en spár höfðu gert ráð fyrir. Ljóst er að erlend fjölmiðlaumfjöllun um eldgosin á Reykjanesskaga nálægt Grindavík sem hófust í nóvember 2023 hefur haft neikvæð áhrif á ferðalög fólks til landsins. Það sést einna best á sætanýtingu flugfélaga í nóvember, desember og janúar í samanburði við árið á undan en þá var neikvæðri fjölmiðlaumfjöllun að mestu lokið.

Heildarfjöldi farþega sem fóru um Keflavíkurflugvöll árið 2024 var tæplega 8,3 milljónir. Það er 2,2% undir upphaflegri spá sem gerði ráð fyrir tæplega 8,5 milljónum farþega á árinu. Heildarfjöldi farþega jókst um 7,3% á milli áranna 2023 og 2024. Alla mánuði ársins 2024 var farþega fjöldinn yfir fjölda sömu mánaða árið 2023 en mesta aukningin var á fyrsta ársfjórðungi þegar farþega fjöldi jókst um 19,1% milli ára.

Árið 2024 voru í heildina 28 flugfélög í farþegaflutningum til og frá Keflavíkurflugvelli, þar af voru 16 flugfélög sem flugu allt árið, 11 bættust við yfir sumarið og tvö sem flugu aðeins að vetri til. Flogið var til 98 áfangastaða í heildina, þar af voru 92 áfangastaðir yfir sumartímann og 78 yfir vetrartímann. Vinsælustu áfangastaðirnir þetta árið voru London, Kaupmannahöfn, New York, París og Amsterdam.

Erlendir ferðamenn voru rúmlega 2,2 milljónir en fjöldi þeirra jókst um 2,1% á milli ára. Heildarfjöldi erlendra ferðamanna var 4,8% frá því sem spáð hafði verið fyrir árið. Íslendingar á leið erlendis voru rétt rúmlega 600 þúsund sem er svipaður fjöldi og árið 2023 eða aukning um 0,1% milli ára. Heildarfjöldi Íslendinga á árinu var því innan við 1% frá því sem spáð var.

Hlutfall tengifarþega var 31% á árinu og 27% árið áður en það hefur hækkað jafnt og þétt á milli ára. Fjöldi tengifarþega jókst um 21%, úr rúmlega 2,1 milljón farþega árið 2023 í tæplega 2,6 milljónir farþega árið 2024.

Fjöldi flughreyfinga í farþegaflugi var 55.377 árið 2024, en 52.085 árið áður, sem er 6,3% vöxtur á milli ára. Fjöldi flughreyfinga í fraktflugi var 1.867 á árinu, en 2.217 árið áður, samdráttur uppá 15,8% milli ára. Umsvifamestu fraktflugfélögin á Keflavíkurflugvelli voru Icelandair, DHL, AirExplore og Bluebird Nordic. Samtals voru rúmlega 58 þúsund tonn flutt með flugi, en tæplega 60 þúsund tonn árið áður sem felur í sér 3% samdrátt á milli ára. Innflutningur var á pari við fyrra ár svo munurinn liggur að mestu leyti í útflutningi.

Nýtt þjónustuver í brottfararsal

Nýtt þjónustuver í brottfararsal Keflavíkurflugvallar, þar sem áður var söluskrifstofa Icelandair, var tekið í notkun til að auka þjónustustig flugvallarins. Þar mun farþegaþjónusta Keflavíkurflugvallar sinna móttöku og upplýsingagjöf til farþega sem þurfa sérstaka aðstoð á leið sinni um flugvöllinn.

Aðstaðan verður opin milli kl. 03:00 til 23:00 alla daga og er stórt skref í bættri upplifun og þjónustu við farþega. Hlutfall farþega sem óska eftir aðstoð hækkar með hverju ári og því er mikilvægt að þjónustan og aðstaðan þróist samhliða breyttum þörfum. Upplýsingaborð í komusal verður hluti af þjónustuverinu.



Flugfélög í farþegaflutningum

28



Áfangastaðir

98

1. London
2. Kaupmannahöfn
3. New York
4. París
5. Amsterdam

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Viðskiptavinir Isavia ANS

Helstu viðskiptavinir Isavia ANS eru flugfélögin sem þau þjóna. Þar af er Icelandair stærsti viðskiptavinurinn, hvort sem litið er til fjölda flugferða eða floginna kílómetra á íslenska flugstjórnarsvæðinu árið 2024. Í öðru og þriðja sæti með hæstan fjölda flugferða eru United Airlines og Play og þá eru United Airlines og Turkish Airlines í öðru og þriðja sæti á lista yfir flesta flogna kílómetra.

Auk flugfélaganna er Isavia ANS í nánu samstarfi við alþjóðlegar stofnanir á borð við Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO) og Eurocontrol, ásamt öðrum alþjóðlegum fyrirtækjum í flugleiðsöguþjónustu. Aðrir hópar sem fyrirtækið á í farsælu samstarfi við eru íslenskir hagaðilar, t.d. Samgöngustofa, Landhelgisgæslan, Veðurstofan og flugsamfélagið í heild sinni.

Samráð er haft við notendur flugleiðsöguþjónustu um rekstur og fjárfestingar og sem fer fram á sérstökum notendafundum. Þeir eru haldnir árlega með flugfélögum sem fljúga yfir Norður-Atlantshaf og tvisvar á ári með flugfélögum innanlands og öðrum viðskiptavinum, s.s. einkaflugmönnum, þyrluþjónustu og flugskólum. Samráð um aðra þætti flugleiðsöguþjónustu fer einnig fram með notendum á vettvangi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir Norður-Atlantshaf (NAT SPG).

Verslun og þjónusta

Árið 2024 var lögð mikil áhersla á að auka úrval í þjónustu fyrir gesti Keflavíkurflugvallar. Veitingastöðum var fjölgað og markmiðið var að þeir byðu upp á breytilega matseðla eftir tíma dags til að auka fjölbreytni og koma til móts við ólíkar þarfir gesta eftir því hvenær þeir eru á ferðinni. Rekstraraðilar voru sérstaklega hvattir til að bjóða upp á íslensk vörumerki og íslenska rétti ásamt því að notast við íslensk hráefni. Þá var áhersla lögð á hraða og bætta þjónustu við farþega. Draga yrði úr raðamyndun og bjóða um leið upp möguleika á að panta mat og drykk í sjálfsölum eða í gegnum síma á völdum veitingastöðum. Þrír nýir veitingastaðir voru opnaðir árið 2024 á veitingasvæði sem nefnt er Aðalstræti og tengist austurálmu flugstöðvarinnar.

Öll veitinga- og verslunarrými hafa verið boðin út í tengslum við þær framkvæmdir sem nú standa yfir á velliinum og gert er ráð fyrir að ljúki bráðlega. Breytingar vegna þessa hófust árið 2023 og hafa verið framkvæmdar í nokkrum áföngum en áætluð lok þeirra eru í byrjun ársins 2025.

Endurbætur hafa verið gerðar á verslunum sem fyrir eru og nýr rekstraraðili tók við gjaldeyrisþjónustu á flugvelliinum. Sprettiverslanir eða pop-up rými hafa verið vinsæl á flugvelliinum og því verður haldið áfram að bjóða upp á slíka þjónustu.


Rekstur bílastæðaþjónustu á Keflavíkurflugvelli gekk vel árið 2024. Vel hefur gengið að vekja athygli gesta á kostum nýja bílastæðakerfisins á flugvelliinum og þeirri sjálfvirkni sem því fylgir. Áfram er þó lögð áhersla á mikilvægi þess að bóka bílastæði tímanlega á vefnum til að farþegar fái stæði á betra verði og að nýting stæðanna sé fyrirsjáanleg fyrir reksturinn, sér í lagi á háannatíma. Nýtt bílastæðakerfi var einnig innleitt á innanlandsflugvöllum árið 2024. Kerfið er rekið af bílastæðaþjónustu Keflavíkurflugvallar fyrir Isavia Innanlandsflugvelli.

Umræðan um leigubílaþjónustu við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli var áskorun árið 2024. Fjöldi leigubíla þrefaldaðist frá því að ný reglugerð um leigubílaakstur tók gildi 2023. Skilmálar fyrir leigubíla á svæðinu voru uppfærðir í upphafi ársins 2024. Með þeim hefur verið hægt að taka fastar á ágreiningi sem komið hefur upp á leigubílasvæðinu.

Nýr vefur KEF

Eitt stærsta verkefni síðasta árs var útgáfa nýs vefs fyrir Keflavíkurflugvöll. Vefurinn er hannaður með notendaupplifun í forgrunni, með skýrari leiðsögn, betra aðgengi og uppfærðu útliti.

Ákveðið var að færa vefinn nær þörfum farþega og viðskiptafélaga með markvissari upplýsingagjöf og bjóða rekstraraðilum tækifæri til að koma vörum sínum og þjónustu á framfæri. Vefurinn er fyrsta snerting margra gesta við Keflavíkurflugvöll og hefur verið lykilverkefni í því að styrkja ímynd KEF sem þjónustuvettvangs.



kefairport.is

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Markaðs- og þjónusturannsóknir

Markaðs- og þjónusturannsóknir fara reglulega fram á Keflavíkurflugvelli sem hefur tekið þátt í og framkvæmt samræmda ASQ þjónustukönnun frá árinu 2004. Þessi könnun er alþjóðleg þjónustukönnun á vegum ACI sem mælir ánægju farþega á yfir 300 flugvöllum um allan heim. Könnunin gefur því góða mynd af því hvar við stöndum í samanburði við aðra flugvelli. Könnunin mælir ánægju farþega með þjónustu og upplifun af flugstöðinni. Mælingin nær til 31 þjónustuþáttar á flugvellinum auk þess sem spurt er um líðan farþega, heildaránægju og heildarupplifun þeirra af flugvellinum. Niðurstöður eru birtar ársfjórðungslega og nýttar til að gera úrbætur í takt við þarfir farþega og flugfélaga.

Keflavíkurflugvöllur hefur alla tíð verið ofarlega á meðal þeirra 119 flugvalla í Evrópu sem styðjast við könnun ACI. Einstaka sinnum hefur þó dregið úr heildaránægju farþega sem hefur yfirleitt mátt rekja til framkvæmda á flugvellinum eða mikils álags sökum aukins farþegafjölda.

Keflavíkurflugvöllur leggur metnað í að veita gestum flugvallarins framúrskarandi þjónustu. Endurbætur á verslunar- og veitingasvæðinu og stækkun flugbyggingarinnar eru liðir í að auka þægindi og þjónustu við gesti flugvallarins og mæta þörfum þeirra betur. Auk þess var stofnaður þjónustuhópur sem hittist ársfjórðungslega og fer yfir nýjar niðurstöður úr ASQ fyrir líðandi ársfjórðung. Þessi hópur samanstendur af deildarstjórum og sérfræðingum þvert á deildir sem eiga það sameiginlega að bera ábyrgð á ákveðnum þjónustuþáttum á Keflavíkurflugvelli. Tilgangurinn er að meta hvaða þjónustuþætti þarf til að viðhalda góðri þjónustu og hvar þarf að gera úrbætur. Í kjölfar þessara funda hafa vinnuhópar verið myndaðir sem hafa það hlutverk að bæta þjónustu á þeim þáttum þar sem ánægja gesta mælist minnst.

Á síðasta ári var ánægja gesta mæld fyrir hverja og eina rekstrareiningu á verslunar- og veitingasvæði Keflavíkurflugvallar. Þjónustumælingarkerfið sem heldur utan um þessar mælingar heitir Excite og er á vegum norska fyrirtækisins Retail X. Allir rekstraraðilar hafa aðgang að kerfinu og geta fylgst með ánægjumælingum í rauntíma fyrir sína einingu og borið saman

við aðrar rekstrareiningar á flugvellinum. Þannig geta þeir áttað sig á því hvaða þættir í þjónustuferlinu er ganga vel og hvar mætti gera úrbætur. Kerfið er mikilvægt verkfæri fyrir rekstraraðila til að bæta þjónustuupplifun og auka gagnsæi. Í hverjum mánuði veitir Keflavíkurflugvöllur viðurkenningar fyrir mesta ánægju gesta og fyrir mesta aukningu í mælingum á ánægju gesta á milli mánaða til rekstraraðila, annars vegar á sviði verslana og hins vegar á sviði veitingaþjónustu. Kerfið hefur reynst mjög vel fyrir Keflavíkurflugvöll og rekstrareiningar á verslunar- og veitingasvæðinu og því er til skoðunar að bæta fleiri þjónustuþáttum inn í kerfið á næstunni.

Vörumerkið KEF

Á árinu var haldið áfram að styrkja og þróa vörumerkið KEF með skýrri stefnu og markvissum aðgerðum. Við höfum það að leiðarljósið að glæða sérhvert augnablik með sérkennum Íslands og styrkja Keflavíkurflugvöll sem einstakan viðkomustað. Með herferðinni „Þar sem sögur fara á flug“ var lögð áhersla á að draga fram sögurnar sem lifa innan flugvallarins – sögur farþega af augnablikum sem gera ferðalög eftirminnleg.

Til að styðja við þessa stefnu var unnið að fjölmörgum verkefnum sem tengjast útliti, upplifun og framsetningu vörumerkisins KEF. Mikilvægur áfangi á árinu var áframhaldandi vinna við frekari mótun á leiðar- og skiltakerfi Keflavíkurflugvallar sem vísar gestum veginn þar sem sérstök áhersla er lögð á að íslenskan sé í forgrunni. Verkefnið hefur verið unnið með sérfræðingum á þessu sviði til að tryggja að breytingarnar endurspegli bæði praktiskar og notendavænar þarfir en að auki höfum við stuðst við hegðun notenda við mótun á kerfinu. Leiðarkerfið er enn í vinnslu en fyrsta prófun fór fram í lok árs 2024.

Markaðsráð KEF og öflugt samstarf við rekstraraðila

Á árinu var lögð aukin áhersla á að efla samstarf við rekstraraðila flugvallarins. Markaðsráð KEF hefur gegnt lykilhlutverki í því að samræma markaðsstarf á velli sambærilegt því sem tíðkast í verslarmiðstöðvum. Með markvissari stefnu og samstarfi við rekstraraðila höfum við lagt grunn að öflugri sameiginlegri nálgun í markaðssetningu á vöruframboði og þjónustu.



Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir

Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Innkaup

Rekstur Isavia snertir fjölmarga fleti íslenska hagkerfisins og nær aðfangakeðjan okkar til yfir tvö þúsund birgja. Aukin krafa um samfélagsábyrgð hvetur til stöðugra umbóta á keðjunni og ábyrg stýring hennar er mikilvægur þáttur í rekstri félagsins. Stýring og viðhald á sjálfbærri aðfangakeðju eykur líkur á hagkvæmum viðskiptum ásamt því að draga úr áhættu í rekstri.

Ábyrg stýring aðfangakeðju

Í birgjaskrá Isavia voru 2.187 virkir birgjar í árslok 2024. Þar af voru 87% innlendir birgjar og 13% erlendir. Hlutfall heildarviðskipta samstæðunnar við innlenda birgja var 89% og 11% við erlenda birgja. Tíu veltuhæstu birgjar hjá Isavia ohf. voru alls með 57,6% af heildarveltu 2024. Hjá dótturfélögum okkar var hlutfall tíu veltuhæstu birgja með eftirfarandi hætti: 69,9% hjá Isavia ANS ehf., 52,8% hjá Isavia innanlandsflugvöllum ehf. og 43% hjá Fríhöfninni ehf.

Birgjar félagsins, bæði íslenskir og erlendir, þurfa að skrá sig með rafrænum hætti og fylla út birgjaskráningarform á vefsvæði Isavia áður en viðskipti eiga sér stað. Vefsvæði innkaupadeildar er aðgengilegt öllum þeim sem vilja koma í viðskipti við félagið í gegnum heimasíðu Isavia, bæði á íslensku og ensku. Þar geta birgjar fundið upplýsingar um birgjaskráningu, rafræna reikninga, siðareglur birgja, viðskiptaskilmála og innkaupahætti félagsins.

Áður en unnt er að fylla út skráningarformið þarf viðkomandi að auðkenna sig með því að gefa upp nafn, netfang og símanúmer. Í birgjaskráningarformið eru m.a. settar inn stofnupplýsingar fyrir fjárhagskerfi félagsins sem notaðar eru við gerð pantana og einnig til að tryggja skilvirkt ferli reikninga sem eykur líkur á hagkvæmum viðskiptum. Við útfyllingu á birgjaskráningarforminu samþykkja birgjar viðskiptaskilmála félagsins og siðareglur birgja.

Aukin krafa um að birgjar auðkenni sig, skrái sig með rafrænum hætti og fylli út birgjaskráningarformið kom til framkvæmda á árinu 2024. Á árinu 2025 verður óskað eftir því að birgjar sem stofnaðir voru í fjárhagskerfi félagsins áður en krafa um birgjaskráningarform kom til skrái sig að nýju með sama hætti og nýir birgjar félagsins þurfa að gera í dag.

Kröfur við innkaup

Innkaup Isavia eru framkvæmd í samræmi við lög nr. 120/2016 um opinber innkaup, reglugerð nr. 340/2017 um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu ásamt reglugerð nr. 950/2017 um sérleyfissamninga um verk eða þjónustu eftir því sem við á hverju sinni.

Í öllum útboðum og stærri verðfyrirspurnum er farið fram á grunnhæfi fyrirtækja, m.a. að þau standi í skilum á vörslusköttum, opinberum gjöldum og lögboðnum iðgjöldum í lífeyrissjóðum. Þjóðendum í vanskilum er vísað frá.

Í samningum okkar er ákvæði um bann við gerviverktöku og jafnframt mælt fyrir um að ráðningarsamband skuli vera meginregla í samskiptum starfsfólks og verksala. Þetta er gert til þess að tryggja að öll launþegagjöld, hverju nafni sem þau nefnast, séu greidd og að farið sé eftir ákvæðum kjarasamninga.

Nýir viðskiptaskilmálar sem eru aðgengilegir á heimasíðu félagsins tóku gildi 16. desember 2024 en í þeim er m.a. komið inn á greiðsluskilmála félagsins, ýmsa samningsskilmála, s.s. uppsögn, vanefndir og riftun, framsal, hugverka- og eignarétt, takmörkun ábyrgðar, persónuvernd, trúnað og fleira. Samræmdir greiðsluskilmálar tryggja félaginu 30 daga greiðslufrest hjá íslenskum birgjum og 45 daga hjá erlendum birgjum sem lækkar fjármögnunarkostnað félagsins og eykur heilbriggt sjóðstreymi.


Til að tryggja rekjanleika kostnaðar og samræmda greiðsluskilmála er ávallt vísað til viðskiptaskilmála félagsins við innkaup, hvort sem er í samningum eða innkaupapöntunum. Aðili sem selur verk, vöru eða þjónustu til félaga innan samstæðunnar telst hafa samþykkt gildandi viðskiptaskilmála Isavia.

Árið 2023 var framkvæmt birgjamat á 10 stærstu birgjum Isavia og hélt vinna við þróun birgjamats áfram á árinu 2024. Markmið með birgjamatinu var m.a. að kalla eftir upplýsingum um stefnu og markmið fyrirtækja í umhverfismálum, fjölbreytileika á vinnustað, kolefnisspor, siðareglur, starfsreglur, stefnu um mútur og sjálfbær innkaup. Birgjamat nýttist m.a. fyrir félagið til að þekkja betur aðfangakeðju sína og veitir upplýsingar sem hjálpa til við að greina úrbótataækifæri í tengslum við ríkari kröfur um upplýsingagjöf fyrirtækja á virðisheðjum þess. Á árinu 2025 stendur til að innleiða formlegt birgjamat í upphafi innkaupaferils og þá aðallega á kritískum birgjum, þar sem gerð verður áreiðanleikakönnun og birginn áhættumetinn. Í þessari vinnu er horft til þess að kritískur birgi sé birgi sem hefur lykilhlutverk í starfsemi eða framleiðsluferli þannig að rekstur fyrirtækisins sé háður afhendingu á vörum, verki eða þjónustu hans.

Siðareglur birgja

Isavia hefur gefið út [siðareglur birgja](#) en allir birgjar sem eiga í viðskiptum við samstæðuna þurfa að staðfesta að reglunum sé fylgt í starfsemi þeirra. Í reglunum er einnig gerð krafa um að birgjar sem félagið skiptir við sjái til þess að þeirra eigin birgjar geri slíkt hið sama. Með því að samþykkja siðareglurnar sýna birgjar samfélagslega ábyrgð í verki í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu.

Siðareglur birgja eru ávallt hluti af útboðsgögnum, m.a. til að takmarka líkur á að nauðungar-, skyldu- eða barnavinna sé nýtt við framleiðslu á aðföngum og búnaði sem keypt eru á innlendum og alþjóðlegum markaði. Í samningum Isavia er ýmist vísað í siðareglur birgja eða þær hafðar með sem fylgiskjal.



Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir

Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Nýjar innkaupareglur og rekjanleiki innkaupa

Nýjar innkaupareglur voru samþykktar af forstjóra fyrirtækisins og tóku þær gildi þann 29. febrúar 2024. Þar er lögð áhersla á að auðvelt sé að fylgja reglunum, innkaup fyrir lægri fjárhæðir eru einfölduð, ábyrgðar- og hlutverkaskiptingu eru gerð betri skil og rekjanleiki innkaupa er aukinn með því að taka í notkun nýtt innkaupakerfi og samningsstjórnunarkerfi. Þá var nýr innri vefur innkaupa tekinn í notkun en þar hefur starfsfólk félagsins aðgengi að öllum þeim upplýsingum sem það þarf að búa yfir varðandi innkaup félagsins og hvernig skuli standa að þeim.

Nýtt innkaupakerfi var innleitt og tekið í notkun hjá samstæðunni snemma sumars 2024. Með tilkomu kerfisins hefur orðið mikil breyting við gerð pantana hjá fyrirtækinu. Fjárhéimildir innkaupaaðila við innkaup hafa verið skilgreindar og hafa innkaupaaðilar einir heimild til að framkvæma pantanir í kerfinu. Innkaupaaðilar framkvæma nú sjálfir sín innkaup með gerð pöntunar í tölvu eða síma og geta sent rafrænar innkaupapantanir til birgja úr kerfinu hvar sem þeir eru staddir. Sé fjárhæð pöntunar yfir heimild viðkomandi starfsmanns fer pöntunin til samþykkis til næsta yfirmanns áður en pöntunin gengur í gegn.

Í innkaupakerfinu hafa allir innkaupaaðilar yfirsýn yfir sínar pantanir. Á innri síðu innkaupadeildar sem opin er öllu starfsfólki Isavia hefur starfsfólk aðgang að Power Bi skýrslu sem heldur utan um allar pantanir sem gerðar eru hjá félaginu. Þar er m.a. hægt að skoða og fletta upp fjölda pantana niður á deildir, út frá upphæðum, birgjum og innkaupaaðilum. Með tilkomu kerfisins hefur nú þegar orðið mikil aukning á skráningu á pöntunum. Þá samræmist kerfið nýjum innkaupareglum Isavia vel þar sem segir að allir reikningar til félagsins vegna innkaupa skulu bera tilvísun til pöntunar eða samnings.

Á síðari hluta ársins 2024 hófst einnig vinna við uppsetningu og innleiðingu á nýju samningsstjórnunarkerfi sem mun halda utan um alla samninga félagsins. Þjálfun starfsfólks stendur nú yfir og er stefnt á að allir nýir samningar félagsins verði skráðir í kerfið frá og með árinu 2025. Með tilkomu innkaupakerfisins og samningsstjórnunarkerfisins mun rekjanleiki innkaupa aukast til muna og við fáum töluvert betri yfirsýn á innkaupum félagsins sem skilar sér í skilvirkari vinnubrögðum, auknum sparnaði og minnkar líkur á tekjuleka.

Útboð og samningsviðræður

Mörg þeirra útboða sem fóru fram og lauk á árinu einkenndust af tímafrekum en vönduðum viðræðuferlum sem munu skapa mikið virði fyrir félagið. Sem dæmi um slík útboð mætti nefna rekstur

friðhafnarverslunar, mathallar, hraðbanka, gjaldeyrisstöðvar og sjálfsafgreiðslulausna á Keflavíkurflugvelli. Þá var farið í samningsviðræður vegna Remote Tower fyrir Reykjavíkurflugvöll ásamt því að rammasamningur hönnuða var boðinn út að nýju. Önnur innkaup sem boðin voru út á árinu voru m.a. útboð á váttryggingum félagsins, RFI sendum, varaafstöðvum fyrir Keflavíkurflugvöll, starfsmannafatnaði fyrir starfsfólk flugvallarins, slökkvibífreiðum fyrir innanlandsflugvelli, útboð á rafmagnsvörubífreið, innkaup á ökutækjum, efni til hálkueyðingar á flugvöllum og LED skjáum í komusal Keflavíkurflugvallar.

Gagnvirk innkaupakerfi, rammasamningar og markaðskannanir

Innkaup í gegnum gagnvirk innkaupakerfi (e. Dynamic Purchasing System, DPS) hafa aukist og hefur félagið nú gert þrjá slíka samninga við alls 30 birgja. Samningarnir ná yfir innkaup á LED skjáum, nýjum ökutækjum og vinnuvélum ásamt innkaupum á afísingarvökva fyrir flugbrautir. Eftir að samningur er kominn á eru innkaup framkvæmd með lokuðum útboðum innan kerfisins. Til stendur að fjölga samningum við birgja í gegnum gagnvirk innkaupakerfi á árinu 2025. Kerfin hjálpa okkur að uppfylla markmið Isavia um kolefnishlutlausan rekstur fyrir árið 2030 og styðja m.a. við ferli um að skipta út ökutækjum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti fyrir ökutæki sem nota umhverfisvænni orkugjafa. Helstu kostir við rekstur þessara samninga eru að þeir bjóða upp á virka samkeppni og nýir birgjar geta komið inn í samningana hvenær sem er á gildistímanum svo framarlega sem að þeir uppfylla lágmarkskröfur um hæfi sem settar eru fram í hverju útboði fyrir sig.

Félagið býður reglulega út rammasamninga en eftir því sem DPS kerfum fer fjölgandi fækkar rammasamningum á móti. Þó nokkrir rammasamningar eru í gildi hjá félaginu en öll innkaup á vöru, þjónustu og verklegum framkvæmdum sem samningarnir ná utan um fara fram innan þeirra.

Notkun markaðskannana hefur stórauðist hjá félaginu og er það orðið algengara en ekki að gerðar séu slíkar kannanir áður en innkaupaferli hefst, hvort sem um er að ræða innkaup á vörum, verki eða þjónustu. Einnig eru gerðar markaðskannanir við undirbúning á útboðum á sérleyfum. Markaðskannanir eru gjarnan auglýstar á TED, sameiginlegum útboðsvef Evrópusambandsins, en einnig með öðrum hætti eftir því hvað á við hverju sinni. Markmiðið er að undirbúa innkaup, afla upplýsinga og upplýsa fyrirtæki um áætluð innkaup og þær kröfur sem gerðar eru í tengslum við þau.



Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Uppbygging og þróun

Með sjálfbærni að leiðarljósi vinnur Isavia markvisst að lágmörkun umhverfisáhrifa og virðissköpun fyrir og með samfélaginu samhliða því að tryggja aukna hagkvæmni í rekstri. Þróun og uppbygging Keflavíkurflugvallar er umfangsmikið verkefni sem hefur áhrif á umhverfi, samfélag og efnahag og Isavia tekur þá ábyrgð alvarlega. Markvisst er unnið að tæknilegri nýsköpun með það að markmiði að innleiða stafrænar lausnir sem hámarka arðsemi Isavia og bæta upplifun.

Skipulag og þróun

Þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar er framtíðarsýn um hvernig flugvöllurinn getur þróast í takt við farþegafjölda og þarfir samfélagsins.

Við vinnslu þróunaráætlunar höfum við leitast við að eiga í góðu sambandi við nærsamfélagið. Samráðsfundir eru haldnir við mótun hennar og framvinda hennar kynnt fyrir hagaðilum og fjölmiðlum. Markmiðið er að miðla upplýsingum um uppbyggingaráform og framtíðarsýn Keflavíkurflugvallar til hagaðila ásamt því að sýna fram á áfangaskiptar og sveigjanlegar áætlanir sem taka mið af farþega- og umferðarspám.

Þróunaráætlunin var fyrst kynnt formlega árið 2015. Hún gildir til 25 ára og markmið okkar er að uppfæra hana á fimm ára fresti. Vinna við uppfærslu var vel á veg komin árið 2020 þegar henni var frestað vegna óvissu í flugheiminum. Árið 2022 var hafist handa á ný og uppfærð þróunaráætlun kynnt fyrir samstarfsaðilum á um 30 samráðsfundum með sveitarfélögum, flugfélögum, afgreiðsluaðilum, Landhelgisgæslu, slökkviliði og ýmsum öðrum hagaðilum. Uppfærð þróunaráætlun var síðan kynnt fyrir stjórn Isavia til samþykktar á haustmánuðum 2022 og gefin út formlega í mars 2023.

Uppbyggingaráætlun tekur á fasaskiptingu og uppbyggingarröðun framkvæmda næstu 7 til 10 árin í samræmi við þróunaráætlun. Í uppbyggingaráætlun er fjallað sérstaklega um kostnaðar- og tímaáætlanir framkvæmda auk þess sem breytingar á farþegamynstri og flugumferð eru greindar í samhengi við uppbyggingaráform. Uppbyggingar- og þróunaráætlanir flugvallarins eru samþykktar af stjórn Isavia þegar þær hafa verið teknar fyrir af framkvæmdastjórn.

Mat á umhverfisáhrifum uppbyggingar á Keflavíkurflugvelli

Isavia óskaði eftir heimild Skipulagsstofnunar til að meta umhverfisáhrif framkvæmda við Keflavíkurflugvöll í heild. Var það gert eftir samráð við Skipulagsstofnun og með hliðsjón af þeim ávinningi sem ferli mats á umhverfisáhrifum getur skilað. Við mat á umhverfisáhrifum gengur flugvöllurinn lengra og sýnir fram á heildaráhrif uppbyggingaráætlunar sem er umfram það sem lög um mat á umhverfisáhrifum mæla fyrir um.

Umhverfismatsskýrslan gerir grein fyrir framkvæmdum sem Isavia áformar til ársins 2032 og helstu áhrifum þeirra. Þar er fjallað tvo valkosti auk núllkosta. Miðað er við mismikla uppbyggingu út frá forsendum um þróun farþegafjölda til ársins 2032, þ.e.a.s. hvort gert sé ráð fyrir nýjum landgangi, Austurfingri, eða ekki. Núllkostur felur í sér að ekki verði af framkvæmdum.

Á fyrsta stigi matsins, sem unnið var árið 2019, var mótuð matsáætlun þar sem framkvæmdin var skilgreind, gerð grein fyrir helstu áhrifaþáttum framkvæmdar og dregnir fram umhverfispættir sem lögð yrði áhersla á. Jafnframt var gerð grein fyrir rannsóknum og gögnum sem aflað yrði til að leggja mat á umhverfisáhrif mögulegra valkosta.

Skipulagsstofnun kynnti matsáætlun fyrir almenningi og leitaði álits umsagnaraðila. Almennigur, hagaðilar, leyfisveitendur og fagstofnanir fengu tækifæri til að koma ábendingum á framfæri. Skipulagsstofnun veitti álit sitt um matsáætlun með leiðbeiningum um vinnslu, efni og framsetningu á umhverfismatsskýrslu.

Síðari hluti matsins fór að mestu leyti fram árið 2022 ásamt því að umhverfismatsskýrsla var skrifuð. Gagnaöflun og mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar fara fram í samræmi við matsáætlun. Greint er frá niðurstöðum matsins í umhverfismatsskýrslu og m.a. gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum valkosta, niðurstöðum rannsókna, samræmi hvers valkosta við fyrirliggjandi áætlanir ásamt tillögum um mótvægisáðgerðir og vöktun. Á grundvelli niðurstaðna umhverfismats og samanburðar á kostum tekur framkvæmdaraðili ákvörðun og rökstyður hverjum þeirra hann mælir með.

Skipulagsstofnun skilaði áliti sínu um umhverfismat framkvæmda við stækkun Keflavíkurflugvallar 6. október 2023. Umhverfismatsskýrslan var lögð fram til Skipulagsstofnunar 3. mars 2023 og auglýst opinberlega 15. mars til 2. maí 2023. Niðurstaðan í áliti Skipulagsstofnunar er að stofnunin telji að skýrslan uppfylli skilyrði laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



Inngangur

Inngangsröð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur



Framkvæmdir og uppbygging á Keflavíkurflugvelli

Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli var vígð og tekin í notkun í apríl 1987. Hún var þá ríflega 20 þúsund fermetrar að stærð. Í lok ársins 2024 voru um 90 þúsund fermetrar í notkun í flugstöðinni en yfir 10 þúsund nýir fermetrar eru í byggingu og verður flugstöðin því orðin ríflega 100 þúsund fermetrar áður en árið 2025 er á enda, eða næstum fimmfalt stærri en við opnun.

Á fyrsta ári flugstöðvarinnar fóru 750 þúsund farþegar um flugstöðina. Árið 2024 fóru um 8,3 milljónir farþega um flugvöllinn. Farþegaspá fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir um 8,4 milljónum farþega. Ljóst er að fjárfesta þarf verulega í innviðum á Keflavíkurflugvelli ef mæta á þessum aukna farþegafjölda á máta sem uppfyllir alþjóðlega þjónustustaðla og metnað Isavia fyrir jákvæðri farþegaupplifun.

Uppbyggingaráætlun Keflavíkurflugvallar er gerð til að meta fjárfestingarþörfina og byggist á umfangsmikilli farþegagreiningu, tíma- og kostnaðaráætlun einstakra verkefna og innbyrðis fösun verkefna.

Árið 2024 var umfangsmesta árið í fjárfestingum á Keflavíkurflugvelli til þessa en það er þriðja árið í röð þar sem met er slegið í umfangi fjárfestinga á flugvöllinum. Fjárfest var fyrir samtals tæplega 17 ma.kr. Fjárfestingaráætlun fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir nokkuð lægri fjárfestingum á árinu en árið 2024 eða um 13,8 ma.kr.

Breska byggingar- og ráðgjafarfirmar Mace hefur frá upphafi ársins 2020 unnið sem samstarfsaðili Isavia að uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Fyrirtækið annast verkefnaumsjón og verkeftirlit vegna framkvæmda og veitir einnig ráðgjöf í tengslum við aðrar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, þar á meðal við tengibyggingu vegna breikkunar á landgangi á milli norður- og suðurbyggingar. Vinna Mace á árinu hefur m.a. snúið að verkefnastjórnun, stjórnarháttum verkefna, áhættumati, samskiptum við hagaðila, sjálfbærni o.fl.

Öll verkefni er lúta að stækkun flugstöðvarinnar eru hönnuð með það að markmiði að vera vottuð samkvæmt umhverfisvottunarkerfinu BREEAM.

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Flugstöðvakerfi

Framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli hófust í sumarbyrjun 2021 við undirbúning á stækkun norðurbyggingar flugstöðvarinnar til austurs. Austurbyggingin er mikilvægur liður í uppbyggingaráætlun Keflavíkurflugvallar. Fyrsti áfangi fól í sér uppsetningu nýs og afkastamikils farangursmóttökukerfis á jarðhæð sem opnað var á árinu 2023. Eftir breytingarnar er komusalur mun rýmri en vinnu við stækkun á fríhöfninni lauk vorið 2024.

Næsti áfangi viðbyggingarinnar opnaði árið 2024 þegar nýtt verslunar- og veitingasvæði var tekið í notkun. Framkvæmdum við ný flugvélastæði og hlið lauk að mestu fyrir áramót og er gert ráð fyrir þessum stæðum í fullan rekstur í mars 2025.

Við suðurbyggingu flugstöðvarinnar (stæði 10) hófust framkvæmdir á tveggja hæða viðbyggingu í janúar 2024. Með henni verður aðstaða fyrir farþega bætt við brottfararhlið í austurenda byggingarinnar. Hluti af verkefninu er gerð nýrrar landgöngubrúar en einnig stendur til að breyta akstursleiðum flugvéla með aðgerðum á vellinum. Gert er ráð fyrir að þessi viðbygging verði tekin í notkun sumarið 2025.

Næstu fyrirhuguðu stóráfangar í uppbyggingu Keflavíkurflugvallar verða annars vegar stækkun tengingar á milli norður- og suðurbyggingar og hins vegar áframhaldandi fjölgun flugvélastæða til austurs með Austurfingri.

Núverandi landgangur verður breikkaður og með nýju og björtu miðjurými skapast betri tenging á milli álma flugstöðvarinnar. Þá mun aðstaða komufarþega batna með vegabréfaskoðun, nýrri friðhöfn og stærra þjónusturými. Hönnunarvinna hefur staðið yfir undanfarin ár en gert er ráð fyrir að framkvæmdir á flughlaði við bygginguna hefjist árið 2025 og vinna við bygginguna sjálfa árið 2026.

Þróunaráætlun gerir ráð fyrir fjölgun flugvélastæða til austurs í framhaldi af austurbyggingu. Segja má að austurbygging sé fyrsti áfangi þeirrar stækkunar þar sem tengingar við eldri mannvirki eru leystar. Þetta gerir okkur kleift að fjölga flugvélastæðum á flugvellinginum í skynsamlegum áföngum í samræmi við flotaáætlanir stærstu viðskiptavina.

Flugbrautarkerfi

Verkefnum sem snúa að flugbrautarkerfi Isavia er ætlað að auka afköst og öryggi flugbrauta og greiða úr flöskuhálsum sem þar gætu myndast. Mike er ný akbraut fyrir flugvélar sem er um 1200 m löng og 35 m breið. Framkvæmdum við hana lauk á árinu 2023 og umferð var hleypt á fyrstu nýju akbraut á flugvellingum strax frá opnun.

Hönnun er hafin á næsta akbrautarverkefni sem kallast Bravo og liggur hún samsíða núverandi akbraut, November. Akbrautinni er fyrst og fremst ætlað að greiða fyrir aukinni umferð flugvéla til og frá flughlaði sem er tilkomin vegna fjölgunar flugvélastæða til austurs.

Hönnun er einnig hafin á bættri aðstöðu til afísingar flugvéla. Aðstaðan verður á sérsvæði en með tilkomu hennar verður einnig hægt að safna umframvökva sem fellur til við afísingu flugvéla. Auk þess er hagræðing í því að færa afísingu frá flugstöð þar sem það stýttir biðtíma flugvéla við hlið.

Aðkoma, bílastæði og vegakerfi

Sérstök uppbyggingaráætlun fyrir forgarð flugstöðvarinnar var samþykkt af stjórn Isavia haustið 2022. Uppbyggingaráætlunin tekur mið af þörfum og bættri upplifun farþega og tekjumöguleikum er varða mögulegt hótél, samgöngur og verslun og þjónustu utan haftasvæðis.

Auknum fjölda flugfarþega fylgir meiri umferð um aðkomusvæði Keflavíkurflugvallar. Stærra og aðgengilegra svæði fyrir rútur og leigubíla eru því hluti af uppbyggingu aðkomusvæðis flugvallarins enda ferðast stór hluti ferðamanna með þessum fararkostum. Framkvæmdir við ný rútustæði fyrir áætlunarferðir eru langt komnar. Samtals verða stæðin fjögur talsins. Fyrstu stæðin hafa þegar verið tekin í notkun en áætluð verklok eru á fyrri hluta árs 2025.

Yfirbyggingu gönguleiða hefur verið skipt upp í tvo áfanga og er undirstöðuvinnan hafin. Í þeim fyrri verður byggt yfir gönguleiðir að innri rútustæðum og bílastæðum sem staðsett eru við komusvæði, nánar tiltekið skammtímastæðum á P2. Í seinni áfanga framkvæmdanna verður byggt yfir gönguleiðir að langtímastæðum á P3 og ytri rútustæði.

Í hönnun er breyting á aðkomu akandi vegfarenda við flugvöllinn. Verður það gert með því að útbúa hringtengingu fyrir framan flugstöðina. Hringtorg verður sett upp á gatnamótum Reykjanesbrautar og Arnarvalla og því verður ein akstursátt fyrir framan flugstöðina þar sem ekið er út úr hringtorginu.

Í framhaldi af veginum sem er þegar til staðar fyrir framan flugstöðina bætist við vegspotti þaðan sem vegurinn endar í dag og alla leið að Reykjanesbrautinni sem myndar hringtengingu. Með þessari breytingu má draga úr umferð næst flugstöðinni og koma í veg fyrir þveranir ökutækja yfir akreinar. Þá mun öll þjónustuumferð, svo sem umferð vegna framkvæmda og flutninga með aðföng, fara fram um aðra aðkomu að flugstöðinni. Þessar breytingar koma til með að bæta öryggi og aðkomu við flugvöllinn til muna.

Til að mæta aukinni umferð ferðamanna um flugvöllinn verður langtíma- og skammtímabílastæðum fyrir flugfarþega fjölgað ásamt stæðum fyrir starfsfólk. Áætlað er að reisa tvö bílastæðahús á fjórum hæðum með kjallara. Það fyrra verður reist vestanmegin við flugstöðina (á núverandi P1) en þar verður pláss fyrir um 1.800 bíla. Bílastæðahús norður af flugstöðinni er fyrirhugað í samræmi við langtímauppbygginu flugvallarins.

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðisisköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Þjónusta og rekstur á Keflavíkurflugvelli


Þjónustustig og öryggi er ávallt í forgangi í rekstri Keflavíkurflugvallar en vel gekk að uppfylla þjónustuviðmið samhliða fjölmörgum viðhalds- og uppbyggingarverkefnum á árinu. Verklag og ferlar eru í stöðugri endurskoðun og vel er fylgst með tækniþróun og hún innleidd eftir þörfum til að styðja við lykilverla flugvallarins.

Tækniumhverfi fyrir innritun og sjálfsafgreiðslu farangurs endurnýjað

Á árinu lauk endurnýjun á tæknilegum innviðum fyrir innritunarlausnir á Keflavíkurflugvelli. Að undangengnu útboði var samið við Amadeus. Búið er að endurnýja allan búnað á innritunarborðum og hliðum ásamt kioskum og sjálfsafgreiðslustöðvum fyrir farangur. Með því að semja við einn birgja um þessar lausnir náum við aukinni samlegð og getum fjölgað flugfélögum sem nýta búnaðinn. Þannig ætti innritunarferlið að vera þægilegra og fljótlegra fyrir farþega á leið þeirra í gegnum Keflavíkurflugvöll.

Uppfærsla á flugupplýsingakerfi

Á árinu lauk uppfærslu á flugupplýsingakerfi Keflavíkurflugvallar sem er frá Veovo. Kerfið var fyrst innleitt árið 2016. Flugupplýsingakerfið er grunnkerfi í rekstri flugvallarins en gögn í kerfinu liggja til grundvallar innheimtu flugvallargjalda, m.a. aðflugs- og leiðarflugsgjalda. Kerfið er bæði notað af Keflavíkurflugvelli og innanlandskerfinu og eru notendur yfir 1000 talsins. Með uppfærslunni er notendaviðmótið orðið nútímalegra og einfaldara og þá er auðveldara að aðlaga kerfið að þörfum flugvallarins.



A-SMGCS kerfi undirbúið á Keflavíkurflugvelli

Á árinu var tekin ákvörðun um að innleiða „Advanced Surface Movement Guidance and Control System“ (A-SMGCS) á Keflavíkurflugvelli. Undirbúningur hefur staðið yfir í nokkur ár en kerfið gerir Keflavíkurflugvelli kleift að viðhalda afköstum við stjórn flugvallarumferðar við mismunandi veðurskilyrði. A-SMGCS kerfið inniheldur einnig öryggis- og eftirlitsvirkni sem hönnuð er til að auka skilvirkni og öryggi í hreyfingum loftfara og farartækja á umferðarsvæðinu. Ávinningur af því að innleiða kerfið er margþættur rekstrarlega og tryggir að flugvöllurinn uppfylli almenna staðla og kröfur sem gerðar eru til alþjóðlegra flugvalla. Aukinn áreiðanleiki flugvallarins styður enn frekar við hámarksun á nýtingu núverandi innviða, aðallega flug- og akbrautakerfis.

Kerfið eykur öryggi til muna með því að greina raunstaðsetningu loftfara og annarra farartækja á flugvöllum í öllum veðurskilyrðum. Rík þörf er á að viðhalda afkastagetu í hreyfingum loftfara í lélegu skyggni og er reynsla annarra flugvalla sú að með innleiðingu A-SMGCS sé mögulegt viðhalda allt að 80% af hefðbundinni afkastagetu flugvallarins í erfiðum veðurskilyrðum.

A-SMGCS kerfi byggir á fleiri en einum kerfishluta og er stuðst við skilgreiningar frá Eurocontrol og ICAO við val á kerfishlutum. Á Keflavíkurflugvelli er lögð áhersla á að velja þá kerfishluta sem skila mestum ávinningi fyrir flugvöllinn en aðrir hlutar verða metnir þegar fram líða stundir.

Kerfið mun einnig gefa flugumferðarþjónustunni möguleika á aukinni sjálfvirkni í samskiptum flugturns og annarra eininga líkt og flugstjórnarmiðstöðvar, Landhelgisgæslunnar, afgreiðsluaðila á flugvöllum og stjórnstöðvar Keflavíkurflugvallar (APOC) sem og við flugmenn við útgáfu flugheimilda. Kerfið mun safna gögnum og geyma þau aftur í tímann en reiknað er með því að það ýti undir aga, auki rekstrargæði í flugvallarsamfélaginu öllu og fækki atvikum tengdum farartækjum.

Sé horft er til þróunaráætlunar er ljóst að flug- og akbrautakerfi flugvallarins verður að þróast tæknilega og styðja við kröfur um aukna afkastagetu í öllum veðurskilyrðum. Með innleiðingu kerfisins aukum við þjónustu við flugfélög og stuðlum að því að þau velji Keflavíkurflugvöll sem sinn áfangastað þar sem hann uppfyllir þekktu staðla varðandi tæknilegt umhverfi fyrir þjónustu og rekstur. Áætlanir gera ráð fyrir því að kerfið verði tekið í notkun á seinni hluta ársins 2026.

Verkefnið er unnið í samvinnu við Isavia ANS.

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Umbótaverkefni Isavia ANS

Endurnýjun fluggagnavinnslukerfis

Framvinda verkefna sem snúa að endurnýjun fluggagna-vinnslukerfa fyrir flugstjórnarmiðstöð hefur verið umtalsverð á árinu 2024. Fyrstu útgáfur af Polaris Stripless, sem fyrirhugað er að taka í notkun í flugstjórnarmiðstöðinni árið 2026, hafa þegar verið settar upp í tilraunaumhverfi í Hlíðarsmára og hjá Isavia ANS. Kerfið vakti jákvæð viðbrögð þegar það var kynnt fyrir flugumferðarstjórum og öðrum starfsmönnum sem sýndu því mikinn áhuga.

Teymi Isavia ANS tók þátt í Airspace World þar sem kynntar voru lausnir frá stærstu söluaðilum á markaðnum og boðið upp á sýnikennslu á kerfum þeirra. Í kjölfarið gerði félagið markaðskönnun á árinu en í kjölfarið var sett saman skjal sem veitti yfirsýn yfir helstu þarfir á fluggagnavinnslukerfum og hvaða áskorunum við stöndum frammi fyrir á þessu sviði. Skjalinu var því næst dreift í gegnum sameiginlegan útboðsvef Evrópusambandsins (TED) til að meta tiltækar lausnir á fluggagnavinnslukerfum sem gætu komið til móts við stefnumótandi og rekstrarlegar þarfir Isavia ANS. Viðbrögðin voru mjög góð og margir söluaðilar heimsóttu höfuðstöðvar ANS til að kynna lausnir sínar betur. Ljóst er að tímarammi verkefnisins er krefjandi þar sem nýtt kerfi þarf að vera tilbúið til innleiðingar fyrir febrúar 2029. Þetta kallar á nákvæma áætlanagerð og vandaða ákvarðanatöku. Nú stendur yfir ítarleg greiningarvinna sem er ætlað að svara því hvort Isavia ANS ætti að fjárfesta í tilbúnu kerfi frá þekktum söluaðilum og aðlaga það að sínum rekstri eða halda áfram að þróa sérsniðið kerfi í samstarfi við dótturfélagið Tern Systems.

Niðurfelling úthafsheimilda

Eitt stærsta og umfangsmesta verkefnið sem var innleitt í flugstjórnarmiðstöðinni árið 2024 var niðurfelling úthafsheimilda (e. Oceanic Clearance Removal, OCR). Verkefnið hafði verið lengi í vinnslu á öllu NAT-svæðinu en innleiðingu hafði áður verið seinkað vegna vandræða við innleiðingu í Gander og Shanwick. Breytingin var innleidd að kvöldi 20. mars 2024 í Reykjavík og á portúgalska svæðinu Santa Maria. Á sama tíma var gerð breyting á orðtökum við heimildagjöf innanlands.

Úthafsheimildir voru upphaflega notaðar til að tryggja að flugmenn og flugumferðarstjórar hefðu örugglega sömu upplýsingar um flugleið, hæð og hraða flugvéla á tímum þar sem fjarskiptaþjónusta byggði að mestu á hátíðnisamskiptum (e. High Frequency, HF) og eftirlit með flugferlum fór fram með stöðutilkynningum frá flugmönnum. Með þróun í tæknibúnaði flugvéla og flugleiðsöguþjónustu hefur þessi aðferð orðið óþörf. Nákvæmara flug dregur úr líkum á frávikum frá flugferlum auk þess að flugumferðarstjórar geta nú fylgst betur með raunstaðsetningu flugvéla með hjálp Radar, ADS-B og ADS-C. Auk þess hefur sjálfvirkni í flugstjórnarkerfum aukist sem gerir flugmönnum kleift að fylgjast með fylgni við flugferla og senda viðvaranir ef flugvél stefnir út af ferli. Staðfesting á fyrirhugaðri flugleið í gegnum úthafssvæðið fer einnig fram með CPDLC skeytum sem eykur enn frekar öryggi og skilvirkni.

Flugferlahönnun

Flugferlahönnuðir ANS bera ábyrgð á því að þróa og hanna flugleiðir, aðflugs- og brottflugsferla fyrir flugvelli Isavia. Þetta felur í sér að reikna út öruggar og hagkvæmar leiðir, bæði fyrir komu og brottför flugvéla þar sem tekið er tillit til landslags, hindrana, loftslags, loftrýma og annarra þátta sem hafa áhrif á flug. Öll hönnun fer fram samkvæmt ICAO stöðlum. Isavia ANS sinnir flugferlahönnun fyrir Ísland, Grænland og Færeyjar. Á árinu 2024 var unnið að ýmsum verkefnum, þar á meðal voru 15 nýjar hannanir, þrjár endurskoðanir á eldri hönnun, tvær endurskoðanir á ENR kortum og 45 hindranaútreikningar en vinnsla við slíka útreikninga hefur aukist gríðarlega síðustu ár.

Flugferlahönnun á Grænlandi hefur aukist á undanförnum árum. Á árinu hönnuðu flugferlahönnuðir Isavia ANS nokkra flugferla fyrir nýja flugbraut í Nuuk og fyrir nýtt brottflug í Kangerlussuaq. Áframhaldandi verkefni bíða svo á Grænlandi þar sem verða m.a. hannaðir nýir flugferlar fyrir Ilulissat og nýjan flugvöll í Qaqortoq.

Flugprófanir

Flugprófanadeild Isavia ANS sinnir föstum flugprófunarverkefnum á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum. Til þess er notast við flugvél fyrirtækisins TF-FMS sem er skrúfupota af gerðinni Beechcraft King Air B200, árgerð 1985. Vélin er fyrst og fremst notuð til reglubundinna flugprófana á hefðbundnum flugleiðsögubúnaði og til prófunar og fullgildingar á nýrri flugferlahönnun en vélin er sérútbúin til þess að sinna þessum verkefnum. Tækin sem notuð eru í þessar prófanir eru frá Norska fyrirtækinu Norwegian Special Mission (NSM) og henta afar vel í þessi verkefni. Auk hefðbundinna flugprófunar verkefna sinnir Isavia ANS líka reglubundnum mælingaflugum fyrir Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og Almannavarnir við vöktun á eldstöðvunum í Örfæjökli, Bárðarbungu og Kötlu.

Árið 2024 voru flugprófunarverkefni Isavia ANS fjölbreytt að venju. Tvær ferðir voru farnar til Færeyja í reglubundnar prófanir og í júní mánuði var farið í reglulegar flugprófanir til Grænlands þar sem mælingar á tækjabúnaði 7 flugvalla fóru fram á vesturströnd

Grænlands. Tilgangur verkefnisins er að tryggja nákvæmni mikilvægra flugleiðsögukerfa og aðflugstækja, þar á meðal PAPI ljósa og DME. Nyrsti flugvöllurinn sem heimsóttur var er flugvöllurinn í Qaanaaq, en það þorp er staðsett rétt norður af 77. breiddargráðu. Qaanaaq er nyrsta byggð Grænlands, með fasta búsetu allan ársins hring og er ein nyrsta byggð heims, með rétt rúmlega 600 íbúa. Fjarlæg staðsetning Qaanaaq undirstrikar mikilvægi þessara mælinga við að viðhalda öryggi og áreiðanleika í krefjandi aðstæðum.

Í nóvember var flugbrautin í Nuuk opnuð eftir lengingu hennar í 2200m og þar með er hægt að fljúga þangað mun stærri flugvélum en áður. Á sama tíma var opnuð ný flugstöð og öll aðflugstæki og ljósabúnaður vallarins endurnýjuð. Flugprófanadeild Isavia ANS sá um allar prófanir á þessum nýju tækjum. Nýir aðflugs- og brottflugsferlar voru hannaðir af flugferla-hönnuðum Isavia ANS sem voru síða prófaðir af Flugprófanadeildinni.



Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

Cronos

Í mörg ár var leitað að lausn til þess að bjóða uppá móttöku rafrænna flugáætlana hjá Isavia ANS. Þrjár ástæður lágu að baki innleiðingu slíks kerfis en það var að uppfylla kröfur um að leggja skuli inn fullt ICAO plan, til þess að haldið væri miðlægt utan um allar sjónflugsáætlanir í kerfi og til þess að notendur hefðu aðgang að stað til þess að leggja inn rafræna sjónflugsáætlun. Fyrst um sinn var það skoðað hvort hægt væri að leggja inn allar almennar flugáætlanir en eftir að ákveðið var að Ísland gengi inn í Eurocontrol var ákveðið að rafræn móttaka flugáætla í gegnum Cronos myndi vera einskorðuð við móttöku VFR flugáætlana.

Árið 2024 var fyrsta heila árið þar sem allar sjónflugsáætlanir eru rafrænar en móttaka rafrænna VFR flugáætlana í gegnum Cronos hófst 23. mars 2023. Hægt að leggja inn rafrænar sjónflugsáætlanir eða hringja í miðlægt símanúmer þar sem starfsmenn Isavia ANS sjá þá um að koma sjónflugsáætlunum í Cronos. Haldið er utan um hvernig þessar flugáætlanir berast til Isavia ANS en 97% koma rafrænt frá notendum. Einungis 3% hringja inn með flugáætlun en það þykir góður árangur.

Framkvæmdir á innanlandsflugvöllum

Á hverju ári er unnið að viðhaldsverkefnum á innanlandsflugvöllum Isavia. Þau fela m.a. í sér viðhald við flugbrautir, flughlöð og flugstöðvar ásamt öðrum byggingum og þjónustuvegum sem félagið rekur og fjármunum er veitt til skv. gildandi samgönguáætlun hverju sinni. Á öllum flugvöllum var reglubundnu viðhaldi sinnt og málningu flugbrauta, endurnýjun á veðurbúnaði til viðbótar við skyldubundið eftirlit og uppfærslur á aðflugsferlum.

Nýtt flughlað á Akureyrarvelli var tekið í notkun á árinu ásamt nýrri flugstöð sem stórbætir þjónustu og upplifun farþega, flugrekenda og starfsfólks á flugvöllum. Því var fagnað með formlegri vígslu á 70 ára afmæli flugvallarins 5. desember s.l. að viðstöddum ráðherrum, starfsfólki og þeim sem unnið hafa að verkinu síðustu ár.

Á Reykjavíkurflogvelli var viðhaldsverkefnum haldið áfram þar sem þurfti m.a. að rífa niður radarhús sem stóð innan öryggissvæðis flugbrautar ásamt malbiksframkvæmdum á hlöðum. Að auki var Localizer-aðflugsbúnaður endurnýjaður á flugbraut 13.

Sett voru LED flugbrautarljós á báðum flugbrautum í Reykjavík og ný LED aðflugsljós sett upp við Hringbraut. Á Bíldudalsflugvelli var einnig unnið að uppsetningu LED brautarljósa en framundan er umfangsmikið verkefni við að endurnýja öll flugbrautarljósakerfi á innanlandsflugvöllum. Flugvallargirðing við Fluggarða var endurnýjuð að hluta og ýmsar endurbætur gerðar við bílastæði á Reykjavíkurflogvelli. Ný greiðslukerfi voru sett upp við bílastæði flugvallanna í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum.

Á Vopnafirði voru keypt ný snjómoksturstæki, ný snefilgreiningarvél var tekin í notkun á Egilsstaðflugvelli og þar var einnig sett upp aðgangskortakerfi.

Vinna við merkingar og málun er hluti af reglulegu viðhaldi brauta og hlaða á flugvöllum landsins. Á Blönduósi var lögð klæðning á flugbraut en á árinu 2025 verður unnið áfram að því þegar efra lag klæðningar verður sett á brautina. Á Hornafjarðarflugvelli voru settar upp ljósastýringar í flugturni en það verkefni var unnið í samvinnu við bæði Isavia ANS og Tern.

Fjarstýrður flugturn - Remote Tower BIRK

Undirbúningur að breytingu á flugumferðarstýringu Reykjavíkurflogvallar hélt áfram en gert er ráð fyrir að settur verði upp fjarstýrður flugturn á árinu 2025. Stýring flugumferðar á Reykjavíkurflogvelli verður þá færð úr hefðbundnum flugturni yfir í fjarturn og turnstarfsemin flutt í aðstöðu í flugstjórnarmiðstöðinni.

Til auka þekkingu á rekstri fjarturnþjónustu heimsótti starfsfólk Innanlandsflugvalla Avinor í Bodø í Noregi á árinu 2024 og kynntu sér þar starfsemi flugturnamiðstöðvar sem fjarstýrir flugaradíóþjónustu á fjölda flugvalla í Norður Noregi. Til framtíðar mun fjarturninn styrkja flugleiðsöguþjónustu á flugvöllum og skapa þekkingu og færni við fjarturnsþjónustu á Íslandi.

Verkefnið er samvinnuverkefni með Isavia ANS en gengið hefur verið frá kaupsamningi á fjarturnakerfi frá Indra. Nú stendur yfir svokallaður Preliminary Design Review (PDR) fasi þar sem kerfið er hannað. Þeim fasa lýkur svo með Critical Design Review (CDR) þar sem hönnunin er samþykkt af Isavia ANS. Stefnt er að því að CDR ljúki um miðjan mars 2025. Samkvæmt áætlun á að afhenda Isavia ANS kerfið til uppsetningar í lok júní 2025. Áframhald verkefnisins ákvarðast síðan m.a. af framgangi uppsetningarvinnu en stefnt er að SAT-prófunum um miðjan október 2025.



→ Viðaukar

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

GRI tilvísunartafla

Yfirlýsing um notkun	Upplýsingagjöf Isavia er í samræmi við GRI Standards „in accordance“ fyrir tímabilið 1. janúar til 31.desember 2024. Tilvísun er í viðeigandi kafla í ársskýrslu og stefnur sem birtar eru á vef Isavia.
GRI 1 upplýsingar um notkun	GRI 1: Foundation 2021
Viðeigandi GRI atvinnugreinastaðlar	GRI G4 Sérákvæði um flugvelli

GRI Standard	Lýsing	Tilvísun	Meginatriði uppfyllt og ástæður þess ef svo er ekki	Útskýringar	UNGC	HM
Almenn upplýsingagjöf						
GRI 2: Almenn upplýsingagjöf 2021	2- 1 Um fyrirtækið	Stjórn og stjórnarhættir Starfsemi		Isavia ohf. Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurlflugvelli. Isavia ANS, Nauthólsvegi 66, 102 Reykjavík. Isavia Innanlandsflugvelli, Reykjavíkurlflugvelli, 102 Reykjavík. Frihöfnin, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurlflugvelli. Isavia ANS er með starfsemi á Grænlandi, Póllandi og Ungverjalandi í gegnum dótturfélög sín Suluk og Tern Systems.		
	2- 2 Rekstrareiningar sem falla undir upplýsingagjöf fyrirtækisins um sjálfbærni	Starfsemi		Isavia ohf.og dótturfélög.		
	2- 3 Tímabil skýrslugjafar, tíðni og samskiptaupplýsingar	Um ársskýrsluna		Ársskýrsla og ársreikningur Isavia nær yfir almanaksárið 2024. Útgáfudagur ársskýrslunnar er 26. mars 2024 og er skýrslan gefin út árlega. Frekari upplýsingar um efni skýrslunnar má nálgast á www.kefairport.is/fyrirtaekid/hafdu-samband		
	2- 4 Endurframsettar upplýsingar			- Kolefnispor félagsins reiknað með uppfærðum DEFRA stuðlum. Útreikningur á kolefnisspori flugtaka og lendinga að hluta til breytt þar sem stuðst var við í fyrsta skipti upplýsinga úr hugbúnaðarlausn AirCarbon. Fráveita félagsins færð úr umfangi 3 í umfang 1 og fyrri ár hafa verið endurreiknuð. - Tölur yfir magn hálkuvarnarefna sem voru birtar í ársskýrslu 2023 hafa verið leiðréttar.		
	2- 5 Utanaðkomandi úttekt og áritun	Mikilvægir þættir		Ársreikningur félagsins er endurskoðaður af Ríkisendurskoðun. Óháður ráðgjafi Ábyrga lausna ehf. tekur út GRI tilvísanir ársskýrslunnar.		
	2- 6 Starfsemi, virðiskeðja og önnur viðskiptasambönd Auk þess fyrir flugvelli: Farþegatölur, vöruflutningar, áfangastaðir, áætlaður fjöldi starfsmanna á flugvallasvæðinu, stærð flugvallar, lengd flugbrauta, lágmarkstengitími á flugvelli, fjöldi fyrirtækja á svæðinu, fjöldi flugfélaga og fjöldi áfangastaða	Starfsemi Virðissköpun Innkaup Viðskiptavinir Lykiltölur Ársreikningur				
	2- 7 Starfsfólk	Mannauður		Við skilgreinum Ísland sem eitt svæði í tölum okkar. Við framsetningu gagna þar sem er krafist niðurbrots á kyni eru upplýsingarnar flokkaðar eftir konur, karlar eða kynsegin/annað þar sem þær upplýsingar liggja fyrir.	6	8

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðisssköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellar og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

GRI Standard	Lýsing	Tilvísun	Meginatriði uppfyllt og ástæður þess ef svo er ekki	Útskýringar	UNGC	HM
GRI 2: Almenn upplýsingagjöf 2021	2- 8 Vinnuafli sem tilheyrir ekki starfsfólki	Mannauður	Uppfyllt að hluta. 27 starfsmenar voru hjá okkur á árinu, 11 konur og 16 karlar. Ekki er haldið sérstaklega um fjölda sjálfstætt starfandi ráðgjafa sem starfa fyrir félagið.		6	
	2- 9 Stjórnskipulag og skipurit	Stjórn og stjórnarhættir Stjórnarháttayfirlýsing		Frekari upplýsingar um stjórnir Isavia ohf og dótturfélaga þess má finna hér: www.kefairport.is/fyrirtaekid/stjorn-og-stjornarhaettir ans.isavia.is/um-okkur/stjorn innanlandsflugvelli.is/innanlandsflugvelli/um-okkur/stjorn-og-skipulag	10	5
	2.10 Tilnefning og val á æðstu stjórnendum	Stjórn og stjórnarhættir				5
	2- 11 Stjórnarformaður	Stjórnarháttayfirlýsing				
	2- 12 Aðkoma æðstu stjórnar að eftirliti með stýringu áhrifa	Stjórn og stjórnarhættir Stefna og framtíðarþróun Stjórnarháttayfirlýsing				
	2- 13 Framsal ábyrgðar við stýringu áhrifa	Stefna og framtíðarþróun				
	2- 14 Aðkoma æðstur stjórnar að upplýsingagjöf um sjálfbærni	Stefna og framtíðarþróun		Forstjóri er ábyrgðaraðili ársskýrslu.		
	2- 15 Hagsmunaárekstrar	Stjórn og stjórnarhættir Stjórnarháttayfirlýsing				
	2- 16 Upplýsingagjöf um veigamikil atriði	Starfsreglur stjórnar	Starfsreglur stjórnar greina frá því hvernig mikilsháttar málefnum er miðlað til stjórnar. Isavia birtir opinberlega sum þeirra mála sem lögð eru fyrir stjórn s.s. árshluta- og ársuppgjör, en er að öðru leyti bundin þagnarskyldu um þau mál sem eru þar til umfjöllunar.			
	2- 17 Heildarþekking æðstu stjórnar	Stefna og framtíðarþróun	Að hluta uppfyllt - stjórn ræðir málefni sjálfbærni.			
	2- 18 Mat á frammistöðu æðstu stjórnar	Stjórn og stjórnarhættir Stjórnarháttayfirlýsing				
	2- 19 Starfskjarastefnur	Starfskjarastefna				
	2- 20 Launaákvörðunarferli	Starfsreglur starfskjaranefndar				
	2- 21 Árlegur launasamanburður			Hlutfall heildarlaunagreiðslu hæst launaðasta einstaklings fyrirtækisins og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsfólks í fullu starfi er 4,16. Hlutfallslækkun milli 2023 og 2024 á heildarlaunagreiðslu hæst launaðasta einstaklings og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsfólks í fullu starfi er - 0,34.		
	2- 22 Yfirlýsing um stefnu í sjálfbærri þróun	Inngangsorð forstjóra				
	2- 23 Skuldbindingar í tengslum við stefnur	Stefna og framtíðarþróun				
	2- 24 Samþætting á skuldbindingum í tengslum við stefnur	Stefna og framtíðarþróun				

Inngangur
Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun
Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag**
Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar
GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

GRI Standard	Lýsing	Tilvísun	Meginatriði uppfyllt og ástæður þess ef svo er ekki	Útskýringar	UNGC	HM
GRI 2: Almenn upplýsingagjöf 2021	2 - 25 Úrbótaferli vegna neikvæðra áhrifa	Stefna og framtíðarþróun Starfsemi Mikilvægir þættir Lífsgæði		Félagið tryggir ákveðna vernd til handa starfsfólki sem upplýsa um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfseminni, samkvæmt lögum nr. 40/2020, um vernd uppljóstrara. Starfsmaður sem býr yfir upplýsingum eða gögnum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi samstæðunnar ber að tilkynna slíkt. Komið hefur verið upp ferli til að auðvelda starfsfólki að koma slíkum upplýsingum á framfæri nafnlaust í gegnum heimasíðu félagsins.		
	2 - 26 Verkferlar til að leita ráðgjafar og tilkynna álitamál					
	2 - 27 Hlítني við lög og reglur			Engir dómar eða viðurlög hafa fallið á Isavia á árinu 2024 vegna umhverfis eða félags hagrænna mála.		
	2 - 28 Aðild að samtökum og félögum			Airport Council International (ACI), Ameríska- íslenska viðskiptaráðið, Borealis, samstarfsvettvangur flugleiðsöguþjónustuveitenda í NV- Evrópu, Civil Air Navigation Services Organisation (CANSO), Dansk- íslenska viðskiptaráðið, Eurocontrol, Festa – miðstöð um samfélagslega ábyrgð, Fransk- íslenska viðskiptaráðið, Íslenski ferðaklasinn, Mannauður – félag mannauðsfólks á Íslandi, NAT- SPG, samstarfsvettvangur ríkja inna ICAO NAT- Region svæðisins, Nordic Initiative for Sustainable Aviation (NISA), Samorka, Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi, Samtök ferðaþjónustunnar, Ský - Skýrslutækni félag Íslands, Stjórnvísí, United Nations Global Compact.		
	2 - 29 Aðkoma hagsmunaaðila - nálgun	Mikilvægir þættir				
	2 - 30 Kjarasamningar	Mannauður			3	8

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

GRI Standard	Lýsing	Tilvísun	Meginatriði uppfyllt og ástæður þess ef svo er ekki	Útskýringar	UNGC	HM
Mikilvægisþættir						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 1 Ferli við að ákveða mikilvægisþætti	Mikilvægir þættir				
	3- 2 Listi yfir mikilvægisþætti	Mikilvægir þættir				
Efnahagur						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 3 Stýring mikilvægipátta	Stjórn og stjórnarhættir Áhættustýring Stefna og framtíðarþróun Starfsemi Virðissköpun Mikilvægir þættir				
GRI 201: Efnahagsleg frammistaða 2016	201- 1 Beint efnahagslegt virði sem er skapað og dreift	Virðissköpun Ársreikningur				8
Óbeinn efnahagur						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 3 Stýring mikilvægipátta	Stjórn og stjórnarhættir Áhættustýring Stefna og framtíðarþróun Starfsemi Virðissköpun Mikilvægir þættir				
GRI 203: Óbein efnahagsleg áhrif 2016	203- 1 Innviðafjárfestingar og þjónusta sem stutt er við. Auk þess fyrir flugvelli: Skiptir sérstaklega miklu máli fyrir flugvelli vegna áhrifa á nærsamfélag	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun				
	203- 2 Veruleg óbein efnahagsleg áhrif	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun				8
Starfsvenjur við innkaup						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 3 Stýring mikilvægipátta	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun Mikilvægir þættir Innkaup				
GRI 204: Starfsvenjur við innkaup 2016	204- 1 Hlutfall útgjalda frá birgjum í nærsamfélaginu	Innkaup		Við skilgreinum Ísland sem eitt svæði í tölum okkar.		8,12

Inngangur
Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun
Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir og flugvallasamfélag
Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar
GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

GRI Standard	Lýsing	Tilvísun	Meginatriði uppfyllt og ástæður þess ef svo er ekki	Útskýringar	UNGC	HM
Orka						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 3 Stýring mikilvægipátta	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun Mikilvægir þættir Loftslagsmál				
GRI 302: Orka 2016	302- 1 Orkunotkun innan skipulagsheildarinnar	Loftslagsmál			7,8	8,12
	302- 2 Orkunotkun utan skipulagsheildarinnar	Loftslagsmál			8	8,12
	302- 4 Minnkun á orkunotkun Auk þess fyrir flugvelli: Sérstaklega mikilvægt fyrir flugvelli að viðhafa bestu vinnubrögð í geiranum	Loftslagsmál			8,9	13
Vatn og frárennsli						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 3 Stýring mikilvægipátta	Stefna og framtíðarþróun Mikilvægir þættir Auðlindanýting				
GRI 303: Vatn og frárennsli 2018	303- 1 Umgengi við vatn sem samnýtttrar auðlindar	Auðlindanýting				
	303- 2 Stjórnun áhrifa af vatnslosun	Auðlindanýting				
	303- 3 Vatnstaka	Auðlindanýting				
Líffræðilegur fjölbreytileiki						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 3 Stýring mikilvægipátta	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun Lífsgæði				
GRI 304: Líffræðilegur fjölbreytileiki 2016	304- 4 Fjöldi tegunda á valista IUCN RED og tegundir í innlendum verndarflokki á áhrifasvæði rekstrar			Í viðauka má finna töflu með upplýsingum um þær dýrategundir sem sést hafa á flugvöllum Isavia.		
Losun						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 3 Stýring mikilvægipátta	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun Mikilvægir þættir Loftslagsmál Lífsgæði				

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

GRI Standard	Lýsing	Tilvísun	Meginatriði uppfyllt og ástæður þess ef svo er ekki	Útskýringar	UNGC	HM
GRI 305: Losun 2016	305- 1 Bein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang1)	Loftslagsmál			7,8	13
	305- 2 Óbein orkulosun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang 2)	Loftslagsmál			7,8	13
	305- 3 Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang 3)	Loftslagsmál			7,8	13
	305- 4 Styrkur á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)	Loftslagsmál			8	13
	305- 5 Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) Auk þess fyrir flugvelli: Fjalla sérstaklega um aðgerðir sbr. ACA	Loftslagsmál			8,9	13
	305- 7 Losun köfnunarefnisoxíðs (NOX), brennisteinsoxíðs (SOX) og önnur veruleg losun lofttegunda	Lífsgæði			7,8	13
Úrgangur						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 3 Stýring mikilvægipátta	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun Mikilvægir þættir Auðlindanýting				
GRI 306: Frárennsli og úrgangur 2016	306- 3 Mikilsháttar lekar	Auðlindanýting			8	12
GRI 306: Úrgangur 2020	306- 1 Úrgangsmyndun og veruleg úrgangstengd áhrif	Auðlindanýting			8	12
	306- 2 Stjórnun verulegra úrgangstengdra áhrifa	Auðlindanýting			8	12
	306- 3 Úrgangsmyndun	Auðlindanýting			8	12
	Auk þess fyrir flugvelli: Mælst til að gefa upplýsingar um magn úrgangs frá alþjóðaflugi					
Atvinna						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 3 Stýring mikilvægipátta	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun Mikilvægir þættir Mannauður				
GRI 401: Atvinna 2016	401- 1 Nýráðningar starfsmanna og starfsmannavelta	Mannauður		Starfsmannavelta 2024 var 11 % (15% árið 2023).	6	5,8
	401- 3 Foreldraorlof	Mannauður	Heildarfjöldi starfsfólks sem tók fæðingarorlof á arínu var 99 (38 konur og 61 karlar). Heildarfjöldi starfsfólks sem sneri til baka úr fæðingarorlofi var 99 (38 konur og 61 karlar). Upplýsingar um heildarfjölda starfsfólks sem sneri til baka úr fæðingarorlofi og var enn í starfi 12 mánuðum seinna liggja ekki fyrir.		6	5,8

Inngangur
Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun
Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

**Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag**
Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar
GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

GRI Standard	Lýsing	Tilvísun	Meginatriði uppfyllt og ástæður þess ef svo er ekki	Útskýringar	UNGC	HM
Heilsa og öryggi á vinnustað						
GRI 3: Mikilvægispættir 2021	3-3 Stýring mikilvægipátta	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun Mikilvægir þættir Lífsgæði Mannauður Þjálfun og fræðsla Öryggi og vernd				
GRI 403: Heilsa og öryggi á vinnustað 2018	403- 1 Stjórnkerfi um heilsu og öryggi á vinnustað	Mannauður Öryggi og vernd			3,8	
	403- 2 Auðkenning á hættu, áhættumat og rannsókn atvika	Öryggi og vernd			8	
	403- 3 Þjónusta tengd heilbrigði á vinnustað	Mannauður Öryggi og vernd			8	
	403- 4 Þátttaka starfsmanna, samráð og samskipti um heilsu og öryggi á vinnustað	Öryggi og vernd			8	
	403- 5 Þjálfun starfsmanna varðandi heilsu og öryggi á vinnustað	Þjálfun og fræðsla Öryggi og vernd			8	
	403- 6 Heilsuefling starfsmanna	Mannauður Öryggi og vernd			3	
	403- 7 Forvarnir og mótvægisáðgerðir vegna áhrifa heilbrigði og öryggi á vinnustað og tengist viðskiptasamböndum beint	Öryggi og vernd				
	403- 8 Starfsmenn sem falla undir stjórnunarkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað	Mannauður Öryggi og vernd	Að hluta uppfyllt - gögn vantar.		8	
	403- 9 Vinnutengd slys á fólki	Öryggi og vernd	Að hluta uppfyllt - gögn vantar.			
Þjálfun og menntun						
GRI 3: Mikilvægispættir 2021	3-3 Stýring mikilvægipátta	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun Mikilvægir þættir Þjálfun og fræðsla Mannauður				
GRI 404: Þjálfun og menntun 2016	404- 1 Árlegur meðalfjöldi klukkustunda í þjálfun á hvern starfsmann	Þjálfun og fræðsla			6	8
	404- 2 Áætlanir um símenntun starfsmanna og stuðningur við breytingar	Þjálfun og fræðsla			6	8
	404- 3 Hlutfall starfsmanna sem fær reglulega rýni á frammistöðu og starfsþróun	Mannauður			6	8

Inngangur
Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun
Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

GRI Standard	Lýsing	Tilvísun	Meginatriði uppfyllt og ástæður þess ef svo er ekki	Útskýringar	UNGC	HM
Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 3 Stýring mikilvægipátta	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun Mikilvægir þættir Mannauður				
GRI 405: Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri 2016	405- 1 Fjölbreytileiki stjórna og starfsmanna	Mannauður	Að hluta uppfyllt liður b er ekki flokkaður eftir starfsheitum eingöngu aldri.		6	5,8
	405- 2 Hlutfall grunnlauna og þóknana kvenna í samanburði við karla	Mannauður			6	5,8 10
Jafnrétti						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 3 Stýring mikilvægipátta	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun Mikilvægir þættir Mannauður				
GRI 406: Jafnrétti 2016	406- 1 Atvik um mismunun og framkvæmdar úrbætur	Mannauður		Á árinu 2024 voru tilkynnt 4 mál sem vörðuðu stefnu og reglur félagsins um félagslegt umhverfi og sálfélagslega þætti. Eftir frekari rannsókn voru tvö mál er vörðuðu kynferðislega áreitni og tvö er vörðuðu óæskileg samskipti. Einu máli lauk með uppsögn og öðrum með sátt.	6	5,8
Nauðungar- og skylduvinna						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 3 Stýring mikilvægipátta	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun Mikilvægir þættir Mannauður Innkaup				
GRI 409: Nauðungar- og skylduvinna 2016	409- 1 Rekstur og birgjar þar sem veruleg hættu getur verið á nauðungar- eða skylduvinnu	Innkaup Siðareglur birgja			4	8,12
Mannréttindi						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 3 Stýring mikilvægipátta	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun Mikilvægir þættir Mannauður Innkaup				
GRI 412: Mat á mannréttindum 2016	412- 1 Samkomulag og samningar um verulegar fjárfestingar og samningar sem fela í sér mannréttindaákvæði eða hafa verið skimaðir með hliðsjón af mannréttindamálum	Innkaup Siðareglur birgja			2	12

Inngangur

Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun

Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag

Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar

GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

GRI Standard	Lýsing	Tilvísun	Meginatriði uppfyllt og ástæður þess ef svo er ekki	Útskýringar	UNGC	HM
Nærsamfélag						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 3 Stýring mikilvægibátta	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun Mikilvægir þættir Lífsgæði Uppbygging og þróun				
GRI 413: Nærsamfélag 2016	413- 1 Rekstur með virkni í nærsamfélaginu, áhrifamat og þróunaráætlanir	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun Uppbygging og þróun			1	17
	413- 2 Rekstur sem hefur umtalsverð, raunveruleg og möguleg neikvæð áhrif á nærsamfélagið	Stefna og framtíðarþróun Virðissköpun Uppbygging og þróun			1	
Persónuvernd viðskiptavina						
GRI 3: Mikilvægisþættir 2021	3- 3 Stýring mikilvægibátta	Stefna og framtíðarþróun Mikilvægir þættir Öryggi og vernd				
GRI 418: Persónuvernd viðskiptavina 2016	418- 1 Rökstuddar kvartanir varðandi brot á persónuvernd viðskiptavina og tap á gögnum þeirra	Öryggi og vernd				
GRI G4 Sérákvæði um flugvelli						
GRI A01	Heildarfjöldi farþega á ári, brotið niður í innanlands og utanlandsflug, þjóðerni, áfangastað, skiptifarþega og komu/brottfararfarþega	Lykiltölur Starfsemi				
GRI A02	Heildarfjöldi flughreyfinga nótt vs. dagur, brotið niður eftir farþegum, vörur, almennt flug og ríkisflug	Lykiltölur Starfsemi	Heildarfjöldi flughreyfinga ekki brotinn niður eftir tíma sólarhrings.			
GRI A03	Heildarmagn vöruflutninga	Lykiltölur Starfsemi				
GRI A04	Gæði affallsvatns (storm water) m.v. þær reglur sem þar er um	Auðlindanýting	Að hluta til uppfyllt - gögn vantar.			
GRI A05	Löftgæði í samræmi við styrk mengunarvalda í mikrógröm á rúmmetra eða ppm skv. reglum	Lífsgæði				13
GRI A06	Magn afísingarvökva sem er notaður í rúmmetrum og/eða tonnum	Auðlindanýting				12,13
GRI A07	Breyting á fjölda og prósentuhlutfalli fólks sem verður fyrir áhrifum frá hávaða vegna búsetu	Lífsgæði				
GRI A08	Fjöldi einstaklinga sem hafa þurft að flytja eða orðið fyrir breytingu á efnahagslegri stöðu, sjálfviljug eða þvingað, af völdum rekstraraðila flugvallar eða vegna hans af hálfu stjórnvalda eða annars aðila, og fengið bætur.			Engin slík tilvik tilkynnt.		
GRI A09	Heildarfjöldi dýra sem drepast við árekstur per 10.000 flughreyfingar	Lífsgæði				

Inngangur
Inngangsorð forstjóra
Ávarp stjórnarformanns
Árið 2024
Lykiltölur

Stefna og stjórnun
Stjórn og stjórnarhættir
Starfsemi
Virðissköpun
Stefna og framtíðarþróun
Áhættustýring
Mikilvægir þættir

Sjálfbærir flugvellir
og flugvallasamfélag
Loftslagsmál
Auðlindanýting
Lífsgæði
Mannauður
Þjálfun og fræðsla
Öryggi og vernd
Viðskiptavinir
Innkaup
Uppbygging og þróun

Viðaukar
GRI tilvísunartafla
Ársreikningur

GRI 304-4 Dýrategundir sem sést hafa á flugvöllum Isavia

Tegund	Fræðiheiti	Ísland	Lagaleg staða innanlands	Heimsválisti (IUCN)
Kanína	Oryctolagus cuniculus	Á ekki við (NA)	Ekki friðuð	Gögn vantar (DD)
Köttur	Felis silvestris catus	Á ekki við (NA)	Ekki friðaður	Á ekki við (NA)
Minkur	Mustela vision	Á ekki við (NA)	Ekki friðaður	Ekki i hættu (LC)
Sauðfé	Ovis aries	Á ekki við (NA)	Ekki friðað	Gögn vantar (DD)
Álft	Cygnus cygnus	Ekki i hættu (LC)	Friðuð	Ekki i hættu (LC)
Grágæs	Anser anser	Ekki i hættu (LC)	Friðuð nema á tímabilinu 20.ág – 15.mars	Ekki i hættu (LC)
Heiðargæs	Anser brachyrhynchus	Ekki i hættu (LC)	Friðuð nema á tímabilinu 20.ág – 15.mars	Ekki i hættu (LC)
Heiðlóa	Pluvialis apricaria	Ekki i hættu (LC)	Friðuð	Ekki i hættu (LC)
Hettumáfur	Larus ridibundus	Ekki i hættu (LC)	Friðaður nema frá 1.september til 15.mars	Ekki i hættu (LC)
Hrossagaukur	Gallinago gallinago	Ekki i hættu (LC)	Friðaður	Ekki i hættu (LC)
Margæs	Ranta bernicla	Ekki i hættu (LC)	Friðuð	Ekki i hættu (LC)
Melrakki	Vulpes lagopus	Ekki i hættu (LC)	Friðaður	Ekki i hættu (LC)
Sandlóa	Charadrius hiaticula	Ekki i hættu (LC)	Friðuð	Ekki i hættu (LC)
Skógarpröstur	Turdus iliacus	Ekki i hættu (LC)	Friðaður	Ekki i hættu (LC)
Spói	Numenius phaeopus	Ekki i hættu (LC)	Friðaður	Ekki i hættu (LC)
Stari	Sturnus vulgaris	Ekki i hættu (LC)	Friðaður	Ekki i hættu (LC)
Hagamús	Apodemus sylvaticus	Ekki i hættu (LC)	Friðuð	Ekki i hættu (LC)
Jaðrakan	Limosa limosa	Ekki i hættu (LC)	Friðaður	Í yfirvofandi hættu (NT)
Lóupræll	Calidris alpina	Ekki i hættu (LC)	Friðaður	Ekki i hættu (LC)
Maríuerla	Motacilla alba	Ekki i hættu (LC)	Friðuð	Ekki i hættu (LC)
Smyrill	Falco columbarius	Ekki i hættu (LC)	Friðaður	Ekki i hættu (LC)
Steindepill	Oenanthe oenanthe	Ekki i hættu (LC)	Friðaður	Ekki i hættu (LC)
Stökkönd	Anas platyrhynchos	Ekki i hættu (LC)	Friðuð nema á tímabilinu 1.september – 15.mars	Ekki i hættu (LC)
Stormmáfur	Larus canus	Ekki i hættu (LC)		Ekki i hættu (LC)
Þúfuttittlingur	Anthus pratensis	Ekki i hættu (LC)	Friðaður	Ekki i hættu (LC)
Sílamáfur	Larus fuscus	Gögn vantar (DD)	Ekki friðaður	Ekki i hættu (LC)
Fýll	Fulmarus glacialis	Í hættu (EN)	Friðaður nema frá 1.september til 15.mars	Ekki i hættu (LC)
Hvítmáfur	Larus hyperboreus	Í hættu (EN)	Friðaður nema frá 1.september til 15.mars	Ekki i hættu (LC)
Kjói	Stercorarius parasiticus	Í hættu (EN)	Friðaður nema við friðlýst æðavarp á tímabilinu 15.apríl – 14.júlí	Ekki i hættu (LC)
Sendlingur	Calidris maritima	Í hættu (EN)	Friðaður	Ekki i hættu (LC)
Svartbakur	Larus marinus	Í hættu (EN)	Ekki friðaður	Ekki i hættu (LC)
Hrafn	Corvus corax	Í nokkurri hættu (VU)	Ekki friðaður	Ekki i hættu (LC)
Kría	Sterna paradisaea	Í nokkurri hættu (VU)	Friðuð	Ekki i hættu (LC)
Snjótittlingur	Plectophenax nivalis	Í nokkurri hættu (VU)	Friðaður	Ekki i hættu (LC)
Tjaldur	Haematopus ostralegus	Í nokkurri hættu (VU)	Friðaður	Í yfirvofandi hættu (NT)
Æður	Somateria mollissima	Í nokkurri hættu (VU)	Friðuð	Í yfirvofandi hættu (NT)
Rjúpa	Lagopus muta	Í yfirvofandi hættu (NT)	Friðuð nema nokkra daga að hausti eftir reglugerð.	Ekki i hættu (LC)
Silfurmáfur	Larus argentatus	Í yfirvofandi hættu (NT)	Ekki friðaður	Ekki i hættu (LC)
Stelkur	Tringa totanus	Í yfirvofandi hættu (NT)	Friðaður	Ekki i hættu (LC)

Ársreikningur 2024



Isavia ohf.

Ársreikningur
samstæðu

2024

Isavia ohf.
Flugstöð Leifs Eiríkssonar
235 Keflavíkurflugvöllur
kt. 550210-0370

Isavia ohf.

Ársreikningur
samstæðu

2024

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	2-4
Áritun Ríkisendurskoðunar	5-6
Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Yfirlit um eigið fé	9
Yfirlit um sjóðstreymi	10
Skýringar	11-33
Óendurskoðaðir viðaukar	
Viðauki I Stjórnarháttayfirlýsing	34-37
Viðauki II Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	38-47

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili félagsins Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli en varnarþing félagsins er í Hafnarfirði.

Tilgangur Isavia samstæðunnar er þjónustustarfsemi tengd flugi og rekstur og uppbygging flugvalla landsins. Samstæðuársreikningur Isavia ohf. tekur, auk móðurfélagsins, til dótturfélaganna Isavia ANS ehf., Isavia Innanlandsflugvelli ehf. og Frihöfnin ehf. Isavia ANS ehf. á svo dótturfélögin Tern Systems ehf. og Suluk ApS en svo á Tern Systems ehf. dótturfélagið Tern Branch Hungary.

Samstæðuársreikningurinn fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu, breytingar á þeim og nýjar túlkningar og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

Rekstur ársins 2024

Samkvæmt rekstrarreikningi Isavia ohf. árið 2024 námu rekstrartekjur 51.917 milljónum króna (2023: 45.058 milljónir króna). Hagnaður ársins nam 5.231 milljón króna (2023: 2.102 milljónir króna). Jákvæður gengismunur nam um 2.057 milljónum króna (2023: 180 milljónir króna). Laun og annar starfsmannakostnaður nam 24.755 milljónum króna (2023: 21.975 milljónir króna) og meðalfjöldi starfa á árinu 2024 var 1.433 (2023: 1.348). Hlutföll kynja meðal starfsmanna og stjórnenda samstæðunnar er 65,43% karlar, 34,55% konur og 0,02% kynsegin. Kynjahlutfall stjórnenda samstæðunnar (forstjóri, framkvæmdastjórar, forstöðumenn og deildarstjórar) er 60% karlar og 40% konur.

Þann 31. desember 2024 námu heildareignir samstæðunnar 114.791 milljón króna (2023: 112.101 milljón króna). Eigið fé í árslok 2024 nam 49.293 milljónum króna (2023: 44.064 milljónum króna) og eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 42,9% í lok árs (2023: 39,3%).

Stjórn samstæðunnar leggur til að lagðar verði 439 milljónir króna í lögbundinn varasjóð af hagnaði ársins. Að öðru leyti er hagnaður ársins fluttur á óráðstafað eigið fé og vísað er í samstæðuársreikninginn um aðrar breytingar á eigin fé samstæðunnar.

Hlutafé og hluthafi

Hlutafé í árslok nam 24.559 milljónum króna (2023: 24.559 milljónir króna). Engin hlutafjárukning var á árinu 2024. Ríkissjóður er eini hluthafinn í Isavia ohf. í árslok 2024 eins og í árslok 2023.

Stjórn samstæðunnar leggur til að ekki verði greiddur út arður til eiganda félagsins vegna rekstrarársins 2024.

Stjórnarhættir

Stjórn Isavia hefur sett sér starfsreglur þar sem m.a. helstu verkefni og valdsvið stjórnar og forstjóra eru skilgreind. Starfsreglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Í starfsreglunum er m.a. kveðið á um að stjórn félagsins skuli fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland.

Í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og lög um ársreikninga, hefur stjórn Isavia útbúið stjórnarháttayfirlýsingu sem er að finna á heimasíðu Isavia ohf., www.isavia.is, og í viðauka I í ársreikningnum.

Í stjórn Isavia eru fimm stjórnarmenn, tvær konur og þrír karlmenn. Er kynjahlutfall því í samræmi við 63. gr. laga nr. 2/1995 sem kveða á um að fyrirtæki með fleiri en 50 starfsmenn skuli tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn sé eigi lægra en 40%.

Tvær undirnefndir eru starfandi hjá Isavia sem eru endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Nefndunum er ætlað að bæta starfshætti í þeim málefnum sem stjórn ber að annast og gera störf stjórnarinnar þannig skilvirkari, sjá nánar á heimasíðu Isavia ohf., www.isavia.is, og í viðauka I í ársreikningnum.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Eigandastefna

Í gildi er eigandastefna dótturfélaga Isavia ohf., þar sem leitast er við að skýra ábyrgð og hlutverk eiganda, félagsins, stjórnar og stjórnenda til að stuðla að góðum stjórnháttum og skýrri stefnumörkun. Þannig á eigandastefnan að tryggja gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun dótturfélaga. Dótturfélögum ber einnig að vinna eftir stuðningsstefnum, reglum og leiðbeiningum sem unnið er eftir á samstæðugrunni. Má þar nefna mannauðs- og jafnréttisstefnu, sjálfbærnistefnu, áhættustefnu, siðareglur, siðareglur birgja og meðferð persónuupplýsinga svo eitthvað sé nefnt. Eigandastefnan er aðgengileg á heimasíðu félagsins www.isavia.is.

Framtíðarhorfur

Árið 2024 var annað stærsta ár félagsins frá upphafi en alls tók samfélagið á flugvellinum á móti 8,3 milljónum farþega, sem er 7,1% aukning frá árinu á undan. Alls flugu 28 flugfélög frá Keflavíkurflugvelli til 98 áfangastaða.

Tíð eldgos við Sundhnúsgíga höfðu áhrif á eftirspurn eftir ferðum erlendra ferðamanna til landsins. Farþegaspá Keflavíkurflugvallar fyrir árið 2024 gerði ráð fyrir 2,4 milljónum erlendra ferðamanna en þeir reyndust verða 2,3 milljónir. Erlendum farþegum fjölgaði engu að síður um 2,1% frá árinu 2023. Fjöldi íslenskra farþega um Keflavíkurflugvöll á árinu 2024 voru um 600 þúsund sem er 0,1% aukning á milli ára.

Framkvæmdir héldu áfram og gengu vel á Keflavíkurflugvelli árið 2024 og var góð samvinna allra ólíkra aðila lykillinn að velgengninni. Framkvæmdir við aðra hæð á nýrri Austurálmú flugstöðvar var þar efst á blaði en Austurálman er lykilmáttur í framtíðarþróun flugvallarins. Fullkláruð verður hún stærri en upphaflega flugstöðvarbyggingin sem vígð var árið 1987 og hýsir hún m.a. nýtt farangursflokkanarkerfi, stærra veitinga- og biðsvæði með tilheyrandi aukningu þjónustugæða, auk nýrra landganga. Austurálma verður tekin í notkun í mars 2025. Framkvæmdir við stækkun suðurbyggingar flugstöðvarinnar hófust í ársbyrjun 2024 og hefur miðað vel. Með stækkun suðurbyggingar skapast aukið rými fyrir farþega sem gerir biðina eftir ferðalaginu ánægjulegri.

Í kjölfar forathugana og markaðskonunnar á Evrópska efnahagssvæðinu var tekin ákvörðun um að bjóða út rekstur Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Niðurstaða þeirrar konunnar benti til þess að fjárhagslegur ávinningur væri fyrir félagið að fá öfluga rekstraraðila með mikla reynslu og þekkingu af rekstri fríhafnaverslana um allan heim til reksturs Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Niðurstaða þess útboðs lá fyrir á síðasta ársfjórðungi ársins og varð þýska fyrirtækið Heinemann hlutskarpast út frá valforsendum útboðsins. Gert er ráð fyrir því að þau hefji rekstur á Keflavíkurflugvelli á fyrri helmingi 2025. Um tímamót er að ræða þar sem Fríhöfnin hefur frá því árið 1958 verið rekin af ríkinu eða fyrirtækja í eigu ríkisins.

Farþegatölur lækkuðu lítillega á milli áruna 2023 og 2024 hjá Isavia Innanlands og eru rétt undir 695.000 farþegar sem nota innanlandsflugvallakerfið. Merkjanleg breyting er á ferðahegðun eftir heimsfaraldur, en tilkoma Loftbrúarinnar hefur vegið upp á móti farþegafækkun.

Met flugumferð var í íslenska flugstjórnarsvæðinu árið 2024 hjá Isavia ANS og áfram er gert ráð fyrir vægri aukningu flugumferðar næstu árin.

Framundan eru áhugaverðir en um leið krefjandi tímar. Flugíðnaðurinn hefur alltaf verið viðkvæmur fyrir sveiflum í sínu ytra umhverfi og á það ekki síst við nú þegar loftslagsbreytingar eru orðnar áþreifanlegar með tilheyrandi óvissu sem fylgir nýjum reglum og lögum sem geta aukið kostnað verulega eða orðið til þess að draga úr farþegafjölda. Rekstur Isavia er umfangsmikill og að mörgu leyti flókinn. Ytri breytingar, bæði fyrirséðar og ófyrirséðar, geta aukið flækjustig rekstursins og kallað á úrlausnir sem krefjast hugmyndaauðgi og elju af hálfu starfsfólks.

Það er mat stjórnar og forstjóra að rekstrarhæfi félagsins sé sterkt og félagið sé vel í stakk búið til að takast á við komandi flugumferð og farþegaaukningu á Keflavíkurflugvelli ásamt þeirri uppbyggingu á innviðum sem fyrirhugað er að ráðast í á Keflavíkurflugvelli á komandi árum.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Samfélagsleg ábyrgð og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Starfsemi Isavia fellur undir ákvæði ársreikningalaga um ófjárhagslega upplýsingagjöf. Til viðbótar ber Isavia nú að uppfylla ákvæði laga nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin gera þær kröfur til tiltekinna félaga, þ.m.t. Isavia, að þau upplýsi um þær tekjur, fjárfestingarkostnað og rekstrarkostnað sem félagið hefur og ber af umhverfislega sjálfbærum eignum.

Isavia samstæðan er með sjálfbærnistefnu sem segir að félagið hafi sjálfbærni að leiðarljósi í öllu sem það gerir. Stefnan er studd af fimm ára aðgerðaáætlunum sem gildir til loka árs 2026.

Isavia hefur stutt UN Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2016. Með því skuldbindur félagið sig til þess að stefna og starfshættir séu í samræmi við tíu meginviðmið Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og vinnur markvisst að þeim.

Ársskýrsla Isavia er gefin út samkvæmt alþjóðlegum staðli Global Reporting Initiative (GRI) ásamt sérákvæðum þeirra um flugvelli. Í skýrslunni er áherslum, markmiðum, lykilmælikvörðum og árangri Isavia í átt að aukinni sjálfbærni gerð ítarleg skil. Í viðauka II í ársreikningnum er að finna stutta samantekt um ófjárhagslega upplýsingagjöf úr skýrslunni.

Isavia skilar ársskýrslu félagsins árlega inn í gagnagrunna UN Global Compact og til Global Reporting Initiative. Skýrslan kemur nú út í níunda skipti með þessum hætti og er að finna undir slóðinni: <https://www.kefairport.is/fyrirtaekid/skyrslur-og-uppgjor>.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Isavia ohf. er samstæðuársreikningurinn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Það er álit stjórnar og forstjóra Isavia ohf. að reikningsskilareglur félagsins séu viðeigandi og að í samstæðuársreikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, áhættustýringu og helstu óvissuþætti í umhverfi þess.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta, samkvæmt þeirra bestu vitund, að samstæðuársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar, eignum, skuldum og breytingu á handbæru fé á árinu 2024.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. hafa yfirfarið og samþykkt samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni og leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja samstæðuársreikninginn.

Hafnarfjörður, 12. mars 2025

Í stjórn

Kristján Þór Júlíusson
stjórnarformaður

Hólmfríður Árnadóttir
stjórnarmaður

Marta Jónsdóttir
stjórnarmaður

Hrólfur Ölvisson
stjórnarmaður

Valdimar Halldórsson
stjórnarmaður

Forstjóri

Sveinbjörn Indriðason

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Isavia ohf.

Álit

Samtæðuársreikningur Isavia ohf. fyrir árið 2024 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Samtæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að samtæðuársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Isavia ohf. 31. desember 2024, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Isavia ohf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á samtæðuársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samtæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samtæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótakröfur í lögum um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu samtæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samtæðuársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Isavia ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þeir ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samtæðuársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samtæðuársreikningsins.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun samtæðuársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að afla sé nægjanlegrar vissu um að samtæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissa er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í samtæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu samtæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.

Áritun Ríkisendurskoðunar

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins (framhald)

- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggji viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Aflar fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Ríkisendurskoðun er ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Ríkisendurskoðun ber ein ábyrgð á áliti sínu.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 12. mars 2025

Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur	4	51.917.233	45.057.963
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara	5	(7.813.142)	(7.569.152)
Laun og annar starfsmannakostnaður	6	(24.754.535)	(21.975.018)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(941.247)	(742.560)
Annar rekstrarkostnaður	8	(7.749.540)	(6.625.806)
		<u>(41.258.463)</u>	<u>(36.912.536)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		10.658.769	8.145.427
Afskriftir	11,12,13	(4.552.466)	(4.138.991)
Rekstrarhagnaður		<u>6.106.303</u>	<u>4.006.436</u>
Fjármunatekjur	9	1.035.398	1.184.228
Fjármagnsgjöld	9	(2.790.514)	(2.665.589)
Gengismunur	9	2.056.903	179.716
Hagnaður fyrir skatta		<u>6.408.091</u>	<u>2.704.792</u>
Tekjuskattur	10	(1.177.029)	(602.863)
Hagnaður og önnur heildarafkoma		<u><u>5.231.062</u></u>	<u><u>2.101.928</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	11	97.970.130	84.111.674
Óefnislegar eignir	12	3.533.136	3.787.878
Nýtingarréttur	13	493.643	277.088
Eignarhlutar í öðrum félögum		5.000	5.000
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	15	502.044	1.002.225
Reiknuð skattinneign	20	0	771.731
		<u>102.503.952</u>	<u>89.955.597</u>

Veltufjármunir

Vörubirgðir	16	759.728	722.765
Viðskiptakröfur	17	3.042.954	3.417.784
Næsta árs hluti skuldabréfaeignar og langtímakrafna	15	501.437	500.269
Aðrar skammtímakröfur	17	2.093.797	1.990.323
Handbært fé	17	5.889.342	15.513.769
		<u>12.287.259</u>	<u>22.144.910</u>

Eignir

114.791.211 112.100.506

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Hlutfé	18	24.559.063	24.559.063
Lögbundinn varasjóður		3.068.070	2.629.177
Sérstakur endurmatsreikningur		35.741	37.065
Óráðstafað eigið fé		21.629.879	16.838.913
		<u>49.292.753</u>	<u>44.064.218</u>

Langtímaskuldir og skuldbindingar

Skuldir við lánastofnanir	19	52.154.347	55.928.043
Leigusamningar	13	403.733	162.014
Tekjuskattsskuldbinding	20	404.059	0
		<u>52.962.140</u>	<u>56.090.056</u>

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	21	6.519.007	6.391.894
Næsta árs afborganir langtímaskulda	19	1.570.294	1.232.193
Næsta árs afborganir leigusamninga	13	106.945	128.608
Ógreiddir reiknaðir skattar	10	3.696	2.821
Aðrar skammtímaskuldir	21	4.336.376	4.190.716
		<u>12.536.318</u>	<u>11.946.232</u>

Skuldir

65.498.458 68.036.288

Eigið fé og skuldir

114.791.211 112.100.506

Yfirlit um eigið fé 2024

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2023	24.559.063	2.483.798	38.389	14.880.906	41.962.156
Tillag í lögbundinn varasjóð	0	145.379	0	(145.379)	0
Endurmat afskrifað	0	0	(1.324)	1.324	0
Þýðingarmunur	0	0	0	133	133
Hagnaður og önnur heildarafkoma	0	0	0	2.101.928	2.101.928
Eigið fé 31. desember 2023	24.559.063	2.629.177	37.065	16.838.913	44.064.218
Eigið fé 1. janúar 2024	24.559.063	2.629.177	37.065	16.838.913	44.064.218
Tillag í lögbundinn varasjóð	0	438.893	0	(438.893)	0
Endurmat afskrifað	0	0	(1.324)	1.324	0
Þýðingarmunur	0	0	0	(2.527)	(2.527)
Hagnaður og önnur heildarafkoma	0	0	0	5.231.062	5.231.062
Eigið fé 31. desember 2024	24.559.063	3.068.070	35.741	21.629.879	49.292.753

Engin arðgreiðsla var á árinu til hluthafa. Allt hlutféð er innborgað. Sjá einnig skýringu 18.

Yfirlit um sjóðstreymi 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		6.106.303	4.006.436
Afskriftir	11,12,13	4.552.466	4.138.991
Reikningshaldslegar afskriftir skammtímalíða	16,17	78.165	36.010
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		(2.995)	(2.571)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		10.733.939	8.178.866
Vörubirgðir (hækkun)		(37.789)	(144.274)
Aðrar rekstartengdar eignir lækkun		481.117	105.263
Rekstartengdar skuldir (lækkun) hækkun		(407.177)	3.307.846
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		10.770.090	11.447.701
Innborgaðir vextir		1.022.808	1.188.567
Greiddir vextir		(2.707.319)	(2.063.145)
Greidd þjónustugjöld		(91.047)	(71.061)
Greiddir skattar		(2.583)	0
Handbært fé frá rekstri		8.991.949	10.502.062
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	11	(17.957.577)	(16.502.344)
Seldir rekstrarfjármunir		12.863	8.336
Fjárfesting í óefnislegum eignum	12	(81.605)	(82.702)
Afborganir skuldabréfa	15	14.394	13.475
Langtímakrafa Joint Finance samningsins, breyting	15	487.950	487.950
Fjárfestingahreyfingar		(17.523.974)	(16.075.285)
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir	19	0	34.182.500
Afborganir langtímaskulda	19	(1.217.326)	(21.246.270)
Afborganir leigusamninga	13	(123.123)	(118.920)
Viðskiptaskuldir, framkvæmdaáætlun fjármögnun, breyting	21	369.209	(1.408.280)
Fjármögnunarhreyfingar		(971.240)	11.409.030
(Lækkun) hækkun handbærs fjár		(9.503.265)	5.835.807
Handbært fé í upphafi árs		15.513.769	9.494.864
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(121.161)	183.098
Handbært fé í lok árs	17	5.889.342	15.513.769

1. Starfsemi

Isavia ohf. var stofnað í ársbyrjun 2010 með samruna Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili félagsins Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli en varnarþing félagsins er í Hafnarfirði.

Isavia og dótturfélög annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýra jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu.

Samstæðuársreikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Isavia ANS ehf., Isavia Innanlandsflugvelli ehf., Frihöfnin ehf., Tern Systems ehf., Tern Ungverjalandi og Suluk ApS á Grænlandi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok árs 2024, breytingar á þeim og nýjar tulkánir og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samstæðuársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs nema að ákveðnir fastafjármunir eru metnir eftir endurmatsaðferðinni. Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á stöðlum

Samstæðan hefur beitt eftirfarandi stöðlum og breytingum í fyrsta skipti fyrir reikningsárið sem hófst 1. janúar 2024.

IAS 1 Flokkun skulda sem skammtímaskuldir eða langtímaskuldir með lánaskilmálum.

Breytingar á framangreindum staðli hafði óveruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

Nýir reikningsskilastaðlar og tulkánir sem ekki hafa tekið gildi

Nokkrar breytingar á reikningsskilastöðlum hafa verið gerðar sem hafa ekki tekið í gildi fyrir reikningsskil 31. desember 2024 og hafa ekki verið innleitt fyrir gildistíma við gerð þessara reikningsskila. Mat samstæðunnar á nýju og breytingum á stöðlum er sett fram hér að neðan.

Nýr staðall IFRS 18 - Framsetning og upplýsingagjöf í reikningsskilum (gildir fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2027 eða síðar). IFRS 18 mun koma í stað núverandi staðals, IAS 1 Framsetning reikningsskila, þar sem nýjar kröfur eru kynntar en markmiðið með staðlinum er að ná frekari samanagerðarhæfni á fjárhagslegrar frammistöðu sambærilegra aðila og veita meiri viðeigandi upplýsingar og gagnsæi fyrir notendur. Jafnvel þó að IFRS 18 hafi ekki áhrif á færslu eða mat á liðum í reikningsskilum, er búist við að áhrif hans á framsetningu og upplýsingagjöf verði víðtæk. Stjórnendur eru að leggja mat á hugsanleg áhrif innleiðingar á IFRS 18.

Samstæðan mun beita nýja staðlinum frá gildistökudegi hans, 1. janúar 2027. Krafa er um að beita staðlinum afturvirkkt og því verða samanagerðarupplýsingar fyrir reikningsárið sem lýkur 31. desember 2026 endurbirtar í samræmi við IFRS 18.

3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð samstæðuársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Raunveruleg verðmæti kunna að vera með öðrum hætti en mat stjórnenda. Reikningshaldslegt mat er helst í mati á líftíma eigna og í niðurfærslu viðskiptakrafna og vörubirgða, sjá skýringar nr. 11, 12, 16 og 17.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skýringar

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	2024	2023
Tekjur vegna sölu á vörum	14.970.131	14.590.032
Tekjur vegna sölu á þjónustu.....	27.012.734	22.368.023
Tekjur vegna þjónustusamnings.....	2.920.300	2.436.000
Eignatekjur.....	7.014.068	5.663.908
	51.917.233	45.057.963

Eignatekjur eru tekjur af fasteignum, lóðum, áhöldum og tækjum. Meðal eignatekna eru leigutekjur af rekstrarleigu sem að hluta til falla undir gildissvið IFRS 16 Leigusamningar. Aðrar tekjur sem tilgreindar eru hér að ofan eru innan gildissviðs IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavinum. Nánari lýsing á eðli tekna og tímasetningu tekjuskráningar félagsins er að finna í skýringu 29.

Tekjur vegna þjónustusamnings eru tilkomnar vegna samnings við Innviðaráðuneytið vegna reksturs flugvalla og flugleiðsögupjónustu á flugvöllum samstæðunnar. Á árinu 2024 námu tekjurnar 2.920 milljónum króna. Á árinu 2023 námu tekjur þjónustusamningsins 2.436 milljónum króna.

5. Kostnaðarverð seldra vara

	2024	2023
Vörukaup og flutningskostnaður	6.644.367	6.370.886
Áfengis- og tóbaksgjald	1.074.041	1.095.124
Endurvinnslugjald	94.734	103.142
	7.813.142	7.569.152

6. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Laun	19.736.142	17.558.212
Lífeyrissjóður, móttframlag	2.883.715	2.653.172
Tryggingagjald	1.419.698	1.267.712
Önnur launatengd gjöld	365.269	325.221
Viðbótarframlag í lífeyrissjóð og breyting á orlofsskuldbindingu	378.513	373.960
Eignfærður launakostnaður	(1.007.990)	(1.094.303)
Annar starfsmannakostnaður	979.187	891.044
	24.754.535	21.975.018
Meðalfjöldi starfa	1.433	1.348

Heildarlaun og móttframlag í lífeyrissjóð til forstjóra Isavia ohf. nam 59 milljónum króna á árinu 2024 samanborið við 55 milljónir króna árið 2023. Heildarlaun og móttframlag í lífeyrissjóð til fjögurra stjórna samstæðunnar, framkvæmdastjóra dótturfélaga og framkvæmdastjórna móðurfélags á árinu 2024 nam 352 milljónum króna en árið á undan nam þessi liður 349 milljónum króna.

7. Þóknun til endurskoðanda

	2024		2023	
	Endurskoðun og könnun	Önnur þjónusta	Endurskoðun og könnun	Önnur þjónusta
Ríkisendurskoðun	47.267	0	35.867	0
	47.267	0	35.867	0

Önnur þjónusta er kostnaður vegna reikningsskilaaðstoðar, skattamála og aðstoðar við skattframtal. Á árunum 2024 og 2023 var þessi þjónusta keypt af þriðja aðila sem er óháður endurskoðanda félagsins.

Skýringar

8. Annar rekstrarkostnaður

	2024	2023
Fasteignakostnaður	2.603.242	2.262.877
Tækni- og rekstrarkerfi	1.980.708	1.881.455
Flugvalla- og flugbrautakostnaður	1.023.882	664.139
Bífreiða- og tækjakostnaður	516.497	479.207
Annar rekstrarkostnaður	1.625.211	1.338.127
	<u>7.749.540</u>	<u>6.625.806</u>

9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur

	2024	2023
Vaxtatekjur af bankareikningum	737.397	863.911
Vaxtatekjur af langtímakröfum og skuldabréfaeign	3.331	4.619
Vaxtatekjur af Joint Finance samningi	270.201	292.357
Aðrar vaxtatekjur	24.469	23.342
	<u>1.035.398</u>	<u>1.184.228</u>

Fjármagnsgjöld

	2024	2023
Vaxtagjöld og verðbætur	(2.643.298)	(2.494.552)
Önnur vaxtagjöld	(147.216)	(171.036)
	<u>(2.790.514)</u>	<u>(2.665.589)</u>

Gengismunur

	2024	2023
Gengismunur	2.056.903	179.716
	<u>2.056.903</u>	<u>179.716</u>

10. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í samstæðuársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 1.177 milljónum króna. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2025 nemur 3,7 milljónum króna vegna erlendra dótturfélaga. Á árinu 2023 nam tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 603 milljónum króna og tekjuskattur til greiðslu á árinu 2024 nam 2,8 milljónum króna.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2024		2023	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	6.408.091		2.704.792	
Skatthlutfall	(1.345.699)	(21,0%)	(540.958)	(20,0%)
Aðrar breytingar	125.768	2,0%	(61.905)	(2,3%)
Breytingar vegna hækkunar skatthlutfalls	42.902	0,7%	0	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>(1.177.029)</u>	<u>(18,4%)</u>	<u>(602.863)</u>	<u>(22,3%)</u>

Skýringar

11. Rekstrarfjármunir

	Fasteignir og listaverk	Flughlöð og bílastæði	Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun 2023	47.624.670	26.334.572	3.313.311	18.797.952	96.070.505
Leiðrétt milli flokka	0	0	0	15.858	15.858
Eignfært á árinu	10.119.969	2.830.876	56.027	3.495.473	16.502.344
Aflagt á árinu	(29.763)	(194.584)	(244.443)	(522.749)	(991.539)
Selt á árinu	0	0	0	(29.377)	(29.377)
Staða í ársbyrjun 2024	57.714.876	28.970.864	3.124.895	21.757.156	111.567.791
Eignfært á árinu	9.494.720	4.889.178	341.706	3.231.973	17.957.577
Aflagt á árinu	(92.406)	(8.112)	(1.412.067)	(1.174.844)	(2.687.429)
Selt á árinu	0	0	0	(39.461)	(39.461)
Staða í árslok 2024	67.117.190	33.851.930	2.054.534	23.774.824	126.798.477
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun 2023	10.655.791	4.854.576	2.048.768	7.207.054	24.766.188
Leiðrétt milli flokka	0	0	0	15.858	15.858
Afskriftir ársins	1.132.274	1.035.430	267.241	1.254.277	3.689.223
Aflagt á árinu	(29.763)	(194.584)	(244.443)	(522.749)	(991.539)
Selt á árinu	0	0	0	(23.614)	(23.614)
Staða í ársbyrjun 2024	11.758.302	5.695.422	2.071.567	7.930.825	27.456.117
Afskriftir ársins	1.231.069	1.196.866	273.878	1.387.441	4.089.253
Aflagt á árinu	(92.406)	(8.112)	(1.412.067)	(1.174.844)	(2.687.429)
Selt á árinu	0	0	0	(29.593)	(29.593)
Staða í árslok 2024	12.896.965	6.884.176	933.378	8.113.829	28.828.348
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun 2024	45.956.573	23.275.442	1.053.328	13.826.331	84.111.674
Bókfært verð í árslok 2024	54.220.224	26.967.754	1.121.156	15.660.995	97.970.130

Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna er eftirfarandi:

Fasteignir og listaverk	0-100 ár
Flughlöð og bílastæði	5-50 ár
Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður	3-20 ár
Aðrar eignir	3-70 ár

Framkvæmdir eru í Flugstöð Leifs Eiríkssonar vegna stækkana á flugstöðinni og breytinga á rýmum auk framkvæmda á flugvallarsvæðinu. Á árinu 2024 var eignfært vegna framkvæmda og annarra fjárfestinga fyrir um 16.816 milljónir króna hjá móðurfélaginu (2023: 15.643 milljónir króna). Aðrar fjárfestingar hjá dótturfélögum Isavia ohf. námu um 1.142 milljónum króna á árinu (2023: 859,4 milljónir króna). Framundan eru áframhaldandi framkvæmdir vegna stækkunar flugstöðvarinnar og breytinga á rýmum auk áframhaldandi framkvæmda á flugvallarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll. Þann 31. desember 2024 voru til staðar skuldbindingar utan efnahags vegna samninga og tilheyra þeim framkvæmdum sem framundan eru til ársloka 2025 og nemur skuldbindingin 7.142 milljónum króna (2023: 12.873 milljónir króna) hjá móðurfélaginu.

Upplýsingar um afskriftir ársins:	2024	2023
Afskriftir rekstrarfjármuna sbr. hér að framan	4.089.253	3.689.223
Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýringu 12	336.347	329.233
Afskriftir nýtingarréttis sbr. skýringu 13	126.866	120.534
	4.552.466	4.138.991
Upplýsingar um endurmetnar fasteignir í lok ársins:	31.12.2024	31.12.2023
Endurmetið bókfært verð	91.731	94.727
Þar af áhrif sérstaks endurmats	(43.583)	(45.197)
Bókfært verð án áhrifa endurmats	48.148	49.530

11. Rekstrarfjármunir (framhald)

	2024		2023	
	Fasteignamat	Vátryggingamat	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir og lóðir	43.541.082	181.688.591	40.156.351	164.726.635
Vélar og tæki, eignatryggingar		2.273.937		2.005.264
Aðrar lausafjártryggingar		36.140.033		35.385.543
Rekstrarstöðvunartrygging		14.052.921		13.017.555

Isavia ohf. og dótturfélög eru með sameiginlegar tryggingar. Meðal vátryggingamats fasteigna og lóða er vátryggingamat fyrir fasteignir sem Isavia Innanlandsflugvelli ehf. er með í umsjón tengt þjónustusamningi við Innviðaráðuneytið og nemur vátryggingamat fasteignanna 14.133 milljónum króna á árinu 2024 (2023: 13.192 milljónir króna).

12. Óefnislegar eignir

	Afnotasamn. um mannvirki	Afnotasamn. um flugbrautir	Hugbúnaður og aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun 2023	477.035	5.706.000	1.265.589	7.448.624
Leiðrétting	0	0	(2)	(2)
Eignfært á árinu	0	0	82.702	82.702
Aflagt á árinu	0	0	(36.452)	(36.452)
Staða í ársbyrjun 2024	477.035	5.706.000	1.311.836	7.494.871
Eignfært á árinu	0	0	81.605	81.605
Aflagt á árinu	0	0	(106.767)	(106.767)
Staða í árslok 2024	477.035	5.706.000	1.286.674	7.469.709
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun 2023	222.651	2.663.211	528.350	3.414.212
Afskrift ársins	15.899	190.174	123.160	329.233
Aflagt á árinu	0	0	(36.452)	(36.452)
Staða í ársbyrjun 2024	238.550	2.853.385	615.058	3.706.993
Afskrift ársins	15.899	190.174	130.274	336.347
Aflagt á árinu	0	0	(106.767)	(106.767)
Staða í árslok 2024	254.449	3.043.559	638.565	3.936.573
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun 2024	238.485	2.852.615	696.778	3.787.878
Bókfært verð í árslok 2024	222.586	2.662.441	648.109	3.533.136
Afskriftarhlutföll	3,3%	3,3%	5-33%	

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurflugvallar ohf., nú Isavia ohf., og Varnarmálastofnunar, nú Landhelgisgæslu Íslands, sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók félagið yfir afnot til næstu 30 ára, frá ársbyrjun 2009 að telja, á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurflugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en félagið skal standa straum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhald þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðflugmálastofnunarinnar. Landhelgisgæslan f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldfærður hlutfallslega yfir leigutímann.

13. Leigusamningar

Samstæðan leigir fasteignir og lóðir fyrir starfsemi sína sem falla undir reikningsskilastaðal IFRS 16 Leigusamningar. Samningsbundinn leigutími fasteigna er 4 til 5 ár auk eins ótímabundins samnings. Stærsti leigusamningur samstæðunnar, að undanskildum ótímabundnum samningi, er vegna skrifstofuhúsnæðis sem rennur út eftir 1 ár frá reikningsskiladegi. Félagið hefur forleigurétt til 5 ára að samningstíma loknum. Ótímabundni samningurinn um fasteign er með 6 mánaða uppsagnartíma að beggja hálfu. Samningsbundinn leigutími lóða er á bilinu 43 til 47 ár.

Tölur hér á eftir sýna meðal annars greiningu á flokkum undirliggjandi eigna á samningsbundnum leigugreiðslum þar sem félagið er leigutaki.

Nýtingarréttur	Fasteignir og lóðir	
Staða í ársbyrjun 2023	289.041	
Verðbætur af leiguskuldbindingu	20.281	
Breytingar vegna samninga	88.301	
Afskriftir	(120.534)	
Staða í ársbyrjun 2024	277.088	
Verðbætur af leiguskuldbindingu	20.882	
Breytingar vegna samninga	322.539	
Afskriftir	(126.866)	
Staða í árslok 2024	493.643	

Upphæðir færðar í rekstrarreikning	2024	2023
Afskriftir af nýtingarrétti	126.866	120.534
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu	23.627	13.693
Samtals gjaldfært á árinu	150.493	134.227
Heildargreiðsla af leigusamningum á árinu	146.336	131.701

Leiguskuldbinding		
Leiguskuldir, langtímahluti	403.733	162.014
Leiguskuldir, afborgun næstu 12 mánaða meðal skammtímaskulda	106.945	128.608
	510.678	290.621

Leiguskuldbinding	31.12.2024	31.12.2023
Gjalddagagreining, ónúvirtar leigugreiðslur		
Innan árs	128.562	139.291
Eftir ár en innan 5 ára	218.967	126.659
5 ár og síðar	308.451	87.982
	655.980	353.932

Skýringar

14. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. samanstendur af eftirfarandi dótturfélögum:

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum eru eftirfarandi:			
Dótturfélög Isavia ohf.			
Fríhöfnin ehf., Keflavíkurflugvelli	100,00%	50.000	Verslunarstarfsemi
Isavia ANS ehf., Reykjavíkurflugvelli.....	100,00%	310.500	Flugleiðsöguþjónusta
Isavia Innanlandsflugvelli ehf., Reykjavíkurflugvelli...	100,00%	52.350	Rekstur innanlandsflugvalla
Dótturfélög Isavia ANS ehf.			
Suluk ApS, Grænlandi.....	100,00%	1.999	Þjónusta flugumferðarstjóra
Tern Systems ehf., Kópavogi	100,00%	80.000	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf
Dótturfélag Tern Systems ehf.			
Tern Branch Hungary, Ungverjalandi	100,00%	16.877	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf

15. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

Skuldabréfaeign	31.12.2024	31.12.2023
Skuldabréfaeign	27.580	38.643
Næsta árs afborgun	(13.487)	(12.318)
	<u>14.094</u>	<u>26.324</u>
Langtímakrafa	31.12.2024	31.12.2023
Langtímakrafa vegna Joint Finance samnings	975.901	1.463.851
Næsta árs afborgun	(487.950)	(487.950)
	<u>487.950</u>	<u>975.901</u>
Skuldabréfaeign og langtímakrafa samtals	<u>502.044</u>	<u>1.002.225</u>
Afborganir skuldabréfaeignar og langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:		
	31.12.2024	31.12.2023
Árið 2024	0	500.269
Árið 2025	501.437	500.823
Árið 2026	502.044	501.402
	<u>1.003.481</u>	<u>1.502.494</u>

Að mati stjórnenda er óverulegur mismunur er á milli gangverðs og bókfærðs verðs fjáreigna.

16. Vörubirgðir

	31.12.2024	31.12.2023
Vörur til endursölu	670.506	663.216
Vörur í flutningi	97.237	66.738
Niðurfærsla vörubirgða	(8.015)	(7.189)
	<u>759.728</u>	<u>722.765</u>
Breytingar á niðurfærslu vörubirgða greinist þannig:		
Staða í ársbyrjun	(7.189)	(3.863)
Breyting niðurfærslu birgða.....	(34.983)	(37.122)
Rýrnun birgða á árinu.....	34.157	33.797
Staða í árslok	<u>(8.015)</u>	<u>(7.189)</u>
Tryggingaverðmæti birgða	<u>925.418</u>	<u>857.641</u>

Engar birgðir eru veðsettar hjá samstæðunni í lok ársins.

Samstæðan áætlar að selja allar sínar birgðir á næstu 12 mánuðum.

17. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur		
	31.12.2024	31.12.2023
Innlendar viðskiptakröfur	4.469.011	5.147.913
Erlendar viðskiptakröfur	959.981	578.570
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(2.386.037)	(2.308.698)
	3.042.954	3.417.784
Virðisrýrnun viðskiptakrafna		
Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinast þannig:		
	31.12.2024	31.12.2023
Staða í ársbyrjun	(2.308.698)	(2.276.014)
Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna	(86.352)	(65.638)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	9.013	32.954
Staða í árslok	(2.386.037)	(2.308.698)

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda, reynslu fyrri ára og efnahagshorfum á reikningsskiladegi.

Mat á niðurfærslu viðskiptakrafna í árslok 2024 í samræmi við kröfur IFRS 9 var eftirfarandi:

Samstæðan metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tímann á líftíma viðskiptakrafnanna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldursflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Samstæðan álitur að hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun krafna séu til staðar ef upplýsingar samstæðunnar sér eða frá utanaðkomandi aðilum benda til þess að skuldari sé í greiðsluerfiðleikum eða ef krafa er komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga.

Þann 28. mars 2019 beitti Isavia stöðvunarheimild á loftfar sem hafði verið í rekstri Wow air á grundvelli ógreiddra notendagjalda vegna starfsemi flugfélagsins á Keflavíkurflugvelli. Eigandi flugvélarinnar höfðaði innsetningarmál fyrir héraðsdómi Reykjaness sem hnekkti stöðvuninni þrátt fyrir skýr ákvæði laga sem heimiluðu stöðvunina að mati félagsins. Vegna þessa úrskurðar Héraðsdóms Reykjaness þótti rétt að færa gjaldakröfu að fjárhæð 2.091 milljónir króna niður í bókum félagsins þrátt fyrir þá skoðun félagsins að um rangan úrskurð hafi verið að ræða. Isavia höfðaði skaðabótamál gegn eiganda loftfarsins og Ríkissjóði vegna tjóns sem af innsetningargerðinni hlaut. Með dómi Héraðsdóms frá 22. desember 2021 (Mál E-1085/2020) var fallist á allar kröfur Isavia auk greiðslu málskostnaðar. Með dómi Landsréttar 12. maí 2023 var kröfum Isavia hafnað. Með dómi Hæstiréttar 6. maí 2024 var kröfum Isavia hafnað og félagið dæmt skaðabótaskyldt vegna stöðvunar loftfarsins að því er varðaði tímabilið eftir að gjöld sem tengdust loftfarinu höfðu verið greidd og þar til loftfarinu var flogið af landi brott. Uppgjör vegna þessa fór fram haustið 2024 og er málaferlunum þar með lokið.

Krafa félagsins á þrotabú Wow air er þó enn meðal viðskiptakrafna félagsins þar sem gjaldþrotaskiptum er ekki enn lokið. Krafan hefur verið færð að fullu niður reikningshaldslega.

Taflan hér á eftir sýnir framlag í niðurfærslureikning eftir aldursflokkum innlendra og erlendra viðskiptakrafna.

31.12.2024				
Dagar fram yfir gjalddaga	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur	0,2%	1.765.497	3.465	1.762.032
1-90 daga	4,1%	984.486	40.100	944.386
91-180 daga	14,7%	175.608	25.886	149.722
181-270 daga	20,2%	82.656	16.692	65.964
>271 daga	95,0%	2.420.745	2.299.894	120.850
Samtals		5.428.992	2.386.037	3.042.954
31.12.2023				
Dagar fram yfir gjalddaga	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur	0,1%	2.519.416	2.425	2.516.991
1-90 daga	3,1%	746.998	23.467	723.531
91-180 daga	10,0%	67.337	6.734	60.604
181-270 daga	44,3%	47.904	21.207	26.697
>271 daga	96,2%	2.344.827	2.254.865	89.962
Samtals		5.726.482	2.308.698	3.417.784

Skýringar

17. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2024	31.12.2023
Virðisaukaskattur	796.896	838.283
Fyrirframgreiddur kostnaður	303.002	241.857
Fjármagnstekjuskattur	167.069	191.994
Fyrirframgreidd laun	28.350	26.799
Aðrar kröfur	798.480	691.390
	<u>2.093.797</u>	<u>1.990.323</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2024	31.12.2023
Bankainnstæður í íslenskum krónum	4.076.138	9.547.496
Bankainnstæður í erlendri mynt	1.811.254	5.963.903
Sjóður í íslenskum krónum	1.950	2.370
	<u>5.889.342</u>	<u>15.513.769</u>

18. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok	24.559.063	100,0%	24.559.063
	<u>24.559.063</u>	<u>100,0%</u>	<u>24.559.063</u>

Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármála- og efnahagsráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Allt hlutféð er að fullu greitt.

Lögbundinn varasjóður

Fært er í lögbundinn varasjóð samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum. Ekki er heimilt að greiða lögbundinn varasjóð til hluthafa í formi arðs. Samkvæmt hlutafélagalögum skal leggja í varasjóðinn þar til hann hefur náð 25% af hlutfé.

Sérstakur endurmatsreikningur

Við samruna Flugfjarskipta ehf. og Isavia ohf. árið 2010, var fasteign fyrrnefnda félagsins endurmetin þar sem markaðsverð fasteignar þess félags var talið verulega hærra en bókfært verð. Hið endurmetna verð byggði á áætluðu söluverði sem staðfest var af matsmönnum. Matsbreytingin er færð á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár og á tekjuskattsskuldbindingu.

19. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir í EUR	48.902.790	52.039.016
Skuldir í ISK	4.821.851	5.121.220
	<u>53.724.641</u>	<u>57.160.236</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>(1.570.294)</u>	<u>(1.232.193)</u>
Langtímaskuldir í árslok	<u>52.154.347</u>	<u>55.928.043</u>
Breyting langtímaskulda á árinu greinist þannig:		
	31.12.2024	31.12.2023
Staða í ársbyrjun	57.160.236	44.130.665
Ný lán á árinu	0	34.182.500
Afborganir ársins	(1.217.326)	(21.246.270)
Gengismunur og verðbætur	(2.218.269)	93.342
Staða í lok ársins	<u>53.724.641</u>	<u>57.160.236</u>

Skýringar

19. Langtímaskuldir (framhald)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2024	31.12.2023
Afborganir árið 2025 / 2024	1.570.294	1.232.193
Afborganir árið 2026 / 2025	1.573.568	1.623.555
Afborganir árið 2027 / 2026	1.577.008	1.626.680
Afborganir árið 2028 / 2027	5.409.497	1.629.964
Afborganir árið 2029 / 2028	2.629.572	5.522.288
Afborganir síðar	40.964.702	45.525.556
	<u>53.724.641</u>	<u>57.160.236</u>

Engin ný lán voru tekin á árinu 2024 en greiddar voru samningsbundnar afborganir af núverandi lánum að fjárhæð 1.217 milljónir króna. Lánasamningar samstæðunnar að fjárhæð 53.725 milljónir króna innihalda skilmála um fjárhagslegan styrk varðandi skuldahlutfall og eiginfjárlutfall og uppfyllir félagið alla skilmála lánasamninga í árslok 2024. Félagið telur engar vísbendingar um að það reyni á lánaskilmálana á árinu 2025.

Á árinu 2023 lauk félagið sinni fyrstu skuldabréfaútgáfu og gaf út óskráð skuldabréf að fjárhæð EUR 175 milljónir og tók lán hjá Nordic Investment Bank að fjárhæð EUR 50 milljónir. Fjármögnunin var nýtt til endurfjármögnunar á eldri lánum félagsins og til að styðja við uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli.

20. Tekjuskattsskuldbinding (-inneign)

	31.12.2024	31.12.2023
Staða í ársbyrjun	(771.732)	(1.370.781)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	1.177.029	602.863
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári	(3.696)	(2.821)
Þýðingarmunur	2.458	(992)
Staða í árslok	<u>404.059</u>	<u>(771.732)</u>

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins

	31.12.2024	31.12.2023
Rekstrarfjármunir	1.857.028	1.952.801
Veltufjáreignir	(494.897)	(458.206)
Aðrir liðir	4.994	14.151
Frestaður gengismunur	300.641	(33.608)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	(1.263.707)	(2.246.870)
	<u>404.059</u>	<u>(771.732)</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Nýtanlegt til ársins 2030	619.567	6.159.439
Nýtanlegt til ársins 2031	4.339.935	4.339.935
Nýtanlegt til ársins 2032	385.532	385.532
Nýtanlegt til ársins 2033	356.035	349.443
Nýtanlegt til ársins 2034	316.585	0
	<u>6.017.654</u>	<u>11.234.349</u>

Skýringar

21. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2024	31.12.2023
Innlendar viðskiptaskuldir	2.976.871	2.757.926
Innlendar viðskiptaskuldir vegna framkvæmdaáætlunar	622.314	253.105
Erlendar viðskiptaskuldir	780.281	756.814
Viðskiptaskuld vegna Joint Finance samningsins	2.139.541	2.624.048
	<u>6.519.007</u>	<u>6.391.894</u>

Innlendar viðskiptaskuldir vegna framkvæmdaáætlunar tilheyra Isavia Innanlandsflugvöllum ehf. og eru tilkomnar vegna framkvæmdahluta þjónustusamnings þess við Innviðaráðuneytið. Greiðslur vegna framkvæmdahluta ársins hafa þegar borist og mynda því þessa skuld þar sem greiðslum þessum hefur ekki verið ráðstafað að fullu. Meðal handbærs fjár er inneign sem er tilkomin vegna þessara greiðslna.

Viðskiptaskuld vegna Joint Finance samningsins er tilkomin vegna endurheimt kostnaðar vegna flugleiðsöguþjónustu í Norður Atlantshafi. Árið 2023 var flugumferð í flugstjórnarsvæði Íslands meiri en áætlað hafði verið sem leiddi til þess að meira innheimtist af notendagjöldum en sem nam kostnaði við þjónustuna. Ákvæði samningsins eru að ef innheimt notendagjöld fyrir þjónustuna eru meiri þá myndast skuld vegna tímabilsins sem er endurgreidd með lækkun kostnaðargrunns notendagjalda tveimur árum síðar.

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir við lánastofnanir	1.570.294	1.232.193

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2024	31.12.2023
Virðisaukaskattur	47.445	34.151
Viðbótarframlag í lífeyrissjóð	112.843	150.576
Laun og launatengd gjöld	938.483	827.252
Orlofsskuldbinding	2.370.177	2.021.004
Áfallnir vextir	578.664	621.939
Aðrar skuldir	117.812	309.422
Fyrirframinnheimtar tekjur	156.207	155.960
Ólokinn verksamningur	14.745	70.413
	<u>4.336.376</u>	<u>4.190.716</u>

22. Fjármálagerningar

Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar eru eftirfarandi og eru allar skráðar á afskrifuðu kostnaðarverði:

Fjáreignir	31.12.2024	31.12.2023
Handbært fé	5.889.342	15.513.769
Langtímakröfur og skuldabréfaeign	1.003.481	1.502.494
Skammtímakröfur	4.638.330	4.947.457
Fjárskuldir	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir	63.881.786	67.112.195

Kröfur og aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun.

Áhættustýring

Stjórn hefur sett fram heildstæða áhættustefnu fyrir móðurfélagið og dótturfélög hafa lokið eða eru að ljúka eigin áhættustefnu sem tekur á sérstökum lykiláhættum þeirra. Fjárhagslegri áhættu er að hluta til stýrt af móðurfélaginu. Áhættunni hefur verið skipt upp í lykiláhættuþætti sem eru fjármögnunaráhætta, lausafjáráhætta, markaðsáhætta, mótaðilaáhætta og efnahagsáhætta og er þeim stýrt á skipulegan og virkan hátt.

22. Fjármálagæringar (framhald)

Vaxtaááhætta

Vaxtaááhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðsflæði fjármálagæringa muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á hreinar vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem fram koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagæringa er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2024		31.12.2023	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	(19.973)	(39.946)	17.463	34.925

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðsflæði fjármálagæringa muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

Meirihluti eigna samstæðunnar er í íslenskum krónum en þó á samstæðan nokkuð af erlendum fjáreignum. Meirihluti langtímaskulda samstæðunnar er í erlendum gjaldmiðlum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar samstæðunnar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til miðgengis.

Mynt	Árslokagengi	
	2024	2023
EUR	143,90	150,50
GBP	173,30	173,18
JPY	0,882	0,963
CHF	152,70	162,53
DKK	19,30	20,19
NOK	12,21	13,39
SEK	12,57	13,56
USD	138,20	136,20
CAD	96,08	102,79
HUF	0,35	0,39

Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2024

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	2.408.241	49.498.872	(47.090.630)
GBP	56.756	18.756	37.999
JPY	1	0	1
CHF	4.117	22.728	(18.611)
DKK	177.879	35.657	142.222
NOK	1.084	7.153	(6.068)
SEK	23.345	65.276	(41.931)
USD	95.213	54.806	40.407
CAD	19	0	19
HUF	13.003	8.841	4.162

Skýringar

22. Fjármálagerningar (framhald)

Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2023			
	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	6.014.659	52.612.406	(46.597.747)
GBP	329.672	34.750	294.922
JPY	25	0	25
CHF	5.269	16.238	(10.970)
DKK	97.446	51.187	46.259
NOK	884	893	(9)
SEK	2.974	40.116	(37.142)
USD	87.848	69.803	18.046
CAD	162	0	162
HUF	7.801	4.311	3.490

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% veikingu krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til, en þær eru að verulegum hluta erlendar lántökur og erlendar bankainnstæður og viðskiptakröfur. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðli er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Styrking krónunnar um 5% og 10% gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé	31.12.2024		31.12.2023	
	5%	10%	5%	10%
EUR	(1.860.080)	(3.720.160)	(1.863.910)	(3.727.820)
GBP	1.501	3.002	11.797	23.594
JPY	0	0	1	2
CHF	(735)	(1.470)	(439)	(878)
DKK	5.618	11.236	1.850	3.701
NOK	(240)	(479)	(0)	(1)
SEK	(1.656)	(3.313)	(1.486)	(2.971)
USD	1.596	3.192	722	1.444
CAD	1	2	6	13
HUF	164	329	140	279

Mótaðilaáhætta

Í mótaðilaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármálagerningum sínum. Samstæðan fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast mótaðilaáhættu. Nánari lýsingu á mati samstæðunnar á væntu útlánatapi vegna fjáreigna má finna í skýringum 29 (reikningsskilaaðferðir vegna virðisrýrnunar fjáreigna) og 17 (mat á niðurfærslu viðskiptakrafna). Samstæðan færir ekki niðurfærslu skuldabréfaeignar sem nema lágum upphæðum og niðurfærsla yrði að mati stjórnenda óveruleg.

	31.12.2024	31.12.2023
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	1.003.481	1.502.494
Viðskiptakröfur	3.042.954	3.417.784
Aðrar kröfur	1.595.376	1.529.673
Handbært fé	5.889.342	15.513.769
	11.531.153	21.963.720

Hámarks mótaðilaáhætta samstæðunnar er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

22. Fjármálagæringar (framhald)

Eiginfjárahætta

Fjárstýring samstæðunnar fylgist með áhættustýringu eigin fjár í samráði við stjórn og stjórnendur. Samstæðan stýrir fjármögnun sinni í samræmi við eigandastefnu. Þar er lögð mikil áhersla á langtímasjónarmið um uppbyggingu og rekstur samstæðunnar. Jafnframt er lögð áhersla á að félög samstæðunnar, sérstaklega þegar þau sinna samkeppnisrekstri, skili ásættanlegri afkomu og tryggi viðhald tekjumyndandi eigna. Í því felst m.a. að ríkissjóður fái eðlilegan arð af eigin fé í samræmi við áhættu rekstrar.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er áhættan á því að samstæðan geti ekki fjármagnað fjárhagslegar skuldbindingar eða fyrirhugaðar fjárfestingar, eða að geta einungis gert það á mun óhagstæðari kjörum en verið hefur. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa.

	Til greiðslu innan eins árs	Til greiðslu eftir 1- 4 ár	Til greiðslu eftir 4 ár	Samtals
Skuldir 31.12.2024				
Óvaxtaberandi	10.307.145	0	0	10.307.145
Með breytilegum vöxtum	935.946	6.291.687	4.513.692	11.741.325
Með föstum vöxtum	1.215.879	4.897.958	35.719.479	41.833.315
	12.458.970	11.189.645	40.233.171	63.881.786
Eignir 31.12.2024				
Óvaxtaberandi	4.846.329	0	0	4.846.329
Með breytilegum vöxtum	6.182.781	502.044	0	6.684.825
	11.029.109	502.044	0	11.531.153
Hrein staða 31.12.2024	(1.429.861)	(10.687.601)	(40.233.171)	(52.350.633)
	Til greiðslu innan eins árs	Til greiðslu eftir 1- 4 ár	Til greiðslu eftir 4 ár	Samtals
Skuldir 31.12.2023				
Óvaxtaberandi	9.951.959	0	0	9.951.959
Með breytilegum vöxtum	1.998.795	5.320.160	5.294.257	12.613.211
Með föstum vöxtum	874.372	5.082.327	38.590.326	44.547.024
	12.825.126	10.402.487	43.884.583	67.112.195
Eignir 31.12.2023				
Óvaxtaberandi	4.984.864	0	0	4.984.864
Með breytilegum vöxtum	15.976.630	1.002.225	0	16.978.856
	20.961.495	1.002.225	0	21.963.720
Hrein staða 31.12.2023	8.136.369	(9.400.262)	(43.884.583)	(45.148.475)

23. Önnur mál

Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu

Á grundvelli þjónustusamnings við Innviðaráðuneytið og sem tilnefndur veitandi flugumferðarþjónustu veitir samstæðan þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu innan íslenska flugupplýsingasvæðisins og hluta flugupplýsingasvæðis Grænlands og Færeyja í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins gagnvart alþjóðasamningum. Um skuldbindingu þessa er í gildi svonefndur Joint Finance samningur sem gerður var árið 1956 á milli þrettán aðildarríkja ICAO en nú eru ríkin tuttugu og fimm talsins.

23. Önnur mál (framhald)

Dómsmál

Protabú Air Berlin stefndi félaginu vegna stöðvunar loftfars þess árið 2017. Stefnufjárhæðin var EUR 795 þúsund (ISK 120 milljónir króna). Fallist var á kröfu protabúsins í undirrétti í Berlín í desember 2021. Málinu var áfrýjað til yfirréttar í Berlín sem staðfesti niðurstöðu undirréttar þann 22. febrúar 2023. Protabúið kyrrsetti greiðslur tveggja flugfélaga í Þýskalandi til Isavia fyrir þessari fjárhæð. Í framhaldinu kyrrsetti Isavia loftfar til tryggingar greiðslu þessara gjalda hér á landi og er nú mál rekið fyrir Landsrétti til staðfestingar á tryggingargreiðslunni. Í millitíðinni óskaði protabú Air Berlin eftir að sér yrði heimiluð aðför hér á landi á grundvelli niðurstöðu þýskra dómstóla fyrir Héraðsdómi Reykjaness sem féllst á kröfu protabúsins. Uppgjör vegna þessa fór fram í árslok 2024.

Þann 20. febrúar 2025 féll dómur í Landsrétti um starfsaldur flugumferðarstjóra þar sem fallist var á kröfur flugumferðarstjóra. Óskað verður eftir leyfi til áfrýjunar til Hæstaréttar.

24. Aðrar skuldbindingar

Starfsleyfi

Isavia ohf. og dótturfélög þess hafa ótímabundin starfsleyfi vegna reksturs flugleiðsögu, flugvalla og landingastaða og eru háð skilyrðum sem af þeim leiðir eins og þau eru á hverjum tíma.

Félaginu er skylt að virða alþjóðlegar skuldbindingar sem stjórnvöld hér á landi hafa undirgengist á grundvelli alþjóðasamninga sem lúta að starfsemi félagsins og dótturfélaga.

Isavia ANS ehf. hefur ótímabundið starfsleyfi vegna rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu samkvæmt reglugerð nr. 720/2019 og heldur starfsleyfið gildi sínu svo lengi sem skilyrði þess eru uppfyllt. Félagið er einnig handhafi vottorðs sem fyrirtæki sem sér um þjálfun flugumferðarstjóra og er yfirlýstur flugrekandi fyrir starfsemi sem ekki er í ábataskyni (NCC) og sérstakrar starfrækslu (SPO) í samræmi við reglugerð nr. 237/2014 og síðari breytingar.

Þjónustusamningar

Isavia ohf. er með þjónustusamning við Innviðaráðuneytið til 31. desember 2025 um rekstur Keflavíkurflugvallar. Félaginu ber jafnframt að virða alþjóðlegar skuldbindingar sem stjórnvöld hér á landi hafa undirgengist á grundvelli alþjóðasamninga.

Isavia Innanlandsflugvöllir ehf. er með þjónustusamning við Innviðaráðuneytið um rekstur og uppbyggingu innanlandsflugvallakerfisins til tveggja ára, 2024 og 2025. Jafnframt ber félaginu að virða alþjóðlegar skuldbindingar sem stjórnvöld hér á landi hafa undirgengist á grundvelli alþjóðasamninga, ásamt því að sinna viðhaldi og uppbyggingu á innanlandsflugvöllum í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda á hverjum tíma.

Þjónustusamningur vegna innanlandsflugvalla er tvískiptur. Annars vegar greiðslur til félagsins vegna daglegs rekstrar innanlandsflugvalla sbr. skýringu númer 4. Hins vegar eru greiðslur til félagsins vegna verkefna tengdum viðhaldi og nýframkvæmdum á innanlandsflugvöllum sbr. skýringu númer 21. Engar eignfærslur eru hjá félaginu vegna verkefna tengt viðhaldi né nýframkvæmdum þar sem slíkar framkvæmdir eru ekki eign félagsins heldur ríkisins en félaginu aðeins falið að annast umsýslu þessara framkvæmda.

Verkefni vegna viðhalds og nýframkvæmda á innanlandsflugvöllum eru samkvæmt gildandi samgönguáætlun hverju sinni. Stærsta verkefnið var á Akureyrarflugvelli, um 900 milljónir. Aðrar framkvæmdir á áætlunarflugvöllum nema um 500 milljónum króna. Nú stendur yfir endurskoðun 15 ára samgönguáætlunar fyrir árin 2024 til 2038 og þar verða sett inn bæði viðhaldsverkefni og nýframkvæmdir. Á alþjóðaflugvöllum þremur eru frávik vegna aðflugsljósa og munu þau verða fjármögnuð í næstu samgönguáætlun.

Tryggingar

Félagið er með sameiginlegar tryggingar með dótturfélögum sínum.

Auk lögbundinna trygginga bifreiða og fasteigna er félagið með ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar, víðtæka eignatryggingu, lausafjártryggingar og kaskótryggingu ökutækja eins og við á. Félagið tryggir starfsemi flugleiðsögu og flugvalla sem og flugvél dótturfélagsins á Lloyds markaði (í samræmi við skilmála tryggingarinnar) fyrir allt að USD 1,5 milljarða.

Ábyrgðartrygging stjórnar og stjórnenda Isavia samstæðunnar er 300 milljónir króna.

Félagið kaupir tryggingar vegna starfsmanna í samræmi við ákvæði kjarasamninga nema skírteini flugumferðarstjóra sem félagið rekur í eigin áhættu.

25. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Isavia ohf. ákvað fyrir nokkru að bjóða út rekstur friðhafnarverslunar á Keflavíkurflugvelli og lauk því ferli seint á árinu 2024. Niðurstaða útboðsins var að samþykkt væri að taka tilboði í reksturinn og mun nýr rekstraraðili taka við í maí 2025. Á þeim tímapunkti mun rekstrarleyfissamningur Isavia ohf. við dótturfélag sitt Friðhöfnina ehf. renna út og mun Friðhöfnin ehf. hætta starfsemi í maí 2025. Þegar Friðhöfnin ehf. hættir starfsemi og nýr rekstraraðili tekur við mun starfsfólk Friðhafnarinnar og skuldbindingar vegna starfsfólksins flytjast yfir til nýs rekstraraðila friðhafnarverslunar á Keflavíkurflugvelli á grundvelli laga nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Nú þegar er tryggður kaupandi að birgðum og stærstum hluta eigna Friðhafnarinnar. Enginn vafi er á greiðslu skulda Friðhafnarinnar ehf. á þessum tímapunkti. Enginn vafi á rekstrarhæfi Friðhafnarinnar ehf. til næstu 12 mánaða að mati stjórnenda þess.

26. Tengdir aðilar

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila samstæðunnar eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða veruleg áhrif. Móðurfélag og félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð eða hefur veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar. Samstæðan er opinbert hlutafélag en opinberum aðilum eru veittar undanþágur að hluta til frá kröfum um upplýsingagjöf vegna tengdra aðila í IAS 24. En helstu viðskipti samstæðunnar við opinbera aðila er samningur við ríkið um rekstur innanlandsflugvalla sem tilheyrir dótturfélaginu Isavia Innanlandsflugvelli ehf. Í starfsþáttayfirliti eru veittar upplýsingar um rekstur Isavia Innanlandsflugvalla ehf.

Upplýsingar um laun stjórnar og forstjóra koma fram í skýringu nr. 6. Sala á vöru og þjónustu til lykilstjórnenda eða aðila tengdra þeim voru óveruleg.

27. Samþykki ársreiknings

Samstæðuársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 12. mars 2025.

28. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi:	2024	2023
Arðsemi		
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	10.658.769	8.145.427
a) Framlegðarhlutfall rekstrar	20,53%	18,08%
b) Hagnaðar (tap) hlutfall	10,08%	4,66%
c) Afkoma á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS)	0,21	0,09
d) Arðsemi eigin fjár	11,21%	4,89%
a) EBITDA/rekstrartekjur		
b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur		
c) Afkoma á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS)		
d) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár		
Úr efnahagsreikningi:	31.12.2024	31.12.2023
Nýting fjármagns		
e) Fjárbinding í birgðum	0,01	0,02
f) Veltuhraði eigna	0,46	0,44
g) Veltuhraði birgða	10,54	11,60
h) Veltuhraði viðskiptakrafna	16,07	13,19
e) Birgðir/rekstrartekjur		
g) KSV/meðalstaða birgða		
f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna		
h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna		
Greiðsluhæfi		
i) Lausafjárlutfall	0,92	1,79
j) Veltufjárlutfall	0,98	1,85
k) Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA	4,54	5,15
i) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir		
j) Veltufjármunir/skammtímaskuldir		
Fjárhagslegur styrkur		
l) Eiginfjárlutfall	42,94%	39,31%
m) Innra virði hlutafjár	2,01	1,79
l) Eigið fé/heildarfjármagn		
m) Eigið fé/hlutafé		

29. Reikningsskilaaðferðir

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu. Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð herra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptrar eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Áhættustýring

Eftirlitskerfi með innra eftirliti og áhættustýringu nær bæði til fjárhagslegra og ófjárhagslegra upplýsinga, áreiðanleika, gæði og heild þeirra sem og varðveislu eigna. Því er ætlað að tryggja að upplýsingar í ársreikningi séu fullnægjandi, nái til mikilvægra þátta og séu settar fram með hlutlausum hætti. Reikningsskil félagsins eru unnin í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Reikningsskilin eru yfirfarin af stjórnendum félagsins og endurskoðunarnefnd.

Skráning tekna

Rekstrartekjur

Tekjuskráning samstæðunnar endurspeglar það gagngjald sem samstæðan væntir að fá vegna sölu á vöru og þjónustu til viðskiptavinar. Samstæðan skráir tekjur þegar yfirráð yfir seldri vöru eða þjónustu flytjast yfir til viðskiptavinar. Almennt eru reikningar félagsins gerðir mánaðarlega þar sem veitt þjónusta fyrir viðkomandi mánuð er tekjufærð að því undanskildu að vörusala Fríhafnarinnar er færð þegar sala á sér stað.

Flugleiðsaga - Isavia ANS ehf.

Isavia ANS ehf. hefur með höndum flugleiðsöguþjónustu í innanlands- og alþjóðaflugi yfir stóru svæði á Norður-Atlantshafi. Tekjur félagsins eru tilkomnar m.a. af flugleiðsöguþjónustu við flugrekendur á Norður-Atlantshafi á grundvelli Joint Finance samnings (milliríkjasamningur), flugleiðsöguþjónustu í innanlandsloftþrymi og flugleiðsöguþjónustu á flugvöllum á Íslandi.

Innanlandsflugvöllir - Isavia Innanlandsflugvöllir ehf.

Isavia Innanlandsflugvöllir ehf. annast rekstur og viðhald allra flugvalla landsins fyrir utan Keflavíkurflugvöll. Stærsti hluti tekna félagsins kemur úr þjónustusamningi við Innviðaráðuneytið en aðrar tekjur samanstanda af notendagjöldum og útleigu mannvirkja. Öll mannvirki á flugvöllum á Íslandi fyrir utan Keflavíkurflugvöll eru undir yfirráðum íslenska ríkisins.

Keflavíkurflugvöllur - Isavia ohf.

Skipulag Keflavíkurflugvallar skiptist annars vegar í viðskipti og þróun og hins vegar þjónustu og rekstur. Viðskipti og þróun annast samskipti við flugfélög og leiðarþróun, viðskipti og markaðsmál, rekstur og uppbyggingu innviða og mannvirkja ásamt flugvallarþróun og uppbyggingu flugvallarins. Þjónusta og rekstur annast öryggisstjórnun, flugvernd, þjónustu við farþega, flugvallarþjónustu og sér um rekstur flugturnsins.

Fríhöfnin

Tekjur Fríhafnarinnar ehf. eru að lang mestu leyti af vörusölu en aðrar tekjur félagsins eru meðal annars auglýsingatekjur.

Önnur dótturfélög

Tekjur annarra dótturfélaga Isavia ohf. eru aðallega tekjur af sölu á þjónustu og vörum og verksamninga auk ýmissa tilfallandi tekjuliða.

Eignatekjur

Samstæðan er leigusali og leigir út hinar ýmsu eignir samstæðunnar. Öll leiga flokkast sem rekstrarleiga. Hluti leigutekna af fasteignarými samstæðunnar fellur undir gildissvið IFRS 16 Leigusamningar en aðrar eignatekjur sem tilgreindar eru hér að ofan eru innan gildissviðs IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini. Leiga getur verið á milli félaga innan samstæðu eða út fyrir samstæðu til þriðja aðila.

Leigutekjur af rekstrarleigusamningum eru færðar línulega yfir samningstímann. Kostnaður sem tengist beint samningum og umsýslu vegna rekstrarleigu er gjaldfærður eða bætt við bókfært verð hinnar leigðu eignar og hann er svo gjaldfærður línulega á leigutímanum. Samstæðan er ekki aðili að fjármögnunarleigusamningum sem leigusali.

29. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Skráning tekna (framhald)

Eignatekjur (framhald)

Leiga fasteigna er fyrst og fremst leiga móðurfélagsins á rýmum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og lóðum og fasteignum beint tengt flugstöðinni. Þar sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar er eitt fasteignanúmer er ekki hægt að aðgreina á milli fjárfestingareignar í útleigu og fasteignar til eigin nota.

Greiðsluskilmálar

Almennir greiðsluskilmálar samstæðunnar eru 30 daga greiðslufrestur. Ekki eru til staðar neinir óvenjulegir greiðsluskilmálar hjá samstæðunni.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Verksamningar

Þegar unnt er að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur og gjöld færð miðað við hlutfall áfallins kostnaðar samkvæmt ákvæðum samningsins á reikningsskiladegi. Breytingar á verkþáttum samkvæmt verksamningi, kröfur um bætur og bónusgreiðslur eru færðar að því marki sem unnt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti og líklegt er að til þeirra komi.

Þegar ekki er unnt að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur færðar í hlutfalli við áfallinn kostnað sem líklegt er að verði endurheimtur. Kostnaður vegna verksamnings er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Þegar líkur eru á tapi af verksamningi er vænt tap fært strax til gjalda.

Erlendir gjaldmiðlar

Við gerð reikningsskila hvers félags innan samstæðunnar eru viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við skráð gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Fjármuntekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar eða sölu.

Fjárfestingatekjur af skammtímafjárfestingum sem tengjast fjármögnun á eignfærsluhæfri eign eru færðar til lækkunar á eignfærðum fjármagnskostnaði.

Allur annar fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í samstæðuársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 21%. Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður getur verið annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skattshlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsskuldbinding / frestaður skattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattsstofn er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins. Jafnframt er frestaður tekjuskattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðurfélagið geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ekki er talið að viðsnúningurinn muni eiga sér stað í fyrirsjáanlegri framtíð. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skattshlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Frestaður skattur er gjaldfærður í rekstrarreikningi nema þegar hann tengist liðum meðal eigin fjár en þá er hann einnig færður meðal eigin fjár.

29. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýfast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Rekstrarfjármunir eru færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Við samruna Flugfjarskipta ehf. og Isavia ohf. voru fasteignir fyrrnefnda félagsins endurmetnar þar sem markaðsverð fasteigna þess félags var talið verulega hærra en bókfært verð. Hið endurmetna verð byggir á áætluðu söluverði sem staðfest var af matsmönnum. Matsbreytingin er færð á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár og á tekjuskattsskuldbindingu.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Áætlaður nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurmetnar í lok hvers reikningstímabils.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning, söluhagnaður meðal annarra tekna og sölutap meðal annarra gjalda. Við sölu endurmetinna rekstrarfjármuna er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

Almennur og sértækur lántökukostnaður sem rakinn er beint til öflunar, smíði eða framleiðslu eignar er eignfærður á þeim tíma sem þarf til að koma eign í tekjuhæft ástand. Hæfar eignir eru eignir sem taka umtalsverðan tíma að koma í tekjuhæft ástand. Annar lántökukostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýfast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna er hugbúnaður. Eignir þessar eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar. Áætlaður nýtingartími og afskriftaaðferðir eru endurmetnar í lok hvers reikningsskilatímabils.

Óefnislegar eignir sem myndast í reikningsskilum við sameiningu félaga eru aðeins færðar ef þær eru aðgreinanlegar frá viðskiptavild. Við upphaflega skráningu eru þær færðar á kostnaðarverði á kaupdegi en við síðara mat eru þær færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutar í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði en það er mat stjórnenda að það sé í samræmi við gangvirði eignahlutarins.

Leigusamningar

Við upphaflega skráningu metur samstæðan hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Samstæðan skráir nýtingarrétt til eignar og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding er upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum að frádregnum leiguhvötum, breytilegum greiðslum vegna vísitölu, væntu hrakvirði og kaupréttum á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir.

Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Samstæðan endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Nýtingarréttur er afskrifaður á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða leigueignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð nýtingarréttar felur í sér kauprétt á leigueign, þá er nýtingarréttur afskrifaður á líftíma leigueignar. Nýtingarréttur er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings.

Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti eignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Samstæðan nýtir sér heimild IFRS 16 til þess að skilja ekki samningsbundnar greiðslur vegna þjónustubáttar (eða aðrar greiðslur sem ekki teljast til leigu) frá leigugreiðslum við mat á leiguskuldbindingu og nýtingarrétti.

29. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Virðisrýrnun annarra eigna en fjáreigna

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er sé um slíkt að ræða.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur samstæðan endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að fráðregnum áætluðum sölukostnaði.

Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé innifelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þremur mánuðum. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Fjáreignir

Fjáreignir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjáreignir eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er allur beinn viðskiptakostnaður færður til lækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. IFRS 9 skiptir fjáreignum í tvo flokka, annars vegar fjáreignir skráðar á afskrifuðu kostnaðarverði og hins vegar fjáreignir á gangvirði. Samstæðan skráir allar sínar fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign sem áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að fráðreginni virðisrýrnun. Fjáreignir samstæðunnar sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru skuldabréfaeign, viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur og handbært fé.

Virkir vextir

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjur og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

29. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjáreignir (framhald)

Fjáreignir sem ætlað er að eiga til gjalddaga

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjáreignir sem ætlað er að eiga til gjalddaga þegar samstæðan á fjárfestingar, t.d. víxla eða skuldabréf, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Lán og kröfur

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar.

Virðisrýrnun fjáreigna

Virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 byggir á væntu útlánatapi sem byggir á væntu útlánatapi. Fjáreignir samstæðunnar sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkansins eru skuldabréfaeign, viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur (að undanskildum afdregnum fjármagnstekjuskatti, inneign vegna virðisaukaskatts og fyrirframgreiðslum) og handbært fé.

Við mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur beitir samstæðan einfaldaðri nálgun. Sú nálgun krefst þess að samstæðan meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafnanna. Viðskiptakröfum samstæðunnar er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til sögulegrar tapssögu samstæðunnar, leiðréttri fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Samstæðan framkvæmir framangreint mat niður á einstaka viðskiptavini eða hópa viðskiptavina ef reynsla sýnir verulega frábrugðið tapmynstur fyrir ákveðna viðskiptavini eða hópa viðskiptavina. Í einhverjum tilfellum getur það leitt til fráviks frá metnu hlutfalli niður á hópa fyrir einstaka viðskiptamenn. Sjá nánari umfjöllun um mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur í skýringu 17.

Á hverjum uppgjörssdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti. Samstæðan færir sértæka niðurfærslu fyrir fjáreignir þar sem hlutlæg vísbending er um virðisrýrnun.

Breytingar á virðisrýrnunarframlagi fjáreigna í afskriftareikning eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem matið fer fram. Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

Afskráning fjáreigna

Samstæðan afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

Fjárskuldir og eiginfjárgerningar

Fjárskuldir

Fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Afskráning fjárskulda

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

Skýringar

30. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir skipulagi samstæðunnar og innri upplýsingagjöf stjórnenda. Meginhluti af rekstri Isavia ANS ehf. samanstendur af þjónustu við flugrekendur á grundvelli milliríkjasamnings (Joint Finance). Isavia Innanlandsflugvöllur ehf. er rekstur flugvalla og flugturna innanlands. Keflavíkurflugvöllur er rekstur flugvallar og flugturns í Keflavík auk Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og rekstur stoðsviða. Í skýringu 29 er nánar fjallað um tekjur hvers félags innan starfsþáttar.

Innan tekna í starfsþáttunum eru leigutekjur að fjárhæð um 9.705 milljónir króna (2023: um 8.861 milljónir króna) sem falla undir gildissvið IFRS 16 Leigusamningar. Aðrar tekjur sem tilgreindar eru hér að ofan eru innan gildissviðs IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavinum. Nánari lýsing á eðli tekna og tímasetningu tekjuskráningar félagsins er að finna í skýringu 29.

Starfsþáttagreining 2024

	Isavia Innanlands- flugvöllur ehf.	Isavia Innanlands- flugvöllur ehf.	Isavia ohf. Keflavíkur- flugvöllur	Fríhöfnin ehf.	Önnur dóttur- félög	Jöfnun	Samstæða
	Flugleiðsaga	Innanlandskerfi					
Tekjur							
Tekjur frá þriðja aðila	8.723.829	3.814.958	23.670.625	15.161.660	546.161		51.917.233
Innanfélagstekjur	1.704.648	63.715	5.429.241	0	1.143.349	(8.340.953)	0
Heildartekjur	10.428.477	3.878.673	29.099.865	15.161.660	1.689.510	(8.340.953)	51.917.233
Afkoma							
Rekstrarhagnaður	1.064.464	158.905	4.503.981	501.584	(62.047)	(60.583)	6.106.303
Fjármagnsliðir	107.656	(116.681)	760.918	18.493	(24.172)	(444.426)	301.788
Afkoma fyrir skatta	1.172.120	42.224	5.264.898	520.077	(86.219)	(505.009)	6.408.091
Afkoma ársins	919.234	33.555	4.388.934	409.977	(16.085)	(504.552)	5.231.062
Efnahagsreikningur							
Fastafjármunir	5.912.361	1.379.840	97.778.084	320.333	572.111	(3.458.778)	102.503.952
Aðrar eignir óskiptar á starfsþætti	1.915.446	856.461	8.243.712	2.645.954	647.062	(2.021.376)	12.287.259
Heildareignir	7.827.807	2.236.301	106.021.797	2.966.287	1.219.173	(5.480.153)	114.791.211
Heildarskuldir	5.364.321	2.506.437	59.803.608	1.457.627	793.654	(4.427.189)	65.498.458
Eigið fé	2.463.485	(270.136)	46.218.189	1.508.660	425.519	(1.052.964)	49.292.753
Aðrar upplýsingar							
Fjárfestingar ársins	829.697	194.889	16.897.475	83.427	33.692	0	18.039.181
Afskriftir ársins	350.313	134.093	3.977.928	219.710	50.637	(180.215)	4.552.466

Skýringar

30. Starfspáttayfirlit (framhald)

Starfspáttagreining 2023

	Isavia ANS ehf.	Isavia Innanlands- flugvellir ehf.	Isavia ohf. Keflavíkur- flugvöllur	Fríhöfnin ehf.	Önnur dóttur- félög	Jöfnun	Samstæða
	Flugleiðsaga	Innanlandskerfi					
Tekjur							
Tekjur frá þriðja aðila	7.646.980	3.217.347	19.022.231	14.767.737	403.668		45.057.963
Innanfélagstekjur	1.651.583	42.337	5.298.058	0	1.105.386	(8.097.364)	0
Heildartekjur	9.298.563	3.259.684	24.320.289	14.767.737	1.509.054	(8.097.364)	45.057.963
Afkoma							
Rekstrarhagnaður	1.065.976	(171.109)	2.527.112	636.599	10.538	(62.679)	4.006.436
Fjármagnsliðir	(142.168)	(22.560)	(707.538)	(10.649)	2.744	(421.474)	(1.301.645)
Afkoma fyrir skatta	923.808	(193.669)	1.819.574	625.949	13.282	(484.153)	2.704.792
Afkoma ársins	739.082	(154.939)	1.453.785	500.756	47.894	(484.649)	2.101.928
Efnahagsreikningur							
Fastafjármunir	5.933.593	1.323.773	86.963.404	453.653	189.777	(4.908.604)	89.955.597
Aðrar eignir óskiptar á starfspætti	2.149.669	615.195	17.186.243	2.688.972	655.181	(1.150.350)	22.144.910
Heildareignir	8.083.263	1.938.969	104.149.647	3.142.624	844.958	(6.058.954)	112.100.506
Heildarskuldir	6.539.011	2.242.659	62.315.298	1.593.941	400.827	(5.055.448)	68.036.288
Eigið fé	1.544.252	(303.690)	41.829.255	1.548.684	444.130	(998.412)	44.064.218
Aðrar upplýsingar							
Fjárfestingar ársins	638.196	94.198	15.687.959	155.995	8.698	0	16.585.046
Afskriftir ársins	321.212	127.685	3.607.257	217.880	50.545	(185.587)	4.138.991

Viðauki I Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórnarháttayfirlýsing er uppgjör stjórnar fyrir liðið starfsár stjórnar 2024 – 2025 og er hún birt samhliða ársreikningi fyrir almanaksárið 2024. Stjórnarháttayfirlýsing er í samræmi við ákvæði 66. gr. c laga um ársreikninga nr. 3/2006 með síðari breytingum.

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti er Isavia að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, þann 1. júlí 2021 og er 6. útgáfa. Félagið fylgir einnig almenntri eigendastefnu ríkisins fyrir öll félög í eigu ríkisins, útgefinni í september 2021, ásamt viðauka er snýr að Isavia ohf. þar sem því verður við komið.

Lög og reglur

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Um starfsemi félagsins gilda lög nr. 65/2023 um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð og lög um loftferðir nr. 80/2022.

Stjórnarhættir félagsins taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar.

Stjórn félagsins hefur í störfum sínum Leiðbeiningar um stjórnarhætti til hliðsjónar og uppfyllir þær í öllum meginatriðum. Helsta frávík er að ekki er starfandi tilnefningarnefnd hjá félaginu þar sem tilnefning í stjórn félagsins er hjá fjármála- og efnahagsráðherra sem fer með hlut ríkisins í félaginu.

Ekki hafa fallið dómar þar sem starfsemi félagsins er talin hafa brotið í bága við lög eða reglur.

Lög um félagið má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is, og samþykktir og starfsreglur á heimasíðu félagsins www.isavia.is. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands. Leiðbeiningarnar eru m.a. birtar á slóðinni <https://leidbeiningar.is>. Frekari upplýsingar um laga- og reglugerðarramma, sem Isavia ber að fylgja, eftir því sem við á um rekstur Isavia er að finna hér: Lög & reglur | Samgöngustofa (samgongustofa.is).

Áhættustýring og innra eftirlit

Stjórn hefur sett fram heildstæða áhættustefnu fyrir móðurfélagið og dótturfélög hafa lokið eða eru að ljúka eigin áhættustefnu sem tekur á sérstökum lykiláhættum þeirra.

Áhættustefnan byggir á heildarstefnu Isavia og er til þess ætluð að styðja við stefnu og sett markmið. Tilgangurinn með áhættustefnu Isavia og dótturfélaga er að tryggja virka áhættustjórnun og góða áhættumenningu. Notast er við viðurkenndar aðferðir við áhættugreiningar og áhættumat og unnið er að samræmdu ferli fyrir samstæðuna.

Hjá samstæðunni er starfandi áhættunefnd og er markmið hennar að tryggja að skipulag og framkvæmd áhættustýringar sé til samræmis við stefnu stjórnar. Verkefni nefndarinnar taka til yfirsýnar og eftirlits með áhættustýringu móðurfélags- og dótturfélaga. Forstjóri og framkvæmdastjórnar móður- og dótturfélaga bera ábyrgð á að draga fram, skilgreina og meta áhættu innan síns sviðs sem og að koma á viðeigandi stýringum til að lágmarka áhættu.

KPMG ehf. sér um innri endurskoðun samstæðunnar, samkvæmt samningi, sem m.a. leggur mat á áhættustýringu, innra eftirlit og stjórnarhætti með kerfisbundnum aðferðum og styður þannig félögin við að ná markmiðum sínum. Innri endurskoðun starfar sjálfstætt og tekur ekki ákvarðanir sem tengjast daglegri starfsemi félagsins og er ráðin af stjórn móðurfélagsins.

Stjórn

Í stjórn Isavia eru fimm stjórnarmenn og fimm til vara, kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Vegna breytinga á stjórn undir lok starfstímabilsins voru þó til skamms tíma eingöngu þrír stjórnarmenn til vara. Stjórnin er tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðherra. Kynjahlutfall í stjórn er 40% konur og 60% karlar. Öll stjórnin er óháð í skilningi Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Viðauki I Stjórnarháttayfirlýsing

Störf og starfsreglur stjórnar

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og forstjóra eru afmörkuð. Gildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfund 13. desember 2023. Þar er m.a. að finna ákvæði varðandi skiptingu starfa innan stjórnar, reglur um hæfi til þátttöku í afgreiðslu mála, um fundarsköp og fundargerðir, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar. Starfsreglur stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins.

Meginhlutverk stjórnar er að fara með málefni félagsins milli hluthafafunda, tryggja að nægilegt eftirlit sé með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins, að staðfesta rekstrar- og fjárfestingaáætlanir og sjá til þess að þeim sé fylgt. Stjórnin tekur meiriháttar ákvarðanir í rekstri félagsins og sér um að félagið sé rekið í samræmi við lög og reglur.

Þá ber stjórninni að stuðla að viðgangi félagsins og tryggja árangur þess til langs tíma lítið, með því að setja félaginu stefnu í samstarfi við stjórnendur þess.

Á starfsárinu 2024 - 2025 voru haldnir 14 stjórnarfundir. Allir fundir stjórnarinnar voru ákvörðunarbærir þar sem fullskipað var á öllum fundum stjórnar. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár liggur fyrir að aðalfundi loknum. Stjórnarformaður stýrir fundum. Stjórnarfundir sitja einnig forstjóri, framkvæmdastjóri fjármála og mannauðs og yfirlögfræðingur sem jafnframt ritar fundargerðir. Fundargerðir eru undirritaðar af stjórn, forstjóra og fundarritara.

Árangursmat stjórnar

Stjórn metur störf sín með reglubundnum hætti, verklag og starfshætti, framgang félagsins, frammistöðu forstjóra svo og skilvirkni undirnefnda séu þær starfandi. Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugar að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara.

Skipan stjórnar Isavia 2024-2025

Kristján Þór Júlíusson, fæddur 1957, er stjórnarformaður frá 2022, með kennsluréttindi frá Háskóla Íslands og skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Kristján Þór var alþingismaður Norðausturkjördæmis 2007-2021. Hann var heilbrigðisráðherra 2013-2017, mennta- og menningarmálaráðherra og ráðherra norrænna samstarfsmála 2017 og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 2017-2021. Hann sat í fjárlaganefnd Alþingis 2007-2013, iðnaðarnefnd 2007-2009 og umhverfisnefnd 2009-2011. Kristján Þór var bæjarstjóri Dalvíkur 1986-1994 og bæjarstjóri Ísafjarðar 1994-1997. Sat í bæjarstjórn Akureyrar 1998-2009 og bæjarstjóri Akureyrar 1998-2006. Formaður stjórnar Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar hf. 1987-1992. Í stjórn Útgerðarfélag Dalvíkinga hf. 1987-1990. Í stjórn Söltunarfélags Dalvíkur hf. 1987-1993. Í stjórn Sæplasts hf. 1988-1994. Kristján Þór var formaður stjórnar Hafnarsambands sveitarfélaga 1994-1997 og formaður stjórnar Eypings 1998-2002. Í stjórn Togaraútgerðar Ísafjarðar hf. 1996-1997 og formaður stjórnar Samherja hf. 1996-1998. Í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 1998-2007. Formaður stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar 1998-2007. Í stjórn Fjárfestingarbanka atvinnulífsins 1999-2000. Í stjórn Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands 1999-2008. Í Ferðamálaráði Íslands 1999-2003. Árin 1999-2007 sat Kristján Þór í stjórn Landsvirkjunar. Hann var formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Norðurlands 2000-2007 og í stjórn Fasteignamatís ríkisins á sama tímabili. Kristján sat í stjórn Íslenskra verðbréfa 2002-2009. Kristján Þór var kosinn í stjórn Isavia á aðalfundi 2022 og situr í starfskjaranefnd Isavia.

Hólmfríður Árnadóttir, fædd 1973, er stjórnarmaður frá 2022, með B. Ed. og M. Ed. gráður frá Háskólanum á Akureyri og Dipl. Ed. gráðu frá Háskóla Íslands. Hólmfríður starfar sem skólastjóri í leikskólanum Holti í Reykjanesbæ. Hún hefur yfir 20 ára reynslu af stjórnun, ráðgjöf og kennslu. Hún starfaði sem deildarstýra Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands og verkefnisstýra fjarnáms við sama skóla frá 2022-2024, skólastjóri frá 2016-2022 og sem sérfræðingur við Háskólann á Akureyri 2012-2016. Hún hefur setið í fjölmörgum stjórnnum, ráðum og nefndum. Hólmfríður var kosin í stjórn Isavia á aðalfundi 2022 og situr í starfskjaranefnd Isavia.

Hrólfur Ölvisson, fæddur 1960, stundaði nám í stjórn mála og fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands. Frá árinu 2016 hefur Hrólfur starfað sem framkvæmdastjóri Jarðefnaiðnaðar ehf. ásamt því að sitja í stjórn félagsins. Hann situr einnig meðal annars í stjórn Sementsverksmiðjunnar ehf. og Eignarhaldsfélagsins Hornsteins ehf. ásamt því að gegna formennsku stjórnar hjá Bæ hf. Hrólfur hefur gengt fjölmörgum stjórnunarstöðum áður en meðal annars starfaði hann sem framkvæmdastjóri dagblaðsins Tímans 1988- 1993 og sem framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins 2010-2016. Hann hefur einnig setið í fjölmörgum stjórnnum í gegnum árin en meðal annars sat hann í stjórn Bankaráðs Búnaðarbankans 1998-2001, var formaður stjórnar Brunamálstofnunar 1997-2001, í Innkauparáði Reykjavíkurborgar 2003-2005 og formaður Vinnumálstofnunar 1998-2007. Hrólfur var kosinn í stjórn Isavia á aðalfundi 2023.

Viðauki I Stjórnarháttayfirlýsing

Skipan stjórnar Isavia 2024-2025 (framhald)

Marta Jónsdóttir fædd 1979 hefur verið stjórnarmaður frá ársbyrjun 2025 eftir að hafa setið í varastjórn Isavia árið 2024. Marta er lögfræðingur með ML-gráðu í lögfræði frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst frá árinu 2006 og B.Sc. í viðskiptalögfræði frá sama skóla frá árinu 2004. Hún var framkvæmdastjóri Kadeco, Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., framkvæmdastjóri Alþjóðlegra bifreiðatrygginga á Íslandi sf., starfaði hjá Innanríkisráðuneytinu þar sem hún fór með umferðarmál, var yfirlögfræðingur Umferðarstofu, deildarstjóri hjá Samgöngustofu og var verkefnastjóri þinglýsingadeildar hjá sýslumanninum í Reykjavík. Frá árinu 2021 hefur Marta starfað sjálfstætt, einkum við lögfræðiráðgjöf, sáttamiðlun og fasteignatengd verkefni. Marta hefur sótt sér ýmsa viðbótarmenntun og starfsréttindi, s.s. nám í samningatækni við Harvard Business School, löggildingu sem fasteigna- og skipasali, og setið námskeið í sáttamiðlun. Marta hefur auk þess setið í fjölda stjórna, s.s. í stjórn Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja, og Markaðsstofu Suðurnesja, í stjórn Fluglestarinnar – þróunarfélags ehf., hún var formaður umferðaröryggisáætlunarteymis samgönguáætlunar, varaformaður Umferðarráðs og ýmissa nefnda á sviði samgangna, bæði á innlendum og alþjóðlegum vettvangi, s.s. Working Group on Transport hjá EFTA. Þá er hún í yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis.

Valdimar Halldórsson, fæddur 1973, var aðalmaður í stjórn 2018 – 2022 og tók aftur sæti í stjórn í febrúar 2025. Valdimar er sjálfstætt starfandi ráðgjafi og stjórnarmaður. Valdimar var framkvæmdastjóri Hvalasafnsins á Húsavík og Norðursiglingar hf. á árunum 2016-2021. Hann var ráðgjafi hjá H.F. Verðbréf 2013-2016, aðstoðarmaður atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra 2012-2013, sérfræðingur hjá IFS og Marko Partners 2008-2012, sérfræðingur í greiningardeild Íslandsbanka 2004-2008 og hjá Þjóðhagsstofnun/Hagstofu Íslands 2000-2004. Valdimar er stjórnarmaður í Stapa lífeyrissjóði, Friðhöfninni ehf., 3Z Pharma ehf., Hefring Marine ehf., Mýsköpun ehf., Fjárfestingarfélags Þingeyinga ehf. og GI Rannsóknunum (Gallup) ehf.

Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir var stjórnarmaður frá aðalfundi 2018 til febrúar 2025 þegar hún sagði sig úr stjórn og tók sæti á Alþingi.

Jón Steindór Valdimarsson var stjórnarmaður frá aðalfundi 2022 og sat í stjórninni til ársbyrjunar 2025 þegar hann sagði sig úr stjórn og gerðist aðstoðarmaður fjármála- og efnahagsráðherra.

Varastjórn Isavia

Ingveldur Sæmundsdóttir, fædd 1970, viðskiptafræðingur MBA.

Sigrún Traustadóttir, fædd 1962, viðskiptafræðingur MBA, ráðgjafi.

Tómas Ellert Tómasson, fæddur 1970, byggingarverkfræðingur.

Forstjóri Isavia

Forstjóri hefur með höndum daglegan rekstur félagsins samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar. Forstjóri vinnur eftir starfsreglum forstjóra sem samþykkar voru á stjórnarfundum 13. desember 2023. Daglegur rekstur nær ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Hann hefur ákvörðunarvald um öll rekstrar- og fjárhagsleg málefni félagsins og hefur umsjón með eignum þess. Forstjóri gerir stjórn grein fyrir starfsemi félagsins og afkomu á stjórnarfundum, ber ábyrgð gagnvart stjórn og að fylgt sé samþykktum félagsins, lögum og reglum. Forstjóri er ekki með nein hagsmunatengsl við viðskiptaaðila og/eða samkeppnisaðila.

Forstjóri er Sveinbjörn Indriðason, fæddur 1972, hagfræðingur frá Háskóla Íslands 1998. Hann starfaði hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og vann við áhættustýringu hjá Icelandair frá 1999 - 2005. Sveinbjörn var framkvæmdastjóri fjármálasviðs FL Group frá 2005 - 2008 og rekstrar- og fjármálastjóri nýsköpunarfyrirtækisins CLARA frá árinu 2011. Sveinbjörn var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Isavia frá árinu 2013 þar til í júní 2019 þegar hann var ráðinn forstjóri Isavia.

Forstjóri hefur að auki umsjón og eftirlit með dótturfélögum Isavia ohf. Sett hefur verið eigandastefna dótturfélaga Isavia ohf., þar sem leitast er við að skýra ábyrgð og hlutverk eiganda, félagsins, stjórnar og stjórnenda til að stuðla að góðum stjórnarháttum og skýrri stefnumörkun. Þannig á eigandastefnan að tryggja gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun dótturfélaga. Einnig hafa verið gerðir viðaukar þar sem fram koma stefnur, reglur og leiðbeiningar sem unnið er eftir á samstæðugrunni. Má þar nefna mannauðsstefnu, sjálfbærnistefnu, stefnu um heildastæða áhættustýringu, siðareglur og meðferð persónuupplýsinga svo eitthvað sé nefnt. Eigandastefnan ásamt viðauka er aðgengileg á heimasíðu félagsins www.isavia.is.

Ársreikningar félagsins

Reikningsár Isavia er almanaksárið. Ársreikninga félagsins er hægt að nálgast hjá Ársreikningaskrá sem og á heimasíðu félagsins www.isavia.is.

Viðauki I Stjórnarháttayfirlýsing

Undirnefndir

Á vegum stjórnar starfar tvær undirnefndir, nefndarmenn eru skipaðar af stjórn Isavia ohf.

Starfskjaranefnd

Stjórn Isavia skipar tvo einstaklinga í starfskjaranefnd sem eiga einnig sæti í stjórn félagsins. Helstu verkefni starfskjaranefndar eru að undirbúa árlega drög að starfskjarastefnu sem lögð er fyrir aðalfund félagsins, undirbúa tillögu til aðalfundar um starfskjör stjórnar og undirbúa tillögu til stjórnar um viðmið fyrir laun og önnur starfskjör forstjóra og framkvæmdastjóra dótturfélaga. Starfskjaranefnd hefur eftirlit með því að starfskjarastefnu sé framfylgt og að laun og starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og góðar starfsvenjur. Starfsreglur starfskjaranefndar ásamt starfskjarastefnu félagsins er að finna á heimasíðu félagsins.

Endurskoðunarnefnd

Um endurskoðunarnefnd Isavia gildir IX kafli laga nr. 3/2006 um ársreikninga, samanber lög nr. 80/2008. Stjórn félagsins setur starfsreglur nefndarinnar, til frekari fyllingar lögunum. Stjórn Isavia skipar á fyrsta fundi sínum að loknum aðalfundi ár hvert þrjá einstaklinga í endurskoðunarnefnd Isavia. Í henni sitja þrír aðilar, einn óháður félaginu og tveir fulltrúar stjórnar. Aðalhlutverk endurskoðunarnefndar er mat á eftirlitsumhverfi félagsins, greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar, gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda í samráði við Ríkisendurskoðun skv. 7. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreiknings, ásamt mati á óhæði endurskoðanda, mat á virkni áhættustefnu, áhættuvilja og áhættustýringu og tryggja fylgni við gildandi lög og reglur. Meðal annarra verkefna nefndarinnar er að yfirfara fjárhagsupplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum, innri endurskoðun og ytri endurskoðendum og að staðreyna að upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Hlutverk og starfsreglur er að finna á heimasíðu félagsins.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Einn hluthafi, íslenska ríkið, á alla hluti félagsins og fer fjármála- og efnahagsráðherra með hlutinn. Boðun á hluthafafundi er send til tengiliðs í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Hluthafafundir eru meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf til hluthafans. Önnur samskipti við hluthafa um málefni félagsins eru í flestum tilfellum að frumkvæði félagsins. Stjórnarformaður og forstjóri hafa átt fundi með ráðherra eða starfsmönnum fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Stjórn og forstjóri félagsins fylgja Almennri eigandastefnu ríkisins fyrir öll félög í eigu ríkisins í störfum sínum. Félagið sendir út fréttatilkynningar sem upplýsa um afkomu félagsins og um önnur atriði í rekstrinum eftir því sem við á.

Stjórnarháttayfirlýsing var samþykkt á stjórnarfundi Isavia ohf. þann 12. mars 2025.

Viðauki II Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Viðskiptalíkan

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag sem annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar. Dótturfélög þess eru þrjú: Isavia Innanlandsflugvellir ehf. sem annast rekstur áætlanarflugvalla í innanlandsflugi og lendingarstaða á Íslandi, Fríhöfnin ehf. sem annast rekstur þriggja frihafnarverslana í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Isavia ANS ehf. sem annast flugleiðsöguþjónustu innanlands og alþjóðaflugs yfir norðanverðu Norður-Atlantshafi. Dótturfélagið Isavia ANS ehf. á tvö dótturfélög sem eru Tern Systems ehf. sem er hugbúnaðarfyrirtæki og Suluk ApS sem er þjónusta flugumferðarstjóra á Grænlandi. Tern Systems ehf. á svo eitt dótturfélag sem er einnig hugbúnaðarfyrirtæki sem er Tern Branch Ungverjalandi.

Isavia er þjónustufyrirtæki sem hefur með höndum rekstur og viðhald á innviðum sem leggja grunn að flugsamgöngum Íslands, tengingum við umheiminn og flugi á milli heimsálfa. Starfsemin skiptir þar af leiðandi miklu máli fyrir þjóðarhag. Lögð er áhersla á viðtækt samráð við þá hagaðila sem treysta á þjónustu fyrirtækisins og verða fyrir áhrifum af starfseminni.

Isavia starfar á alþjóðlegum samkeppnismarkaði þar sem samkeppni milli flugvalla er mikil. Markaðsumhverfið hefur tekið miklum breytingum undanfarið og ekki er séð fyrir endann á þeim. Mikil áhersluaukning hefur orðið á sjálfbærni í rekstri flugvalla og Isavia hefur unnið markvisst að því síðustu árin að tryggja sjálfbærni til framtíðar. Samstæðan sér mikil tækifæri í því að samkeppnisforskot Íslands til framtíðar geti snúið að umhverfismálum og sjálfbærni. Stefna samstæðunnar endurspeglar það.

Stefna

Tilgangur Isavia ohf., móðurfélagsins, er að leiða flugvallarsamfélag sem eykur lífsgæði og velsæld á Íslandi og framtíðarsýnin er að tengja heiminn í gegnum Ísland. Tilgangurinn leggur áherslu á hlutverk Keflavíkurflugvallar sem mikilvægs innviðar fyrir íslenskt samfélag og þá ábyrgð sem því fylgir inn í sjálfbæra framtíð. Tilgangurinn og stefnan í heild endurspeglar áherslu félagsins á sjálfbærni.

Framtíðarsýn Isavia er að tengja heiminn í gegnum Ísland. Hún leggur áherslu á uppbyggingu tengistöðvarinnar og endurspeglar þá þróun sem áætlað er að verði á næstu árum í flugsamgöngum. Til að geta stutt við þróunina þarf að byggja upp innviði flugvallarins. Stefna félagsins miðar að því að skila leiðandi flugvelli sem mun vaxa á sjálfbæran hátt og styðja við velsæld þjóðarinnar. Enda skilar starfsemin verulegum efnahagslegum ávinningi fyrir hagkerfið í heild sinni.

Á síðasta ári voru settar stefnuáherslur til fimm ára til að starfsfólk geti unnið markvissar í átt að framtíðarsýn félagsins. Skerpt var á áherslum til að efla getu félagsins til að styðja við framtíðarvöxt flugfélaga sem velja Keflavíkurflugvöll sem sína tengistöð. Hún var sett í upphafi árs 2024 og er byggð í kringum þrjár megin áherslur, viðskiptavinum og flugvallarsamfélag, menningu og stafræna hagræðingu. Þetta eru þeir þættir sem taldir eru hafa mest áhrif á að auka getu Keflavíkurflugvallar til að ná árangri stefnunnar. Fimm ára stefnan var unnin af framkvæmdastjórn með aðkomu stjórnar sem samþykkti hana formlega ásamt aðgerðaáætlun sem henni fylgir í febrúar 2024.

Stefnumælikvarðar

Stefnumælikvarðar Isavia ohf., móðurfélagsins, voru uppfærðir í samræmi við fimm ára stefnuna til að vinna markvisst að árangri hennar. Unnið var með átta markmið og stefnumælikvarða árið 2024. Þeir eru:

Markmið 1: EBITDA fari úr 25% í lok árs 2023 í 42% í lok árs 2028. Hún fari í 34% á árinu 2024. EBITDA var 29% í lok árs 2024.

Markmið 2: Hlutfall ánægðra viðskiptavina fari úr 83% í lok árs 2023 í 85% árið 2028. Það fari úr 83% í 85% árið 2024 fyrir farþega. Hlutfall ánægðra viðskiptavina var 83% í lok árs 2024.

Markmið 3: Vísitala árangurshegðunar fyrir uppbyggilega menningu fari úr 64% í upphafi árs 2024 í 80% í lok árs 2028. Hún haldist í 64% á árinu 2024. Árangursvísitalan var í 65% í lok árs 2024.

Markmið 4: Afkastageta flugbrauta hafi getu til að þjóna allt að 38 hreyfingum á 60 mínútum árið 2028. Getan haldist í 32 hreyfingum árið 2024. Afkastagetan var 32 hreyfingar í lok árs 2024.

Markmið 5: Aukin skilvirkni náist með því að meðalkostnaður á byrðingarfarþega fari úr 4.678 krónum í lok árs 2023 í 4.450 krónur árið 2028. Markmið að meðalkostnaður verði kominn í 4.632 krónur í lok árs 2024. Hann var 4.948 kr. í lok árs 2024.

Markið 6: Kolefnisspor eldsneytis Keflavíkurflugvallar fari úr 1.525 í lok árs 2023 í undir 600 tonn CO₂ árið 2028. Það fari í 1.300 tonn fyrir lok árs 2024. Mælingin fyrir árið 2024 var 1.761 tonn.

Markmið 7: Engin alvarleg atvik á Keflavíkurflugvelli í öryggis-, verndar- eða vinnuvernd sem má rekja til starfsemi og innviða Keflavíkurflugvallar árið 2028. Fjöldi alvarlegra atvika fari úr 38 í lok árs 2023. Atvik voru 94 árið 2024.

Markmið 8: Arðsemi eigin fjár fari úr 3,2% í lok árs 2023 í yfir 10,9% árið 2028. Hún fari í 7,5% árið 2024. Arðsemi eigin fjár árið 2024 var 10%.

Viðauki II Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Sjálfbærni

Isavia samstæðan hefur stutt UN Global Compact sáttamála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2016. Með því skuldbindur Isavia sig til þess að stefna og starfshættir séu í samræmi við tíu viðmið Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu. Isavia samstæðan er með sjálfbærnistefnu sem segir að félagið hafi sjálfbærni að leiðarljósi í öllu sem það gerir. Stefnan er studd af fimm ára aðgerðaáætlunum sérsniðnum að hverju félagi samstæðunnar sem gilda til loka árs 2026.

Markmið Isavia, mælikvarðar og aðgerðir til að ná árangri í sjálfbærni koma fram í fimm ára aðgerðaáætlun um sjálfbærni sem var skilað inn til Umhverfisstofnunar í lok árs 2021 eins og lög gera ráð fyrir. Við val á markmiðum og úrbótaverkefnum þeim tengdum var horft til eðlis fyrirtækisins og stefnu, ábendinga ytri hagaðila, Heimsmarkmiðanna og áherslna stjórnvalda þeim tengdum og í loftslagsmálum. Um leið var horft til úrbótatækifæra út frá GRI staðlinum, skuldbindingum félagsins við meginreglur UN Global Compact og hvatningaverkefni sem félagið er aðili að. Auk þess sem ACI, alþjóðasamtök flugvalla hafa gefið út leiðbeiningar um sjálfbærnivægferð fyrir flugvelli sem horft var til. Aðgerðaáætlunin var lögð fyrir forstjóra og framkvæmdastjórn til samþykktar og fyrir stjórn til kynningar.

Unnið var eftir aðgerðaáætluninni árið 2024. Stefna og aðgerðaáætlun Isavia í sjálfbærni er í endurskoðun um þessar mundir í samræmi við þær breytingar sem hafa verið og eru framundan í ytra umhverfi félagsins. Hægt er að nálgast ítarlegri upplýsingar um Sjálfbærnistefnu Isavia ásamt aðgerðaáætlun hér: www.kefairport.is/fyrirtaekid/sjalfbaerni. Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (ESB) tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Skýrsluna er að finna í samstæðuársreikningi Isavia ohf. undir viðauka II þar sem upplýsingagjöf þessi er eingöngu unnin á samstæðugrunni líkt og kveðið er á um í reglugerðinni.

Félagið hóf vinnu við undirbúning að nýrri sjálfbærnireikningsskilatilskipun ESB (CSRD) sem ráðgert er að innleiða hér á landi. Breytingunum er ætlað að stuðla að samræmi og gagnsæi sjálfbærniupplýsinga félaga. Hornsteinn í CSRD tilskipuninni og ESRS sjálfbærnistöðlunum sem henni fylgja er sú skylda að félög framkvæmi tvöfalda mikilvægisgreiningu. Tvöföld mikilvægisgreining tekur annars vegar fyrir þau áhrif (jákvæð/neikvæð) sem starfsemi félagsins hefur á fólk og umhverfi og hins vegar hvaða fjárhagslegu áhættu eða tækifæri þau áhrif hafa á rekstur félagsins. Félagið lauk á árinu við framkvæmd greiningarinnar og í kjölfarið var gerð gatagreining á þeim kröfum sem ESRS staðlarnir setja.

Umhverfismál

Í samræmi við sjálfbærnistefnu félagsins hefur Isavia að leiðarljósi að halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfseminni í lágmarki í sátt og samvinnu við hagaðila með áherslu á loftslagsmál. Keflavíkurflugvöllur er þátttakandi í kolefnisvottunarkerfi á vegum samtaka flugvalla (ACI) sem heitir Airport Carbon Accreditation (ACA) og er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt alþjóðastaðlinum ISO14001. Kolefnisspor Isavia hefur verið rýnt og staðfest af ytri aðila, alþjóðlega fyrirtækinu Normec Verifavia, sem sérhæfir sig í úttektum á flugvöllum.

Eldsneytisnotkun er veigamesti umhverfisþátturinn í starfsemi Isavia. Vel er fylgst með eldsneytisnotkun í starfseminni og unnið að því að draga úr þar sem hægt er. Stærsti hluti notkunarinnar er vegna þjónustu og viðhalds á brautum og athafnasvæðum flugvallanna. Árið 2021 var unnin ítarleg greining á útskiptingu ökutækja á Keflavíkurflugvelli. Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að flugvöllurinn yrði kolefnislaus árið 2030 sem þýðir að öll ökutæki í eigu Isavia ohf. verði komin á umhverfisvæna orkugjafa. Isavia kolefnisjafnar starfsemi sína.

Siðferðisviðmið

Isavia er með siðareglur, sem voru uppfærðar árið 2024 og samþykktar af stjórn. Þær gilda um allt stjórnar- og starfsfólk innan samstæðu Isavia og eru hluti af ráðningarsamningum þeirra. Siðareglur fyrir birgja Isavia og dótturfélaga eru settar í samræmi við tíu viðmið UN Global Compact. Gerð er krafa til birgja félaganna að þeir uppfylli siðareglurnar sem lágmarks viðmið og að þeir geri sömu kröfu til sinna birgja. Tilkynna ber Isavia ef grunur vaknar um brot á reglunum hjá þeim. Sé þess óskað þurfa birgjar að geta staðfest að þessum siðareglum sé fylgt. Í samningum félagsins er að finna ákvæði um bann við gerviverktöku og ráðningarsamband skal vera meginregla í samskiptum starfsmanna og verksala. Þetta er gert til þess að tryggja að öll launþegagjöld, hverju nafni sem þau nefnast, séu greidd og farið sé eftir ákvæðum kjarasamninga.

Viðauki II Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Mannauður

Stefna Isavia í mannauðsmálum er að skapa vinnustað þar sem starfsfólk sýni hvert öðru virðingu og sé heiðarlegt gagnvart sjálfu sér og öðrum. Félagið ætlar að vera í fararbroddi sem vinnustaður þar sem jafnrétti og traust ríkir. Unnið er markvisst að því að tryggja starfsfólki jöfn tækifæri og möguleika á að nýta hæfileika sína í starfi.

Á árinu 2022 voru mannauðs- og jafnréttisstefna félagsins sameinaðar í eina til að sýna að jafnréttismál eru hluti af öllum mannauðstengdum málum hjá félaginu. Samhliða stefnunni var ný aðgerðaráætlun jafnréttismála send til samþykkis Jafnréttisstofu sem vottaði áætlunina til næstu tveggja ára. Stefnan og aðgerðaráætlun eru í endurskoðun.

Isavia hefur skuldbundið sig til að innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85 og öðlast jafnlaunavottun í samræmi við lög nr. 150/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Félagið innleiddi stjórnkerfi jafnlauna árið 2018. Árið 2024 hlaut félagið endurvottun eftir úttekt sem framkvæmd var af BSI á Íslandi. Stjórnkerfi jafnlauna er ætlað að tryggja að allt starfsfólk fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni. Samhliða vottuninni var framkvæmd launagreining sem leiddi í ljós að ekki er til staðar óútskýrður kynbundinn launamunur hjá Isavia.

Isavia er með viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynbundinnar- og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis (EKKO) í samræmi við lög þar um. Áætlunin nær til allra starfsstöðva Isavia og dótturfélaga og á jafnt við um starfsfólk, stjórnendur og verktaka sem starfa á vegum félagsins eða á vegum annarra þjónustuaðila á starfsstöðvum Isavia. Viðbragðsáætlunin byggir á þeirri stefnu Isavia að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundið áreitni eða annarskonar ofbeldi er ekki undir neinum kringumstæðum liðið. Það er markmið félagsins að uppræta slíka hegðun með fyrirbyggjandi aðgerðum í formi fræðslu og með faglegum verkferlum.

Starfsfólk eða aðrir sem búa yfir upplýsingum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi félagsins ber að tilkynna slíkt. Isavia tryggir ákveðna vernd til handa þeim sem upplýsa um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfseminni til samræmis við lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara. Tilkynningar þess efnis er hægt að senda inn í gegnum heimasíðu Isavia.

Áhættustýring

Eftirlitskerfi með innra eftirliti og áhættustýringu Isavia byggja á formlegu ferli áhættustýringar og er m.a. til þess ætlað til að draga fram og stýra fjárhagslegri og ófjárhagslegri áhættu móður- og dótturfélaga. Áhættustýring tekur tillit til ófjárhagslegra málefna við áhættustýringu og innra eftirlit, setur viðeigandi lykilmælikvarða og unnið er út frá stefnu og markmiðum samstæðunnar. Nánar er fjallað um áhættustýringu Isavia í stjórnarháttaryfirlýsingu og ársskýrslu félagsins.

Ársskýrsla

Ársskýrsla Isavia samstæðunnar er gefin út samkvæmt alþjóðlegum staðli Global Reporting Initiative ásamt sérákvæðum þeirra um flugvelli. Í skýrslunni er áherslum, markmiðum, lykilmælikvörðum og árangri Isavia í átt að aukinni sjálfbærni gerð skil. Fjallað er um umhverfis-, samfélagslega- og efnahagslega þætti í ítarlegu máli. Þá skilar Isavia ársskýrslu félagsins árlega sem framvinduskýrslu til UN Global Compact og Global Reporting Initiative. Skýrslan kemur nú út í níunda skipti með þessum hætti. Skýrslurnar eru vistaðar í skjalakerfi félagsins og birtar á ytri vef undir slóðinni: www.kefairport.is/fyrirtaekid/skyrslur-og-uppgjor.

Skýrslugjöf vegna flokkunarreglugerðar ESB

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (ESB) tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Á grundvelli laganna hafa verið settar reglugerðir sem m.a. mæla fyrir um hvaða skilyrði atvinnustarfsemi þarf að uppfylla til að teljast stuðla verulega að þeim umhverfismarkmiðum sem tilgreind eru og einnig hvernig skuli setja fram þær upplýsingar sem fyrirtækjum ber að birta.

Gerð er krafa á að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingargjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hægri starfsemi, það er, starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi.

Litið er svo á að öll atvinnustarfsemi, sem ekki er lýst í reglugerðunum, sé flokkuð sem ekki hæf. Því ber að hafa í huga að flokkunarreglugerðin er í sjálfu sér ekki tæmandi listi yfir sjálfbæra atvinnustarfsemi og tengd viðmið, þar sem margs konar starfsemi er sem stendur ekki skilgreind samkvæmt henni.

Viðauki II Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Skilgreiningar

Umhverfismarkmið flokkunarreglugerðarinnar eru sex:

- Mótvægi við loftslagsbreytingar
- Aðlögun að loftslagsbreytingum
- Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda
- Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi
- Mengunarvarnir og eftirlit með mengun
- Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Hæf atvinnustarfsemi er samkvæmt flokkunarreglugerðinni sú atvinnustarfsemi sem lýst er í nágildandi framseldum gerðum fyrir hvert umhverfismarkmiðanna, óháð því hvort sú atvinnustarfsemi uppfyllir einhver eða öll tæknilegu matsviðmiðin sem mælt er fyrir um í þessum framseldu gerðum.

Samræmd atvinnustarfsemi samkvæmt flokkunarreglugerðinni er sú atvinnustarfsemi sem er flokkunarhæf og uppfyllir einnig eftirfarandi kröfur:

- Atvinnustarfsemin stuðlar með verulegum hætti að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum.
- Veldur ekki umtalsverðu tjóni á öðrum umhverfismarkmiðum.
- Uppfyllir lágmarks verndarráðstafanir.

Hæf atvinnustarfsemi samkvæmt flokkunarreglugerðinni

Isavia framkvæmdi greiningu á starfsemi samstæðunnar m.t.t. skilgreiningar flokkunarreglugerðarinnar á hækri og samræmdri atvinnustarfsemi samkvæmt báðum loftslagsmarkmiðunum. Innan samstæðunnar eru félög sem reka flugvelli, flugumferðarþjónustu, frihafnarverslanir og hugbúnaðarfyrtæki.

Þessi greining var gerð á stigi hvernar fjárfestingar og eignar. Má segja að fyrir tiltekna starfsemi eru þrjár sviðsmyndir mögulegar: allar tengdar fjárfestingar eru samræmdar; aðeins hluti tengdra fjárfestingar er samræmdur eða engin samsvarandi fjárfesting er samræmd. Hægt er að nota svipaða röksemdafærslu fyrir eignir.

Þegar aðeins hluti tengdra fjárfestingar er hæfur eða samræmdur reynir á að gögn og upplýsingar úr kerfum séu nægjanlega brotin niður og aðgengileg svo færa megi sönnur á réttmæti matsins. Isavia horfir til þessa við úrbætur á upplýsingakerfum félagsins og eins m.t.t. þess að vera undirbúið fyrir þá kröfu að upplýsingar sem birtar eru undir formerkjum flokkunarreglugerðarinnar verði teknar út af þriðja aðila eins og boðað er innan nokkurra ára.

Að lokinni greiningu voru eftirfarandi flokkar atvinnustarfsemi metnir hæfir:

- 5.3 Uppbygging, stækkun og starfræksla skólpsöfnunar og -hreinsunarkerfa
- 6.3 Flutningar í þéttbýli og úthverfum, farþegaflutningar á vegum
- 6.5 Flutningar með mótörhjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum
- 6.15 Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun kolefna möguleg
- 6.17 Grunnvirki flugvalla með litla losun kolefna
- 6.20 Flugafgreiðsla fyrir flutninga í lofti
- 7.1 Smíði nýrra bygginga
- 7.3 Uppsetning, viðhald og viðgerðir á orkunýtnum búnaði
- 7.7 Kaup og eignarhald á byggingum

Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda:

- 2.3 Sjálfbær fráveitukerfi í þéttbýli

Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi:

- 7.2 Endurnýjun bygginga sem fyrir eru

Mengunarvarnir og eftirlit með mengun:

- 2.4 Hreinsun á menguðum landsvæðum

Samræmd atvinnustarfsemi samkvæmt flokkunarreglugerðinni

Isavia metur það svo að það uppfylli ekki formlega allar lágmarks verndarráðstafanirnar sem tilgreindar eru. Telur því félagið ekki fram upplýsingar um samræmda atvinnustarfsemi samkvæmt flokkunarreglugerðinni. Það að hafa ekki innleitt að öllu leyti lágmarks verndarráðstafanirnar hefur ekki lagalegar afleiðingar þar sem flokkunarreglugerðin er reglugerð um skýrslugjöf. Isavia hóf vinnu á árinu að úrbótum til að mæta þessum ráðstöfunum og gert er ráð fyrir að ljúka þeim með fullnægjandi hætti á árinu 2025.

Viðauki II Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Lágmarks verndarráðstafanir

Sem hluti af ráðstöfunum um lágmarks verndarráðstafanir eru gerðar ýmsar kröfur um innleiðingu verklagsreglna sem byggjast m.a. á viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og leiðbeinandi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi auk átta grundvallarsamþykktu í yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Forsenda þess að tilskilin lágmarks verndarráðstöfun sé uppfyllt er forsenda þess að atvinnustarfsemi geti flokkast sem umhverfislega sjálfbær og þar með samræmd að flokkunarkerfinu. Til að innleiða og tryggja lágmarks verndarráðstafanir hefur Isavia samræmt sig við lokaskýrslu um lágmarks verndarráðstafanir frá Vettvangi um sjálfbær fjármál (Platform on sustainable finance) frá október 2022. Megináhersla skýrslunnar er á mannréttindi, spillingu og mútur, skattlagningu og sanngjarna samkeppni. Við mat á samræmi við lágmarks verndarráðstafanir er metið hvort fullnægjandi ferlar eru innleiddir fyrir hvert ofangreindra viðfangsefna til að forðast neikvæð áhrif.

Isavia telur sig uppfylla lágmarks verndarráðstafanirnar sem getið er varðandi spillingu og mútur, skattlagningu og sanngjarna samkeppni að öllu leyti. Það verklag sem félagið hefur ekki innleitt að fullu er áreiðanleikakönnunarferli um mannréttindi sem leiðbeinandi viðmiðunarreglur OECD tilgreina sérstaklega. Ágætt er að halda því til haga að þó Isavia hafi ekki innleitt skref áreiðanleikakönnunar eins og getið er í viðmiðunarreglum OECD felur það ekki í sér að verið sé að brjóta á mannréttindum, þar sem viðmiðunarreglurnar snúa eingöngu að málsmeðferðarþáttum áreiðanleikakönnunar á mannréttindum.

Isavia hóf vinnu á árinu að úrbótum til að mæta þessum ráðstöfunum og gert er ráð fyrir að ljúka þeim með fullnægjandi hætti á árinu 2025.

Lykilmælikvarðar

Ársreikningur Isavia samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) líkt og fram kemur í skýringu 2 í ársreikningnum. Útreikningar á lykilmælikvörðum eru birtir á samstæðugrundvelli þar sem innri viðskiptum hefur verið eytt út til að forðast tvítalningu. Eftirfarandi aðferðafræði var notuð við útreikninga á lykilmælikvörðunum, veltu, fjárfestingargjöldum og rekstrargjöldum.

Velta

Hlutfall flokkunarhæfra tekna samstæðunnar var reiknað sem sá hluti hreinna tekna af vörum og þjónustu sem tengist flokkunarhæfri atvinnustarfsemi (teljari) deilt með hreinum tekjum (nefnari; nefnarinn samsvarar tekjum samstæðunnar; sjá einnig skýringar samstæðu, skýring númer 4 tekjur).

Isavia aflar tekna af vörum og þjónustu sem tengist flokkunarhæfri atvinnustarfsemi. Langstærsti liður þess eru leigutekjur vegna húsnæðis sem fellur undir flokk CCM 7.7 Kaup og eignarhald á byggingum. Að auki aflar félagið tekna vegna reksturs fráveitu sem fellur undir flokk CCM 5.3 Uppbygging, stækkun og starfræksla skólpsöfnunar og -hreinsunarkerfa. Að lokum eru tekjur komnar til vegna hleðslustöðva sem falla undir flokk CCM 6.15 Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun kolefna möguleg.

Fjárfestingargjöld

Flokkunarreglugerðin skilgreinir lykilmælikvarða sem flokkunarhæf fjárfestingargjöld (teljari), deilt með öllum viðbótum við efnislegar og óefnislegar eignir á fjárhagsárinu fyrir afskriftir og hvers kyns endurmat, þ.m.t. þær sem verða til vegna endurmats og virðisrýrnunar, fyrir viðkomandi fjárhagsár og að undanskildum breytingum á gangvirði (nefnari).

Stærsti hluti þeirra fjárfestingargjalda sem teljast flokkunarhæf má rekja til þeirra umfangsmiklu framkvæmda sem eiga sér stað á Keflavíkurflugvelli og falla undir flokk CCM 7.1 Smíði nýrra bygginga. Því næst eru fjárfestingargjöld sem tengjast endurbótum á núverandi húsnæði sem fellur undir flokk CE 7.2 Endurnýjun bygginga sem fyrir eru. Framkvæmdir við settjörn á Keflavíkurflugvelli falla undir flokk WTR 2.3 Sjálfbær fráveitukerfi í þéttbýli. Kaup á tækjum og búnaði tengdum snjóhreinsun og mokstri af flugbrautum og flughlöðum fellur undir flokk CCM 6.20 Flugafgreiðsla fyrir flutninga í lofti. Kaup félagsins á ökutækjum falla undir flokk CCM 6.5 Flutningar með mótörhjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum. Uppsetning á LED aðflugsljósum á Keflavíkurflugvelli fellur undir flokk CCM 7.3 Uppsetning, viðhald og viðgerðir á orkunýtnum búnaði. Endurnýjun og fjölgun landtenginga flugvéla (Ground Power Unit) fellur undir flokk CCM 6.17 Grunnvirki flugvalla með litla losun kolefna. Að lokum eru fjárfestingargjöld sem tengjast framkvæmdum við hreinsun á menguðum jarðvegi á flugvallarsvæðinu sem falla undir flokk PPC 2.4 Hreinsun á menguðum landsvæðum.

Rekstrargjöld

Flokkunarreglugerðin notar umtalsvert þengri skilgreiningu á rekstrargjöldum en hefðbundin skilgreining IFRS-staðla sem notaðir eru í reikningsskilum. Undir rekstrargjöld, samkvæmt flokkunarreglugerðinni, skal falla beinn kostnaður sem ekki er færður til eignar, sem varðar rannsóknir og þróun, ráðstafanir vegna endurnýjunar bygginga, skammtímaleigu, viðhald og viðgerðir og önnur bein útgjöld vegna daglegs viðhalds varanlegra rekstrarfjármuna eða þriðja aðila sem starfsemi er útvistað til, sem þörf er á til að tryggja áframhaldandi skilvirka starfrækslu slíkra eigna.

Viðauki II Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Til að ákvarða lykilmælikvarða fyrir rekstrargjöld eru flokkunarhæf rekstrargjöld (teljari) samkvæmt flokkunarreglugerðinni ákvörðuð í hlutfalli við rekstrargjöld (nefnari).

Stærstur hluti flokkunarhæfra rekstrargjalda er kominn til vegna viðhalds og viðgerða svo hægt sé að tryggja skilvirka starfrækslu eigna. Falla þau rekstrargjöld undir flokk CCM 7.7 Kaup og eignarhald á byggingum. Umfangsmesti hluti þeirra er vegnar ræstingar flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli en einnig er þar að finna viðhaldskostnað. Ísavia rekur verkstæði og fellur hlutfall rekstrargjalda þar til vegna varahluta, dekkjaskipta og viðgerða á snjómoksturstækjum og búnaði því tengdu sem fellur undir flokk CCM 6.20 Flugafgreiðsla fyrir flutninga í lofti, en líka vegna annars vegar bifreiða félagsins sem falla undir flokki CCM 6.5 Flutningar með mótórhjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum og hins vegar vegna rúta, sem notaðar eru í farþegaflutningum á flugvöllum, undir flokki CCM 6.3 Flutningar í þéttbýli og úthverfum, farþegaflutningar á vegum.

Tölur sem sýna lykilmælikvarða fylgja hér á eftir.

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins

HLUTFALL VELTU

Fjárhagsár N=2024	2024			Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir að valda ekki verulegu tjóni										
Atvinnustarfsemi	Kóði	Velta	Hlutfall veltu 2024	Mótvægi við loftslagsbreytingar	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Vatn	Mengun	Hringrásarhagkerfi	Liffræðileg fjölbreytni	Mótvægi við loftslagsbreytingar	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Vatn	Mengun	Hringrásarhagkerfi	Liffræðileg fjölbreytni	Lágmarks verndarráðstafanir	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu (A.1) eða sem flokkunarkerfið nær yfir (A.2), ár 2023	Flokkur starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis-markmiðum	Flokkur umbreytingars tarfsemi	
		<i>í þús.kr</i>	%	<i>J; N; N/EL</i>	<i>J; N; N/EL</i>	<i>J; N; N/EL</i>	<i>J; N; N/EL</i>	<i>J; N; N/EL</i>	<i>J; N; N/EL</i>	<i>J/N</i>	<i>J/N</i>	<i>J/N</i>	<i>J/N</i>	<i>J/N</i>	<i>J/N</i>	<i>J/N</i>	<i>J/N</i>	%	<i>E</i>	<i>T</i>

A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR

A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																			
Velta starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)	0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N	N	N	N	N	N	N	0%		
<i>Par af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum</i>	0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N	N	N	N	N	N	N	0%	0%	
<i>Par af umbreyting</i>	0	0%	0%							N	N	N	N	N	N	N	0%		0%

A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)

				EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL										
Kaup og eignarhald á byggingum	CCM 7.7	4.878.427	9,4%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL								8,8%		
Uppbygging, stækkun og starfræksla skólpsöfnunar og -hreisunarkerfa	CCM 5.3	49.538	0,1%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL								0,1%		
Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun kolefna möguleg	CCM 6.15	579	0,0%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL								0,0%		
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		4.928.544	9,5%	9,5%	%	%	%	%	%								8,9%		
A. Velta af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1+A.2)		4.928.544	9,5%	9,5%	%	%	%	%	%								8,9%		

B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKEFIÐ NÆR EKKI YFIR

Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)	46.988.688	90,5%
SAMTALS (A+B)	51.917.233	100,0%

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins

HLUTFALL FJÁRFESTINGARGJALDA

Fjárhagsár N=2024	2024			Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir að valda ekki verulegu tjóni						Lágmarks verndarráðstafanir	Hlutfall fjárfestingarútgjalda sem fellur að flokkunarkerfinu (A.1) eða sem flokkunarkerfið nær yfir (A.2), 2023	Flokkur starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis-markmiðum	Flokkur umbreytingars tarfsemi
Atvinnustarfsemi	Kóði	Fjárfestingargjöld	Hlutfall fjárfestingargjalda 2024	Mótvægi við loftslagsbreytingar	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Vatn	Mengun	Hringrásarhagkerfi	Uffræðileg fjölbreytni	Mótvægi við loftslagsbreytingar	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Vatn	Mengun	Hringrásarhagkerfi	Uffræðileg fjölbreytni				
		<i>í þús.kr</i>	%	J; N; N/EL	J; N; N/EL	J; N; N/EL	J; N; N/EL	J; N; N/EL	J; N; N/EL	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T

A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR

A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																		
Fjárfestingargjöld starfsemi sem er umhverfis- sjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)	0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N	N	N	N	N	N	N	0%	
<i>Þar af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum</i>	0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N	N	N	N	N	N	N	0%	0%
<i>Þar af umbreyting</i>	0	0%	0%							N	N	N	N	N	N	N	0%	0%

A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)

				EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL									
Smiði nýrra bygginga	CCM 7.1	10.420.091	57,8%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL								56,3%	
Endurnýjun bygginga sem fyrir eru	CE 7.2	733.826	4,1%	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	EL	N/EL								0,0%	
Sjálfbær fráveitukerfi í þéttbýli	WTR 2.3	303.546	1,7%	N/EL	N/EL	EL	N/EL	N/EL	N/EL								0,0%	
Flugafgreiðsla fyrir flutninga í lofti	CCM 6.20	89.689	0,5%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL								0,0%	
Grunnvirki flugvalla með litla losun kolefna	CCM 6.17	49.055	0,3%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL								0,2%	
Flutningar með mótörhjólum, fólks- bifreiðum og léttum atvinnuökutækjum	CCM 6.5	22.626	0,1%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL								1,0%	
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á orkunýtnum búnaði	CCM 7.3	22.167	0,1%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL								0,2%	
Hreinsun á menguðum landsvæðum	PPC 2.4	12.622	0,1%	N/EL	N/EL	N/EL	EL	N/EL	N/EL								0,0%	
Fjárfestingargjöld starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		11.653.622	64,6%	58,8%	%	1,7%	0,1%	%	%								57,7%	
A. Fjárfestingargjöld af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1+A.2)		11.653.622	64,6%	58,8%	%	1,7%	0,1%	%	%								57,7%	

B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKEFIÐ NÆR EKKI YFIR

Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)	6.385.559	35,4%
SAMTALS (A+B)	18.039.181	100,0%

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins

HLUTFALL REKSTRARGJALDA

Fjárhagsár N=2024	2024			Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir að valda ekki verulegu tjóni									
Atvinnustarfsemi	Kóði	Rekstrargjöld	Hlutfall rekstrargjalda 2024	Mótvægi við loftslagsbreytingar	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Vatn	Mengun	Hringrásarhagkerfi	Líffræðileg fjölbreytni	Mótvægi við loftslagsbreytingar	Aðlögun að loftslagsbreytingum	Vatn	Mengun	Hringrásarhagkerfi	Líffræðileg fjölbreytni	Lágmarks verndarráðstafanir	Hlutfall rekstrarútgjalda sem fellur að flokkunarkerfinu (A.1) eða sem flokkunarkerfið nær yfir (A.2), 2023	Flokkur starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis-markmiðum	Flokkur umbreytingars tarfsemi
		í þús.kr	%	J; N; N/EL	J; N; N/EL	J; N; N/EL	J; N; N/EL	J; N; N/EL	J; N; N/EL	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T

A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR

A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																		
Rekstrargjöld starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)	0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N	N	N	N	N	N	N	0%	
Par af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum	0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N	N	N	N	N	N	N	0%	0%
Par af umbreyting	0	0%	0%							N	N	N	N	N	N	N	0%	0%

A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)

				EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL									
Kaup og eignarhald á byggingum	CCM 7.7	542.456	1,3%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL									
Flugafgreiðsla fyrir flutninga í lofti	CCM 6.20	142.160	0,3%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL									
Flutningar með mótorkjólum, fólks- bifreiðum og léttum atvinnuökutækjum	CCM 6.5	37.104	0,1%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL									
Flutningar í þéttbýli og úthverfum, farþegaflutningar á vegum	CCM 6.3	27.188	0,1%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL									
Rekstrargjöld starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		748.908	1,8%	1,8%	%	%	%	%	%									
A. Rekstrargjöld af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1+A.2)		748.908	1,8%	1,8%	%	%	%	%	%									

B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKEFIÐ NÆR EKKI YFIR

Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)	40.509.556	98,2%
SAMTALS (A+B)	41.258.463	100,0%

SKÝRSLUGJÖF VEGNA FLOKKUNARREGLUGERÐAR ESB

STARFSEMI Í TENGLUM VIÐ KJARNORKU OG JARÐGAS	JÁ/NEI
Starfsemi sem tengist kjarnorku	
Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna rannsókna, þróunar, sýniverkefna og uppbyggingar á nýjungum í raforkuframleiðslustöðvum sem framleiða orku úr kjarnorkuvinnslu með lágmarksúrgangi frá hringrás eldsneytis.	Nei
Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar og öruggs reksturs nýrra kjarnorkuvirkja fyrir framleiðslu á raforku eða vinnslu á varma, þ.m.t. vegna fjarhitunar eða iðnaðarferla á borð við vetnisframleiðslu, ásamt öryggis- uppfærslum á þeim með notkun bestu aðgengilegu tækni.	Nei
Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna öruggs reksturs kjarnorkuvirkja í rekstri sem framleiða raforku eða vinna varma, þ.m.t. vegna fjarhitunar eða iðnaðarferla á borð við vetnisframleiðslu úr kjarnorku, ásamt öryggisuppfærslum.	Nei
Starfsemi sem tengist jarðgasi	
Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar eða reksturs raforkuframleiðslustöðva sem framleiða raforku með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	Nei
Félagið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar, endurnýjunar og reksturs samþættra varma-/kæli- og orkuframleiðslustöðva með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	Nei
Félagið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna byggingar, endurnýjunar og reksturs varmaframleiðslustöðva sem framleiða varma/kæla með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	Nei



ISAVIA